












# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa
5. mars 2011
53. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Fékk peysu frá grúppíu**
*Svavar Knútur Kristinsson hefur unun af því að syngja fyrir eldri borgara.*
fólk 70



**Á allra vörum**
*Charlie Sheen hefur löngum verið umtalaður fyrir miður geðslega hluti.*
fólk 38

**Sími er ekki bara sími**
*Sala snjallsíma hefur margfaldast.*
tækni 34



**3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu**
Menning | Allt | Allt atvinna







**VÍTISENGLAR TIL ÍSLANDS** Meðlimir í vélhjólaklúbbnum MC Iceland gerðu nauðsynlegar breytingar á húsnæði sínu í Hafnarfirði í gær í tilefni þess að klúbbnum hefur verið veitt innganga í samtökin Hells Angels. Evrópska lögreglan segir Hells Angels skipulögð glæpasamtök. **Sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fyrirtækjum gert erfitt fyrir

**Stjórnarformaður Össurar segir erfitt að reka alþjóðleg fyrirtæki á Íslandi. Hann gagnrýnir þær breytingar sem orðið hafa á viðskiptaumhverfinu eftir hrun en félagið verður tekið af hlutabréfamarkaði hér á landi.**

**VIÐSKIPTI** Niels Jacobsen, stjórnarformaður Össurar, segir erfitt að reka alþjóðlegt fyrirtæki á Íslandi. Lögum og reglum sé breytt í sífellu og erfitt sé að fá botn í margar breytinganna. Þá flæki gjaldeyrishöftin hlutina verulega. Þetta er meðal þess sem kemur fram í viðtali Fréttablaðsins við Jacobsen í dag.

Niels Jacobsen er stórmenni í dönsku viðskiptalífi en hann gegnir stöðu forstjóra hjá fyrirtækinu William Demant Holding sem framleiðir heyrnatæki. Auk þess er hann stjórnarformaður leikfangarisans Lego, varaformaður stjórnar flutningafyrirtækisins A.P. Møller Mærsk og stjórnarmaður hjá raftækjaframleiðandanum Sennheiser.

> ... við tókum ákvörðun um það að við gætum ekki verið skráð á hlutabréfamarkað sem notar gjaldmiðil sem er ekki nothæfur.
>
> NIELS JACOBSEN
> STJÓRNARFORMAÐUR ÖSSURAR

Jacobsen segir að traust erlendra fjárfesta á íslensku viðskiptalífi hafi dregist saman eftir efnahagshrunið. Illa ígrundaðar breytingar á regluverkinu hafi spilað þar stórt hlutverk. Meðal þess sem hann gagnrýnir er breytingar á yfirtökumörkum fyrirtækja úr 40 prósentum í 30 og lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja.

Meirihluti hluthafa Össurar samþykkti á aðalfundi fyrirtækisins í gær tillögu þess efnis að taka félagið af hlutabréfamarkaði hér á landi. „Það er skylda stjórnarinnar að horfa fram á veginn og við tókum ákvörðun um það að við gætum ekki verið skráð á hlutabréfamarkað sem notar gjaldmiðil sem er ekki nothæfur.“

Ekki stendur til að flytja höfuðstöðvar fyrirtækisins, sem eru hér á landi.

- jab, mþl / sjá síðu 24









## SPURNING DAGSINS



*Fanný, er þetta hætt að vera „funny“?*

„Já, því nú hefur Múmínpabbinn breyst í Morrann.“

Fanný Heimisdóttir, leikskólastjóri á Ösp í Breiðholti, er óánægð með tillögur borgarstjórnarmeirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar um sameiningu leikskóla. Ekki sé stuðst við rannsóknir og hagræðingin sé og mikil miðað við raskið.

Engan sakaði þegar flugvél Flugfélags Íslands brotlenti í lendingu í Nuuk á Grænlandi í gær:

# Rann út af flugbrautinni í lendingu

**GRÆNLAND** Flugvél Flugfélags Íslands, með 31 farþega og þriggja manna áhöfn, brotlenti á flugvellinum í Nuuk í gær. Engin slys urðu á fólki.

Slysið varð um klukkan hálf fimm að íslenskum tíma. Vélin, sem kom frá Reykjavík, var að lenda þegar hjólastell gaf sig hægra megin og brotnaði undan vélinni. Hún rann út af flugbrautinni og stöðvaðist. Farþegarnir og áhöfnin gátu gengið frá borði. Flugvélin, sem er af gerðinni Dash 8, er mikið skemmd. Önnur vél verður send til Nuuk í dag.

Ekki er hægt að segja til um orsök slyssins að sögn Þormóðs Þormóðssonar, forstöðumanns Rannsóknarnefndar flugslysa.



**GENGIÐ FRÁ BORÐI** Farþegarnir tóku handfarangur sinn og gengu frá borði eftir að vélin hafði stöðvast á öryggissvæði fyrir utan flugbrautina. MYND/LEIFF JOSEFSEN

Samkvæmt alþjóðlegum samningum verður rannsókn slyssins í höndum Rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku, ásamt íslenskum ráðgjöfum. **- þeb**

Margrét Lára Viðarsdóttir:

## Glímdi við meiðsli í þrjú ár

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði bæði mörkin í 2-1 sigri Íslands á Kína á æfingamóti í Portúgal í gær. Hún segir í samtali við Fréttablaðið að hún sé loksins að finna sitt gamla form á ný eftir þriggja ára baráttu við meiðsli.



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR**

Hún þurfti að bíða lengi eftir réttri greiningu og var farin að örvænta. „Ég íhugaði síðasta sumar að taka mér frí frá fóbolta,“ sagði Margrét Lára, sem fékk svo loksins lausn sinna mála. „Þetta hefur lagst mikið á sálina enda lifi ég fyrir fótboltann. Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og ég vil geta sýnt mínar sparihliðar í hverjum einasta leik.“

Margrét Lára lýsir einnig því hvernig hún var næstum brostin í grát við að lesa viðtal við landsliðsþjálfarann í Fréttablaðinu nú fyrr í vikunni. **- esá / sjá síðu 62**

Skotið á fólk í Trípólí:

## Táragasi beitt á mótmælendur

**LÍBÍA Öryggissveitir Gaddafís, einræðisherra Líbíu, beittu táragasi og skotvopnum gegn mótmælendum í höfuðborginni Trípólí í gær. Gríðarlegur fjöldi lögreglumanna var í borginni.**

**Harðir bardagar geisuðu annars staðar í landinu og bárust fréttir af sprengingu í borginni Bengazi þar sem 17 manns létust.**

**Fólksflótti yfir landamærin til Túnis og Egyptalands heldur áfram. Talsvert færri hafa farið yfir landamærin til Túnis frá því á fimmtudag og er talið að hersveitir Gaddafís meini fólki að komast burt.** **- þeb / sjá síðu 8**



**SAKBORNINGAR** Mennirnir fjórir voru leiddir í handjárnum í dómsal í gær, þar sem aðalmeðferð fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segjast sjá mjög eftir skotárás á jólunum

**Skotárásin í Ásgarði á aðfangadag var sögð til komin vegna fíkniefnamála við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sakborningarnir í málinu höfðu setið að drykkju og pilluáti áður en þeir mættu með haglabyssuna.**

**DÓMSMÁL** „Davíð sagðist ætla að senda dópista á mig,“ sagði heimilisfaðir í Bústaðahverfi fyrir dómi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þegar fram fór aðalmeðferð í skotárásarmálinu sem átti sér stað í Bústaðahverfi síðastliðinn aðfangadag.

Heimilisfaðirinn sagði ástæðu árásarinnar vera þá að lögreglan hefði verið að elta sig. Hann hefði hitt „Sverri“ sem lögreglan hefði þá fundið fíkniefni og peninga hjá. „Sverrir“ hefði haldið að þetta væri sér að kenna og fengið „Davíð“ til að rukka sig.

Mennirnir fjórir sem komu við sögu í skotárásarmálinu báru vitni fyrir dómi í gær. Þeim bar nokkuð saman um atburðarásina sem leiddi til þess að þeir mættu að heimili við Ásgarð og skutu tveimur skotum úr haglabyssu í útidyrahurð á heimilinu. Einn mannanna, sem býr í Hraunbæ, og hafði verið lengi í fíkniefna- og áfengisneyslu, hafði fengið vilyrði fyrir að komast inn á Vog á aðfangadagsmorgun. Hann mætti þangað á tilsettum tíma en var þá sagt að heimilislausir gengju fyrir og allt væri orðið fullt. Hann þurfti því frá að snúa, fór heim og hringdi í félaga sinn. Sá sat að að áfengisdrykkju og pilluáti með tveimur öðrum í íbúð í Skipasundi og renndi hann eftir Vogsmanninum.

Á leiðinni barst í tal að það þyrfti að ná í meira áfengi og leiddi sú umræða til þess að þeir fóru á þetta tiltekna heimili í Ásgarði, að undirlagi Skipasundsmannsins. Þar var þeim ekki hleypt inn en heimsóknin endaði með því að maðurinn úr Skipasundi kíkti inn um bréfalúguna og fékk þá járnstöng í ennið, þannig að undan blæddi.

Hann hringdi í félagana tvo í Skipasundi, kvaðst mundu sækja þá þegar, sem hann og gerði og snéru svo allir til baka í Ásgarðinn aftur. Ætlunin var „að hræða gaurinn,“ eins og einn mannanna orðaði það í dómsal. Þegar komið var að húsinu í Ásgarði tók einn mannanna haglabyssu sem hafði verið í bílnum og skaut einu skoti í útidyrahurðina. Annar fékk síðan byssuna í hendur og skaut hann einnig í hurðina. Heimilisfólkið var þá komið í var í næsta húsi.

Mennirnir fjórir sögðust fyrir dómi í gær iðrast sárlega gerða sinna og að þeir hefðu verið í langvarandi neyslu og rugli áður en til þessa kom, og allir verið á leiðinni í meðferð.

**jss@frettabladid.is**

Stólaskipti í Egyptalandi:

## Saharaf falið að mynda stjórn

**EGYPTALAND Egypska herráðið hefur samþykkt afsögn forsætisráðherrans Ahmed Shafiq og tilnefnt Essam Saharaf sem nýjan forsætisráðherra og falið honum að mynda nýja ríkisstjórn.**

**Tilkynning um þetta birtist á Facebook-síðu hersins í gær. Saharaf var samgönguráðherra árin 2004 til 2005 en hann sagði af sér eftir lestarslys.**

**Hann sneri sér þá að kennslu í háskólanum í Kairó. Saharaf tók þátt í mótmælunum á Friðartorginu og er vel þokkaður af þjóðinni samkvæmt sjónvarpsstöðinni Al Jazeera.**



**VIÐ GRÆNA SVÆÐIÐ** Hægra megin eru öryggisverðir en vinstra megin mótmælendur sem komast ekki inn á Græna svæðið í Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli halda áfram í Írak:

## Þúsundir vilja stjórnarbetrun

**ÍRAK, AP** Þúsundir manna héldu út á götur í Bagdad og fleiri borgum Íraks í gær, annan föstudaginn í röð, til að krefjast umbóta í stjórn landsins og betri kjara.

Fólkið lét það ekki á sig fá að stjórnin hafði bannað umferð ökutækja, heldur hélt gangandi til mótmælanna. Sumir þurftu að ganga klukkustundum saman.

Írakar hafa tekið sér til fyrirmyndar mótmælendur í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda, en stjórnvöld óttast að mótmælin fari úr böndunum. **- gb**




Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gekk á fund Benedikts XVI páfa:

# Færðu páfa afsteypu af Guðríði

**PÁFAGARÐUR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hitti Benedikt XVI páfa í Vatíkaninu í gærmorgun og afhenti honum þar afsteypu af styttu Ásmundar Sveinssonar af Guðríði Þorbjarnardóttur, sem ferðaðist víða um heim á sinni tíð. Hún fór meðal annars til Vínlands með leiðangri Leifs heppna og ferðaðist einnig víða um Evrópu. Hún gekk meðal annars á fund páfa í Róm og sagði honum frá ferðum sínum.

Styttan er gjöf frá íbúum á Snæfellsnesi, heimabyggð Guðríðar, og var hópur Snæfellinga viðstaddur athöfnina.

Páfi mun hafa látið þess getið að saga Guðríðar sýndi hinn kristna heim í nýju ljósi. Styttunni yrði fundinn veglegur staður í Páfagarði. Þá afhenti forseti páfa Biblíuna í íslenskri þýðingu, gjöf frá biskupi Íslands, sem og hátíðarútgáfu af Konungsbók Eddukvæða.



**PÁFAGARÐUR** Forsetahjónin hittu Benedikt páfa og færðu honum góðar gjafir. NORDICPHOTOS/AFP

Séra Jakob Rolland, kanslari kaþólsku kirkjunnar hérlendis, segir fund forseta og páfa viðurkenningu á framlagi Íslands til framgangs kristni um allan heim. **- þj**


Kringlan
Ferming
ENDALAUST ÚRVAL!
Kringlan hefur komið við sögu í meira en 50 þúsund fermingum.
Við vitum að það borgar sig að hefja undirbúninginn sem allra allra fyrst.
Gjafakort
VISA
Gjöf sem hentar öllum!
Mán–mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 04.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,92 | 115,46 |
| Sterlingspund | 186,85 | 187,75 |
| Evra | 160,48 | 161,38 |
| Dönsk króna | 21,519 | 21,645 |
| Norsk króna | 20,613 | 20,735 |
| Sænsk króna | 18,172 | 18,278 |
| Japanskt jen | 1,3909 | 1,3991 |
| SDR | 181,23 | 182,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,2332

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Húsleit var gerð heima hjá fyrrverandi forstöðumanni á Kvíabryggju:

# Fangelsisstjóri í haldi lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði húsleit heima hjá Geirmundi Vilhjálmssyni, fyrrverandi fangelsisstjóra á Kvíabryggju, í gær. Húsleitin var gerð vegna gruns um fjárdrátt og brot í opinberu starfi. Geirmundur var í haldi lögreglu í gærdag og fram á kvöld.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst fór lögregla með fangelsisstjórann fyrrverandi á Kvíabryggju þar sem hann var beðinn um að vísa á hluti sem hann hafði fullyrt að væru þar. Þá sætti hann yfirheyrslum. Lögreglan ræddi einnig við starfsmenn á Kvíabryggju til að afla sér frekari upplýsinga.



GEIRMUNDUR VILHJÁLMSSSON

Málið hefur verið í rannsókn og hefur Ríkisendurskoðun meðal annars skilað skýrslu eftir að grunsemdir vöknuðu um misferli Geirmundar.

Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið að Geirmundur hafi keypt vörur sem ekki verði séð að hafi tengst rekstri fangelsisins fyrir 1,7 milljónir króna á tíu mánunum á síðasta ári. Kaup á eldsneyti fyrir rúmlega 750 þúsund krónur eru þar á meðal. Þá var vörubíll seldur en ekkert var bókfært um söluna. Jafnframt voru kaup á hjólbörðum, rafgeymum, farsímum og fleiru meðal þess sem Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við.

Óánægðir lestarfarþegar:

# Kveiktu í járnbrautarlest

**SUÐUR-AFRÍKA, AP Hópur farþega í Suður-Afríku gerði sér lítið fyrir og kveikti í járnbrautarlest vegna óánægju þeirra með fargjöldin.**

**Tjónið er metið á 200 milljónir króna en engin meiðsl urðu á mönnum. Þó þurfti að bjarga 26 manns úr lestinni.**

**Lestin var á leiðinni milli Jóhannesarborgar og Pretoríu.**

**Lillian Mofokeng, talskona lestarstjórnarinnar, sagði farþegana hafa brugðist ókvæða við þegar í ljós kom að þeir voru ekki með farmiða.** - gb

Ársreikningur Arion banka:

# Hagnaður 12,6 milljarðar 2010

**VIÐSKIPTI** Arion banki hagnaðist um 12,6 milljarða króna eftir skatta á árinu 2010 borið saman við 12,9 milljarða 2009. Þetta kemur fram í ársreikningi bankans sem birtur var í gær.

Höskuldur H. Ólafsson bankastjóri segir í tilkynningu að afkoma ársins hafi verið góð og í samræmi við áætlanir. Árið hafi einkennst af úrvinnslu í skuldamálum heimila og fyrirtækja og verði það klárað á næsta ári.

Eiginfjárhlutfall bankans var 19 prósent í lok ársins en var áður 13,7 prósent. Lágmarkskrafa FME er 16 prósent. Arðsemi eigin fjár var 13,4 prósent árið 2010 en var 16,7 prósent árið áður. - mþl

Ítalskrar ferðakonu saknað:

# Lýst eftir konu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan lýsir eftir Isabell Di Giacobbe, sem er 35 ára ítalskur ferðamaður. Ekkert er vitað um ferðir hennar frá því fyrir áramót en hún kom til landsins í júlí fyrra.



ISABELL DI GIACOBBE

Aðstandendur hafa miklar áhyggjur af henni þar sem þeir hafa ekki heyrt frá henni í langan tíma.

Þeir sem geta gefið upplýsingar eru beðnir að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000.

## LEIÐRÉTTING

Mishermt var í Fréttablaðinu í gær að karlmaður sem gekk í skrokk á barnsmóður sinni og fyrrverandi sambýliskonu hefði verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness. Hið rétta er að dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands eystra.

# Regluvörður gat ekki metið innherjastöðu

**Sigurjón Þ. Árnason staðfestir að erfið staða Landsbankans hafi verið rædd á fundi með Baldri Guðlaugssyni í ágúst 2008. Yfirmaður í Seðlabankanum taldi sig ekki geta selt hlutabréf, meðal annars vegna setu í samráðshópi með Baldri.**

**DÓMSMÁL** Þórður Örlygsson, regluvörður gamla Landsbankans, telur augljóst að sér hafi verið „haldið utan við allt saman“ þegar breska fjármálaeftirlitið krafðist þess sumarið 2008 að Icesave-reikningarnir yrðu fluttir í dótturfélag og að sett yrði hámark á innlánssöfnun bankans þar ytra. Hann hafi þess vegna ekki haft forsendur til að meta hvort Baldur Guðlaugsson og aðrir í samráðshópi um fjármálastöðugleika byggju yfir innherjaupplýsingum, eins og honum bar annars að gera.

Þórður bar vitni í máli Baldurs Guðlaugssonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Baldur er ákærður fyrir innherjasvik þegar hann seldi bréf sín í Landsbankanum fyrir 192 milljónir rétt fyrir hrun. Alls báru fimm vitni fyrir dómnum í gær og eins og á fyrsta degi aðalmeðferðarinnar var einkum rætt um það sem fram kemur í fundargerðum samráðshópsins, sem í sátu fulltrúar Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og þriggja ráðuneyta.

Samhljómur hefur verið á meðal þeirra sem sátu í samráðshópnum, annarra en Baldurs, um að allt það sem rætt var á fundum hópsins hafi verið mikið trúnaðarmál. Ingimundur Friðriksson, fyrrverandi seðlabankastjóri, og Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, tóku undir þetta í skýrslum sínum í gær.

Tryggvi kvaðst sjálfur hafa átt bréf í öllum bönkunum en ekki talið sér fært að selja þau vegna stöðu sinnar í Seðlabankanum og setu í samráðshópnum. Ingimundur átti ekki bréf í bönkunum en kvaðst ekki hafa metið það svo að hann hefði verið innherji á þessum tíma.

Þá mættu Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar gamla Landsbankans, og bankastjórinn Sigurjón Þ. Árnason, til að ræða fund sem þeir áttu með Baldri í ágúst 2008 ásamt bankastjóranum Halldóri J. Kristjánssyni og Jónínu Lárusdóttur, ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu.

Sigurjón staðfesti að þar hefðu verið ræddar trúnaðarupplýsingar um erfiða stöðu Landsbankans, þótt fundurinn sem slíkur hefði ekki markað nein þáttaskil. „Ég upplifði ekki þennan fund sem einhvern „breakthrough“ fund fyrir stjórnvöld,“ sagði hann.

Aðalmeðferðinni lýkur í þarnæstu viku þegar Halldór J. Kristjánsson gefur skýrslu og sækjandi og verjandi flytja mál sitt.

stigur@frettabladid.is



**SIGURJÓN MÆTIR FYRIR DÓMARA** „Ég þekki manninn ekki neitt. Ég hef bara hitt hann á svona fundum og við,“ sagði Sigurjón Þ. Árnason um Baldur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Baldur var mjög valdamikill maður í þessari ríkisstjórn, kannski valdamesti maðurinn af okkur öllum.
>
> *Þessi orð hafði Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, um Baldur Guðlaugsson í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis 19. maí 2009.*

Stórsókn gegn íslamistum:

# Tugir friðargæsluliða látnir

**SÓMALÍA, AP** Meira en fimmtíu friðargæsluliðar hafa látið lítið í átökum í Sómalíu síðan stórsókn gegn íslamistum hófst fyrir hálfum mánuði.



MOHAMED ABDULAHI MOHAMED

Friðargæsluliðarnir eru í Sómalíu á vegum Afríkubandalagsins. Flestir hinna látnu eru frá Búrúndí og Úganda.

Aldrei áður hefur friðargæslustarf á vegum Afríkubandalagsins kostað jafn mörg mannslíf.

Sóknin er talin hafa skilað þeim árangri að friðargæsluliðið er talið hafa náð á sitt vald stórum hluta höfuðborgarinnar Mogadishu. Landið hefur í reynd verið nánast stjórnlaust árum saman. - gb

SÍ gert að endurgreiða:

# Gæti numið 33 milljónum

**TRYGGINGAMÁL Sjúkratryggingar Íslands munu endurgreiða kostnað sjúkratryggðra einstaklinga sem dvöldu á sjúkrahótelinu Lind á tímabilinu 15. september 2005 til og með 30. september 2009. Endurgreiðslur gætu numið 33 milljónum króna í heild þar sem um 5.000 reikningar voru greiddir á tímabilinu.**

**Í september 2009 komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið lagaheimild til staðar til töku gjalds fyrir dvöl á sjúkrahóteli. SÍ er gert að endurgreiða kostnað sjúkratryggðra á sjúkrahótelinu.** - sv






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**STORMUR** eða hvassviðri verður um landið vestanvert fram eftir degi og síðdegis fer að bæta í vind austanlands. Á sama tíma dregur úr vindi vestantil. Talsverð úrkoma fellur í dag, snjókoma eða slydda í fyrstu en síðan rigning.



**Á MORGUN** Strekkingur eða hvassviðri.

**MÁNUDAGUR** Strekkingur eða hvassviðri, stormur allra syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 11° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 10° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 14° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 0° |
| París | 10° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Allir blómvendir
Aðeins
**1190kr**
Túlipanar, liljur og krýsi

# Blómaportið
alla föstudaga og laugardaga

# TILBOÐSHELGI
## frábær afsláttur



**20%**
**AFSLÁTTUR**
**ÖLL FRÆ**
**SUBSTRAL BLÓMANÆRING**
**SÁÐBAKKAR**





**FRÆ**
Eitt mesta úrval landsins!

Kryddjurtir
Matjurtir
Sumarblóm

## FERMINGARTILBOÐ

**20%**
**afsláttur**
**af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali**

**tilboð**
Silkirósir
**799kr**

blandaðir vendir
**699kr**



KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag og sunnudag 12:00-16:00
**kaffi og bolla**
**99kr**
Takmarkað magn
aðeins 2 bollur á mann



blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**KJÖRKASSINN**



*Óttast þú átök vélhjólagengja?*

| | |
|---|---|
| Já | 70,7% |
| Nei | 29,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Langar þig að sjá hljómsveitina Eagles á tónleikum hér á landi?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

Vísir

Héldu manni föngnum næturlangt og beittu hann ofbeldi vegna skuldar:

# Dæmdir fyrir hrottafengna árás

**DÓMSMÁL** Tveir menn voru á fimmtudag dæmdir í fangelsi fyrir „frelsissviptingu, stórfellda líkamsárás, ólögmæta nauðung og tilraun til fjárkúgunar“ auk fíkniefnabrota.

Mennirnir, Eyþór Helgi Guðmundsson og Gestur Hrafnkell Kristmundsson, voru dæmdir í tveggja og hálfs árs og tuttugu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Brot mannanna eru sögð alvarleg, hrottafengin og niðurlægjandi.

Mennirnir héldu ungum manni föngnum í íbúð á Akureyri í ágúst 2009. Þeir beittu hann miklu ofbeldi, köstuðu meðal annars logandi pappír í hann. Þá var hann stunginn með blóðugri sprautunál með þeim afleiðingum að hann smitaðist af lifrarbólgu C.



**HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS EYSTRA** Mennirnir voru dæmdir í héraðsdómi á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ástæða árásarinnar var fíkniefnaskuld fórnarlambsins, en upphæð hennar var mikið á reiki. Fórnarlambið taldi að skuldin hefði numið 30 þúsundum króna en annar árásarmannanna um 200 þúsundum. Fórnarlambið hringdi í foreldra sína úr prísundinni og sagðist þurfa að borga allt að einni milljón króna til að losna.

Mönnunum var gert að greiða fórnarlambi sínu rúmlega 960 þúsund krónur í miska- og skaðabætur ásamt vöxtum.

Hæstiréttur Bandaríkjanna:

# Leyfir mótmæli hommahatara

**WASHINGTON** Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði á miðvikudag að ekki mætti banna baptistakirkjunni í Westboro í Kansas að mótmæla við útfarir hermanna.

Síðustu misseri hefur söfnuður þessi sótt útfarir hermanna með skilti þar sem því er haldið fram að dauði hermanna sé refsing guðs fyrir umburðarlyndi landsmanna í garð samkynhneigðra.

Rétturinn úrskurðaði að framkoma safnaðarins væri varin af ákvæði stjórnarskrárinnar um málfrelsi. - þj


**Vellíðan án lyfja**

**með verkfærum sálfræðinnar**





Fjögurra vikna árangursmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar til að takast á við vanlíðan, álag og spennu. Kenndar leiðir hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða og breyta hugsunum og viðbrögðum sem viðhalda kvíða og depurð. Öflugar slökunar- og hugleiðsluaðferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið nýtist vel samhliða annarri meðferð.

Kennsludagar:
Mánudagar og fimmtudagar frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

KMS

Kennarar: **Oddi Erlingsson** og **Sóley D. Davíðsdóttir**
sérfræðingar í klínískri sálfræði

Verð kr. 49.000.
Niðurgreiðsla möguleg hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 14. mars n.k.

Skráning og fyrirspurnir í símum 53401100, 8220043 og 5624444, oddier@simnet.is og kms@kms.is

Nánari upplýsingar : www.kms.is


# Félagar í MC Iceland orðnir Vítisenglar

**Vélhjólaklúbburinn MC Iceland hefur fengið formlega inngöngu í alþjóðlegu glæpasamtökin Hells Angels. Átta félögum klúbbsins var meinuð landganga við komuna til Noregs en þeir hugðust taka þátt í inntökuathöfn í Osló í gær.**

**LÖGREGLUMÁL** Átta félagar vélhjólaklúbbsins MC Iceland voru stöðvaðir á Gardemoen-flugvelli í Osló í gær og meinað að fara inn í landið. Þar hugðust þeir taka þátt í inntökuathöfn í samtökin Hells Angels, eða Vítisengla, sem veitt hafa MC Iceland formlega inngöngu í samtökin. Evrópska lögreglan, Europol, skilgreinir Vítisengla sem skipulögð glæpasamtök.

Norska lögreglan á Gardemoen segir rökstuddan grun um að Íslendingarnir hafi ætlað sér að taka þátt í glæpsamlegu athæfi þar í landi og því hafi þeim verið meinað að koma inn í landið. Lögreglan hafði þá í haldi fram á kvöld í gær en búist er við því að þeir yfirgefi landið í dag. Einar Ingi Marteinsson, formaður MC Iceland, hefur að sögn lögreglu kært brottvísunina.

MC Iceland bar áður nafnið Fáfnir en skipti um nafn í ágúst árið 2009 þegar klúbburinn varð opinber stuðningsaðili hinna alþjóðlegu Vítisengla. Síðan hefur klúbburinn beðið eftir formlegri inngöngu í samtökin, sem nú hefur verið veitt.




**KLÚBBHÚSNÆÐI VÍTISENGLA** Félagar í MC Iceland merktu klúbbhúsnæði sitt rækilega í gær í tilefni formlegrar inngöngu klúbbsins í samtök Vítisengla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fulltrúar erlendra Vítisenglasamtaka hafa margoft gert sér ferð til Íslands á undanförnum árum en iðulega verið meinuð innganga í landið, síðast í mars 2009.

Ragna Árnadóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, sagði í viðtali við Stöð 2 í mars í fyrra að stjórnvöld myndu leysa upp félagsskap Vítisengla ef þeir stofnuðu félag á Íslandi en í álitsgerð sem unnin var fyrir ráðuneytið segir að stjórnvöld hafi heimild til þess.

Fréttablaðið fjallaði á fimmtudag um áhyggjur lögreglu af því að átök brytust út hér á landi milli vélhjólagengja. Nýlega voru stofnuð hér samtökin MC Black Pistons, sem eru stuðningssamtök vélhjólaklúbbsins Outlaws, eða Útlaga, en þeir og Vítisenglar hafa víða tekist á um yfirráð á sviðum skipulegrar glæpastarfsemi.

Formaður MC Black Pistons er Jón Trausti Lúthersson, sem áður gegndi formannsembætti hjá Fáfni en hrökklaðist síðan úr klúbbnum.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ræddi um skipulagða glæpastarfsemi á Alþingi á miðvikudag. Hann sagði allt benda til þess að hún færðist hér óðum í vöxt. Hann sagðist jafnframt sannfærður um að Íslendingar almennt vildu ekki slíka starfsemi og hún yrði ekki liðin. magnusl@frettabladid.is




**Styrkir úr Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr**

Stjórn Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr hefur ákveðið að veita styrki samtals allt að 15 milljónum króna í tilefni af 30 ára afmæli sjóðsins og 100 ára afmæli Háskóla Íslands.

Tilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að stuðla að framförum á sviði jarðefnafræða, byggingariðnaðar og skipasmíða með því að styrkja vísindamenn á sviði jarðefnafræða, verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga og iðnaðarmenn til framhaldsnáms, svo og að veita styrki til rannsókna á hagnýtum úrlausnarefnum í þessum greinum.

**Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2011.**

Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins á sjóðavef Háskóla Íslands, www.sjodir.hi.is, og á vefslóðinni www.ludvigstorr.is.

Umsóknir skulu sendar í ábyrgðarpósti til Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr, Laugavegi 15, 101 Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður P. Gíslason í síma 861 3173.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 110571


Innanríkisráðherra segir ekki undan því vikist að grípa til sértækra aðgerða:

# Lögregla fær nær 50 milljónir

**LÖGGÆSLA** „Varnaðarorð lögreglu eru þess eðlis að það verður hreinlega ekki undan því vikist að grípa til sértækra aðgerða,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, spurður um aukafjárveitingu til löggæslustarfa.

Ríkisstjórnin samþykkti í gær þá tillögu innanríkisráðherra að veita fjármunum til tólf mánaða átaks lögreglunnar til að vinna gegn skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi. Átakið á að hefjast þegar í stað og verður 47 milljónum króna veitt til þess. Reynslan af átakinu verður metin fyrir lok ársins og ákveðið þá hvort halda skuli því áfram.

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera tvennt til að styrkja löggæsluna í landinu, að veita viðbótarfjármagni til lögreglunnar í baráttu hennar við glæpahópa og breyta löggjöfinni til að rýmka heimildir lögreglu í glímu hennar við ofbeldismenn,“ segir innanríkisráðherra.




**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDI INNANRÍKISRÁÐHERRA Í FYRRADAG** Löggæsla í landinu verður styrkt með tvennu móti, segir Ögmundur Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lögreglan varar við því að alvarleg skipulögð glæpastarfsemi sé að færast í vöxt hérlendis og að alþjóðlegir glæpahringir séu að skjóta hér rótum. - jss


**Auglýsingasími**

**512 50 50**




**Allt sem þú þarft…**




# 50% AFSLÁTTUR

## AF RJÓMABOLLUM UM HELGINA

Rjómabollur 175 kr. fullt verð 349 kr.



24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 6. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir nýr framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar?
2. Hvaða fyrirtæki á Íslandi falast nú eftir pólsku fyrirtæki í sömu grein?
3. Hvað kosta dýrustu miðarnir á fyrirhugaða hljómleika Eagles í Reykjavík?

SVÖR

1. Engilbert Guðmundsson
2. Actavis 3. 20 þúsund krónur.

Óvissa um framtíð á annað hundrað starfsmanna sparisjóðs:

# Landsbankinn tekur líklega yfir SpKef

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn mun að öllum líkindum taka yfir SpKef-sparisjóð sem reistur var á grunni hins gjaldþrota Sparisjóðs Keflavíkur. Til stóð að ríkið endurfjármagnaði sjóðinn en talið er að milljarðar sparist með því að láta Landsbankann taka hann yfir. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2.

Samningaviðræður standa nú yfir milli Landsbankans, fjármálaráðuneytisins og Bankasýslu ríkisins um málið en til stendur að flytja innlán sparisjóðsins til Landsbankans. Ríkissjóður mun væntanlega leggja fjórtán til fimmtán milljarða króna inn í SpKef til að mæta skuldbindingum vegna innistæðna en heildarskuldbindingar sparisjóðsins nema alls átján milljörðum.

Í frétt Stöðvar 2 sagði jafnframt að viðræður um yfirtökuna væru langt komnar en svo virtist sem stjórn SpKef hefði ekki verið höfð með í ráðum því hluti stjórnar frétti fyrst af viðræðunum í gegnum fjölmiðla.

Fjármálaráðuneytið sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem segir að unnið sé að því að tryggja til frambúðar og með fullnægjandi hætti fjármögnun á starfseminni. Engin ástæða sé fyrir innistæðueigendur að óttast um fjármuni sína.

SpKef starfrækir sextán útibú og er búist við því að Landsbankinn reki einhver þeirra áfram undir sínu nafni. Á annað hundrað manns starfa fyrir SpKef en óvissa ríkir um framtíð starfsmannanna. - mþl



**SPKEF** Ríkissjóður mun væntanlega leggja fjórtan til fimmtán milljarða króna til SpKef til að mæta skuldbindingum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


TILKYNNING FRÁ SAMTÖKUM EIGENDA SJÁVARJARÐA.

Samtök eigenda sjávarjarða tilkynna hér með að allar veiðar og önnur atvinnustarfsemi innan netlaga sjávarjarða þar með taldar hrognkelsaveiðar eru bannaðar án leyfis eigenda viðkomandi jarða.

Miða skal við fjarlægðarregluna 60 faðma (115 metrar) og dýptarviðmiðið 12 álnir eða 4 faðma (6,88 metrar) dýpi á stórstraumsfjöru varðandi fiskveiðar. Innan þessara marka er um svæði í einkaeign að ræða og geta þeir sem virða það ekki átt von á því að verða kærðir.

Samtök eigenda sjávarjarða – www.ses.is


# Sagði af sér vegna tengsla við Gaddafí

**Rektor London School of Economics sagði af sér vegna tengsla við son Gaddafís. Rektorinn tók við veglegum styrk frá Líbíu eftir að sonurinn hafði fengið doktorsgráðu. Háskólar í Bretlandi hafa þurft að leita sér fjár hjá auðkýfingum.**

**BRETLAND** Howard Davies sagði af sér í gær sem rektor London School of Economics, eins virtasta háskóla Bretlands, vegna tengsla sinna við Gaddafí og son hans, Saíf al-Islam Gaddafí, þann sama son og nú birtist reglulega í fjölmiðlum sem helsti talsmaður Líbíustjórnar út á við.



HOWARD DAVIES

Saíf er fyrrverandi nemandi skólans, fékk þar doktorsgráðu í heimspeki árið 2008. Doktorsritgerðin hefur síðan verið sögð innihalda bæði stolna kafla og svo einhverja kafla, sem Saíf á að hafa fengið einhvern annan til að skrifa fyrir sig.

Þegar svo í ljós kom að Davies hafði fyrir hönd skólans tekið við styrk frá Líbíu, úr sjóði sem Saíf stjórnar, upp á 1,5 milljónir punda, fór að hitna undir honum á rektorsstólnum.

Davies segist nú sjá eftir því að hafa tekið við þessu fé og stjórn skólans hefur ákveðið að tengslin við Líbíu verði nú rannsökuð.

Staða breskra háskóla hefur hins vegar lengi verið sú að þeim hefur beinlínis verið ætlað að leita sér fjármagns til rekstrar hjá auðkýfingum.

„Vorkennum fátæka háskólanum,“ segir pistlahöfundurinn Simon Jenkins í Guardian. „Í 25 ár hefur London School of Economics verið sagt að finna sér auðæfi til að sænga hjá, en komst að því að stundum er fnykur af auðæfunum.“

Jenkins segir að LSE sé ekkert einsdæmi hvað þetta varðar, þótt þar hafi ef til vill verið einna lengst gengið.



**SONUR GADDAFÍS** Saif al-Islam Gaddafí þótti umbótasinnaður og umgekkst fína fólkið í Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

> Við vorum þarna vegna þess að landið virtist reiðubúið undir umbætur.
>
> MICHAEL PORTER PRÓFESSOR

Saíf naut reyndar töluverðrar virðingar meðal málsmetandi fólks í Bretlandi þar til nú fyrir skemmstu. Hann gaf sig út fyrir að vilja koma á umbótum í Líbíu og styrkurinn átti að nýtast nemendum frá Norður-Afríku, einkum þó upprennandi leiðtogum á borð við Saíf.

Gaddafí og synir hans hafa á síðustu árum lagt töluvert upp úr því að aðlagast vestrænum viðskiptavenjum. Meðal annars fengu þeir fyrir nokkrum árum Michael Porter, virtan sérfræðing í samkeppnismálum við Harvard-háskóla, til þess að koma á pólitískum umbótum.

Þetta er sá sami Michael Porter sem er heiðursdoktor við Háskóla Íslands og kom hingað til lands nú í haust til að kynna hugmyndir sínar um jarðvarmaklasa. Porter segir reyndar að hann hafi slitið tengslin við Líbíu árið 2007 þegar í ljós kom að ekkert myndi verða þar úr pólitískum umbótum.

„Við vorum þarna vegna þess að landið virtist reiðubúið undir umbætur,“ er haft eftir Porter í bandaríska dagblaðinu New York Times. „Og Saíf var aðalumbótamaðurinn.“

gudsteinn@frettabladid.is


Nánari upplýsingar á vitasport.is



Gönguferðir Göngu-Hrólfs og VITA 2011

Kynningarfundur Göngu-Hrólfs og VITA sport í Heilsuborg, Faxafeni 14, þriðjudaginn 8. mars kl. 20:00.

Kynntar verða spennandi gönguferðir á Korfu, um fjalllendi Slóvakíu, Dólómíta-alpana á Norður-Ítalíu og Vestur-Lýkíu í Tyrklandi.

Auk þess mun Heilsuborg kynna starfsemi sína og bjóða góð kjör fyrir þá sem vilja hressa upp á formið fyrir gönguferðina.

Upplýsingar Vita í síma 570 4453 eða í gegnum tölvupóst: siljarun@vita.is
www.vita.is/sportlif | www.gonguhrolfur.is

Göngu-Hrólfur

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita SPORT

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 53992 03.2011


Foreldrar leikskólabarna ósáttir við sameiningartillögur í Reykjavík:

# Segja börnin ekki sett í forgang

**REYKJAVÍK** Enn virðist langt í að sátt náist um sameiningaráform í leikskólum Reykjavíkurborgar sem kynnt voru í vikunni.

Starfshópur borgarráðs lagði þar til breytingar á starfi 32ja leikskóla í borginni, sem munu leiða til þess að 30 verða sameinaðir undir 14 yfirstjórnir og tveir verða sameinaðir grunnskólum og frístundaheimilum.

Rósa Steingrímsdóttir, formaður Barnanna okkar – Samtaka foreldrafélaga leikskóla, sagði í samtali við Fréttablaðið að þau væru ósátt vegna takmarkaðs samráðs borgaryfirvalda við foreldra og fagaðila.

„Foreldrar eru ekki að upplifa samvinnu eða samráð í þessu ferli og lítið mark er tekið á þeirra tillögum. Okkur finnst ekki sem verið sé að forgangsraða í þágu barna hér í borginni með þessum sameiningum.“



RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR

Rósa bætir því við að hún telji hagræðinguna sem hljótist af þessum aðgerðum vera það litla að það réttlæti ekki röskunina.

„Svo tapast mikil þekking út úr greininni við það að segja upp svo mörgum leikskólastjórum í einu. Þá fer afar lítið fyrir tali um faglegan ávinning í skýrslunni með tillögunum.“ - þj



**ÓSÁTT VIÐ SAMEININGAR** Foreldrafélag leikskólanna í Reykjavík er ekki sammála menntayfirvöldum um hagræðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Komdu í heimsókn

**Skrúfudagurinn/opið hús í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins, er í dag á milli 12:00 og 16:00. Fjölbreytt dagskrá er í boði auk kynningar á námi og aðstöðu á Skólavörðuholtinu, Háteigsvegi og að Bæjarflöt 1-3.**

## Skólavörðuholt

### Byggingatækniskólinn
- húsgagnasmíði, opin vinnustofa
- tækniteiknun, opin vinnustofa nemenda á lokaári, Vörðuskóli
- kassabílar fyrir smáfólkið
- nemendakeppni í smíði

### Fjölmenningarskólinn
- nemendur kynna heimalönd sín
- starfsbraut, kynning á saumum og verkum nemenda

### Hönnunar- og handverksskólinn
- almenn hönnun á listnámsbraut, opin vinnustofa
- fataiðnbraut, opin vinnustofa
- gullsmíði, opin vinnustofa og sala á kaffi og vöfflum fyrir gesti

### Upplýsingatækniskólinn
- grafísk miðlun, sýning á verkum nemenda í miðrými Vörðuskóla
- sýning nemenda í forritun og gagnasafnsfræði 12:00 – 14:30, Vörðuskóla
- vinningslið úr BETA- deild í forritunarkeppni með sýnikennslu, Vörðuskóla
- motion Capture í Margmiðlunarskólanum, Vörðuskóla

### Hársnyrtiskólinn
- keppni í litun og klippingu í matsal nemenda
- opnar skólastofur, verk nemenda til sýnis

### Raftækniskólinn
- rafvirkjun
- rafeindavirkjun
- uppbygging netkerfa
- úrslit í tækni-lego-keppni kl.13:00

### Tæknimenntaskólinn
- stúdentsleiðir, náttúrufræðibrautir
- stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum

### Endurmenntunarskólinn
- kynning á námskeiðum, t.d. gítarsmíði, útskurði, mósaík og smíði úr innlendum við

## Háteigsvegur (Sjómannaskólanum)

### Skipstjórnarskólinn
- skipstjórn
- siglingahermir í gangi

### Tæknimenntaskólinn
- stúdentsleiðir, náttúrufræðibrautir
- stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum

### Upplýsingatækniskólinn
- ljósmyndun, vinnustofa og nemendur að störfum

### Véltækniskólinn
- vélstjórn, nemendur að störfum
- vélhermir í gangi, tækjasalir opnir
- glóðarhausavél í gangi
- málstofa um menntun og störf vélfræðinga kl. 13:30

### Tækniakademían
- rekstur og stjórnun í atvinnulífinu
- lýsingarfræði
- meistaraskólinn

### Fyrirtæki kynna sig og starfsemi sína:
- Kælitæknifélagið, Frostmark ehf., Kælitækni ehf., aðalbygging, hol 2. hæð
- Naust-Marine, Slysavarnarskóli sjómanna, aðalbygging, hol 3. hæð
- Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar, Barkasuða Guðmundar, Metanbíll, Véla- og skipaþjónustan Framtak, Vélahús

## Bæjarflöt 1-3

### Flugskóli Íslands
- einka- og atvinnuflugmannsnám
- flugumferðarstjórn
- flugfreyju- og flugþjónanám
- flugkennaranám
- flughermir að Bæjarflöt 1-3
- verklega deildin á Reykjavíkurflugvelli, kynnisflug gegn gjaldi

**Kynning og gönguferð** er um skólann kl. 13:00 og 14:00 á Háteigsvegi og á Skólavörðuholti.

**Kaffihús** er á Skólavörðuholti og á Háteigsvegi







**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



**BENSÍN SELT Á GOSFLÖSKUM** Maður á Filippseyjum hellir blýlausu bensíni úr gosflösku á vélhjólið sitt, en þar er hálfs lítra flaskan nú seld á tæplega 150 krónur. NORDICPHOTOS/AFP

Capacent áréttar að eðlilega hafi verið staðið að kaupum á fyrirtækinu:

# Engar veðsettar eignir seldar

**VIÐSKIPTI** Capacent sendi í gær frá sér fréttatilkynningu í tilefni af frétt sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Þar kom fram að skiptastjóri GH1, sem áður hét Capacent, hefði óskað eftir því við efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra að hafin yrði rannsókn á sölu á rekstri og vörumerki Capacent í september. Þykir leika grunur á að veðsettar eignir hafi verið seldar án heimildar veðsala.

Í tilkynningunni frá Capacent segir að fullyrðingar skiptastjóra þess efnis að veðsettar eignir hafi verið seldar eigi sér ekki stoð og að forsvarsmenn fyrirtækisins íhugi að höfða meiðyrðamál vegna ítrekaðra yfirlýsinga skiptastjóra um lögbrot.

Jafnframt telur fyrirtækið mikilvægt að koma því á framfæri að kröfu skiptastjóra um lögbann á notkun nýrra eigenda á vörumerki Capacent, hafi verið hafnað hjá sýslumanni þar eð um gildan kaupsamning hafi verið að ræða. Hins vegar sé uppi ágreiningur um ákveðin atriði í tengslum við söluna sem forsvarsmenn Capacent treysti dómstólum til að úrskurða um.

Forsaga málsins er sú að félag í eigu starfsmanna keypti í september rekstur og vörumerki Capacent í kjölfar þess að ekki tókst að semja um niðurfellingu á erlendu láni sem hvíldi á fyrirtækinu. Hefðu starfsmenn ekki keypt reksturinn hefði Capacent ella farið í þrot og hætt störfum. - mþl



**CAPACENT** Félag í eigu starfsmanna keypti rekstur og vörumerki Capacent í september eftir að Íslandsbanki gjaldfelldi erlent lán sem hvíldi á fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


# Félagsfundur

Sjálfsbjörg félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, heldur félagsfund þriðjudaginn 8. mars kl 19:30 í félagsheimilinu, Hátúni 12.

**Fundarefni:**
Hrefna K. Óskarsdóttir og Helga Björnsdóttir flytja erindi:
Fullkomleiki og fegurð: vangaveltur um líkama, konur og fötlun.

**Kaffiveitingar**
**Allir velkomnir**

SJÁLFSBJÖRG



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


Samstaða í sveitarstjórnum:

## Enga unglinga á vínveitingahús

**HAFNARFJÖRÐUR** Fjölskylduráð Hafnarfjarðar tekur undir með velferðarráði Reykjavíkur um að unglingaskemmtanir eigi ekki að halda á vínveitingastöðum.

„Á undanförnum vikum og mánuðum hefur borið á því að unglingaskemmtanir, þar sem aldurstakmark er 14 ár, séu haldnar á vínveitingastöðum og þær auglýstar í gegnum samskiptasíður á borð við Facebook... Nóg er af öðru húsnæði til slíkra skemmtana og almennt vilji hjá þeim sem standa að æskulýðsstarfi unglinga til að finna slíkum atburðum hentugra húsnæði og betri umgjörð,“ segir fjölskylduráð Hafnarfjarðar. - gar

**NOREGUR**

### Urðu úti í hríð

Þrjú ungmenni létust í stórhríð í Norður-Noregi á fimmtudag. Ungmennin voru í snjósleðaferð ásamt fleirum. Ekkert þeirra var nægilega vel búið miðað við aðstæður.



**SKÝRSLAN KYNNT** Anna Þóra Kristinsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir kynna ársskýrslu Stígamóta fyrir 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kúga konur með kynlífsupptökum

**Alls leituðu 275 manns til Stígamóta á liðnu ári en það eru 44 fleiri en árið á undan. Það færist í vöxt að ofbeldismenn noti kynlífsmyndbönd til að kúga konur. Þjónusta Stígamóta verður bætt á þessu ári.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Málum vegna kláms og vændis hjá Stígamótum hefur fjölgað á síðustu árum. Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir það færast í aukana að konur leiti til samtakanna í kjölfar hótana þar sem ofbeldismennirnir hafa tekið upp kynlífsathafnir eða nauðganir og nota myndböndin sem kúgunartæki.

„Eitt af því sem stafar mikil ógn af er myndbirtingar. Ef það eru til myndir af kynlífsathöfnum er hægt að nota það sem beitt vopn gegn fólki,“ segir hún.

Ný mál hjá Stígamótum voru 275 á liðnu ári. Árið á undan voru þau 231, eins og kemur fram í nýjustu ársskýrslu samtakanna. Alls leituðu 123 einstaklingar til samtakanna og heildarfjöldi ofbeldismanna sem tilkynnt var um var 394. Starfskonur Stígamóta eru fjórar og tóku þær saman 1.803 viðtöl á árinu 2010.

Í 97 prósentum tilvika eru það karlar sem fremja kynferðisbrotin. Hlutfall karla sem leituðu til Stígamóta á síðasta ári var í kringum 10 prósent og er það svipað og hefur verið undanfarin ár.

Þegar aldur fórnarlamba er skoðaður kemur í ljós að brotin eru fyrst og fremst framin á ungu fólki. Þetta fólk leitar til Stígamóta áratugum eftir að brotin eru framin. Tæp 30 prósent brotanna voru framin þegar einstaklingarnir voru á aldrinum 5 til 10 ára. Tæp 7 prósent gerðust þegar fórnarlömbin voru á aldrinum 0 til 4 ára.

„Fólk kemur hingað með mjög gömul leyndarmál,“ segir Guðrún.

Í um 40 prósentum tilvika, þegar um sifjaspell var að ræða, stóð það yfir í eitt til fimm ár. Í rúmlega tíu prósentum tilfella stóð það yfir í sex ár eða lengur.

„Ef þessar upplýsingar eru bornar saman við aldursskiptingu fórnarlambanna sést að misnotkunin varir á meðan ofbeldismaðurinn hefur aðgang að barninu,“ segir Guðrún.

Stígamót eru nú að leita að húsnæði til að opna athvarf fyrir konur sem eru að koma út úr vændi. Verkefnið hefur nú þegar verið fjármagnað. Einnig er stefnt að því að koma af stað sólarhringsþjónustu á þessu ári.

sunna@frettabladid.is

### Fleiri nota hótanir en líkamsmeiðingar

Fjöldi þeirra sem leituðu hjálpar vegna nauðgana og nauðgunartilrauna var 123, þar af voru þrettán hópnauðganir. Athygli vekur að fleiri nauðgarar notuðu hótanir sem þvingunartæki en ekki líkamsmeiðingar. Guðrún bendir á að hegningarlögin geri ráð fyrir beinum líkamsmeiðingum í refsirammanum og það þurfi að skoða.

„Þegar konum er nauðgað fer oft á tíðum í gang ósjálfráð sjálfsbjargarhvöt sem gerir það að verkum að þær frjósa algjörlega og reyna ekki að berja frá sér,“ segir hún. „Það er hugsanlega eina leiðin til þess að sleppa sem best úr eins hræðilegum aðstæðum.“




STARFSMAÐUR Í
TÖLVUDEILD

Norvik hf. óskar eftir að ráða starfsmann í tölvudeild.

**Starfssvið:**
Uppsetning og viðhald á PC-vélum og jaðarbúnaði.

Þjónusta við notendur í síma og með heimsóknum í hinar ýmsu deildir fyrirtækisins.

Samskipti við starfsmenn og samstarfsaðila.

**Hæfniskröfur:**
Leitað er að einstaklingi með menntun í kerfisfræði, rafeindavirkjun eða sambærilegu. Önnur menntun ásamt víðtækri starfsreynslu kemur einnig til álita.

Þekking og reynsla á Microsoft Windows stýrikerfi skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og hafa góða þjónustulund.

*Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2011.*

*Nánari upplýsingar veitir Linda Kristmannsdóttir í tölvupósti linda@norvik.is eða í síma 458-1000*

*Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Norvíkur, www.norvik.is*

NORVIK

**Starfsemi Norvikur hf.** hófst árið 1962 með stofnun BYKO hf. Nú starfrækir Norvik byggingavöruverslanir, timbursölur, leigumarkaði og lagnadeildir BYKO ásamt verslunum ELKO, Intersport, Húsgagnahallarinnar, Nóatúns, Krónunnar, 11-11 og Kjarvals.

**Starfsmenn Norvikur** samsteypunnar eru nú um 3.000 og eru höfuðstöðvar hennar að Bildshöfða 20, Reykjavík *(á efstu hæð Húsgagnahallarinnar).*

**Dótturfyrirtæki Norvikur hf.** í Lettlandi eru BYKO-LAT og Vika wood, í Bretlandi eru Wayland Timber og Continental Wood Products. Einnig er dótturfélag Norvikur, Norwood, með starfsemi í Rússlandi.

Ísland í 8. sæti:

# Lágmarkslaun mjög misjöfn

**ATVINNUMÁL** Ísland er í 8. sæti yfir hæstu lögbundnu lágmarkslaunin í aðildarríkjum ESB ásamt þeim ríkjum sem hafa sótt um aðild. Hæstu lágmarkslaun eru í Lúxemborg en þau lægstu í Búlgaríu.

Mikill munur er á lögbundnum lágmarkslaunum í Evrópu. Það munar 1.635 evrum á lágmarkslaunum í Búlgaríu, þar sem þau eru lægst, og í Lúxemborg, þar sem þau eru hæst.

Í september 2008 voru lögbundin lágmarkslaun á Íslandi næsthæst í Evrópu. **- sv**

Misskilningur um samráð Heilsustofnunar NLFÍ og Vinnumálastofnunar við uppsagnir í sumarlokun hælisins:

# Samráðið við Vinnumálastofnun á Selfossi

**STJÓRNSÝSLA** Ummæli Unnar Sverrisdóttur, forstöðumanns stjórnsýslusviðs Vinnumálastofnunar, í Fréttablaðinu í gær um að Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði hafi ekki haft samráð við VMS vegna uppsagna starfsmanna voru byggð á misskilningi. NLFÍ hafði samráð um málið við starfsstöð VMS á Selfossi.

„Vinnumálastofnun þykir leitt ef svör starfsmanna hafa leitt af sér misskilning um þetta efni og ef umrædd frétt hefur orðið til þess að varpa rýrð á HNLFÍ,“ segir Unnur.

HNLFÍ hefur sagt upp 38 starfsmönnum vegna fyrirhugaðar níu vikna lokunar Heilsustofnunarinnar í sumar. Áætlað er að starfsmennirnir nýti sumarfrí sitt þann tíma sem stofnunin er lokuð en fái ekki laun frá stofnuninni þann tíma sem orlofið nær ekki yfir. Af hálfu HNLFÍ var kannað hjá Auði Guðmundsdóttur, yfirmanni starfsstöðvar VMS á Selfossi, hvort starfsmennirnir gætu átt rétt á bótum til að brúa bilið.


Reknir í örfáar vikur svo að þeir fái bætur

Starfsmenn Heilsuhælisins í Hveragerði fengu reisupassann til að þeir gætu fengið atvinnuleysisbætur er hælið verður lokað í níu vikur í sumar. Sagt í samráði við Vinnumálastofnun, sem kveðst þvert á móti hafa sagt leiðina ófæra.

**FRÉTTABLAÐIÐ 4. MARS 2011**

„Hennar mat var jákvætt enda var haft fullt samráð við hana um þessar aðgerðir,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heilsustofnunarinnar. Í Fréttablaðinu í gær sagðist Unnur hins vegar hafa svarað slíkri fyrirspurn frá manni frá Náttúrulækningafélaginu neitandi.

Ólafur segir þær Unni og Auði nú báðar telja að HNLFÍ hafi staðið rétt að málinu. „Þó undrar mig að það virðist sem þær túlki lögin á mismunandi hátt og það veldur ruglingi í öllu þessu máli. Unnur nefnir að andi laganna sé ekki í þessa veru. Auður varaði okkur ekki við því,“ segir Ólafur.

Unnur ítrekar að slíta þurfi ráðningarsambandi til að einstaklingur eigi rétt á að sækja um atvinnuleysisbætur. „Umsóknir þeirra starfsmanna HNLFÍ sem sagt hefur verið upp störfum, berist þær, munu að sjálfsögðu fá eðlilega meðhöndlun og meðferð í samræmi við stjórnsýslulög og lög um atvinnuleysistryggingar,“ segir Unnur Sverrisdóttir. **- gar**



**LEIFSSTÖÐ** Um 495 þúsund erlendir ferðamenn sóttu Ísland heim árið 2010.

Nýtt rit frá Ferðamálastofu:

# Ferðamönnum fjölgað mikið

**IÐNAÐUR** Ferðamálastofa hefur gefið út rit um ferðaþjónustu á Íslandi í tölum. Þar kemur fram að ferðaþjónustan hefur stóreflst á síðustu árum og fjöldi ferðamanna aukist um 5,3 prósent á ári að meðaltali síðustu tíu ár.

Hlutdeild ferðaþjónustunnar í heildarútflutningstekjum landsins var 18,8 prósent að meðaltali á árunum 2000 til 2008 en störf í ferðaþjónustu voru árið 2009 5,1 prósent af heildarfjölda starfa á Íslandi. Um 495 þúsund erlendir ferðamenn sóttu Ísland heim árið 2010 borið saman við tæplega 200 þúsund árið 2000. **- mþl**

**NOREGUR**

### Ráðherrum skipt út

Olíu- og orkumálaráðherra Noregs var skipt út í gær. Terje Riis-Johansen lét af embætti og Ola Borten Moe tók við. Ráðherraskiptin komu ekki á óvart þar sem Riis-Johansen hefur verið harðlega gagnrýndur í störfum sínum.



• Austurströnd 14 • Fálkagötu 18
• Hringbraut 35 • Lönguhlíð

Framtíð ljóssins

Hvað gerist þegar slökkt verður á glóperunni?

Sýning

Rafiðnaðarskólanum, Stórhöfða 27,
laugardaginn 5. mars 2011
kl. 11 - 15

- Nýjasta nýtt í perum
- Ljósgjafi framtíðar
- Leikur að ljósi
- Getraun – hvaða pera er í lampanum
- Litadýrð ljóssins slær regnboganum við
- Spegillinn og ljósið



LJÓSTÆKNIFÉLAG ÍSLANDS
sart SAMTÖK RAFVERKTAKA
RAFIÐNAÐARSKÓLINN
ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf
S.GUÐJÓNSSON
Jóhann Ólafsson & Co
Rafkaup
PHILIPS
GE
OSRAM
SYLVANIA

**FRÉTTASKÝRING: Hvernig verður ferlið hjá EFTA-dómstólnum hafni þjóðin nýjum Icesave-samningi?**

# Málinu lýkur ekki hjá dómstóli EFTA

**Ekki er ólíklegt að ár líði frá þjóðaratkvæðagreiðslu til dóms hjá EFTA-dómstólnum, hafni þjóðin nýjum Icesave-samningi. Þá tæki að öllum líkindum við málarekstur fyrir íslenskum dómstólum. Þeir þyrftu svo að leita álits EFTA-dómstólsins um vafaatriði í túlkun á EES-samningnum.**

Fari svo að Icesave-samningi við Breta og Hollendinga verði hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í apríl má gera ráð fyrir að ár líði þar til niðurstaða fæst um málið fyrir EFTA-dómstólnum.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur þegar gefið út formlega tilkynningu um að íslenska ríkið sé brotlegt við samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES) í Icesave-deilunni.

Ekki er þar með sagt að EFTA-dómstóllinn dæmi Íslandi í óhag, en bent hefur verið á að ESA hefur eingöngu tapað tveimur af 29 samningsbrotamálum sem stofnunin hefur farið með fyrir dómstólinn.

Íslenska ríkið hefur frest fram yfir þjóðaratkvæðagreiðslu til að koma fram andmælum við álit ESA.

„Næsta skref ESA yrði þá rökstutt álit og það hefur ekki verið gefið út, en það er síðasti áfanginn í málsmeðferð ESA áður en kemur að málshöfðun fyrir EFTA-dómstólnum,“ segir Skúli Magnússon, ritari EFTA-dómstólsins.

ESA gæfi ríkinu frest til að tjá sig um rökstudda álitið, en að því loknu væri málið í raun tilbúið til málshöfðunar.

### Fullnægja þarf frekari skilyrðum

Skúli segir að hjá EFTA-dómstólnum hafi alla jafna verið skorið úr og réttað í málum á mjög skömmum tíma. „Um leið og mál er komið hingað þá er það rekið eins hratt og mögulegt er. Það á við um öll mál,“ segir hann. Málarekstur með gagnaöflun og tilkynningum segir hann þó taka sinn tíma. „Það verður alltaf að búast við að minnsta kosti hálfu ári, það væri mettími til að ljúka máli. Meðaltíminn er eitthvað lengri, kannski sjö til níu mánuðir.“

Skúli áréttar hins vegar að EFTA-dómstóllinn dæmi ekki um skaðabótaskyldu íslenska ríkisins vegna ætlaðs brots, annaðhvort gegn tilskipun um innstæðutryggingar, eða gegn grunnreglunni um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis. „Mál sem ESA höfðar vegna þessara ætluðu brota snýst strangt til tekið ekki um skaðabótaskyldu, heldur um það hvort íslenska ríkið hafi fullnægt skyldum sínum gagnvart EES-samningnum. Liggi síðan fyrir að íslenska ríkið hafi gerst brotlegt, þá kemur upp spurningin um hvort stofnast hafi til skaðabótaskyldu.“



**ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA** Kjósandi greiðir atkvæði í Laugardalshöll í mars árið 2010.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verði íslenska ríkið talið brotlegt þarf, að sögn Skúla, að fullnægja frekari skilyrðum til þess að stofnist til skaðabótaskyldu. „Þau eru einkum skilyrði um að brot sé nægjanlega alvarlegt. Til þess að fá úr því skorið þyrfti að höfða mál, sem ég tel að yrði að öllum líkindum á Íslandi, gegn íslenska ríkinu og íslenskur dómstóll myndi að öllum líkindum vísa málinu til EFTA-dómstólsins og fá ráðgefandi álit,“ segir hann og kveðst í raun telja, að þegar um er að ræða spurningar um skýringu EES-reglna, þá beri dómstólum EFTA-ríkja skylda til að vísa málinu til EFTA-dómstólsins. „Þó að í orði kveðnu sé það bara heimilt, þá eru rök sem mæla með því að íslenskum dómstólum sé skylt að gera það. Annars er hætta á því að komist sé að niðurstöðu sem ekki er rétt.“


STEFÁN MÁR STEFÁNSSON


SKÚLI MAGNÚSSON


PETER DYRBERG

Sömuleiðis segir Skúli að færi svo að íslenskir dómstólar dæmdu málið með þeim hætti að væri talið samræmast EES-samningnum og skuldbindingum Íslands samkvæmt honum, þá væri hægt að sjá fyrir sér alls konar framhald á málinu. „Milliríkjadeilunni lýkur ekki endilega við niðurstöðu íslenskra dómstóla,“ segir hann. Þannig gæti niðurstaða dómsmáls hér kallað á viðbrögð frá Evrópusambandinu og meint brot íslenskra dómstóla gegn EES-reglum lent aftur á borði ESA. „Þetta er býsna flókið mat og erfitt að sjá fyrir sér framvinduna.“

### Vandi lýðræðisins

Peter C. Dyrberg, aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík og forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar HR, segir erfitt að ætla sér að spá fyrir um mögulega niðurstöðu dómsmáls hér á landi um skaðabótaskyldu, færi svo að mál tapaðist fyrir EFTA-dómstóli. „En auðvitað er töluverð áhætta fyrir hendi,“ segir hann og biðst undan því að ráðleggja fólki um hvort samþykkja eigi samninginn eða hafna honum í komandi kosningum. „Íslenska þjóðin verður að skera úr um það mál,“ segir hann og kveður vanda lýðræðisins endurspeglast í spurningunni um hvort allur þorri þjóðarinnar hafi forsendur til að leggja mat á málið.

Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segist sömuleiðis ekki búinn að gera upp hug sinn um hvernig hann hagar atkvæði sínu í apríl, þótt hann telji landið ekki brotlegt við EES-samninginn. „Ég er ekki kominn svo langt að ég sé mjög sannfærður á hvorn veginn sem er. En ég veit þó eins og er að Iceasave III er langt um betri samningur en lagt var upp með í fyrstu,“ segir hann.

Fari svo að mál vegna Icesave tapist fyrir EFTA-dómstólnum segir Stefán hins vegar ekki sjálfgefið að Bretar og Hollendingar myndu hefja mál á hendur ríkinu fyrir íslenskum dómstólum. „Ísland yrði að byrja á því að fullnægja skuldbindingum sínum og greiða þessar 20 þúsund evrur. Svo yrðu örugglega deilur um vexti líka. Ísland yrði að skilgreina skyldur sínar upp á nýtt og hvenær þeim yrði fullnægt. Ef Bretar og Hollendingar eru ekki ánægðir með þá niðurstöðu þá gætu þeir kært aftur til Eftirlitsstofnunar EFTA.“


**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

## Lagagreinin

**Lög um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 21/1994.**

1. gr. Nú er mál rekið fyrir héraðsdómstóli þar sem þarf að taka afstöðu til skýringar á samningi um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum, viðaukum við hann eða gerðum sem í viðaukunum er getið og getur þá dómari í samræmi við 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls kveðið upp úrskurð um að leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta.

Hvort sem aðili máls krefst að álits verði leitað skv. 1. mgr. eða dómari telur þess þörf án kröfu skal dómari gefa aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður verður kveðinn upp.

Kæra má úrskurð héraðsdómara skv. 1. mgr. til Hæstaréttar eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála eða meðferð [sakamála]1) eftir því sem á við. Kæra frestar frekari aðgerðum samkvæmt úrskurðinum. [...]




www.kronan.is

Kjötstjóri

Laus er til umsóknar staða kjötstjóra í Krónunni Bíldshöfða

Starfslýsing:
- Verkstjórn í kjötdeild
- Kjötvinnsla
- Umsjón pantana
- Verðmerkingar
- Áfyllingar
- Gæðaeftirlit

Hæfniskröfur:
- Menntun í kjötiðn er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð
- Tölvufærni

Áhugasamir vinsamlegast sæki um á www.kronan.is

KRÓNAN óskar eftir þér

EXPO • www.expo.is


N1 KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ SENU
EAGLES
NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI 9. JÚNÍ
MIÐASALA HEFST 17. MARS KL. 11
N1 FORSALA HEFST 16. MARS KL. 10 Á N1.IS
N1
N1 forsalan er eingöngu
fyrir N1 korthafa
MIÐASALA Á MIÐI.IS
N1
sena



Sumar
2011
Ferðaævintýri Heimsferða í vor, sumar og haust
KYNNTU ÞÉR ÆVINTÝRALEGAR FERÐIR OG GLÆSILEGA GISTIMÖGULEIKA SUMARSINS
bókaðu beint á heimsferdir.is
Tryggðu þér flugsæti og gistingu á þeim tíma sem hentar þér best og bókaðu lægsta verðið á www.heimsferdir.is.
Ferðabæklingi Heimsferða er dreift með Fréttablaðinu í dag.
Bókaðu fyrir 20. mars og tryggðu þér 10.000 kr. afslátt á mann!
Bodrum
í Tyrklandi
frá 121.640 kr.
– allt innifalið
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi í 10 nætur á Hotel Eken, 21. maí með allt innifalið.
Marmaris
frá 119.900 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 10 nætur á Club Kibele, 21. maí.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM45695

# Kemer – Antalya





frá **164.840** kr.

– allt innifalið

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi í 11 nætur á Hotel Ambassador, 18. okt með allt innifalið.

# Costa del Sol





frá **98.840** kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 10 nætur á Apartamentos Alay´s, 15. maí.

## Glæsilegt úrval borgarferða

- Barcelona
- Prag
- Búdapest
- Sevilla
- Ljubljana
- Róm











## Glæsilegt úrval sérferða

- Ítalía – á bökkum Gardavatns
- Ítalía – Cinque Terre
- Hjólaferð við Balatonvatnið
- Györ - Vínarborg - Bratislava - Búdapest
- Töfrar Andalúsíu
- Náttúruperla í Austurríki
- Ævintýri í Tyrklandi
- Perlur Tyrklands
- Sumar í Sorrento
- Á rómantískum slóðum á Englandi
- Töfrar Tyrklands
- Aðventuferðir til Heidelberg
- **Golfferðir**
- **Glæsisiglingar**





Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

**Heimsferðir**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Morfísstemning spillir umræðumenningunni.

## Útvötnun orðanna

Rétturinn til að tjá sig er einn af hornsteinum lýðræðisins og skoðanaskipti um málefni, bæði brýn pólitísk málefni og hversdagslegri mál, eru hluti af því að vera manneskja. Forsenda þess að skoðanaskipti séu gjöful er þó gagnkvæm virðing þeirra sem skiptast á skoðunum og virk hlustun, sem því miður virðist á tíðum skorta, ekki síst þegar tekist er á um pólitísk málefni.

Íslensk umræðuhefð á vettvangi stjórnmála er kappræða að mati Ólafs Páls Jónssonar heimspekings, sem ritar áhugaverða grein um efnið í síðasta tölublað Tímarits Máls og menningar. Eins og liggur í orðinu sjálfu, kappræða, þá gengur hún út á að menn etja kappi með orðum og sá hefur betur sem tekst að stela senunni. Þessi umræðuhefð stjórnmálanna hefur líka stundum verið nefnd Morfíshefðin og er þá kennd við þekkta mælskukeppni framhaldsskóla.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Meðal einkenna kappræðumenningarinnar er að draga persónu andstæðingsins inn í umræðuna, til dæmis að setja á hann einkenni og gera honum jafnvel upp skoðanir. Annað einkenni er notkun gífuryrða en svo virðist sem mörk þess orðfæris sem viðeigandi telst séu að færast út, hugsanlega vegna áhrifa af nafnlausum skrifum í athugasemdakerfum á netinu.

Útvötnun hugtaka er einnig einkenni á kappræðumenningunni sem einkennir pólitíska umræðu. Hugtakið mannréttindi er dæmi um slíkt hugtak. Mannréttindi eru grundvallarréttindi sem hægt á að vera að tryggja að allir njóti. Í umræðunni um staðgöngumæðrun kom hins vegar fram það sjónarmið að það væru mannréttindi að fá að eignast börn. Mannréttindi kvenna í fjarlægum löndum sem af neyð vinna það verk að ganga með börn gegn greiðslu voru þá ekki nefnd til sögu.

Landráðamaður er stimpill sem vinsælt hefur verið að klína á þá sem telja að Ísland sé betur komið í samfélagi Evrópuþjóða í ESB en utan þess. Á móti fá þeir sem andvígir eru Evrópusambandsaðild iðulega stimpilinn einangrunarsinnar þrátt fyrir að margir þeirra séu hlynntir margháttuðu samstarfi við aðrar þjóðir um tiltekin málefni.

Þessa daga heyrist nokkuð hátt í hópi fólks sem vill fá að ferðast hindrunarlítið á vélknúnum farartækjum og hestum um friðað land í Vatnajökulsþjóðgarði. Regnhlífarsamtök þessa fólks nefnast Ferðafrelsi. Þegar að er gáð er þetta nafnaval umhugsunarvert. Um hvað snýst ferðafrelsi og hvað felst í því að búa við skert ferðafrelsi? Hugurinn leitar til Gasa þar sem íbúar komast hvorki lönd né strönd. Lönd eins og Norður-Kórea og Kína koma einnig upp í hugann. Svipting ferðafrelsis er þannig grafarlegt mál og vissulega brot á mannréttindum en hefur ekkert með það að gera hvort og þá með hvaða hætti má þeysa á ýmiss konar fararskjótum um Vatnajökulsþjóðgarð eða önnur friðuð landsvæði.

Skoðanaskipti eru afar mikilvæg og rétturinn til að tjá sig telst einmitt til grundvallarmannréttinda; ekki síst er mikilvægur rétturinn til að tjá sig og skiptast á skoðunum um ákvarðanir stjórnvalda. Hafa verður þó hugfast að orð hafa ábyrgð og hugtök eins og mannréttindi og ferðafrelsi eiga eingöngu við í umræðu sem snýst um grundvallarrétt fólks til lífs og frelsis.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Hver á grasrótina á kjördegi?

Icesave-lögin og staðfestingarsynjun forsetans breyta nokkuð stöðunni á taflborði stjórnmálanna með áhrifum á bæði stjórnina og stjórnarandstöðuna.

Andstæðingar málsins í Sjálfstæðisflokknum fóru með hrakyrðum gegn formanninum og staðhæfðu að hann hefði losnað frá grasrótinni vegna stuðnings við það. Skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sýnir hins vegar að nærri lætur að tveir þriðju hlutar stuðningsmanna flokksins fylgi forystunni. Þeir sem kenna sig við grasrótina ná til þriðjungsins.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þetta er fyrsta styrkleikamæling á ólíkum skoðunum í Sjálfstæðisflokknum. Á þessu stigi sýnir hún miklu betri stöðu forystunnar en mótherjarnir töldu hana hafa. Ólíklegt er að það dragi að marki úr andspyrnunni. En þó má ætla að tungutakið verði yfirvegaðra á eftir. Hvað sem öðru líður sýnir þetta að valt getur reynst að eigna sér grasrótina.

Svo er spurning: Hver á grasrótina á kjördegi? Reynslan erlendis frá kennir að afstaða til ríkisstjórnar og annarra mála getur ráðið miklu í þjóðaratkvæði. Inni á Alþingi er erfitt að láta afstöðu til einstakra mála ráðast af öðru en málefninu sjálfu. Úti í moldviðri samfélagsumræðunnar er það hins vegar léttara. Munurinn er sá að enginn ber ábyrgð á ákvörðun í þjóðaratkvæði eins og á Alþingi.

## Strik í reikninginn

Könnunin sýnir að stjórnarflokkarnir hafa nú rúmlega 40 hundraðshluta fylgi. Við venjulegar aðstæður þarf ríkisstjórn ekki að hafa áhyggjur af þannig stöðu á miðju kjörtímabili. En þegar við blasir að úrslit stærsta málsins sem hún hefur glímt við ráðast í þjóðaratkvæði getur slíkt misvægi milli þingstyrks og fylgis sett strik í reikninginn.

Ríflega 60 hundraðshlutar kjósenda ætla þó að styðja lögin. Við greiningu á þeim hópi sést að rúmlega 40 hundraðshlutar hans koma úr hópi fylgismanna Sjálfstæðisflokksins, rúmlega 30 frá þeim sem styðja Samfylkinguna og rúmlega 20 úr röðum VG. Stuðningur úr röðum annarra er óverulegur. Sjálfstæðismenn leggja því mest af mörkum. Þegar svo litið er á alla þá sem afstöðu taka bæði með og á móti kemur í ljós að hlutur stuðningsmanna laganna úr röðum stjórnarflokkanna beggja er aðeins þriðjungur.

Af þessu má ráða að málið er óvinnandi fyrir stjórnarflokkana eina. Þeir eru alfarið háðir stuðningi kjósenda Sjálfstæðisflokksins eftir að þjóðaratkvæðagreiðslan var ákveðin. Við það vakna tvær spurningar. Önnur er: Hefur það áhrif á samstarf og málflutning á Alþingi? Hin er: Mun það hafa áhrif á einhverja kjósendur Sjálfstæðisflokksins fram að kjördegi?

Varðandi fyrri spurninguna má ætla að stjórnarflokkarnir reyni að forðast átök. Þeir mýkja umræðuna og forsætisráðherra fer sjaldnar með textann um að böl heimsins stafi af íhaldinu. Engin teikn eru hins vegar um raunverulega breikkun á pólitísku samstarfi.

## Litil þúfa og þungt hlass

Varðandi síðari spurninguna er niðurstaða könnunarinnar um fylgi við endurkjör forseta Íslands áhugaverð. Þar kemur í ljós að ákveðinn hluti þeirra fylgismanna Sjálfstæðisflokksins sem styður Icesave-lögin er jafnframt hlynntur því að forsetinn bjóði sig fram á ný. Ef aðeins þessi hluti skipti um skoðun þannig að jafnmargir sjálfstæðismenn og styðja forsetann yrðu á endanum andvígir lögunum félli heildarstuðningur við þau úr rúmlega 60 hundraðshlutum í ríflega 50. Þar með væru úrslitin orðin tvísýn.

Ekki kæmi á óvart að andstæðingar laganna reyndu að spila á vaxandi vantrú á ríkisstjórninni, óþol með kjaraviðræður og deilur um ESB. Þó að stjórnin ætli að sitja hvernig sem fer má ljóst vera að hún yrði fullkomlega lömuð eftir tap í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hins vegar getur hún ekki lagt allan þunga sinn í málsvörnina því að hún segist geta setið þótt málið falli. Þannig verður tilvera hennar ekki með öllu óháð málinu sjálfu í kjörklefanum.

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur lýst því að hann muni í kosningaumræðunni standa við þau málefnalegu sjónarmið sem réðu afstöðu hans á Alþingi. Það er bæði sterkt og skynsamlegt. Hann dregur hins vegar ekki burst úr nefi þeim sem telja að stundaglas stjórnarinnar sé tæmt. Það er einfaldlega ekki hans hlutverk. Það er ríkisstjórnarinnar.

Best er að rök og mótrök er lúta alfarið að málinu sjálfu ráði úrslitum þess. Líklegt er að svo fari. Ekki er þó á vísan að róa í því efni og lítil þúfa getur velt þungu hlassi. Ríkisstjórnin sýnist vera of dofin til að leika þá mótleiki sem gætu styrkt stöðuna. Síðustu daga hefur hún látið sókn og vörn málsins hvíla á embættismönnum og tveimur bönkum. Dýpri getur pólitíska lægðin varla verið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI
collezione
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
40% - 60%
afsláttur
af öllum vörum
Troðfull verslun
af kvenvörum á
60%
afslætti
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

# Um Torfastaði

Barnavernd

Drífa Kristjánsdóttir
Torfastöðum



Skýrsla Ríkisendurskoðunar um „þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra“ hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Meðferðarheimilið Torfastöðum hefur verið dregið inn í þá umfjöllun og hljómar eins og að okkur hafi verið sagt upp samningi við ríkið. Það var ekki þannig, við sögðum upp samningi við ríkið vegna óþolandi stjórnunar Braga Guðbrandssonar yfirmanns Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa var stofnuð vorið 1995. Þá hafði Meðferðarheimilið Torfastöðum verið starfrækt í 16 ár. Torfastaðir voru fyrsta og eina einkarekna meðferðarheimilið á Íslandi til margra ára.

Bragi var afar hrifinn af okkar rekstrarfyrirkomulagi einkum vegna þess að það kostaði ríkið miklu minna en meðferðarstaðir sem reknir voru af ríkinu og árangur okkar var einstakur. Bragi lagði niður hverja stofnunina á fætur annarri og lét stofna staði sem áttu að vera eins og Torfastaðir. Þetta óttuðumst við mjög, vissum hve erfitt er að að reka fjölskyldurekið meðferðarheimili. Við sögðum Braga ítrekað að nýir staðir þyrftu miklu meira fjármagn og stuðning en við fengjum. Bragi fór sínu fram en nú hefur hann snúið við blaðinu, dagar einkarekinna meðferðarheimila taldir að hans mati.

Barnaverndarstofa hlunnfór Torfastaði um samningsbundnar hækkanir árin 1998-2003. Það fékkst ekki leiðrétt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Skóli var á Torfastöðum fyrir vistbörnin. Það var aldrei borgað neitt fyrir þá vinnu. Bragi neitaði okkur um greiðslur til skólans frá sveitarfélögunum. Allt var gert til að þrengja að okkur fjárhagslega. Samstarfsfólki Braga blöskraði stundum og reyndi að koma til móts við okkur en þá setti Bragi skilyrði um meiri yfirráð yfir okkur. Það þorðum við ekki að samþykkja í ljósi erfiðra samskipta við forstöðumanninn. Hann var svo falskur og við treystum honum alls ekki.

Þetta reyndi á þolrifin í mörg ár en svo ákváðum við að segja upp samningi við ríkið vegna óvildar Braga Guðbrandssonar. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir: „Rekstraraðilar sögðu samningnum með bréfi til félagsmálaráðuneytis 27. september 2003 með tólf mánaða fyrirvara og báru við „langvarandi óvild“ forstjóra Barnaverndarstofu í sinn garð og „trúnaðarbresti“ við hann. Þetta ætti m.a. sök á fjárhagslegum þrengingum heimilisins sem ekki sæti við sama borð og önnur sambærileg heimili. Þeir gáfu um leið til kynna að þeir væru til í að halda áfram starfseminni ef ráðherra sjálfur eða fulltrúi hans kæmi á nýjum samningi fyrir áramótin 2003-04.“

Einnig segir: „Í Greinargerð um framkvæmd þjónustusamnings Barnaverndarstofu við meðferðarheimilið á Torfastöðum (sept. 2004) kom fram að markmið Ríkisendurskoðunar væri að aðkomu sinni var „að veita aðstoð við að greina og leysa vandamál og ágreiningsefni“ sem tengdust framkvæmd þjónustusamnings Barnaverndarstofu við rekstraraðila Torfastaðaheimilisins. Meginniðurstaða stofnunarinnar var sú að hvorki væri raunhæft né ráðlegt að mæla með því að aðilar reyndu að svo stöddu að gera nýjan samning um áframhaldandi rekstur meðferðarheimilisins. Stirð samskipti aðila leyfðu það ekki. Í ljósi forsögu málsins mætti hins vegar velta fyrir sér hvort til greina kæmi að bjóða rekstraraðilum uppbótareða uppgjörsgreiðslu við samningslok sem tæki mið af því að endurgjald til heimilisins hefði um tíma verið lægra en til sambærilegra heimila.“

Í lok greinargerðar um Torfastaði segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Þess ber að geta að forstjóri Barnaverndarstofu óskaði eftir því að standa ekki að samkomulaginu við Torfastaðaheimilið með undirritun sinni. Hann ítrekaði líka í bréfi til félagsmálaráðuneytis þá afstöðu sína að rekstraraðilar heimilisins hefðu ekki átt neinar kröfur á ríkissjóð vegna slita á samstarfi enda hefðu þeir sjálfir sagt samningnum upp. Jafnframt lét hann í ljósi þá skoðun að sú fjárhæð sem samið var um hefði verið „óhófleg með hliðsjón af þeim fyrirvörum sem Ríkisendurskoðun gerir um slíka greiðslu“. Sömuleiðis hlyti sú niðurstaða að taka greiðsluna til heimilisins af fjárheimildum stofnunar að verða til þess að skerða þjónustu hennar við börn yrði ekki við brugðist.“

Torfastaðir töldu sig eiga háar fjárhæðir inni hjá ríkinu af samningsbundnum greiðslum en ákváðu að sættast á greiðslu og sáttargjörð.

Ég legg til að Alþingi fái Ríkisendurskoðun það verkefni að skoða stjórnunaraðferðir Braga Guðbrandssonar, nú á þessum tímamótum, þegar flest einkarekinu og öll ríkisrekinu meðferðarheimili hafa verið lögð niður. Torfastaðir, Hvítárbakki, Skjöldólfsstaðir, Geldingalækur, Götusmiðjan, Árbót-Berg, Sólheimar 7 og Tindar, allt undir hans stjórn, já og Efstasund. Ég veit að margir hafa sína sögu að segja en þöggun hefur verið mikil enda oft vont að fara gegn þeim sem valdið hefur.

# Íslenskir bændur og ESB

Landbúnaður

Þröstur Haraldsson
blaðamaður og fv. ritstjóri Bændablaðsins



Ungur stjórnmálafræðingur, Inga Dís Richter, lýsti nýlega í Sprengisandi á Bylgjunni reynslu Finna af þátttöku í margvíslegum aðgerðum Evrópusambandsins til þess að ýta undir þróun í dreifbýli. Niðurstaða Ingu Dísar var sú að finnskir bændur yndu yfirleitt frekar glaðir við sitt í sínu dreifbýli og að Íslendingar gætu lært mikið af reynslu þeirra, hvort sem Ísland gerist aðildarríki ESB eður ei.

Inga Dís lýsir því í meistaraprófsritgerð sinni hvað hafi gerst í finnskum landbúnaði eftir að landið gekk í ESB. Þar varð umtalsverð fækkun bændabýla en þau sem eftir urðu eru stærri en áður svo heildarniðurstaðan er að nýting lands til ræktunar er svipuð og hún hefur lengi verið og framleiðsla hefur heldur aukist í flestum greinum. Hún vitnar í framámenn í finnskum landbúnaði sem segja að þessi þróun sé alþjóðleg og hefði væntanlega orðið svipuð þótt Finnar hefðu staðið utan ESB.

Þetta hlýtur að vekja athygli íslenskra bænda sem merkilegt nokk hafa upplifað svipaða eða jafnvel öllu meiri fækkun og stækkun býla sinna á undanförnum árum. Sé litið í Hagtölur landbúnaðarins kemur í ljós að þeim bændabýlum sem hafa greiðslumark í sauðfjárbúskap og/eða mjólkurframleiðslu fækkaði um nánast sömu prósentutölu – rúmlega 30% – og finnskum bændabýlum á árabilinu 1994 til 2004, fyrsta áratugnum eftir að Finnar gengu í ESB. Hins vegar kemur þessi breyting misjafnt niður á búgreinum og sé litið til mjólkurframleiðslu þá hefur fækkun framleiðenda orðið enn meiri hér á landi. Í Finnlandi hefur hægt á fækkun bændabýla en hér á landi blasir við að það er lítill grundvöllur fyrir öllum þeim sauðfjárbúum sem hér eru, nema sem aukagetu meðfram öðrum rekstri eða starfi bænda.

**Byggðastefna sem virkar**

Evrópusambandið hefur brugðist við þessari þróun með því að breyta stuðningi sínum við bændur og aðra íbúa í dreifbýli. Í stað þess að veita bændum styrk út á tiltekið framleiðslumagn, svo sem lítra af mjólk eða kíló af kjöti, hafa styrkirnir verið færðir yfir á flatarmál ræktarlands og fjölda gripa. Þetta er meðal annars gert í ljósi þess að með stækkun býlanna hefur rekstur þeirra orðið betri og arðbærari og þar með minni ástæða til að styrkja framleiðsluna. Hluti stuðningsins hefur svo verið fluttur yfir í umhverfis- og orkumál.

Fækkun bændabýla og aukin tæknivæðing í landbúnaði hefur leitt til þess að íbúum í sveitum hefur fækkað mikið. Við það brestur grundvöllur ýmiss konar þjónustu, svo sem skóla, velferðarþjónustu og verslunar. Sveitirnar hafa dregist aftur úr þéttbýlinu sem ákjósanleg búsetusvæði og við það fækkar íbúunum enn frekar. Það er þessi vítahringur sem dreifbýlisþróunarstyrkjum ESB er ætlað að rjúfa og ef marka má reynsluna frá Finnlandi hafa þeir gagnast býsna vel í því að ýta undir allskyns aukabúgreinar og rekstur smærri fyrirtækja sem laða að sér vinnuafl og íbúa í sveitunum.

Sennilega er það þessi þróun sem annars ekki mátt nefna þá styrki til dreifbýlisþróunar sem fjallað var um á Sprengisandi á dögunum.

**Hálffullt eða hálftómt?**

Ég ætla ekki að elta ólar við öll þau undarlegu rök sem bændaforystan hefur beitt í umræðunni, svo sem um aðlögunarferlið eða að ESB vilji íslenskan landbúnað feigan. Þau dæma sig sjálf. En þegar kemur að efnislegum rökum fer púðrið allt í að tíunda margvísleg mistök sem ESB hefur gert sig sekt um sem eru vissulega ekki til eftirbreytni. Þau mistök er hins vegar hægt að nota sem röksemdir í samningaviðræðum fyrir því að haga hlutunum öðruvísi hér á landi, enda engin ástæða til að endurtaka syndir fortíðarinnar. Mér sýnist að á nýafstöðnum rýnifundi um landbúnaðarmál hafi þetta sjónarmið mætt góðum skilningi embættismanna ESB.

> Ríkjandi málflutningur bændaforystunnar gerir lítið úr þeim fjölmörgu og spennandi möguleikum sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir og er stéttinni engan veginn til sóma.

hefur gert það að verkum að flestir framámenn í finnskum landbúnaði hafa snúist frá heitri andstöðu við ESB og segjast nú vera hlynntir aðild Finna. Það gengur einfaldlega vel í finnskum landbúnaði þessi misserin og engin þörf á að dvelja lengur við þá erfiðleika sem aðild fylgdu í upphafi þegar bændum fækkaði ört.

Höfum hugfast að þeim fækkaði hlutfallslega jafnört hér á landi. En hvað hefur verið gert til að mæta þeirri þróun? Við vitum öll að það hefur verið afar tilviljanakennt og ómarkvisst af hálfu hins opinbera og hagsmunasamtaka, þótt vitaskuld hafi duglegt fólk bjargað sér með einhverjum hætti – nú eða flutt á mölina.

Það er sorglegt að segja frá því en í röðum forystumanna Bændasamtakanna hefur gætt viðvarandi áhugaleysis á því að bregðast við þróuninni með öðrum hætti en þeim að standa vörð um hið hefðbundna styrkjakerfi landbúnaðarins, auk tollverndar. Menn hafa tekið allt að því trúarlega afstöðu gegn aðild að ESB og safnað síðan rökum gegn henni en bægt frá sér og bændum öllu því sem telja má jákvætt við aðild eða gæti unnið gegn neikvæðum afleiðingum aðildar á íslenskan landbúnað. Í Bændahöllinni hefur þannig meðal

Bændur gætu því sem hægast prófað að athuga hvort ESB-glasið er hálffullt eða hálftómt. Sumt er vel gert í ESB rétt eins og á Íslandi, annað miður. Meðal þess sem hefur skilað umtalsverðum árangri er einmitt það sem rætt var um í upphafi greinarinnar. Því hefur verið haldið fram að eina byggðastefnan sem skipti máli hér á landi sé að standa vörð um stuðningskerfi landbúnaðarins. Þau rök halda engan veginn í samhengi við ESB-aðild. Bæði er sótt hart að þessu stuðningskerfi úr öðrum áttum en frá Brussel, einkum frá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), og svo dugar þetta stuðningskerfi afar lítið til að sporna við fólksfækkun í sveitum landsins, það sýnir sagan. Sennilega gætu íslenskir bændur sótt sér mun meiri og árangursríkari stuðning til Evrópusambandsins en íslenskir skattgreiðendur eru reiðubúnir að standa undir.

Ríkjandi málflutningur bændaforystunnar gerir lítið úr þeim fjölmörgu og spennandi möguleikum sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir og er stéttinni engan veginn til sóma. Þetta ættu fulltrúar á Búnaðarþingi sem sett verður á morgun að taka til umræðu.

*Lengri útgáfa greinarinnar birtist á visir.is*




# Átak gegn ofbeldi

Rannsóknarheimildir

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra



Almennt finnst mér það vera styrkur fremur en veikleiki þegar menn treysta sér til þess að skipta um skoðun í ljósi nýrra upplýsinga eða aðstæðna. Þess vegna hefði ég ekki tekið það sérstaklega nærri mér ef staðhæfingar ritstjóra Fréttablaðsins um að ég hefði skipt um skoðun varðandi rannsóknarheimildir lögreglu væru réttar. En veruleikinn er hins vegar sá að það eru þær ekki. Ég hef vissulega sannfærst um það að staðan í heimi glæpasamfélagsins er orðin svo alvarleg að þörf er á sérstöku átaki til styrktar lögreglu í viðureign við glæpagengi og þar með þurfi hún á auknum heimildum að halda til að fylgjast með ofbeldisfólki og setja því stólinn fyrir dyrnar.

Í ritstjórnargrein Fréttablaðsins í gær segir að nú sé af sem áður var því undirritaður sé nú orðinn fylgjandi forvirkum rannsóknarheimildum. Fyrr á tíð hafi ég farið framarlega í flokki þeirra sem gagnrýndu slíkt hvað harðast.

En hvað er rétt í þessu? Gagnrýni mín á forvirkar rannsóknir svokallaðar, byggði á því grundvallaratriði að þar með væri gefið grænt ljós á leyniþjónustustarfsemi án aðhalds og eftirlits réttarkerfisins. Þess vegna hef ég jafnan andmælt hvers kyns rannsóknum á einstaklingum ef dómsúrskurður væri ekki til staðar. Þetta er grundvallaratriði og frá því er ekki verið að hverfa nú. Þannig að sinnaskipti mín snúa ekki að þessu og þykir mér mikilvægt að það komi fram.

Það er hins vegar hárrétt hjá ritstjóra Fréttablaðsins að ég skynja vel þá hættu sem samfélagið stendur frammi fyrir og vil leggja mitt af mörkum til að rísa upp til varnar gegn ofbeldisöflum. Það vildi einnig forveri minn, Ragna Árnadóttir, og á Alþingi er einnig víðtækur vilji til að taka sameiginlega á. Í allri þessari umræðu hef ég ekki viljað fallast á neina undanlátssemi gjöf fyrr en ég hef sannfærst um að aðhald og eftirlit sé traust.

> Gagnrýni mín á forvirkar rannsóknir svokallaðar, byggði á því grundvallaratriði að þar með væri gefið grænt ljós á leyniþjónustustarfsemi án aðhalds og eftirlits.

Nú er það viðfangsefnið að skapa þann ramma sem við öll getum sætt okkur við og er í samræmi við grundvallarsjónarmið um hvernig við viljum að opið lýðræðissamfélag þróist á Íslandi. En forsendan er að við sjálfsögðu sú að hér geti fólk um frjálst höfuð strokið óáreitt af ofbeldismönnum.


FLUGFELAG.IS
Akureyri
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Með rjóðar kinnar og rjúkandi kakó bíða þín fannhvítar hæðir og fjöll. Taktu flugið í næstu skíðabrekku og lyftu þér upp milli þess sem þú rennir þér niður.
Hringdu í 570 3030 og skelltu þér á skíði.
FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 21.030 KR.*
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.



# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**Öll tilboðin í þessari auglýsingu gilda einungis laugardaginn 5. mars og sunnudaginn 6. mars.**

# Opnum á Smár

## Laugardag

**opnum við stærri og glæsi**

**Bjóðum upp á kaffi og kleinur. S**



VERÐ ÁÐUR: 1.495,-

**745,-**

50% AFSLÁTTUR

**Sængurverasett**
Mikið úrval af sængurverasettum á frábæru verði!
Komið og skoðið úrvalið.



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 499,-

**299,-**

**DONAU handklæði**
Mjúk og þægileg handklæði á frábæru verði!
Stærð 50 x 90 sm. verð áður: **499,-** **Nú aðeins: 299,-**
Stærð: 65 x 130 sm. verð áður: **795,-** **Nú aðeins: 495,-**
Stærð: 90 x 150 sm. verð áður: **1.295,-** **Nú aðeins: 795,-**

Einnig fáanleg baðmotta í stíl stærð Ø 65 sm.
verð áður: **695,-** **Nú aðeins: 345,-**



ALLT AÐ 43% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR FRÁ: 3.495,-

**1.995,-**

**BASIC ART strimlagluggatjöld**
Strimlagluggatjöld á frábæru tilboði! Litur: Hvítur.
Stærð: 100 x 250 sm. Verð áður: **3.495,-** **Nú aðeins: 1.995,-**
Stærð: 150 x 250 sm. Verð áður: **4.995,-** **Nú aðeins: 2.995,-**
Stærð: 200 x 250 sm. Verð áður: **6.995,-** **Nú aðeins: 3.995,-**
Stærð: 250 x 250 sm. Verð áður: **7.995,-** **Nú aðeins: 4.995,-**
Stærð: 300 x 250 sm. Verð áður: **8.995,-** **Nú aðeins: 5.995,-**



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

**995,-**

**QUADRO borðlampi**
Mjög fallegur lampi með hvítum, plíseruðum skermi. Hæð: 26 sm.

**TOP ROLLER plastkassi**
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum. Langt og gott handfang.
Stærð: 59,3 x 39,3 x 34,2 sm.



SPARIÐ 1.000

VERÐ ÁÐUR: 2.495,-

**1.495,-**



LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGÖLLUÐ

50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 9.995,-

**4.995,-**

**HÖIE THERMO LUX sæng**
Lítilsháttar útlitsgölluð sæng á frábæru verði!
Þér verður ekki kalt undir þessari sæng!
Stærð: 140 x 200 sm.



60% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.495,-

**995,-**

**Vinnubílar**
Flottir og stórir vinnubílar.
3 mismunandi gerðir. Lengd: 34 sm.



50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.995,-

**1.995,-**

**Herra- og dömuvesti**
Falleg herra- og dömuvesti á frábæru verði!
Vestin eru fáanleg í þremur fallegum litum.
Stærðir: S - XXL.



RÚMFATA LAGERINN
LATIBÆR
Íþróttaálfurinn og Solla Stirða mæta klukkan: 15:00 á laugardaginn og skemmta krökkunum!
Latibær ® & © 2011 Latibær ehf
atorgi kl: 08:00
inn 5. mars
legri verslun á Smáratorgi.
Safi fyrir börnin í tilefni dagsins.
DREAMZONE™
YFIRDÝNA INNIFALIN
ST. 90 X 200 SM. ÁÐUR: 29.950,-
50% AFSLÁTTUR
14.950,-
VERÐ ÁN FÓTA
BASIC B20 boxdýna
Tvöfalt gormakerfi og yfirdýna. Góð dýna, miðlungsstíf með 115 BONELL gormum pr. m2 í efra lagi og 150 gormum í neðra lagi. Vönduð yfirdýna innifalin í verði.
Stærð: 90 x 200 sm. Verð án fóta. Fætur verð frá: 4.995,-
ARTHUR tungusófi
Flottur tungusófi úr PU efni. Fæst í dökkbrúnu og rauðu.
Stærð: 181 x 144 x 83 sm.
VENJULEGT VERÐ: 79.950,-
39.950,-
SPARIÐ 40.000
U.Þ.B. 40% AFSLÁTTUR
70% AFSLÁTTUR
VENJULEGT VERÐ: 34.950,-
9.950,-
PHILIPP svefnsófi
Stílhreinn svefnsófi með PU áklæði. Litur: Svartur með ljósum saumum. Stærð: 180 x 92 x 78 sm.
STEPHEN hægindastóll
Góður hægindastóll með innbyggðum fótskemli. Fæst í svörtu og brúnu PU efni.
SPARIÐ 20.000
VENJULEGT VERÐ: 39.950,-
19.950,-
VENJULEGT VERÐ FRÁ: 595,-
299,-
Gæludýra bæli
Sniðug bæli fyrir gæludýrin á frábæru verði!
Margar mismunandi stærðir fáanlegar.
Tveir mismunandi litir.
ALLAR KOJUR 40% AFSLÁTTUR
ALLAR MOTTUR 50% AFSLÁTTUR
SPARIÐ 4.000
SAMSON barnaferðarúm
Létt og handhægt barnaferðarúm, kemur í góðri tösku.
Stærð: 60 x 120 sm.
VERÐ ÁÐUR: 8.995,-
4.995,-
FYRSTU 500 VIÐSKIPTAVINIRNIR FÁ LITLA GJÖF FRÁ RÚMFATA-LAGERNUM

# Breytingar til góðs í skólum borgarinnar

Reykjavík



Jón Gnarr
borgarstjóri
í Reykjavík

Það er mín einlæga skoðun að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í skóla- og frístundamálum Reykjavíkur séu af hinu góða. Niðurstaða samráðshóps um greiningu tækifæra til samreksturs skóla og frístundaheimila er tímamótavinna. Verkefni hópsins er hluti af hagræðingarvinnu borgaryfirvalda til framtíðar.

Breytingarnar sem nú eru kynntar eru ekki tímabundnar skyndilausnir og reddingar, heldur uppbyggilegar breytingar, hugsaðar til þess að tryggja góða menntun reykvískra barna um alla framtíð. Hópurinn horfði á heildarþjónustu við börn og unglinga, óháð stofnunum og sviðum. Það er hagur barnanna sem hafður er að leiðarljósi. Við erum að reyna að spara en um leið að standa vörð um starfið með börnunum. Þess vegna erum við að reyna að nýta húsnæði betur, ekki síst fyrir þessi fjölmörgu leikskólabörn sem við þurfum pláss fyrir næsta haust. Með því að endurskipuleggja frístundaheimilin og skólahúsnæðið þá eigum við leikskólapláss fyrir á fjórða hundrað börn sem væntanleg eru í leikskólana í lok sumars.

Með breytingu á skipulagi skólastarfs getum við líka slegið á frest nýbyggingum upp á rúma tvo milljarða á næstu fjórum árum.

Við eigum mjög gott skólakerfi og mikil verðmæti í faglegu starfi. Húsnæði er annað. Segjum sem svo að það væri ekkert skólakerfi í Reykjavík og að við fengjum það verkefni að byggja það algjörlega upp frá grunni. Myndum við þá byggja 40 skóla og 100 leikskóla? Ég held ekki. Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti.

Það erum við að gera. Við erum líka að skoða yfirstjórn borgarinnar og munum sameina svið, skrifstofur og deildir.

Næsta haust er von á stærsta árgangi Íslandssögunnar í leikskóla borgarinnar. Venjulega fáum við 1.500 ný börn í leikskólana á haustin en nú verða þau nítján hundruð. Samnýting húsnæðis leikskóla og grunnskóla skapar mörg tækifæri til þróunar á samfellu skólastiganna, svo ekki sé minnst á samspil við frístundastarf. Í þess konar samstarfi gætu ólíkar fagstéttir, leikskólakennarar og frístundafræðingar skipulagt saman skóladag yngstu barnanna.

> Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti. Það erum við að gera. Við erum líka að skoða yfirstjórn borgarinnar og munum sameina svið, skrifstofur og deildir.

Einnig skiptir gríðarlegu máli að langflest börn halda áfram í sínum leik- og grunnskóla og ættu ekki að verða vör við neinar breytingar.

Ég hef sjálfur reynslu af sameiningu leikskóla sonar míns, Tjarnaborgar og Öldukots. Faglegt starf á leikskólanum er jafngott og áður. Foreldrar eru ánægðir. Ég ber sama traust til starfsfólks og ég gerði fyrir sameininguna og sonur minn er jafnánægður með leikskólann sinn.

Ég hvet alla sem áhuga hafa á menntamálum til að kynna sér skýrslu starfshópsins. Hana er að finna ásamt öllum nánari upplýsingum á sérstökum vef menntasviðs: www.rvk.is/skoliogfristund.

# Staðreyndir um staðgöngumæðrun af velgjörð

Staðgöngumæðrun



Ragnheiður Elín Árnadóttir
þingflokksformaður
Sjálfstæðisflokksins

Þingsályktunartillaga mín og sautján annarra þingmanna úr fjórum flokkum um staðgöngumæðrun er nú til meðferðar á Alþingi. Ég hef unnið að undirbúningi þessa máls í vel á þriðja ár og tengist tillagan því ekki á nokkurn hátt máli Jóels litla, íslenska drengsins sem fæddist á Indlandi eins og haldið hefur verið fram. Ég vil beina umræðunni aftur að því sem þingsályktunartillaga okkar fjallar um, þ.e. að heimila staðgöngumæðrun af velgjörð á Íslandi, með öllum þeim skilyrðum sem íslenskar aðstæður krefjast.

## Mikill almennur stuðningur

Yfir 80% aðspurðra í nýlegum könnunum eru hlynnt staðgöngumæðrun. Ýmsir sem tjáð sig hafa um þetta mál, siðfræðingar og fleiri, hafa dregið þennan stuðning í efa og hafa gefið í skyn að almenningur hafi ekki forsendur til þess að mynda sér skoðun á þessu máli. Ég er þessu allsendis ósammála og treysti Íslendingum vel til þess að taka afstöðu til þessa málefnis sem annarra.

Staðgöngumæðrun hefur verið heimiluð víða um heim síðan á níunda áratugnum. Því er haldið fram að ekki sé hægt að heimila staðgöngumæðrun sökum þess að hún sé ekki leyfð á Norðurlöndunum. Það er rétt að staðgöngumæðrun er ekki heimiluð enn sem komið er á Norðurlöndunum. En við höfum óneitanlega tekið framúr öðrum Norðurlandaþjóðum við að tryggja jafnræði milli kvenna þegar kemur að frjósemisaðstoð. Við heimilum eggjagjöf af velgjörð sem ekki er leyfð alls staðar á Norðurlöndunum. Við höfum einnig verið í fararbroddi við lagasetningu um önnur mikilvæg réttindamál, eins og réttindi samkynhneigðra. Ég tel okkur því eiga að vera óhrædd við að taka af skarið í þessu máli og vanda okkur við lagasetningu sem gæti orðið öðrum þjóðum fyrirmynd.

## Álitamálin eiga einnig við önnur leyfileg úrræði

Helstu álitamálin sem gagnrýnendur staðgöngumæðrunar hafa nefnt einskorðast í flestum tilfellum ekki við það úrræði. Við Íslendingar höfum þegar tekið afstöðu til margra þeirra álitamála með því að heimila önnur úrræði, svo sem eins og tæknifrjóvgun einhleypra, giftra og samkynhneigðra með gjafaeggi og gjafasæði, þekktu og óþekktu, jafnt sem ættleiðingar giftra, einhleypra og samkynhneigðra.

Álitamálin sem nefnd eru snúast m.a. um rétt barna til þess að þekkja uppruna sinn – þau eiga sérstaklega við þegar um er að ræða tæknifrjóvgun með gjafaeggi og gjafasæði þar sem gefendurnir eru óþekktir. Samt sem áður var slík frjóvgun heimiluð með lögum í fyrrasumar, nánast án umræðu í þinginu. Og merkilegt nokk – hvorki Femínistafélagið eða Alþýðusambandið sáu ástæðu til að gera athugasemdir við það. Í umsögnum til þingsins fögnuðu Kvenfélagasambandið, Kvenréttindafélag Íslands og Mannréttindaskrifstofan frumvarpinu sérstaklega og töldu það mikilvægt skref til þess að tryggja réttindi allra kvenna til þess að gangast undir tæknifrjóvgun og eignast barn. Ég er sammála því sjónarmiði að þarna beri okkur að tryggja jöfn réttindi allra kvenna, líka þeirra sem geta ekki gengið með barn sitt sjálfar.

## Félagslegar aðstæður staðgöngumæðra verði tryggðar

Félagslegar aðstæður á Íslandi eru góðar og allt aðrar en t.d. á Indlandi. Auðvitað munum við tryggja góðar félagslegar aðstæður íslenskra staðgöngumæðra á sama hátt og við höfum verið í fararbroddi hér á landi við að tryggja jafnrétti kynjanna, jafna stöðu karla og kvenna til töku fæðingarorlofs og jafnrétti óháð kynhneigð. Það er einmitt punkturinn – við viljum heimila staðgöngumæðrun á okkar eigin forsendum þannig að réttindi staðgöngumóðurinnar, barnsins og verðandi foreldra verði tryggð í hvívetna. Við treystum því að konan geti sjálf, af fúsum og frjálsum vilja, tekið ákvörðun um að ráðstafa líkama sínum til staðgöngumæðrunar alveg eins og við treystum því að konan geti tekið aðrar ákvarðanir er varða líkama hennar, t.d. eins og um að gefa úr sér egg eða jafnvel nýra, eins og heimilt er hér á landi, og hefur á sama hátt og meðganga ákveðna áhættu í för með sér fyrir viðkomandi.

> Þetta samkomulag yrði ekki frekar viðskiptatengt en aðrir samningar sem snúast um eggjagjöf, ættleiðingar eða forsjá barna.

## Lagalega bindandi samningur

Staðgöngumæðrun af velgjörð með ströngum skilyrðum þýðir að verðandi foreldrar og staðgöngumóðirin ákveða af fúsum og frjálsum vilja að gera með sér lagalega bindandi samning um að staðgöngumóðir gangi með barn fyrir foreldrana. Áður yrðu þau að hafa gengist undir mat sérfræðingateymis, lækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga sem úrskurðuðu um hæfi þeirra til þess að fara þessa leið. Auðvitað yrði liður í því mati að útiloka að um einhvers konar nauðung eða viðskipti með barnið væri að ræða. Þetta samkomulag yrði ekki frekar viðskiptatengt en aðrir samningar sem snúast um eggjagjöf, ættleiðingar eða forsjá barna og miða að því að tryggja hag barna og foreldra sem allra best.

Staðreyndin er sú að þetta er enn eitt úrræðið sem er tæknilega mögulegt til þess að aðstoða fólk með skerta frjósemi við að eignast barn. Við höfum alla möguleika til þess að tryggja vandaða lagasetningu sem tekur á þeim álitamálum sem upp geta komið. Einhendum okkur í það verk.









# Efling menntunar innan jarðvarmaklasans á Íslandi

Menntun



Kjartan Sigurðsson
M.Sc í
alþjóðaviðskiptum

Óhætt er að segja að hróður íslenskra sérfræðinga á sviði jarðvarmanýtingar fari víða. Víðtæk þekking, sem skapast hefur í gegnum menntun og reynslu á sviði orkunýtingar á jarðvarma, hefur leitt til þess að íslenskir sérfræðingar eru eftirsóttir víða um heim þar sem þeir miðla af þekkingu og reynslu við framleiðslu og nýtingu á orku frá þessari endurnýjanlegu orkuauðlind. Þessi sérfræðigrunnur kemur þó ekki af sjálfu sér, eða öllu heldur hafa íslensk fyrirtæki, sem starfa innan jarðvarmageirans, þróað með sér sterka samvinnu sem leitt hefur til þess að grundvallarþekking á sviði jarðvarma hefur sett íslenska sérfræðinga í fremstu röð í heiminum. Í ljósi þessarar miklu samvinnu, upplýsingaflæðis milli manna, fyrirtækja og stofnana má segja að jarðvarmageirinn hafi þróað með sér öflugan klasa og þar með eflt samkeppnishæfni greinarinnar.

Styrkur jarðvarmaklasans á Íslandi hefur leitt til þess að þjóðir, sem búa yfir þessari endurnýjanlegu orkuauðlind, eru farnar að horfa hingað í þekkingaröflun og með það í huga að geta nýtt sér íslenskt hugvit á þessu sviði. Vinsældir endurnýjanlegra orkugjafa hafa aukist mikið og skipar jarðhiti veglegan sess þar á meðal. Því má ætla að eftirspurn eftir menntuðum sérfræðingum á þessu sviði eigi eftir að aukast enn frekar þar sem vinsældir náttúruvænna orkugjafa, eins og jarðvarma, eru miklar. Hér er auðsjáanlega vannýtt forskot til frekari eflingar á samkeppnishæfni háskólanna í orkufræðum.

## Sérhæfð jarðvarmamenntun

Jarðhitakerfi eru einstök í eðli sínu og því mikilvægt að efla rannsóknir á þeim innan háskólasamfélagsins. Nálægðin við auðlindina hér á landi gefur ákveðið samkeppnisforskot þar sem auðvelt er að blanda saman í náminu starfsnámi og bóknámi. Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands eru einu menntastofnanirnar hér á landi sem bjóða upp á meistara- og doktorsnám í verkfræði og skyldum greinum í tengslum við jarðvarmafræði, en þess má geta að verkfræði og önnur tæknimenntun skipar einna veglegastan sess í sérhæfingu jarðvarmavísinda. Aðrar greinar, eins og jarðfræði, eðlisfræði, efnafræði og umhverfisfræði, eru einnig mikilvægar greinar á sviði jarðvarmavísinda en minna hefur verið gert út á sérhæfingu í greinum eins og lögfræði og viðskiptafræði. Stuðla mætti að þverfaglegu námi sem miðar að því að nemendur geti sérhæft sig á fleiri sviðum eins og lögfræði, viðskiptafræði og umhverfisfræði svo eitthvað sé nefnt. Að námi loknu ættu nemendur að geta tekist á við margvísleg verkefni og skyldur sem fylgja því að nýta jarðhitann þjóðinni til hagsældar.

> Hér er auðsjáanlega vannýtt forskot til frekari eflingar á samkeppnishæfni háskólanna í orkufræðum.

Ég tel að stjórnvöld geti nýtt sér þetta samkeppnisforskot með því að veita fjármagni inn í þessar menntastofnanir í stað þess að draga úr fjárframlögum til þeirra. Það gæti leitt til frekari nýsköpunar og eflingar íslenskra fyrirtækja sem starfa í jarðvarmageiranum auk útflutnings á hugviti. Ef vel tekst til má gera ráð fyrir að íslenskt hugvit á erlendum vettvangi leiði enn frekar til eflingar á samkeppnishæfni íslensks orkuiðnaðar.

netto

Ódýrt fyrir heimilið!

markhonnun.is




# BOLLA **BOLLA** BOLLA!

GERBOLLUR
M/SÚKKULAÐI
6 STK.



**396** kr/pk.
áður 498 kr/pk.

VATNSDEIGSBOLLUR
STÓRAR
6 STK.



**398** kr/pk
áður 498 kr/pk.

VATNSDEIGSBOLLUR
9 STK.



**289** kr/pk.
áður 398 kr/pk.

VATNSDEIGSBOLLUMIX
KATLA 350 G




**249** kr/pk.
Frábært verð!

RJÓMI
0,5 L




**390** kr/stk.




RJÓMASPRAUTA
Á BOLLUDAGS-
TILBOÐI
HYLKI FYLGJA
MEÐ

**5.998** kr/stk..
áður 7.998 kr/stk.

25% afsláttur

SVEITA
KÓNGASULTA
400 G




**Konungleg blanda af berjum** - fyrir kónginn & drottninguna í þér!

**298** kr/stk.
áður 359 kr/stk.

ÞEYTI TOPPUR
250 G




**259** kr/stk..
áður 298 kr/stk.

NÓA SIRÍUS
KONSUM
SUÐUSÚKKULAÐI
100 G




**149** kr/stk..
Frábært verð!

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **5. – 7. mars**
eða meðan birgðir endast

# Skaðsemi flumbrugangsins

Aðstæður íslenskra fyrirtækja hafa versnað eftir hrun. Gjaldeyrishöft, breytingar á yfirtökuskyldu og fyrirhugaður kynjakvóti hafa valdið því að meirihluti hluthafa stoðtækjafyrirtækisins Össurar hefur samþykkt að taka fyrirtækið af hlutabréfamarkaði hér. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* settist niður með **Niels Jacobsen**, stjórnarformanni Össurar, og ræddi við hann um stöðuna.




**NIELS JACOBSEN** Stjórnarformaður stoðtækjafyrirtækisins Össurar segir tíðar og illa ígrundaðar breytingar á lögum og reglugerðum um hlutafélög hafa valdið því að erlendir fjárfestar hafi misst traust á íslensku viðskiptalífi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meirihluti hluthafa stoðtækjafyrirtækisins Össurar samþykkti á aðalfundi félagsins í gærmorgun tillögu stjórnarinnar að taka félagið af hlutabréfamarkaði hér. Fyrirtækið var skráð á hlutabréfamarkað í Kaupmannahöfn í september árið 2009 og mun verða það áfram. Höfuðstöðvarnar verða eftir sem áður hér á landi.

Forsvarsmenn íslenskra lífeyrissjóða í hluthafahópnum og Þórður Magnússon, varaformaður stjórnarinnar, sem þar situr fyrir hönd Eyris Invest, voru mótfallnir tillögunni og vildu fresta afskráningu. Saman fara lífeyrissjóðirnir og Eyrir Invest með rúman fjórðung hlutafjár í Össuri.

Ekki liggur fyrir hvort og þá hvenær hlutabréf Össurar verða tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni en þar á eftir að taka málið fyrir. Þeir sem rætt hefur verið við úr hópi andstæðinga afskráningar segja óheppilegt að taka Össur af markaði; það geti rýrt traust á hlutabréfamarkaðnum á sama tíma og nokkur fyrirtæki eru að skoða skráningu í Kauphöll, þær fyrstu í að verða fjögur ár.

Markaðsverðmæti Össurar nam í gær tæpum níutíu milljörðum króna og er það annað að tveimur stærstu félögunum sem skráð eru í Kauphöllina.

Niels Jacobsen, stjórnarformaður Össurar og forstjóri danska framleiðslufyrirtækisins William Demant Holding, stærsta hluthafa stoðtækjafyrirtækisins, var harðorður í garð stjórnvalda í ræðu sinni á aðalfundinum í gær. Hann sagði aðstæður íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri hafa breyst til hins verra eftir efnahagshrunið og hafi tíðar og illar ígrundaðar reglur og lagabreytingar dregið úr trausti erlendra fjárfesta á íslensku viðskiptalífi.

## Afturvirkar reglur

*Þú varst harðorður í garð stjórnvalda í ræðu þinni í gær. Er flumbrugangurinn í reglu- og lagasetningu hér slíkur að ekki er hægt að hafa fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri lengur skráð hér á almennan hlutabréfamarkað?*

„Ég tel ræðuna ekki hafa verið harkalega. Hins vegar vona ég að ræðan hafi endurspeglað sýn okkar á Ísland. Það er erfitt að reka alþjóðlegt fyrirtæki í landinu þegar lögum og reglum er breytt. Sumar er erfitt að fá nokkurn botn í en aðrar eru afturvirkar. Það er erfitt að reka fyrirtæki með afturvirkum lögum.“

*Í ræðunni nefndir þú breytingar á reglum um yfirtökuskyldu. Mörkin voru lækkuð úr fjörutíu prósentum í þrjátíu í apríl árið 2009 og þeir sem voru yfir mörkum skikkaðir til að færa hlutafjáreign sína niður að þeim. Reglunum var breytt í desember í fyrra. Geturðu nefnt fleiri dæmi?*

„Það er ljóst að gjaldeyrishöft fara ekki vel saman við fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri. Þau flækja hlutina. En við settum ekki höftin heldur var það stjórnvaldsákvörðun. Vissulega reynum við að vinna með þeim. En við getum ekki unað við slíkar aðstæður. Þá var breyting á yfirtökumörkum úr fjörutíu prósentum í þrjátíu óheillaskref. Ég hef ekki séð neitt þessu líkt í öðrum löndum.

Þegar við fjárfestum í Össuri árið 2004 gátum við keypt upp að fjörutíu prósent í félaginu án þess að þurfa að leggja fram yfirtökutilboð. Hvergi annars staðar í heiminum er maður neyddur til að breyta hlutafjáreign sinni eða leggja fram yfirtökutilboð án þess að gera nokkurn skapaðan hlut. Það skrýtna við yfirtökureglurnar nú er að yfirtökutilboð á að miðast við síðasta verðið sem við greiddum. Þegar við keyptum síðast hlutabréf í Össuri var verðið mikið lægri en það er nú, á milli áttatíu til 110 krónur á hlut. Nú er það tvöfalt hærra, um tvö hundruð krónur. Við gætum lagt fram tilboð upp á hundrað krónur á hlut. En ég held að við fengjum ekki mikil viðbrögð við því.

> Við hjá Össuri getum ekkert gert til að hafa áhrif á gjaldeyrishöftin og unum ekki við þau.

Ég botna lítið í breytingunni á þessum yfirtökureglum.

Þegar við ákváðum að skrá Össur á markað í öðru landi veltum við því fyrir okkur hvaða land hentaði best. Máli skipti að þar væru fyrir önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði ekki síður en skýrar og auðskiljanlegar reglur á hlutabréfamarkaði. Við skoðuðum nokkra möguleika áður en við ákváðum að kauphöllin í Kaupmannahöfn hentaði okkur best. Framvegis verða hlutabréfin öll skráð á markað þar og framkvæmdastjórnin mun halda áfram að stækka og dýpka hluthafahópinn. Það góða við að vera með fyrirtæki skráð í Kaupmannahöfn er að hvergi eru fleiri fyrirtæki innan heilbrigðisgeirans skráð á markað á Norðurlöndunum en þar.

Tilgangur þess almennt að skrá félag á hlutabréfamarkað er að opna fyrir aðgang að fjármagni. Við náum því ekki fram með skráningu á hlutabréfamarkað hér. Ein af ástæðum þess að við skráðum hlutabréf Össurar í Kaupmannahöfn var sú að erlendum lífeyrissjóðum var ekki heimilt að fjárfesta í hlutabréfum sem skráð voru í íslenskum krónum í Kauphöllinni. Því töldum við það mikilvægt að skrá félagið í Kaupmannahöfn með það fyrir augum að breikka hluthafahópinn. Okkur tókst það mjög vel, hluthafahópurinn er fjölbreyttur og alþjóðlegur. Breytingar á lögum og reglum hér valda því hins vegar að við teljum hag Össurar betur borgið í Kaupmannahöfn.

## Skrýtinn kynjakvóti

*En hvað með lög um kynjakvóta sem taka gildi eftir tvö ár og þú gagnrýndir í ræðu þinni?*

„Í frjálsu viðskiptaumhverfi er það hluthafanna sem kjósa hæfasta fólkið og ákveða hverjir eiga að sitja í stjórnum fyrirtækja. Þótt við séum ekki með kynjakvóta hjá okkur þá verð ég að viðurkenna að við erum með mjög hæfileikaríka konu í stjórninni [Svövu Grönfeldt, fyrrverandi forstjóra Actavis]. Þegar leitað er að stjórnarmönnum í fyrirtæki á borð við Össur er óskað eftir fólki með alþjóðlega reynslu, reynslu af stjórnun stórra eða meðalstórra fyrirtækja eða hefur starfað á einhvern annan hátt á alþjóðavettvangi.

Ég þekki ekki tölfræðina hér. En í Danmörku eru fimm prósent forstjóra konur. Þar þætti það fáránlegt að skipta út stjórnum í fyrirtækjum og velja úr hópi þeirra fimm prósenta kvenna sem stýra þar fyrirtækjum til stjórnarsetu. Að sjálfsögðu styðjum við það að konur nái frama í fyrirtækjum. En það á ekki að þrýsta því í gegn heldur verður þróunin að eiga sér eðlilegar ástæður. Konur eru um sextíu prósent nýrra háskólanemenda í Danmörku og því held ég að þetta mál leysist af sjálfu sér. Ég tel það ekki jákvætt að þrýsta málinu í gegn.“

## Afskráning af hinu góða

*En hvað segirðu um það að íslenskir lífeyrissjóðir hafi almennt verið andsnúnir því að afskrá félagið?*

„Ég get ekki staðfest þetta. Kosningin [í gær] var leynileg og því veit ég ekki hver var fylgjandi afskráningu og hver var á móti. Ég get aðeins staðfest að einn lífeyrissjóður mælti fyrir því á fundinum að fresta afskráningunni og að annar lífeyrissjóður hafi stutt tillöguna. Það eina sem við vitum var að tæp sjötíu prósent hluthafa studdu afskráninguna og þrjátíu prósent voru á móti.“

*Er ekki eðlilegt að lífeyrissjóðirnir séu á móti afskráningu Össurar við núverandi aðstæður?*

„Mér finnst það ekki eðlilegt. Hluthafar eiga að láta sér annt um fyrirtækið sem þeir fjárfesta í. Ég sé ekki að nokkur rök mæli fyrir því að fresta afskráningu Össurar hér. Þvert á móti tel ég afskráninguna hér koma fyrirtækinu til góða. Á sama tíma er ég leiður yfir því að við fengum ekki fullan stuðning til þess. Lífeyrissjóðunum mun á endanum líka betur þessi lausn.“

## Ónothæfur gjaldmiðill

*En breytingar á lögum um hlutafélög á seinni hluta árs 2009 og í fyrra voru viðbrögð við fjármálahruninu og áttu bæta það sem aflaga fór. Heldurðu að það hafi ekki tekist?*

„Ég hef fullan skilning á því að íslenskir stjórnmálamenn þurfa að laga lög og reglur að efnahagsástæðum. En forsvarsmenn fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri verða að geta gengið að lögum og reglum vísum. Við hjá Össuri getum ekkert gert til að hafa áhrif á gjaldeyrishöftin og unum ekki við þau. Það er skylda stjórnarinnar að horfa fram á veginn og við tökum ákvörðun um það að við getum ekki verið skráð á hlutabréfamarkað sem notar gjaldmiðil sem ekki er nothæfur. Við þær aðstæður getum við ekki annað en haft efasemdir um gagnsemi skráningarinnar. Ef forsvarsmenn lífeyrissjóða og aðrir hluthafar hafa eitthvað út á höftin að setja þá verða þeir að ræða við stjórnvöld um það.“

## ÞEKKTUR MAÐUR Í DÖNSKU VIÐSKIPTALÍFI

Niels Jacobsen er stórmenni í dönsku viðskiptalífi. Hann er fæddur árið 1957 og með MSc-gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Árósum. Hann situr í forstjórastóli danska fyrirtækisins William Demant Holding, sem framleiðir heyrnartæki auk þess að vera stjórnarformaður leikfangaframleiðandans Lego og varaformaður stjórnar flutningarisans A.P. Møller Mærsk. Helsti hluthafi fyrirtækisins er Oticon-stofnunin sem fjárfestir öðru fremur í fyrirtækjum á heilbrigðissviði. William Holding kom inn í hluthafahóp Össurar eftir kaup á rúmum sex prósenta hlut árið 2004. Seljandi var Össur Kristinsson, sem stofnaði stoðtækjafyrirtækið undir eigin nafni árið 1971.

„Við leituðum um allan heim að fjárfestingarkosti í heilbrigðisgeiranum árið 2003. Þegar upp var staðið reyndist Össur hagfelldasti fjárfestingarkosturinn. Fyrirtækið var tiltölulega lítið en með starfsemi í nokkrum löndum. Það var kostur sem hugnaðist okkur enda töldum við að við gætum stutt við vöxt félagsins. Hægt og bítandi tókum við að kaupa hlutabréf fyrirtækisins og erum nú stærsti hluthafi þess. Það sem okkur líkar við félagið eru alþjóðleg viðhorf starfsmanna fyrirtækisins. Stór hluti þeirra hefur hlotið menntun í öðrum löndum, sumir í Bandaríkjunum en aðrir í Danmörku. Það metum við mikils,“ segir Jacobsen og bætir við að William Demant Holding horfi til langs tíma í fjárfestingum sínum. „Við lítum á okkur sem eigendur fyrirtækja en ekki sem hluthafa; einbeitum okkur að rekstri fyrirtækjanna sem við eigum hlut í og látum okkur annt um samfélagslega ábyrgð þeirra. Við erum hér til að styrkja reksturinn og munum ætíð gera það,“ segir hann.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN




# Með ánægju

Við erum brosandi út að eyrum eftir að viðskiptavinir okkar settu Vínbúðina í efsta sæti í flokki smásölufyrirtækja og annað sæti allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvoginni.

Við þökkum ykkur fyrir jákvæða umsögn sem verður okkur hvatning til að gera framtíðina enn ánægjulegri!

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SIA / NM45579








MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# *Ógleymanlegur sem skáld og manneskja*

**Thor Vilhjálmsson** rithöfundur lést 2. mars. Hann var einn okkar merkustu rithöfunda, litríkur persónuleiki sem setti svip á borgarlífið og gleymist ekki þeim sem hann hittu. *Friðrika Benónýsdóttir* ræddi við nokkra samferðamenn Thors um ólíkar hliðar skáldsins.

Thor Vilhjálmsson fæddist í Edinborg 12. ágúst 1925, sonur hjónanna Guðmundar Vilhjálmssonar framkvæmdastjóra og Kristínar Thors.

Hann lauk stúdentsprófi frá MR árið 1944, stundaði nám við norrænudeild Háskóla Íslands 1944-1946, við Háskólann í Nottingham í Englandi 1946-1947 og við Sorbonne-háskóla í París 1947-1952. Thor var bókavörður við Landsbókasafnið 1953-55 og starfsmaður Þjóðleikhússins frá 1956-1959. Hann vann einnig sem leiðsögumaður og fararstjóri Íslendinga erlendis.

Thor gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir rithöfunda og listamenn, hann var meðal annars í stjórn Rithöfundasambands Íslands frá 1972-1974 og forseti Bandalags íslenskra listamanna frá 1975-1981. Þá sat hann í þjóðfulltrúaráði Samfélags evrópskra rithöfunda 1962-1968, í framkvæmdastjórn Listahátíðar í Reykjavík 1976-1980 og í undirbúningsnefnd kvikmyndahátíðar 1978 og 1980. Hann var stjórnarmeðlimur Alliance Francaise árum saman. Thor var einn stofnenda Bókmenntahátíðar í Reykjavík og sat í stjórn hátíðarinnar frá upphafi. Hann var formaður Júdófélags Reykjavíkur í nokkur ár og var um tíma formaður íslenska PEN-klúbbsins. Thor var einn stofnenda menningartímaritsins Birtings árið 1955 og sat í ritstjórn þess til 1968.

Fyrsta skáldverk Thors, Maðurinn er alltaf einn, kom út árið 1950 og síðan sendi hann frá sér fjölda verka af ýmsu tagi, skáldsögur, smásögur, ljóð og ferðasögur auk fjölda greina og pistla um menningu og listir. Hann hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, meðal annars hlaut hann bæði Menningarverðlaun DV í bókmenntum og Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir skáldsöguna Grámosinn glóir 1986 og Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir Morgunþulu í stráum 1998. Verk hans hafa verið þýdd á fjölmörg erlend tungumál. Thor þýddi einnig verk eftir erlenda höfunda á íslensku, meðal annars eftir Umberto Eco og André Malraux.

Árið 1992 hlaut Thor bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar, sem oft eru nefnd Litlu Nóbelsverðlaunin, fyrir ritstörf. Hann fékk einnig fleiri erlendar viðurkenningar, meðal annars var hann heiðursborgari í franska bænum Rocamadour, hlaut frönsku orðuna Chévalier de l'art et des lettres og ítalska orðu, Cavaliere dell'Ordine dello Merito. Í desember síðastliðnum var hann gerður að heiðursdoktor við Háskóla Íslands.

Thor var kvæntur Margréti Indriðadóttur, fyrrverandi fréttastjóra Ríkisútvarpsins, og saman eignuðust þau tvo syni: rithöfundinn Guðmund Andra Thorsson og Örnólf Thorsson forsetaritara.

## FRUMKVÖÐULLINN THOR

### Ástráður Eysteinsson, prófessor

„Slóðin langa sem Thor Vilhjálmsson lagði að baki á Jakobsveginum um árið er um sumt dæmigerð fyrir rithöfundarferil hans. Áttræðir menn fara alla jafna ekki í átta hundruð kílómetra gönguferð, en sem ferðalangur og listamaður hafði Thor til að bera styrk, þrautseigju og andlega burði til að taka stórum áskorunum og standast þær. Rithöfundarferill Thors er hins vegar ekki Jakobsvegur, heldur leið sem hann ruddi sjálfur og á eigin forsendum. Hann fagnaði þeim lesendum sem fundu þessa slóð og fylgdu henni um hríð, en aldrei hvarflaði að honum að skrifa skáldskap samkvæmt markaðskröfum.

Hann var félagsvera, hrókur alls fagnaðar, sinnti ábyrgðarstörfum í ýmsum samtökum, skrifaði um listsköpun annarra manna og um samfélagsmál, og hann þýddi merk skáldverk úr fimm tungumálum. En fyrst og síðast var hann byltingarmaður í íslenskum bókmenntum; fyrst í smásagnagerð, síðan í ferðasögum og síðast en ekki síst í skáldsagnagerð. Og í öllum þessum textum er einnig tónskáld, myndlistarmaður og ljóðskáld að verki. Textar Thors geta virst tilraunakenndir og sprottnir af hugarflugi og spuna, en þegar að er gáð býr vandvirkni og alúð í dirfskunni. Um leið og hann kannaði vegferð mannsins í viðsjálum heimi – í erlendum borgum, á slóðum íslenskrar náttúru og í turnleikhúsum hvarvetna – varð íslenskt tungumál stórkostlegt hljóðfæri í meðförum hans."

## JÚDÓKAPPINN THOR

### Benedikt Pálsson, júdófélagi Thors í 35 ár

„Thor var ótrúlega kappsamur júdómaður og þoldi illa að tapa. Hann var geysilega líkamlega sterkur og gaf aldrei eftir. Þótt ég væri bæði Íslandsmeistari og Evrópumeistari og nærri tuttugu árum yngri en hann trúði hann því ekki að ég gæti unnið hann og ég verð að viðurkenna að ég átti oft fullt í fangi með hann. Hann var að glíma við menn sem voru tuttugu til þrjátíu árum yngri alveg fram á síðasta dag og þeir höfðu ekkert í hann.

Við æfðum saman einu sinni til tvisvar í viku í öll þessi ár og hann sagði mér margar sögur af hinum og þessum með sínum ótrúlega sérstaka húmor. Hann var fljótur til svars og lét engan eiga inni hjá sér. Einhvern tíma vorum við í heita pottinum með Steingrími Hermannssyni heitnum og hann fer eitthvað að spyrja Thor hvað hann sé alltaf að gera í þessu júdói. Thor svarar á móti og segir að Steingrímur hefði nú gott af því að stunda júdó sjálfur. Steingrímur segist þá kannski bara byrja á því þegar hann verði sextugur. „Já, þú heldur að þú verðir kannski orðinn nógu þroskaður til þess þá," svarar Thor að bragði.

Thor var stór í sniðum á allan máta og mjög sérstök persóna. Orðatiltækin hans voru alveg sérstök og ég á eftir hann margar vísur sem runnu upp úr honum við ýmsar aðstæður. Hann var yndislegur maður og ég elskaði hann út af lífinu."

## FÉLAGSMÁLAFRÖMUÐURINN THOR

### Einar Kárason rithöfundur

„Við Thor vorum búnir að vera vinir undanfarin þrjátíu ár. Við störfuðum saman á mörgum sviðum, hann fékk mig til dæmis inn í stjórn Bókmenntahátíðar þegar ég var tæplega þrítugur – með þessum eldri og vitrari, honum, Einari Braga og fleirum, og við vorum saman í þeirri stjórn æ síðan. Það gat verið mjög skemmtilegt að vera með honum á fundum. Hann var alveg logandi af áhuga fyrir því sem hann vildi berjast fyrir og alltaf tilbúinn að hella sér algjörlega í það, en það kembdi nú ekki aftur af honum þegar kom að hinu praktíska. Enda kominn yfir miðjan aldur þegar við fórum að vinna saman og búinn að standa í alls konar stússi. Hann var einn af stofnendum Bókmenntahátíðar og hafði mikinn metnað fyrir því verkefni og ákveðnar skoðanir á mönnum, bæði jákvæðar og neikvæðar, og gat verið mergjaður í tali þegar svo bar undir.

Ég kom inn í stjórn Rithöfundasambandsins þegar ég var 26 ára, ásamt nokkrum öðrum sem Thor studdi mjög og hann var alla tíð mjög dyggur og öflugur stuðningsmaður á þeim vettvangi. Hann gat líka verið mjög fyndinn og skemmtilegur. Ég man eftir því þegar ég var kosinn formaður Rithöfundasambandsins 33 ára gamall, þá kom Thor og klappaði mér á öxlina og sagði að ég skyldi ekki hafa nokkrar áhyggjur af þessu, ég væri jafngamall og Kristur var þegar hann var krossfestur.

Við vorum líka saman í stjórn PEN-klúbbsins og það gat verið bæði skemmtilegt og svolítið sérkennilegt á köflum, en það gat verið mjög sögulegt og eftirminnilegt að ferðast með honum. Bæði var hann svo skemmtilegur og fyndinn og svo gat líka verið mikið Sturm und Drang, eins og Þjóðverjar kalla það, í kringum hann.

En hann var mjög traustur vinur. Okkur gat oft sinnast og við hreytt skætingi hvor í annan á fundi en það var alltaf gleymt þegar við hittumst næst og hann tók manni alltaf fagnandi."

## SKÁLDIÐ THOR

### Linda Vilhjálmsdóttir ljóðskáld

„Thor hafði mikil áhrif á mig, bæði sem manneskja og skáld. Hann var til dæmis fyrsti alvörurithöfundurinn sem kom til mín eftir upplestur, hrósaði mér, tók í hendina á mér og kynnti sig. Það fannst mér hafa rosalega mikið að segja. Mér fannst ég hafa verið samþykkt inn í þann félagsskap sem mig langaði mest að tilheyra á þeim tíma. Hann lagði sig alltaf eftir því að fylgjast með ungskáldum og hvetja þau til dáða.

Þá hafði ég reyndar ekki lesið neitt eftir hann, hafði gleypt þá tuggu að hann væri svo þungur og óskiljanlegur, tekið þá ákvörðun að verkin hans væru ekkert fyrir mig og aldrei lagt í að lesa hann. En auðvitað vissi maður af honum og leit upp til hans sem skálds. Seinna las ég Grámosinn glóir og líkaði vel. Ég las líka sjálfsævisögulegu verkin hans, Raddir í garðinum og Fley og fagrar árar, og hreifst af þeim. En mest áhrif hafa ljóðin hans og þýðingarnar haft á mig. Hann var ótrúlega flottur ljóðaþýðandi. Ég man alltaf eftir þýðingunni hans á „Tiger, tiger burning bright" eftir Blake. Hún er alveg mögnuð. Ég heyrði hann líka oft lesa upp ljóðin sín, sem auðvitað er áhrifaríkast, og þau töluðu alltaf beint til mín. Þýðingar hans á verkum eins og Hlutskipti manns eftir André Malraux víkkuðu sjóndeildarhringinn sem og aðrar þýðingar eftir hann, enda þýddi hann oftast skáld sem maður hefði ekkert lesið annars.

Ég var svo heppin að fara með honum í nokkrar upplestrarferðir erlendis og undir þeim kringumstæðum kynnist maður fólki á annan hátt en að hitta það hér heima. Ég á margar dýrmætar minningar um Thor úr þeim ferðum og hann verður mér ógleymanlegur, bæði sem manneskja og skáld."

# STÓRSÝNING UM HELGINA!

## OPIÐ LAUGARDAG 12 TIL 16 - SUNNUDAG 13 TIL 17




SVEFNRÝMI FYRIR ALLT
AÐ 7 MANNS!

**NÝTT FYRIRKOMULAG HJÓLHÝSA FRÁ BURSTNER SEM HLOTIÐ HAFA FJÖLDA VERÐLAUNA!**






HOBBY De Luxe 350 TB
Verð kr. 2.990.000



HOBBY Prestige 540 UFe
Verð kr. 3.990.000



HOBBY Excellent 560 CFe
Verð kr. 4.470.000



HOBBY Excellent 560 UKF
Verð kr. 4.290.000





HOBBY SIESTA EXCLUSIVE 650 FLC ÁRGERÐ 2011.
STÓRGLÆSILEGUR HÚSBÍLL HLAÐINN AUKAHLUTUM.




O-GRILL 3000
VINSÆLUSTU FERÐAGRILLIN



MIKÐ ÚRVAL AF LITLUM HJÓLHÝSUM

VÍKUR
V • E • R • K

**VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Vinsælasta saltkjötið í Bónus er frá Kjarnafæði *Hver pakki u.þ.b. 1 kg.*




KJARNAFÆÐI **VALIÐ SALTKJÖT**
**1459** KR.KG




KJARNAFÆÐI **BLANDAÐ SALTKJÖT**
**998** KR.KG




KJARNAFÆÐI **ÓDÝRT SALTKJÖT**
**459** KR.KG




BÚRFELLS **SALTKJÖT**
**398** KR.KG




KJARNAFÆÐI **BACON-KURL**
MERKT VERÐ: 998 KR.KG.
**698** KR.KG

ÍSLANDS LAMB
Nýjung í saltkjöti frá Íslandslambi



45% minna salt, sama bragð!
**998** KR.KG




ALI FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**
**898** KR.KG



KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR
**98** KR.kg




**SALTAÐIR GRÍSASKANKAR**
**298** KR.kg




**GULAR BAUNIR**
**98** KR.500g

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Vatnsdeigsrjómabollur 2 í pakka
298
KR. 2 stk
BÓNUS FERSKAR TILBÚNAR RJÓMABOLLUR 2 STK.
398
KR.14 stk
BÓNUS VATNSDEIGSBOLLUR 14 STK.
29 KR BOLLAN
BÓNUS RJÓMI
BÓNUS RJÓMI 400 ml
259 KR.
25% AFSLÁTTUR
GOUDA
OS GOUDAOSTUR 26%
NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI
MERKT VERÐ 1335 KR.
1001 KR.KG.
SUÐUSÚKKULAÐI
Góð kaup
GÓÐ KAUP SUÐUSÚKKULAÐI
259 KR.300g
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ 129 KR.STK
BOLLU GLASSÚR SÚKKULAÐI
BÓNUS SÚKKULAÐIGLASSÚR
198 KR.280g
KJARNA
KJARNA SULTUR 3 TEG.
239 KR.400g
2 FYRIR 1 MYLLUTVENNA
MYLLU KRYDDKAKA
495 KR.2x440g
Coca-Cola
Coca-Cola zero
Coca-Cola light
COCA COLA KIPPUR
745 KR.
4 flöskur x 2 ltr.
Halta
HALTA ÞEYTIRJÓMI
259 KR.250g
Kötlu Vatnsdeigs BOLLU MIX
KÖTLU BOLLUMIX
259 KR.350g
BÓNUS KLEINUHRINGIR
259 KR. 6 stk
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# Lyf eru ekki allsherjarlausn

Blaðamaðurinn **Robert Whitaker** hefur valdið miklum titringi í Bandaríkjunum með bók sinni, Anatomy of an Epidemic, sem kom út á síðasta ári, og deilir hart á geðheilbrigðiskerfið þar í landi. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti Whitaker, sem segir Íslendinga þurfa að spyrja sig að því hvers vegna sífellt fleiri fari á örorkubætur vegna geðsjúkdóma um leið og lyfjanotkun aukist.



**Á ÍSLANDI** Robert Whitaker með þeim hluta þess hóps sem stóð fyrir því að fá hann til landsins en það voru félagar úr Hugarafli, Maníu og Unghuga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það var helber tilviljun að Robert Whitaker fór að kynna sér geðheilbrigðismál. Frá árinu 1989 hafði hann skrifað um lyf og læknisfræði, meðal annars fyrir útgáfufélag læknadeildar Harvard-skólans og Albany Times Union. Árið 1994 stofnaði hann sitt eigið fjölmiðlafyrirtæki sem fylgdist með lyfjafyrirtækjum og lyfjaþróun. Og árið 1999 var Whitaker tilnefndur til Pulitzer-verðlaunanna fyrir greinaflokk þar sem hann skrifaði um ný geðlyf sem náð höfðu mikilli útbreiðslu í Bandaríkjunum.

„Ég beindi sjónum mínum að nýjum geðlyfjum sem voru að koma á markað um þetta leyti og höfðu slegið í gegn, ef svo má að orði komast. Ég notfærði mér upplýsingalöggjöfina í Bandaríkjunum og óskaði eftir upplýsingum um lyfið og þær tilraunir sem höfðu verið gerðar. Ég komst að því að þónokkrir sjúklingar, sem prófað höfðu lyfið, höfðu dáið. Ég fór með þessar upplýsingar til Boston Globe, sagði þeim að ég væri með trausta frétt og að við skyldum gera greinaflokk um þetta málefni.“ Úr varð greinaflokkurinn sem Whitaker fékk tilnefninguna fyrir.

### Menn farnir að hlusta

Whitaker hélt fyrirlestur hérlendis í síðasta mánuði á vegum Hugarafls, Maníu og Unghuga og mættu um 200 manns til að hlýða á hann. Þar ræddi Whitaker meðal annars um fjölgun í hópi fólks sem er á örorku vegna geðsjúkdóma, þrátt fyrir að notkun geðlyfja á Vesturlöndum hafi aukist. Nýjustu skrif hans, bókin Anatomy of an Epidemic, hefur valdið heitum umræðum í hinu virta bandaríska geðlæknasamfélagi og er umdeild. Bókin kom út í fyrra og Whitaker segir að í fyrstu hafi starfsmenn í geðheilbrigðisþjónustu Bandaríkjanna ekkert af bókinni viljað vita. „Það breyttist nýverið þegar sálfræðingar, geðlæknar og iðjuþjálfarar frá sautján ríkjum komu saman, fóru yfir bókina og veltu því fyrir sér hvort hægt væri að snúa þessari þróun við í lyfjanotkun. Hvort það mætti endurskoða lyfjagjöfina. Ein mesta viðurkenningin, sem segir mér jafnframt að ég er að ná til manna sem hingað til hafa ekki viljað af mér vita, er sú að síðar á þessu ári hefur mér verið boðið að tala á ráðstefnu samtaka geðlækna og sálfræðinga í Bandaríkjunum.“

Um svipað leyti og greinaflokkurinn varð til í samvinnu við Boston Globe komst Whitaker á snoðir um skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, WHO. Í skýrslunni kom meðal annars fram að fólk sem greindist með geðklofa í vanþróuðum löndum á borð við Nígeríu var líklegra til að ná bata en fólk sem greindist með geðklofa á Vesturlöndum. Út frá lestri þeirrar skýrslu varð bókin Mad in America til árið 2002.

Whitaker segir niðurstöður skýrslunnar hafa komið honum í opna skjöldu. Í skýrslunni hafi komið fram að í hinum vanþróuðu löndum séu lyf við geðklofa einungis notuð í stuttan tíma.

### Fólk lengur á lyfjum

„Á þeim tíma sem skýrslan kom út voru lyf við geðklofa í þessum löndum yfirleitt notuð í mjög stuttan tíma og aðeins lítill hluti þeirra sem greindust notaði lyfin í langan tíma. Sjúklingum var því ekki haldið á lyfjum heldur var reynt að skapa þeim þannig umhverfi að þeir gætu verið án lyfja til langframa. Á Vesturlöndum hefur þróunin hins vegar verið allt önnur. Þar er fólki haldið lengur á lyfjum en bati sjúklinga er hins vegar minni,“ segir Whitaker og bætir því við að mikil breyting hafi hins vegar orðið í geðheilbrigðisþjónustu þróunarlandanna frá því að skýrslan kom út.

„Þar hafa sífellt fleiri ríki tekið upp siði Vesturlandanna og haldið sjúklingum lengur á lyfjum. Og nýlegar rannsóknir sýna að mun færri sjúklingar á þessum stöðum ná endanlegum bata frá því sem var. Þeir stefna því í sömu átt og við í Vesturheimi, meiri lyfjaneysla, minni bati.“

### Sama þróun á Íslandi

Það er samhengið milli örorku og lyfjanotkunar sem á hug Whitakers allan um þessar mundir. Árlega birtast fréttir þess efnis að notkun á þunglyndislyfjum aukist ár frá ári á Vesturlöndum. Ísland er þar engin undantekning. Samkvæmt þeim tölum sem Whitaker birtir í bókinni Anatomy of an Epidemic voru 1,2 milljónir manna á örorkubótum vegna geðsjúkdóma árið 1987. Í dag nær þessi fjöldi upp í fjórar milljónir.

„Ef við horfum til þeirrar fjölgunar sem væri eðlileg miðað við mannfjölda og reiknum töluna með hliðsjón af henni ætti fjöldi þeirra sem væru á örorkubótum að vera 1,6 milljónir. Þróunin á Íslandi hefur verið svipuð. Hins vegar virðist einhver misbrestur vera á því að bati náist. Sífellt fleiri eru á geðlyfjum til langs tíma um leið og sá hópur sem hefur þurft að hverfa af vinnumarkaði og virkri þátttöku í samfélaginu vegna geðraskana hefur margfaldast. Á Íslandi hefur fólki á örorkubótum fjölgað og það þrátt fyrir að mun fleiri séu á þunglyndislyfjum. Þessi tala ætti að lækka en ekki hækka. Og það er stóra spurningin: af hverju?“

### Geðlyf er vara sem þarf að seljast?

Whitaker segir ekkert eitt svar við þeirri spurningu. Þetta geti verið samfélagslegt – fólk hafi meiri áhyggjur af fjármálum sínum og hvað það hafi milli handanna. Uppeldi barna sé allt öðruvísi en það var fyrir tuttugu árum. Heimilisaðstæður eru gjörbreyttar og fólk einangraðra. Ein af hugsanlegum ástæðum sem Whitaker veltir upp í nýjustu bók sinni er jafnframt sú sem valdið hefur mesta fjaðrafokinu þar ytra: að geðlyf séu vara sem þarf að selja.

„Til þess að varan seljist þarf að búa til markað. Sem dæmi: Hér áður fyrr syrgði fólk látinn ástvin og sorgarferlið tók kannski þrjá mánuði og enginn kippti sér upp við það. Núna fær fólk oftar en ekki þá greiningu að það sé þunglynt og fær lyf við því. Og þá erum við farin að setja fólk á lyf við „hversdagslegum“ kvillum.“

Ofnotkun á lyfjum er önnur ástæða sem Whitaker tilgreinir: „Fyrir tuttugu til þrjátíu árum varð fólk veikt, var lagt inn á sjúkrahús og fékk aðhlynningu í þrjá mánuði, stundum hálft ár eða lengur. En svo gengu veikindin yfir og fólki gafst kostur á að hverfa til síns heima og aðlagast sínu umhverfi á ný. Það festist ekki inni í „kerfinu“ eins og gerast vill í dag og barðist ekki við krónískan sjúkdóm það sem eftir lifði með stöðugri lyfjaneyslu. Auðvitað væri það gott og gilt ef rannsóknir sýndu að slík meðferð virkaði að einhverju marki.“

Whitaker tekur fram að barátta hans sé ekki tilkomin vegna þess að hann sé harður andstæðingur lyfja. Þau geti oft verið af hinu góða og nauðsynleg. Það megi hins vegar ekki nálgast þau sem eina allsherjarlausn. Hann vill sjá breyttar vinnureglur í kringum greiningar og að læknar nálgist sjúklinga á persónulegri hátt en út frá stöðluðum spurningalistum.

„Tveir aðilar sem hegða sér á nákvæmlega sama hátt, með sömu einkenni, gera það oftar en ekki af tveimur gjörólíkum ástæðum. Greiningar fylgja hins vegar gjarnan ákveðnum reglum um einkenni og í kjölfarið lenda einstaklingar í hollum og fá ákveðin lyf. Annar sjúklingurinn þarf kannski lyf í skamman tíma á meðan hinn þarf ekki lyf heldur allt annars konar meðferð. Auðvitað þurfa sumir lyf til frambúðar en greiningin má ekki vera of hraðvirk. Heilbrigðiskerfið verður að hafa tækifæri til að geta litið til fleiri þátta í umhverfinu og hugsa málið út fyrir lyfjameðferðina.“

### Börnin áhyggjuefni

Whitaker hefur miklar áhyggjur af bandarískum börnum en sá hópur barna þar í landi sem notar geðlyf fer sístækkandi.

„Í Bandaríkjunum var farið að gefa börnum rítalín og geðlyf rétt eftir miðjan 9. áratug síðustu aldar. Þá voru 16.000 börn öryrkjar vegna geðsjúkdóma. Í dag er þessi tala komin upp í 600.000. Og það sem verra er, mörg af þessum börnum nota geðlyf allt sitt líf og halda áfram að vera öryrkjar,“ segir Whitaker og telur að þarna sé verið að búa til vítahring.

„Sú þróun sem á sér stað hjá ykkur á Íslandi gefur til kynna að þið gætuð verið á sömu leið og við í Bandaríkjunum. Þar er mikilvægast fyrir ykkur að rannsaka og skoða hvort börnum með geðraskanir sé að fara fram og ná bata með þessari lyfjanotkun. Erum við að hjálpa þeim eða erum við að skapa frekari vandamál fyrir þau í framtíðinni?“

### Hugarfarsbreyting nauðsynleg

En það er ljós við enda ganganna að mati Whitakers. Til þess þurfi þó ákveðna hugarfarsbreytingu, ekki bara innan geðheilbrigðiskerfisins heldur samfélagsins alls.

„Maður veltir því fyrir sér hvort samfélagið sé að gera sér lífið þægilegra með allri þessari lyfjanotkun hjá börnum og fullorðnum. Er umburðarlyndi okkar fyrir því sem er „öðruvísi“ að fjara út? Mér finnst eins og við séum markvisst að útrýma fjölbreytileika mannfólksins.”

Hann segir nítjándu aldar skáld lýsa fallega þeim fjölbreyttu tilfinningum og hegðun sem mannfólkið sýnir. „Fólkið var ekki brjálað eða klikkað – það bara hegðaði sér ekki allt eins. Og sá sem var ekki eins, fékk ekki endilega lyf heldur fékk að vera eins og hann var. Ég held að við þurfum að sýna mannlegu eðli aðeins meiri þolinmæði.“

## ■ UMDEILDUR VERÐLAUNAHÖFUNDUR

**Endurspeglar neikvæð umræða um geðlyf fordóma í garð lyfja?**

Kenningar Whitakers, meðal annars um samband örorku og aukinnar notkunar geðlyfja, hafa verið mjög umdeildar.

Þá hefur verið bent á að neikvæð umræða um aukna notkun geðlyfja endurspegli rótgróna fordóma í garð lyfja. Þórður Sigmundsson, yfirlæknir á geðsviði Landspítalans, sagði til að mynda í viðtali við Spegilinn árið 2009 að þó margt hafi breyst í viðhorfum fólks til geðsjúkdóma undanfarin ár þá mætti enn finna ótta, hræðslu og fordóma gegn geðsjúkdómum og meðferð þeirra og sá ótti birtist ekki síst í neikvæðri umræðu um aukna geðlyfjanotkun.

Robert Whitaker er sjálfstætt starfandi blaðamaður í Bandaríkjunum og hefur hlotið fjölmörg verðlaun fyrir skrif sín. Hann var tilnefndur til Pulitzer-verðlaunanna árið 1998 fyrir greinaflokk sem hann skrifaði fyrir Boston Globe. Það sama ár hlaut hann hin virtu George Polk-verðlaun sem Long Island-háskólinn stendur fyrir en meðal þeirra sem hafa hlotið þau eru heimsþekktu fréttamennirnir Edward R. Murrow og Diane Sawyer.

Bækur Whitakers hafa vakið mikla athygli; Mad in America var til að mynda valin besta rit almenns efnis eða fræðirita af samtökum bókasafna í Bandaríkjunum. Hérlendis fást bækur Whitakers hjá Bóksölu stúdenta. Hægt er að hlýða á erindi Whitakers á slóðinni mindpower.this.is.

## ■ ÖRYRKJUM FJÖLGAR*




*Tölurnar koma fram í grein eftir Sigurð Thorlacius, Sigurjón B. Sigurðsson, Stefán Ólafsson og Kristin Tómasson sem í Journal of Mental Health árið 2010 . Þess má geta að öryrkjum með yfir 75% örorku fjölgaði á tímabilinu úr tæplega 5.000 í rúmlega 16.000 þúsund.

# LÍNAN

mjúkir, stífir, langir, stuttir
stórir, litlir, djúpir, grunnir.....
við sérhæfum okkur í sófum



Cooper stóll á snúningsfæti kr. 119.400



Valencia leðursófi
hægri eða vinstri tunga kr. 439.800



Jazz 3ja sæta sófi kr. 195.200
Jazz 2.5 sæta sófi kr. 181.200



Manchebo 3ja sæta kr. 226.800




Fama 4ra sæta Tilboðsverð kr. 199.000




Revir stóll í leðri Tilboðsverð kr. 99.800



Frábært úrval af púðum og púðaverum



Kent leðurstóll á snúningsfæti kr. 152.600



Bombai 2.5 sæta sófi kr. 178.700




Bombai sófi hægri eða vinstri tunga
Tilboðsverð kr. 259.900




Limbo 3ja sæta leðursófi Tilboðsverð kr. 231.900
Limbo 2ja sæta leðursófi Tilboðsverð kr. 205.800



Narfe 3ja sæta sófi kr. 227.300
Narfe 2.5 sæta sófi kr. 210.400

Bæjarlind 16 - Kópavogur - S: 553 7100 - www.linan.is - Opið mán til fös 12 - 18  laugardaga 11 - 16



**TILBRIGÐI VIÐ STEF** Frumgerð af endurgerð Dansliljunnar, sem verður sett upp á glervegg í nýju útibúi Arion banka við Höfða síðar í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VIÐ ENDA LILJUNNAR** Meðal þeirra heimilda sem til voru um Dansliljuna eru svarthvítar myndir sem Hjálmar Bárðarson tók á sínum tíma. Hér situr listamaðurinn við enda verksins, sem var mun stærra, þrír metrar á hæð og sex metrar að lengd. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Danslilja Harðar blómstrar á ný

Árið 1954 málaði **Hörður Ágústsson** fyrsta abstraktverkið í opinberu rými hér á landi á vegg í Búnaðarbankanum við Laugaveg. Myndin hvarf sjónum þegar bankinn flutti árið 1970. Ákveðið var að endurgera verkið í nýju útibúi Arion banka. Við nánari skoðun fundust leifar af þessu tímamótaverki í húsnæði Tryggingastofnunar. *Bergsteinn Sigurðsson* kynnti sér málið.

Í apríl 1954 opnaði Búnaðarbankinn nýtt útibú á Laugavegi 114, í húsnæði sem nú er afgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins. Sérstaka athygli vakti stór veggmynd á aðalvegg útibúsins eftir ungan listamann, Hörð Ágústsson. Veggmyndin, sem nefndist Dansliljan, var í stíl geometrískrar abstraktlistar, sú fyrsta þeirrar tegundar í opinberri byggingu hér á landi; sex metrar á lengd og þrír á hæð. Verkið hvarf sjónum eftir að bankaútibúið flutti í núverandi húsnæði sitt við Hlemm árið 1970 og húsrýmið við Laugaveg var tekið til annarra nota.

### Sá málað yfir eigin mynd

Fjörutíu árum síðar fékk Klara Stephensen, forstöðumaður listasafns Arion banka, símtal frá Listasafni Íslands, sem vildi fá að vita um afdrif myndarinnar fyrir væntanlega útgáfu á íslenskri listasögu.

„Ég fór að grennslast fyrir um hvað hefði orðið um myndina,“ segir Klara. „Í safni bankans var til frummynd, sem svipar mjög til myndarinnar á veggnum.“

Klara leitaði til Péturs Ármannssonar arkitekts og við nánari eftirgrennslan kom í ljós hvað hafði orðið um myndina.

„Hörður Ágústsson sagði sjálfur þá sögu að hann hafi gengið þarna framhjá einn góðan veðurdag og séð hvar iðnaðarmenn voru að mála yfir myndina,“ segir Pétur Ármannsson. „Menn hafa gefið sér það að myndin hafi verið glötuð, sem er mikil synd því þetta er tímamótaverk í íslenskri myndlistarsögu.“

### Leifar af upprunalegu myndinni

Í framhaldinu fékk Klara þá hugmynd að minnast myndarinnar með einhverjum hætti, jafnvel endurgera hana, í tengslum við opnun á nýju útibúi í Arion banka við Höfða síðar í þessum mánuði.

„Þannig byrjar þessi rannsókn,“ segir Pétur. Auk frummyndarinnar af verkinu í safni bankans voru til nokkrar svarthvítar ljósmyndir af því eftir Hjálmar Bárðarson.

„Að auki voru til mjög nákvæmar teikningar af rýminu,“ segir Pétur. „Og út frá þessum gögnum gátum við fundið nákvæmlega hversu stór myndin var og öll hlutföll. Þetta voru heimildirnar sem við höfðum þegar við lögðum upp með að endurgera myndina.“

Frummyndin gaf ákveðnar vísbendingar um litasamsetninguna, en ekki nákvæmar þar sem hún var máluð á pappír sem var tekinn að gulna.

Klöru datt þá í hug að láta kanna hvort hægt væri að finna leifar af verkinu á vegg Tryggingastofnunar. Hún fékk Viktor Smára Sæmundsson forvörð til verksins, og leit hann á vegginn fyrir einni og hálfri viku.

„Þegar loftið var tekið niður í afgreiðslusalnum kom efsti hluti myndarinnar í ljós og var að mestu leyti óskemmdur,“ segir Klara.

Þetta gaf von um að myndin gæti verið heil undir klæðningu á veggnum.

„Það var ýmislegt sem benti til þess,“ segir Pétur. „En því miður hafði verið veggfóðrað yfir myndina og með sterku gúmmílími sem hafði bundist við litina. Neðri hluti myndarinnar, um þrír fjórðu hlutar verksins, var því gjörsamlega ónýtur.“

Heillegi hluti myndarinnar sýndi hins vegar litasamsetningu myndarinnar og var Garðar Erlingsson hjá Litalandi fenginn til að litgreina verkið.

### Vandinn að endurgera list

Pétur bendir á að þótt stærð, hlutföll og litir myndarinnar hafi legið fyrir sé ekki sjálfgefið hvernig verk skuli endurgerð.

„Þessi mynd er til dæmis algjörlega sniðin inn í rými útibúsins og var órofa hluti af því. Það skapar ákveðinn vanda, því það er ekki hægt að einfaldlega endurmála hana og setja á hvítan flöt; hún er ekki hugsuð sem afmarkaður ferningur heldur átti hún að fylla út í rýmið.

> „Þegar loftið var tekið niður í afgreiðslusalnum kom efsti hluti myndarinnar í ljós og var að mestu leyti óskemmdur.

Þá kom Steinar Sigurðsson, arkitekt banka, með þá skemmtilegu hugmynd að útfæra myndina á glervegg í þessu nýja útibúi á Höfða. Við nánari skoðun kom í ljós kom að allar stærðir og hlutföll gengu upp.“ Ákveðið var því að skanna myndina í tölvu, litastilla hana, prenta á filmu og líma á glerið.

### Endurgerðin í anda Harðar

Klara og Pétur segja ekki sjálfsagt mál að endurgera listaverk með þessum hætti og því var ekki farið af stað nema að fengnu samþykki ættingja Harðar.

„Þau voru mjög jákvæð fyrir þessari tilraun,“ segir Klara, „og ekki síður sátt við að fara þessa leið en að mála verkið aftur. Þetta er auðvitað ekki myndin sjálf, þetta er minning um hana – tilbrigði við stef.“

Undir það tekur Pétur.

„Hörður var brautryðjandi í þessum efnum og á sínu síðasta skeiði notaði hann límbönd og bjó til úr þeim fræga seríu. Ættingjum hans fannst það þess vegna alveg í hans anda að líma myndina á gluggann.“



**LEIFAR DANSLILJUNNAR** Pétur Ármannsson skoðar leifar verksins, bak við þil í afgreiðslu Tryggingastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HÖRÐUR ÁGÚSTSSON

Hörður Ágústsson (1922-2005) nam myndlist við Handíðaskólann í byrjun fimmta áratugarins og í Kaupmannahöfn og París að loknu stríði. Í París kynntist hann nýjustu viðhorfum þess tíma í arkitektúr og myndlist og var í hópi fyrstu íslensku listamannanna sem sýndu verk í anda geómetrískrar strangflatarlistar.

Hörður taldi að hin nýja óhlutbundna myndlist ætti ekki að takmarkast við ramma málverksins og veggi listasafna, heldur vera hluti af daglegu umhverfi almennings. Samhliða myndlistinni teiknaði hann íbúðarhús, hannaði innréttingar og veitti ráðgjöf um litaval í fyrirtækjum og heimahúsum.

Hörður vann nokkrar veggmyndir í opinberar byggingar en sú eina sem hefur varðveist er máluð veggmynd í aðalbyggingu Háskólans á Bifröst.

Hörður var einnig afkastamikill fræðimaður og ritaði margar greinar um byggingarlist. Eftir 1960 hóf hann skipulegar rannsóknir á íslenskri húsagerðarsögu og var einn fyrsti baráttumaðurinn fyrir varðveislu gamalla húsa hér á landi.

# 35% AF ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM

## 4.- 10. MARS






## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM!



© ILVA Ísland 2011

ILVA kaffi

Rjómabolla og kaffi eða djús

**195,-**



VISA Lán - VAXTALAUST

Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sími 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga **11-18:30**
laugardaga **10-18,** sunnudaga **12-18**

shop online

## Tvær ólíkar leiðir snjallsímanotenda



**MIKLU MEIRA EN ÚTLITIÐ** Gunnar Már segir iPhone 3GS símann sinn vera miklu meira en bara töff græja. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Með allan heiminn í lófanum

Hef átt minn, iPhone 3GS, í rúmt ár og eina vesenið var þegar iPhone 4 kom út þá var minn ekki lengur bestur," segir Gunnar Már Þorleifsson, verkfræðinemi við HÍ. Símann segir hann þó enn vera hraðvirkan, þægilegan og gagnlegan. „Fyrir mér er orðið ómissandi að geta skotist hvar sem er á netið um 3G til að athuga stöðuna í leiknum eða sjá hvað er nýjast á Vísi. Þetta er munaður og um leið og maður kynnist honum reynist ómögulegt að vera án hans."

Gunnar segir að mjög auðvelt sé að komast yfir forrit í iPhone í gegnum App-Store. Ekkert vesen hafi verið að tengjast um erlent heimilisfang. „Það eina sem ég þurfti að eiga er sérstakt gjafakort á iTunes-búðina. Það er jafnvel hægt að kaupa það á netinu og fá sent heim ef þú ert ekki á ferð í útlöndum."

Hann gefur hins vegar lítið fyrir að uppfærslurnar á gæjunni komi með of löngu millibili: „iOS stýrikerfið er sennilega það notendavænasta sem finnst, viðmótið er snilld og reglulega koma nýjar hugbúnaðaruppfærslur svo þú ert alltaf í takt við tímann þó tækið sem slíkt eldist." Gunnar er tregur til að viðurkenna galla við símann en bendir þó á að batteríið sé fljótt að klárast sé síminn í mikilli notkunn.

„Það fyrsta sem heillaði mig við iPhone var útlitið og hvað hann var óstjórnlega svalur. Það var svo ekki fyrr en eftir að ég keypti mér hann að ég áttaði mig á því að hann er svo miklu meira en útlitið."

### Android skrefi á undan

Þorsteinn Þorri Sigurðsson er verkfræðinemi við HÍ. Hann eignaðist HTC Desire síma fyrir stuttu en slíkir símar vinna á Android-stýrikerfinu frá Google. Þorsteinn er ekki neinum vafa um að hafa tekið rétta stefnu í valinu á nýjum síma. „Það er mikið meira frelsi, þú getur gert allt sem þú vilt við þetta," bendir hann á og bætir við að það séu notendurnir sem ráði ferðinni með Android.

„Apple vill ráða öllu sem notendur gera. Þeir eru með stýrikerfið lokað inni í einhvers konar hvelfingu. Android er opið stýrikerfi, sem þýðir að þeir deila öllum kóðanum sínum. Allir geta nálgast kóðann og það býður upp á mikið fleiri möguleika með væntanlega framþróun tækninnar." Fleiri og fleiri símaframleiðendur keyra einnig Android á símum sínum.

Þorsteinn segir Android standa framar en iPhone hvað varðar nýja hluti í stýrikerfinu. „Android símar hafa boðið notendum upp á að keyra mörg forrit í einu síðan það kom fyrst út. Apple bætti þessu við á síðsta ári. Þetta er bara eitt dæmi." Hann bendir á að Apple muni ekki ná að halda í við Android ef fer sem horfir. Tækniþróunin sé svo hröð að það eru alltaf að koma uppfærslur. „Ég gæti farið og keypt mér fullkomnari síma núna en ég gerði fyrir mánuði ef ég vildi."

„Ég er ekki í neinum vafa um að Android muni leiða þróunina á næstunni því allir geta hjálpað til við að þróa betri síma," segir Þorsteinn að lokum.



**FRELSI** Í Android-stýrikerfinu segist Þorsteinn Þorri geta gert hvað sem hann vill án þess að hafa áhyggur af því hvað framleiðandanum finnst. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Aukning í sölu snjallsíma í heiminum




Heimild: Markaðsrannsókn Canalys, canalys.com


## Aðalfundur

Kvennadeildar R-RKÍ 2011 verður haldinn í Hvammi, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, fimmtudaginn 10. mars kl. 18.00.

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosið í stjórn og nefndir
3. Önnur mál
4. Kvöldverður
5. Jónína Leósdóttir, rithöfundur les úr bók sinni.

**Mjög áríðandi að tilkynna þátttöku í síma 545 0405 eða 545 0400 í síðasta lagi daginn fyrir fundardag.**

***Stjórnin***

Rauði kross Íslands
Kvennadeild Reykjavíkurdeildar


# Sími er svo miklu meira en bara sími

**Snjallsímar** verða æ vinsælli á Íslandi. Úti í hinum stóra heimi er að verða til tækni sem okkur óraði ekki fyrir þegar fyrsti farsíminn lenti í vasanum fyrir um fimmtán árum. ***Birgir Þór Harðarson*** grennslaðist fyrir um snjallsímamarkaðinn og komst að því að sími er ekki lengur bara sími.

Á Íslandi hafa snjallsímar smátt og smátt rutt sér til rúms á farsímamarkaði. Fyrst var það iPhone frá Apple sem sló eftirminnilega í gegn árið 2007. Síðan þá hefur iPhone haft nokkra yfirburði og frumkvæði í þróun tækninnar. Nú hefur Google þróað stýrikerfi fyrir snjallsíma sem mætt getur yfirburðum iPhone. Google Android varð á síðasta ári næstmest selda stýrikerfi fyrir snjallsíma í heiminum. iOS-stýrikerfið fyrir iPhone var það þriðja mest selda og það mest selda var stýrikerfi Nokia-síma, Symbian.

Þess má geta að Nokia hefur nokkra yfirburði á farsímamarkaðnum. Undanfarin ár hefur Nokia verið með 40% markaðshlutdeild og selt um tvöfalt fleiri síma en Samsung. Það er því kannski ekkert skrítið að Symbian sé mest selda stýrikerfið fyrir snjallsíma.

#### Gríðarstór markaður

En hvað er snjallsími? Af hverju er síminn minn ekki snjallsími þótt hann bjóði mér upp á að senda sms-skilaboð, mms-myndskilaboð, fara á netið, senda tölvupóst og spila leiki? Það er einföld skýring á því. Snjallsímar eru þeir símar sem bjóða þér upp á að hlaða niður forritum frá þriðja aðila og setja upp á símanum þínum. Nánast eins og fullnuma tölva með takmörkunum. Í engin þessi snjallsímaforrit hafa framleiðendurnir opnað sérstakar netverslanir. App-Store Apple-fyrirtækisins, Android market Google, Ovi Store Nokia og svona mætti halda áfram.

Hér liggur stærsti munurinn og í kringum þessa tækni hefur skapast gríðarstór markaður. Sumir ganga jafnvel svo langt að kalla þetta lífsstíl. Samkvæmt könnun þýska fyrirtækisins Research2guidance var snjallsímaforritum hlaðið niður fyrir um 2,2 milljarða dollara á fyrri hluta síðasta árs í heiminum öllum. Samanborið við niðurhal allt árið 2009 fyrir um 1,7 milljarða dollara. Sama fyrirtæki gerir ráð fyrir að árið 2013 muni forrita-markaðurinn velta meira en 15,5 milljörðum dollara.

Til marks um hversu mikil aukning verður á hverju ári í niðurhölum þá seldi AppStore þrjá milljarða appa í janúar 2010 en tíu milljarða í janúar á þessu ári.

En Íslendingar hafa hins vegar ekki haft aðgang að þessum merkilegu vefverslunum, nema Ovi Store sem Nokia-notendur geta notfært sér. Einnig er Android Market ekki á Íslandi en Íslendingar geta hlaðið niður ókeypis forritum en ekki greitt fyrir þau. AppStore og iTunes eru ekki í boði á íslenskum markaði en hægt er að versla við AppStore Apple með krókaleiðum. Krókaleiðin hefur hins vegar í för með sér að viðkomandi þarf að gefa upp heimilisfang erlendis og er því heiðarlegum Íslendingum erfiður biti að kyngja eigi þeir ekki heimili erlendis. Þetta gæti þó verið eina lausnin til frambúðar því í Fréttablaðinu á miðvikudaginn kom fram að engin áform væru um að opna iTunes á Íslandi.

#### Aukning á Íslandi

Íslendingar eru fljótir að tileinka sér nýja tækni og snjallsímarnir eru engin undantekning. Hlutfall seldra snjallsíma á móti öðrum farsímum hjá Símanum í janúar var tæp 35% í janúar. Á sama tíma í fyrra var hlutfallið rúm 10%. Salan jókst jafnt og þétt yfir allt árið en síðustu þrjá mánuði ársins 2010 stóð hlutfallið nokkuð í stað.

Notendaumhverfið fyrir snjallsíma á Íslandi hefur einnig batnað til muna. Margar viðgerðastofur og áhugamannasíður hafa opnað á vefnum sem benda manni reglulega á uppfærslur og ný forrit eða hjálpa þeim sem eiga í vandræðum með hin ýmsu vandamál.

Símafyrirtækin hér á landi hafa einnig verið fljót að taka við nýrri tækni. Flest fyrirtækin selja vinsælustu gerðir símanna: Nokia, iPhone eða Android-síma. Einnig bjóða þau upp á ýmis konar hugbúnað fyrir Android sem notandinn skannar inn með myndavélinni á símanum, ekki ósvipað því þegar búðarkassi les strikamerkið á vörum.

#### Næsta kynslóð

Tæknin er þó ekki orðin það þróuð að ekki sé hægt að bæta við nýjum og ótrúlegum leiðum. Hugbúnaðarfyrirtæki úti í hinum stóra heimi eru farin að huga að næsta skrefi sem felur í sér að síminn taki enn stærra þroskastökk. Með næstu kynslóð síma verður heimilistölvan gerð óþörf og síminn látinn taka við. Með þráðlausum sendingum í gegnum blátönn sendir síminn gögn í þráðlausan skjá, þráðlausa mús og þráðlaust lyklaborð. Þannig getur síminn þjónað sem borðtölva ef hann er í sama herbergi og ofangreindir hlutir. Hversu magnað er það?

# FRÁBÆR TILBOÐ

## BRJÁLAÐ VERÐ UM HELGINA!

8 m slanga
Sápubrúsi
Pallabursti

**Nilfisk Háþrýstidæla**
**Frábær fyrir bílinn, bílaplanið, pallinn og gluggana!**
125 bör, 520 ltr/klst.
8 m slanga, túrbó byssa, sápubrúsi og **pallabursti** fylgir
5254248
NILFISK
125 bör
520 ltr/klst
tilboð
**34.995,-**
~~39.995,-~~

**Borvél**
14.4V Powerplus
5245309
tvær rafhlöður
**3.995,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Verkfærataska**
Topex 18"
5024805
tilboð
**1.499,-**
~~2.499,-~~

**Bílakústur**
Claber
5081645
**3.995,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Tjöruhreinsir**
1 ltr.
5022425
**999,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

HITACHI POWER TOOLS
tilboð
**15.995,-**
~~18.995,-~~
**Hleðsluborvél 10,8V**
DS10DFL, tvær lithium rafhlöður, hleðslutími 40 mín 22/34 Nm, Led ljós, aðeins 1kg
5246795

**1.990,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
**Útiljós Marika**
Vegghengt 18.5 cm.
6000770

Electrolux 5 ára ábyrgð
1200 SNÚNINGA
**78.900,-**
**Þvottavél EWF 126410W**
1200 sn, 6 kg, 85x60x60 cm.
1805477
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Örbylgjuofn United**
20 ltr. 800W.
1840909
20 ltr.
**9.900,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

10 ltr.
**4.995,-**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
ódýrt að mála!
**Innimálning**
10 ltr. hvítt, gljástig 10
7119961

**1.195,-**
**Rúllusett og bakki**
Anza, 25 cm.
7014822

Látum verkin tala!

**BOLLA & KAFFI AÐEINS 99 kr.**
Kaffi Garður Skútuvogi **Laugardag & sunnudag 12-16**
ATH. takmarkað magn aðeins 2 bollur á mann.

GILDIR TIL 14. MARS

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# Sífellt verið að draga fólk í dilka

Rithöfundurinn **Hildur Knútsdóttir** hefur vakið athygli fyrir tískublogg þar sem hæðst er að lífsstílsumvöndunum hvers konar og gagnrýnt undir dulnefni, en á næstu mánuðum koma út tvær bækur eftir hana. *Kjartan Guðmundsson* hitti Hildi í kaffi.

Hildur Knútsdóttir lauk BA-námi í ritlist við Háskóla Íslands (HÍ) í haust en þurfti þó að bíða í nokkra mánuði, fram til síðustu helgar, eftir formlegri útskrift. Alla jafna hefði hún útskrifast í október síðastliðnum en allsherjar niðurskurður í menntakerfinu kom í veg fyrir það. Aðspurð segist Hildur þó kæra sig kollótta um slík formsatriði, þar sem hún hefur fyrir löngu haldið sína útskriftarveislu og fann ekki hjá sér nokkra þörf til að vera viðstödd athöfnina í HÍ á laugardaginn. En hvað má hún þá núna, lögum samkvæmt, titla sig í símaskránni? Ritlistamann?

„Ég veit hreinlega ekki hvað ég ætti að kalla mig,“ útskýrir Hildur. „En ég vinn sem texta- og hugmyndasmiður hjá auglýsingastofunni Pipar/TBWA. Kannski væri ráð að skrá sig undir starfsheitinu smiður í símaskránni?“

Í raun gegnir Hildir mörgum mismunandi ritstörfum, en meðfram háskólanáminu og starfi sínu á auglýsingastofunni vinnur hún þessa dagana að tveimur bókum. Sú fyrri, skáldsagan Sláttur, kemur út í næsta mánuði á vegum Forlagsins.

Hin bókin hefur fengið vinnutitilinn Lífsstíllinn: megrun, tíska, Bob og beikon, en í henni bregður Hildur sér í hlutverk hliðarsjálfsins, tískubloggarans H, sem haldið hefur úti vinsælli bloggsíðu síðan í júlí síðastliðnum. Ókeibækur stefna að útgáfu síðarnefndu bókarinnar með haustinu.

### Frétt varð kveikjan að sögunni

Raunar hefur fyrsta skáldsaga Hildar, Sláttur, verið nokkuð lengi í pípunum, en hún lauk við skriftirnar síðla hausts 2009 og gerði svo útgáfusamning við Forlagið vorið eftir, 2010.

„Síðan þá hef ég tekið nokkra snúninga á sögunni, um það bil átta talsins, og gert á henni nokkrar bótox-aðgerðir,“ segir Hildur og bætir við að sú ákvörðun að gefa bókina út að vori helgist af tvennu. Annars vegar sé það gert til að dreifa útgáfum betur yfir árið og hin ástæðan sé að nýir höfundar eigi það til að drukkna í jólabókaflóðinu.

Sláttur gerist á Íslandi nútímans og fjallar í stuttu máli um konu sem gengst undir hjartaskipti. Að aðgerðinni lokinni fær konan svo á tilfinninguna að hafa öðlast ýmislegt með nýja hjartanu, svo sem minningar, áður óþekkta skapgerðareiginleika, annan smekk á mat og fleira í þeim dúr. Í kjölfarið grípur söguhetjuna óþrjótandi fýsn til að komast að því hver átti hjartað á undan henni.

Hugmyndina að sögunni segist Hildur hafa fengið þegar hún las frétt fyrir nokkrum árum um líffæragjafir úr föngum sem teknir voru af lífi fyrir morð.

„Í fréttinni kom fram að nánast enginn hafði áhuga á að fá gefins líffæri úr þessum föngum. Neðanmáls í fréttinni var þess svo getið að stór hluti líffæraþega telja sig hafa öðlast eitthvað fleira með hjartanu en sjálft líffærið. Þetta þótti mér mjög áhugavert og hóf að lesa mér betur til um þetta,“ segir Hildur og tekur fram að margar kenningar séu uppi um eðli þessara mála.

„Ein kenningin er kölluð vöðvaminni. Sú kenning gengur út frá því að minni sé ekki bara í heilanum, heldur geymist það í taugum um allan líkamann. Þeir líffæraþegar eru til sem fullyrða að slíkt eigi við rök að styðjast. En þetta er mjög umdeild kenning og í rauninni get ég ekki sagt til um hvort eitthvað sé hæft í þessu, enda er ég ekki taugasérfræðingur,“ segir Hildur.



**GAGNRÝNI** „Í fyrstu þótti mér þessar lífsstílssíður ekki nein sérstök þjóðfélagsmein. Eftir að hafa kynnt mér efni þeirra betur þá fór mér að blöskra innihaldið og skilaboðin sem í þeim felast,“ segir Hildur um vinsælar tísku- og lífsstílsbloggsíður á netinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Gagnrýnið tískublogg

Þessi 26 ára gamli rithöfundur með meiru er líka borinn og barnfæddur Vesturbæingur, sem tók hinn dæmigerða rúnt í gegnum Melaskóla, Hagaskóla og MR. Þó gengst hún fúslega við því að hafa „koksað“ á MR og flutt sig yfir í MH, þaðan sem hún útskrifaðist og hélt svo á vit ævintýranna í útlöndum, meðal annars í Gvatemala, Berlín og Taívan, en á síðastnefnda staðnum nam Hildur kínversku í eitt ár.

Aðspurð segist hún alla tíð hafa lesið mikið en átján ára gömul hafi hún, af einhverjum ástæðum, byrjað að stinga niður penna við minnsta tilefni af mikilli ákefð og einbeitingu. „Ég ákvað bara að byrja að skrifa og hef skrifað stöðugt síðan. Ég verð alltaf að vera skrifandi, því annars líður mér hallærislega,“ viðurkennir hún.

Hildur tiltekur þennan mikla áhuga sinn á skriftum af flestu tagi sem einn helsta hvatann fyrir uppfinningu hliðasjálfsins H og tískubloggsins (tiskublogg.blogspot.com) sem vakið hefur mikla athygli síðustu mánuði eins og áður sagði. Þá var hún að bíða eftir því að fá handrit skáldsögunnar til baka frá ritstjóra og vantaði í raun nýjan vettvang til að svala ritfýsninni.

> Ég dey alltaf pínulítið inni í mér þegar ég sé komment á borð við „Ertu með sand í píkunni?“ eða „þú verður bara að láta ríða þér almennilega“.

Í þágu þeirra sem ókunnugir eru tískubloggi H er rétt að taka fram að í raun er alls ekki um eiginlegt tískublogg að ræða. Þvert á móti er þar á ferð gagnrýni á sjálft fyrirbærið, sett fram á gamansaman hátt, þar sem dregin er upp mynd af tískumeðvituðum síðuhaldaranum sem einu ýktasta, innantómasta, hégómlegasta og blátt áfram siðlausasta eintakinu í flórunni. Sem slíkt hefur H veitt lesendum sínum ráðleggingar um hegðun, atferli og framkomu svo eftir hefur verið tekið og jafnvel vakið hörð viðbrögð hjá sumum.

### Skilaboðin síast inn

Hugmyndina að tískublogginu fékk Hildur þegar hún tók sig til einn daginn og skoðaði nokkrar tísku- og lífsstílsbloggsíður, jafnt innlendar sem erlendar.

„Tískubloggsíðurnar snúast meðal annars um að fólk kaupir hluti, föt, snyrtivörur, innanstokksmuni og slíkt, raðar þeim saman, tekur myndir af herlegheitunum og birtir á síðunum sínum. Margar af þessum síðum eru gríðarlega vinsælar og ég botna ekki alveg í því. Þær eru svo rosalega neyslumiðaðar og hvetja í raun fólk til að skilgreina sig samkvæmt hlutunum sem það kaupir,“ segir Hildur og bætir við að henni hafi ekki síst blöskrað þau skilaboð sem send eru til kvenna á téðum tísku- og lífstílssíðum.

„Það er í raun verið að segja konum hvað þær eiga að kaupa, hvernig þær eiga að vera, hvernig kærasta þær eiga að ná sér í, hvað á ekki að segja á Facebook eða í rúminu og allt eftir því. En þetta er ekki bara á netinu. Flestir fjölmiðlar eru með einhverja tegund af stelpuhorni, þar sem ætlunin er að fjalla um allt sem konur hafa áhuga á, en það eru nánast eingöngu föt og snyrtivörur. Ef einhver kona er að gera eitthvað áhugavert, þá er langlíklegast að viðtal við hana í blöðum og sjónvarpi fjalli um það hvar hún kaupir fötin sín, eins og það sé í raun merkilegra en það verkefni sem hún fæst við hverju sinni. Á þessa tilhneigingu er ég að deila í tískublogginu.“

Hildur segist þó aðspurð ekki vera viss um hversu mikil áhrif lestur slíkra skrifta hefur á lesendur þeirra. „Ég veit ekki hversu móttækilegir þessir lesendur eru, en skilaboðin hljóta að síast inn hægt og rólega þegar þau dynja á fólki. En auðvitað eru þessar síður einungis einn angi af mun stærra mengi í samfélaginu sem leitast sífellt við að draga fólk í dilka.“

### Alhæfingar allsráðandi

Hildur segir alhæfingar um kynin, á borð við þær sem sé að finna á tísku- og lífstílssíðum á borð við Pjattrófurnar á Eyjunni, Bleikt.is og fleiri, séu líka allsráðandi í umræðu um femínisma hér á landi.

„Ég byrjaði með ádeilubloggið af mjög femínískum ástæðum og bjóst því þess vegna við harðari viðbrögðum við því. Að sjálfsögðu er ekkert óvinsælla en femínisti á internetinu. En kannski greina ekki allir femínismann í blogginu mínu. Það helgast líklega af þeirri tilhneigingu að setja alla femínista undir sama hatt, þegar raunin er sú að femínisminn á sér marga anga, misróttæka, sem hafa gott af því að takast á. Ég hef reyndar afar litla þolinmæði við að leggja mig eftir því þegar umræðan fer út í öfgar, eins og gerðist þegar Sóley Tómasdóttir var með opið ummælakerfi á bloggsíðunni sinni. Ég dey alltaf pínulítið inni í mér þegar ég sé komment á borð við „Ertu með sand í píkunni?“ eða „þú verður bara að láta ríða þér almennilega“. Svo fann einhver upp á þessu stórfurðulega hugtaki „öfgafemínismi“, sem ég skil alls ekki. Hvernig getur femínismi verið öfgakenndur þegar hann hvetur, í besta falli, til jafnrar skiptingar?“

### Verður að vinna með öðru fólki

Eftir að hafa stefnt að því stóran hluta ævinnar að starfa við skriftir segir Hildur það dálítið fyndna tilhugsun að á næstu mánuðum verði gefnar út tvær bækur eftir hana. Þegar hún bætir því svo við að þótt rithöfundastarfið búi yfir mörgum kostum geti hún vart hugsað sér annað en að vinna líka daglega með öðru fólki, eins og raunin er með starf hennar á auglýsingastofunni, liggur beint við að spyrja hvort núverandi staða hennar sé ekki nokkurs konar draumaaðstaða.

„Jú, í rauninni er hún það,“ er svarið. „En ef allt klikkar þá hætti ég bara á toppnum.“

mars 2011
# menning
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]



## *Útsprungnar rósir*

Kjartan Guðmundsson dustar rykið af fyrstu plötu The Pogues.

SÍÐA 2



## *Á djúpum miðum*

Ragna Sigurðardóttir rýnir í sýningarnar Viðtöl um dauðann og Hljóðheimar.

SÍÐA 2



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# DRÖGUM VARLA FLEIRI ÍSJAKA TIL PARÍSAR

Íslensk menningarpólitík nefnist bók eftir Bjarka Valtýsson, doktor í boðskipta- og menningarfræðum, sem kom út á vegum Nýhil á dögunum. Í bókinni er íslensk menningarstefna greind fræðilega og sett í samhengi við alþjóðlegar menningarstefnur. Bjarki varar við ofuráherslu á hina einhæfu íslensku menningarvitund, sem oft og tíðum dragi listamenn í dilka klisjunnar. | FRAMHALD Á SÍÐU 6

**HOOVER RYKSUGUR - 20% AFSLÁTTUR Í MARS**

***Verðdæmi***
*2000 watta Hoover ryksuga*
*2ja lítra poki og gúmmíhjól*
*HEPA filter og 7,3m snúra*

HOOVER

*Margar gerðir!*

VERÐ DÆMI
Hoover TF2011 - 2000w
Kr. 11.990
Verð áður 14.990



**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

BEAUTY WORLD

Viltu læra förðun?

Viltu læra á hágæða vörur frá Bobbi Brown?
Komdu þá í Make up skóla Beautyworld

Skólinn hefst 14. mars nk.



www.beautyworld.is • Sími 510 8080

Einar Ben RESTAURANT

Food and fun



Upplifðu það besta frá
New York á Einari Ben!

Gómsætt og gaman!

Við bjóðum John Mooney,
eiganda Bell, Book and Candle
Restaurant, velkominn á Einar Ben.

Sími: 511 5090
Netfang: einarben@einarben.is
Veffang: www.einarben.is

EXPO • www.expo.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir.is



Innsetningin nýtur sín betur hér en í Hafnarhúsinu á sínum tíma að mati gagnrýnanda. Umgjörðin sér síðan um að við gleymum ekki því umróti sem dauðinn skapar í lífi þeirra sem eftir sitja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Róið *á djúpmiðin*

**Myndlist** ★★★★★
**Viðtöl um dauðann** Magnús Pálsson og Helga Hansdóttir
**Hljóðheimar** Sigurður Guðjónsson, Skruð
Listasafn Íslands

Listasafn Íslands mætir nýju ári með mögnuðum sýningum. Innsetningin Viðtöl um dauðann vakti töluverða athygli í Listasafni Reykjavíkur árið 2003, og nú hefur Listasafn Íslands fest kaup á þessu merkilega verki. Hljóðheimar er síðan afar tímabær sýningaröð og vekur athygli á fjölda myndlistarmanna sem nota hljóð í verkum sínum. Sýningarstjóri er Sigríður Ólafsdóttir.

### Lykilmaður í íslenskri myndlist

Magnús Pálsson (1929) er lykilmaður í íslenskri myndlistarsögu. Verk hans eru kannski ekki mjög þekkt meðal almennings, en meðal myndlistaráhugamanna er mikilvægi hans ótvírætt.

Magnús hefur verið mjög virkur í listinni og haldið fjölmargar sýningar, hann var meðal annars fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum árið 1980. Efniviður hans er fjölbreyttur. Gifs hefur verið honum hugleikið, hlutlaust efni sem fangar mót hlutveruleikans, mót hlutanna og andstæðu þeirra í senn. Hann hefur einnig gert afsteypur af óefniskenndum fyrirbærum, afsteypur af hljóði, líkan af dalalæðu. Tungumálið, kveðskapur, sögur, rytmi og rím eru stór þáttur í list hans, sem og Íslendingasögur, Eddukvæði, þjóðsögur og fleira. Magnús hefur unnið raddskúlptúra og kórverk. Ekki er unnt að gera list hans nein skil hér, en hún er einstaklega frjó, fjölbreytt, persónuleg og full af dásamlegum húmor. Magnús er einnig mikilvægur fyrir kennslustörf sín, en hann stofnaði Nýlistadeild Myndlista- og handíðaskólans á sínum tíma og leit á kennslu sem listgrein.

### Óvenjulegt samstarf

Fyrir átta árum fékk Helga Hansdóttir öldrunarlæknir Magnús til að taka þátt í verkefni með sér. Helga hafði gert rannsókn: Fyrirbærafræðileg rannsókn á viðhorfum aldraðra til lífs og dauða og til meðferðar við lífslok. Í tengslum við samstarfsverkefnið List og vísindi unnu þau saman sýninguna Viðtöl um dauðann og var hún sett upp í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Rætt var við aldraða um dauðann, Sigríður Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur tók viðtölin, en á sýningunni eru þau leiklesin. Magnús hefur fundið viðtölunum umgjörð sem er hversdagsleg og mögnuð í senn. Húsbúnaður, borð og stólar vísa til daglegs lífs, áhorfendur geta fengið sér sæti og hlustað á viðtölin í heyrnartólum. Ummyndun og bjögun rýmisins ásamt kvikmyndum og hljóði sem varpað er á vegg ljær innsetningunni aukið drama. Leiklesturinn veitir nauðsynlega fjarlægð, upplifun þessara einstaklinga er einstaklingsbundin, en um leið almenn.

Innsetningin er stórvel heppnuð. Hún nýtur sín betur hér en í Hafnarhúsinu á sínum tíma, var þó líka mögnuð þar. Dauðinn er ekki hversdagslegt umræðuefni en það er eitthvað mjög gott við að hlusta á samtöl um hann sem sjálfsagðan hlut. Umgjörðin sér síðan fyrir því að við gleymum ekki því umróti sem dauðinn skapar í lífi þeirra sem eftir sitja, eða þeirra sem horfast í augu við dauðann sem staðreynd á einhvern máta. Samstarfið er óvenjulegt en einstaklega vel unnið í alla staði.

### Djúpar drunur

Sýningaröðin Hljóðheimar samanstendur af innsetningum sem skipta á tveggja vikna fresti, uppákomum, tónleikum, gjörningum og fræðsluerindum. Það er við hæfi að Sigurður Guðjónsson (1975) hefji sýningaröðina, en hann hefur vakið athygli alveg frá því að hann útskrifaðist með flott verk frá Listaháskóla Íslands árið 2003. Innsetningin Skruð var sýnd í Gallerí Suðsuðvestur í Reykjanesbæ síðasta haust, í húsnæði sem er töluvert frábrugðið Listasafninu, gömlu timburhúsi.

Innsetningin er ekki síðri hér, jafnvel enn betri, því rýmið er einfaldara í sniðum og rímar betur við list Sigurðar. Hér spila saman á rytmískan hátt hljóð og mynd og vísa í margar áttir. Tilraunakvikmyndir 20. aldar, jafnt Tarkovskí og Lars von Trier koma upp í hugann, en líka naumhyggjulistamenn sem vinna með einföld form. Einfaldleikinn er þó ekki allur þar sem hann er séður, hverful litabrigði brjóta upp svarthvíta mynd, hljóðheimurinn er margbrotinn. Þetta er heillandi verk sem sogar mann til sín. Í safninu eru einnig hljóðverk eftir fleiri listamenn sem sýna glögglega frjósemi og fjölbreytileika hljóðnotkunar í myndlist samtímans.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Innsetningar þeirra Magnúsar og Sigurðar ríma afar vel saman. Fjörutíu og sex ár skilja þessa listamenn að en þeir mætast fullkomlega í verkum sínum. Verk beggja búa yfir sjaldgæfri dýpt og ná að fanga áhorfandann eftirminnilega.

**menning** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Freyr Bjarnason **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is


ego dekor
HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-
Stækkanlegt borð 180(268)X100
Verð: 159.900,-
HETTHI HNOTA
Skenkur
Breidd: 180cm
Verð:
169.000,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100
Verð:
159.900,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110
Verð:
179.900,-
COMO
PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100
Verð:
119.000,-
COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-
NÝ SENDING AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM
LUCAS leðurhornsófi
Stærð: 285X223
Verð: 339.000,-
ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-
PINK DREAM tungusófi
Stærð: 292X160
TILBOÐSVERÐ: 194.650,-
KUND tungusófi
m/stillanlegum höfuðpúðum
Stærð: 303X168
TILBOÐSVERÐ: 233.100,-
NORGE horntungusófi
Stærð: 302X215
TILBOÐSVERÐ: 246.600,-
NEW ENGLAND
tungusófi
m/færanlegri tungu
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is









Red Roses For Me, fyrsta plata The Pogues, frá árinu 1984.

# ÚTSPRUNGNAR RÓSIR

Kjartan Guðmundsson rifjar upp fyrstu plötu þjóðlagapönksveitarinnar The Pogues sem kom út 1984.

Ræflarokkið hafði fyrir löngu útvatnast í nýbylgjuna svokölluðu og nýrómantíkin réði ríkjum á vinsældalistum þegar meðlimir The Pogues rönglaðu, ekki líkt og skrattinn úr sauðarleggnum heldur eins og rallhálfir ungpönkarar í gömlukallajakkafötum, inn á sjónarsviðið fyrir rétt rúmum aldarfjórðungi. Eins og með allar góðar hugmyndir virkar upphaflegt manifestó Pogues-liða sáraeinfalt og fullkomlega lógískt eftir á; að hræra saman kraftinum, ádeilunni og ungæðislegri gleðinni sem fólst í pönkinu við undirliggjandi dramatík aldagamallar írskrar þjóðlagatónlistarhefðar. Liggur í augum uppi, ekki satt? En sú var fráleitt raunin í Thatcher-Bretlandi níunda áratugarins. „Mér fannst fáránlegt að enginn annar væri að gera þetta, þannig að við drifum bara í þessu sjálfir,” sagði höfuðpaurinn Shane MacGowan í kringum útgáfu fyrstu breiðskífu The Pogues, Red Roses for Me, árið 1984.

Það er vandkvæðum bundið að rölta inn á írskan pöbb hvar sem er í veröldinni, nema kannski helst á eyjunni grænu sjálfri, án þess að heyra helstu drykkjusmelli The Pogues á hæsta styrk úr hátalarakerfinu. Það er skiljanlegt, enda drykkjuvænni tónlist vandfundin. Eins hefur athygli heimspressunnar á hljómsveitinni iðulega beinst fremur að ítrekuðum tilraunum söngvarans til að drekka sig í hel en innihaldi og áhrifum tónlistarinnar, og er það líka vel skiljanlegt upp að vissu marki. En það hangir svo margt fleira á spýtunni. Nafnbótin „síðasta stóra skáldið“, sem Shane MacGowan hefur verið ánafnað oftar en einu sinni, er líklega ofrausn, en Norður-Lundúnabúinn býr þó yfir miklum og sjaldgæfum hæfileikum. Til dæmis þeim að geta pakkað heilu æviminningunum, með öllum sínum tilfinningaflækjum, inn í þriggja mínútna lög, í langflestum tilvikum án endurtekningar og tilgerðar. Sjarmerandi röddin rennur


Shane MacGowan á tónleikum, aldarfjórðungi síðar. NORDICPHOTOS/AFP

inn í undirspilið eins og kaldur Guinness á heitum sumardegi, og saman náðu allir þessir þættir að gefa írskri-, pönk- og dægurlagatónlist eins og hún leggur sig þarft og gott spark í rassgatið. Hvergi er sú dúndra markvissari en á fyrstu plötunni.

Eins og ævinlega eru það laga- og textasmíðar MacGowans sem blakta á Red Roses for Me, eins og hin stórkostlegu Boys from the County Hell og Streams of Whiskey sanna. Dark Streets of London og Transmetropolitan eru magnaðir óðir sem lýsa vel ástar/haturssambandi MacGowans við heimaborgina London. En Pogues eru líka í essinu sínu þegar þeir pönkast á gömlu þjóðlögunum Waxie's Dargle og Greenland Whale Fisheries. The Auld Triangle eftir Dublin-skáldið Brendan Behan er svo rúsínan í pylsuendanum, ljúfsárt og gullfallegt í senn. Á næstu tveimur plötum, Pogues, Rum, Sodomy & the Lash frá 1985 og If I Should Fall from Grace with God frá 1988, sem báðar eru stórvirki, gerðu upptökustjórarnir Elvis Costello og Steve Lillywhite sitt besta til að pússa sánd sveitarinnar til og gera það örlítið söluvænlegra. En hráleikinn, einlægnin og spilagleðin á byrjendaverkinu gerir Red Roses for Me að ópus The Pogues.

Nú styttist óðum í dag heilags Patreks og er það ekki verra tilefni en hvað annað til að dusta rykið af tímamótaverki.

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233



Vorfrakkarnir komnir

skoðið sýnishorn á laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422





NÝTT!

Latin BUTT LIFT

BIKINÍBOSSINN fyrir sumarið!

4 vikna námskeið

- Frábær vaxtamótun
- Mikil fitubrennsla
- Geggjað fjör – skemmtileg tónlist
- Mikill árangur

Kennt: þri./fim. kl. 16.30

Byrjum 8. mars

Skráðu þig strax í síma 444-5090

NORDICASPA

www.nordicaspa.is




Feðgarnir Carlos og Tumi Ferrer keppa báðir á Íslandsmóti kaffibarþjóna um helgina.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Feðgar keppa í kaffilist

Feðgarnir Carlos og Tumi Ferrer taka báðir þátt í Íslandsmóti kaffibarþjóna í Smáralind um helgina. Þeir keppa þó ekki hvor á móti öðrum heldur keppir Carlos í flokknum kaffi í góðum vínanda og Tumi á Íslandsmóti kaffibarþjóna. Carlos á titil að verja í sínum flokki frá því í fyrra en Tumi er tvöfaldur Íslandsmeistari í fagsmökkun á kaffi. Ingibjörg Ferrer, systir hans, er hins vegar núverandi Íslandsmeistari kaffibarþjóna en systkinin munu þó ekki berjast um titilinn enda Ingibjörg á ferðalagi um Suður-Ameríku.

Feðgarnir starfa báðir sem kaffibarþjónar á Kaffitári en auk þess stundar Tumi nám í ritlist við Háskóla Íslands. Carlos segir kaffiáhugann í sínu tilfelli eiga sér djúpar rætur en hann var farinn að drekka kaffi við þriggja, fjögurra ára aldur. „Ég bjó í Þýskalandi fyrstu ár ævi minnar og þar þótti eðlilegt að börn fengju kaffi út í mjólkina sína líkt og hefur tíðkast í sveitum á Íslandi um aldir. Sjálfum finnst mér ótækt ef börn eru ekki farin að hella upp á um sjö ára aldur,“ segir hann og hlær. Tumi byrjaði að drekka kaffi með mikilli mjólk og sykri sjö ára en segir það þó aðallega hafa verið til að fá viðurkenningu hinna fullorðnu. „Það var ekki fyrr en ég byrjaði að vinna við þetta fyrir fjórum árum að áhuginn kviknaði fyrir alvöru.“

Carlos hóf störf sem kaffibarþjónn síðastliðið haust. „Ég hef alltaf haft gaman af því að elda og útbúa kaffi og ákvað því að spreyta mig á þátttöku í keppninni.“ En hvernig fer hún fram fram? „Ég hef átta mínútur til að búa til tvo drykki, annan kaldan og hinn annaðhvort heitan eða volgan. Lögð er áhersla á að það sé jafnvægi á milli kaffis og vínanda og að ferskleiki og gæði kaffisins komi í gegn. Þá eru gefin stig fyrir frumleika enda er leitast við að drífa fagið áfram. Auk þess þarf annar drykkjanna að tengjast landinu þar sem heimsmeistarakeppnin verður haldin en hún er í Hollandi að þessu sinni.“ Í fyrra var keppnin haldin í Bretlandi og hafnaði Carlos í áttunda sæti. „Ég setti saman drykk með tómötum, sykri, papriku og chili og fyllti upp með bjór. Tumi þarf hins vegar að útbúa fjóra espresso og fjóra cappuchino ásamt frjálsum drykk og hefur til þess fimmtán mínútur.“

Keppnin í kaffi með góðum vínanda fór fram í gær en kaffibarþjónakeppnin stendur frá 13 til 17 á sunnudag. Nánari upplýsingar er að finna á www.kaffibarthjonafelag.is.

*vera@frettabladid.is*




Mjúkir dagar

30% afsláttur af öllum handklæðum

Handklæðin eru ofin úr 100% Pima bómull
Stærð 70x140 áður 2.890, nú 1.990 kr

Tilboðin gilda til 12. mars

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is



**Hugvísindasvið Háskóla Íslands** býður upp á ókeypis örnámskeið í tilefni af aldarafmæli HÍ á morgun. Þetta eru meðal annars námskeið sem taka á gagnrýnni hugsun, ástarsögum, japanskri skrautskrift, rússneska stafrófinu og handritalestri. Nánar á www.hi.is

# Púkar og prinsessur

**Ráðstefna um barna- og unglingabækur verður haldin í dag í Gerðubergi. Umfjöllunarefnið er stelpu- og strákabækur og fjallar Þórdís Gísladóttir um merkimiða á bókmenntum fyrir unga lesendur.**

„Ég mun ræða hvaða bækur eru stelpubækur og hvaða bækur eru strákabækur," segir Þórdís Gísladóttir íslenskufræðingur, ein þriggja fyrirlesara á ráðstefnunni Púkar og prinsessur sem haldin verður í Gerðubergi í dag milli klukkan 10.30 og 13.

„Slíkir merkimiðar hafa verið settir á bókmenntir fyrir unga lesendur allt frá þriðja áratug síðustu aldar í svokölluðum seríubókum. Hér á landi voru einnig skrifaðar seríubækur, þá um íslenskan veruleika, eins og Öddu-bækurnar," segir Þórdís og bætir við að seríubækur hafi verið vinsælar allt fram á áttunda áratuginn. Upp úr 1970 hafi höfundar á Norðurlöndunum farið að skrifa félagslega raunsæjar bækur, til dæmis Guðrún Helgadóttir og Olga Guðrún Árnadóttir.

„Á þessu tímabili voru bækurnar frekar skilgreindar sem barna- og unglingabækur en ekki stráka og stelpubækur. Núna finnst mér hins vegar eins og bilið hafi aftur breikkað. Eftir að íslensk börn urðu að prinsum og prinsessum hefur maður á tilfinningunni að kynin lesi ekki sömu bækurnar," segir Þórdís og bendir á að unglinga- og barnabækur séu skrifaðar af fullorðnum sem matreiði tíðarandann ofan í lesendurna.



Þórdís Gísladóttir íslenskufræðingur flytur fyrirlestur um stráka- og stelpubókmenntir á ráðstefnu í Gerðubergi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Í dag er gerður mikill greinarmunur á kynjunum í þjóðfélaginu, Bleikt.is er til dæmis vefur fyrir drottningar. Skvísubækur eru stelpulegar á litinn og í tengslum við þjóðfélagsandann. Í raun eru barna- og unglingabækur eins og valdatæki höfunda og útgefenda. Þær lýsa ríkjandi viðhorfum." segir Þórdís. „Það eru ekki margir höfundar sem skrifa fyrir unglinga á Íslandi og það sem er þýtt er eitthvað sem hægt er að selja."

Einnig mun Þorvaldur Þorsteinsson flytja erindið Strikamerking stráka og marktækni tegundagreininga og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir flytur erindið Hetjur í heimi ævintýranna. Aðgangur er ókeypis.

*heida@frettabladid.is*


Dansaðu þig í fantaform!
ZUMBA á Nordica Spa
Ný námskeið hefjast 8. mars
» Mikil fitubrennsla – eykur þol og styrk
» Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» Auðveld spor fyrir allan aldur
4 vikna námskeið
5 ZUMBA-tímar á viku
2 fastir tímar + 3 opnir tímar
• Byrjendanámskeið
• Framhaldsnámskeið
Kennarar: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar
Handklæði og herðanudd í pottunum!
Skráðu þig strax í síma 444 5090
NORDICASPA
www.nordicaspa.is





ÚTSALA
síðustu dagar
VALDAR YFIRHAFNIR
tvö verð 5.900,- og 9.900,-
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, sími 588 5518
Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16



vera
VORVÖRURNAR
komnar frá
olsen
olsen sandwich_
vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020





Hin forna Zagreb
í beinu flugi 21. - 25. apríl
Zagreb höfuðborg Króatíu er ægi fögur borg í Mið-Evrópu sem rekur upphaf sitt til ársins 1094.
Röltu um einhverja þeirra fögru almenningsgarða sem er að finna í Zagreb, þræddu göngustígana og virtu fyrir þér hinar óteljandi mörgu fallegu byggingar sem prýða borgina, listaverkin, söfnin, kíktu á markaðinn og andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótmál.
Þá eru í boði spennandi skoðunarferðir innan sem utan borgarinnar.
Verð aðeins 89.900 kr. miðað við tvo í herbergi
Innifalið. Flug, skattar, 4ra stjörnu hótel með morgunverð, rúta til og frá flugvelli, íslenskur fararstjóri.
Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is





Fjölskylduflokkur í Vindáshlíð
11. - 13. mars 2011
Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.
Verð með gistingu, dagskrá og fullu fæði aðeins:
7.900,- kr. fyrir fullorðna
4.900,- kr. fyrir 6-17 ára
0 kr. fyrir 0-5 ára
KFUM KFUK
KFUM og KFUK - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 88 99 - www.kfum.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir.is



Jónatan er ásamt öðru starfsfólki Café Konditori Copenhagen önnum kafinn við að undirbúa bolludaginn. Í bakaríinu er hægt að velja um nokkrar gerðir af bollum en vinsælastar eru vatnsdeigsbollur á danska vísu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frauðkennt hnossgæti

**Jónatan Eggertsson, bakarameistari hjá Café Konditori Copenhagen, býst við að vera á haus um helgina enda bolludagurinn að nálgast. Þá fyllist allt af viðskiptavinum sem vilja klassískar danskar bollur.**

Mjúkar og frauðkenndar, fullar af sultu og rjóma og skreyttar eftir kúnstarinnar reglum. Bollurnar hjá Café Konditori Copenhagen eru ómótstæðilegar að sjá. „Við bjóðum upp á nokkrar gerðir af dönskum bollum eins og þær gerast bestar,“ segir Jónatan Eggertsson, bakarameistari á staðnum, sem hefur ásamt öðru starfsfólki verið á hvolfi við að undirbúa bolludaginn.

En hvers konar bollur vilja Íslendingar helst? „Gerbollur voru um langt skeið vinsælar en nú hafa vatnsdeigsbollurnar tekið við, líklegast því flestir fengu þær heima sem börn,“ segir Jónatan og bætir við að landsmenn séu að auki duglegir að prófa alls konar nýjungar.

„Íslenskir bakarar eru óhræddir við að leika sér með hráefnin gagnstætt þeim dönsku og viðskiptavinunum líkar það vel,“ útskýrir hann en getur þess að þó seljist hefðbundnar bollur alltaf langbest. „Vinsælastar hjá okkur eru vatnsdeigsbollur, svokallaðar draumabollur, með rjóma, berjum og öðrum ávöxtum að dönskum sið,“ segir Jónatan, sem heldur sjálfur mest upp á þá sort og er svo vænn að gefa uppskrift, að annarri, sem lesendur geta spreytt sig á.

roald@frettabladid.is

## BOLLUR AÐ HÆTTI CAFÉ KONDITORI COPENHAGEN

**Frederik og Mary rjómabollur, 20 stk.**
60 g sykur
60 g egg
3,5 g þurrger
3 g salt
625 g hveiti
250 ml vatn
3 g kardimommudropar
3 g appelsínudropar

*Hnoðið saman. Vigtið í 50 g, sláið upp í kúlu og látið standa undir rökum klút í um 50 mín. Bakið við 190 gráður í um 7-10 mín.*

*Þeytið 500 g af rjóma, bætið við 40 g af vanillusykri eða 10 g af vanilludropum. Gott er að setja hindber og makkarónur í botninn á bollunni, undir rjómann.*







Tallinn Eistlandi
- miðaldaborg frá 11. öld,16.-24. júlí
Verð einungis 44. 900 kr. (flug með skatti)
Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Miðaldastemning í Tallinn er engu öðru lík. Söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur, borgarturnar og stórfenglegur arkitektúr, allt á sama stað. Má nefna Torgið í gamla bænum, St Olav´s kirkju, St. Catherine götu, Maiden turninn, Toompea kastalann, Saint Mary dómkirkjuna og Ráðhúsið. Spennandi skoðunarferðir innan borgar sem utan í boði.
Verð 78.800 kr. á mann í 2ja manna herbergi.
Innifalið flug, skattar, hótel, fararstjóri, rúta til og frá flugvelli.

Eistland og Lettland
Miðaldir - 16.-24. júlí
2ja landa sýn, ferðast er um bæði löndin. Við skoðum hinar fögru miðaldaborgir Tallinn og Riga, gistum m.a. á herrasetri. Skoðum hallir, kastala, markaði, söfn og keyrum í gegnum ægi fögur sveitahéruð svo eitthvað sé nefnt.
Verð 148.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi.
Innifalið; Fararstjóri, flug og skattar, hótel, allar skoðunarferðir





Trans-Atlantic
Sími 588 8900
Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eistrasaltslanda
www.transatlantic.is






Nýjar vörur vor/sumar 2011
FLOTT FÖT Á STELPUR OG STRÁKA
str: 50–166 cm
SÆNGURGJAFIR Í MIKLU ÚRVALI
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17



Námskeið í Rope Yoga & TRX hefjast 7. & 8. mars

elin.is




“Ég finn fyrir mikilli aukningu á styrk eftir að ég byrjaði í TRX.
Æfingarnar eru fjölbreyttar og mér finnst ég vera að æfa alla vöðvahópana sem ég þarf til að synda hraðar.”
Ragnheiður Ragnarsdóttir. sundkona

“Mér finnst Rope Yoga og TRX virkilega hjálpa mér í að ná auknum styrk og einbeitingu”
Hrafnhildur Lúthersdóttir. sundkona

| 8 vikna námskeið | | | Tími: | Verð: |
|---|---|---|---|---|
| Nr. 1 | Mán. mið. & fös | TRX & Rope Yoga | kl. 06:00 (70 mín) | 30.900 kr. |
| Nr. 2 | Mán. mið. & fös | Rope Yoga | kl. 07:15 (70 mín) | 28.900 kr. |
| Nr, 3 | Mán. mið. & fös | Rope Yoga | kl. 12:00 (70 mín) | 28.900 kr. |
| Nr. 4 | Mán | Eldri borgara, Rope Yoga | kl. 10:35 (70 mín) | 9.900 kr |
| Nr. 5 | Þri. & fim. | Rope Yoga | kl. 16:20 (70 mín) | 19.900 kr. |
| Nr 6. | Þri. & fim | TRX & Rope Yoga | kl. 17:40 (70 mín) | 21.900 kr. |
| Nr 7. | Þri, & fim. | TRX & Rope Yoga Karla, | kl. 19:00 (70 mín) | 21.900 kr. |
| Nr. 8 | Mán. & mið | Rope Yoga | kl. 18:40 (70 mín) | 19.900 kr. |

Ástundun fyrir vana, ótakmörkuð mæting
Þri. & fim — kl. 09:00 (90 mín)
Mán. mið. & fös. — kl. 17:00 (90 mín)




Bæjarhraun 2 Hafnarfirði sími: 696-4419 elin@elin.is

# BÍLAR & FARATÆKI


bílaborg.is



M.BENZ E 200 CGI AVANTGARDE 2010 ÁRG. Árgerð 2010, ekinn 29 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.132899 Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is Bíllinn er á staðnum (Gott stgr verð).



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED . Árgerð 2/ 2007, ekinn 87 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Ásett verð 9.900 Tilboð 8.450.000. Rnr.132624 Uppl síma 517-1111 eða 696-1001 www.bilaborg.is



ATVINNUHÚSNÆÐI KRÓKHÁLS C.A 120 FM Verð 26.000.000. Rnr.132620 Uppl síma 517-1111 eða 696-1001 www.bilaborg.is áhvílandi lán 13.500 millj hjá Íslandsbanka.

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



DODGE DURANGO LTD HEMI. Árgerð 2004, ekinn 80 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Opið alla helgina 12-16 Rnr.203837



M.BENZ E 350 4MATIC (087). Árgerð 2008, ekinn aðeins 17 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.790.000. Opið alla helgina 12-16 Rnr.101499

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

HEIMSBÍLAR



BMW 325XI, árg 2007, ek. aðeins 42þ, ssk, fjórhjóladrifin, leðursæti, hraðastillir, o.fl. BÍLL SEM EYÐIR AÐEINS 8.1 Á HUNDRAÐI, BÍLLINN ER Á STAÐNUM, ásett v. 4.730þ, kíktu við í kaffi. frekari uppl. í s. 567-4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



MMC PAJERO BENSÍN V-6 24V/ LANGUR. Árgerð 1998, ekinn 234 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Tilboð 750.000. Visa Raðgreiðslur Opið alla helgina 12-16 Rnr.203868

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

HEIMSBÍLAR



M.Benz GL 450 4Matic árg. 2007, ek. 57þ, BÍLL HLAÐINN AUKABÚNAÐI s.s. leður, fjarlæðarskynjarar, hraðastillir, sjón er sögu ríkari, BÍLLINN ER Á STAÐNUM.frekari uppl í s. 567.4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX. Árgerð 2008, ekinn 57 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.101497

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

STÓRA BÍLASALAN

Vantar allar gerðir af bílum á skrá og á staðinn vegna góðrar sölu.

Það er FRÍTT að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Erum með myndeftirlit á planinu.

STÓRA BÍLASALAN

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

KRÓKUR BÍLAUPPBOÐ www.bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

bíll.is bestir í bílum...



MMC Pajero instyle. Árgerð 2007, Hlaðinn Búnaði ekinn 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Tilboðsverð ásett 5990 Rnr.152289.



NISSAN Patrol gr 35". Árgerð 2001, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðverð 1.790.000. Rnr.190399.

**Bill.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



HOBBY 650 KFU PRESTIGE. Kojuhús Árg 2008 4.490þ áhvl 1.820þ Sólarsella CD DVD 2kojur Rnr.120121 Óskum eftir fleiri hjólhýsum á söluskrá okkar



COLEMAN COLUMBIA Fellihýsi Árg 1989 Verð 490þ Rnr.102640 Óskum eftir tjaldvögnum og fellihýsum á söluskrá okkar, getum einnig tekið við þeim á planið

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is



**490Þ**

VW POLO 1.4 SJÁLFSKIPTUR ÁRG 4/2000 EK 180 Þ KM EINN Í TOPPSTANDI V.490Þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL 1.8 BEINSKIPTUR ÁRG 5/2005 EK 99 Þ KM NÝSKOÐAÐUR TOPPEINTAK VERÐ 1.990.-Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

**Arnarbílar ehf**
**Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



HYUNDAI Getz gls dísel. Árgerð 2008, ekinn 85 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.550.000. Rnr.146736. mögul á 90% láni



POLARIS 700 switchback dragon. Árgerð 2008, ekinn 1332 KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.146636. eigi fleiri sleða á staðnum.



KIA Sorento dísel 2.5 170hö. Árgerð 2007, ekinn 106 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.880.000. Rnr.146731.



TOYOTA Tundra crewmax limited. Árgerð 2007, ekinn 14 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.146742.



M.BENZ M ml320 cdi dísel. Árgerð 2006, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.139919.



AUDI A6 new 3.0. Árgerð 2004, ekinn 93 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.130242.



VOLVO Xc70 2,5t. Árgerð 2005, ekinn 58 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.118722. gott eintak..

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

TOPPBÍLAR bílasala



FORD Explorer ltd 4wd. Árgerð 2004, ekinn 101 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000.- Tilboð 1.950.000.- Rnr.313107.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

100bílar.is bílasala



Volvo S60 TURBO 20V, árg. 11/2007, ek. 31þús.km, sjálfskiptur, flottasta leðrið frá Volvo, lúga, rafmagn í öllu, omfl, stórglæsilegur bíll, Ásett verð 3990þús.kr, Er í salnum hjá okkur



Volvo V70 2,4T AWD, árg. 2/2000, ek. 172þús.km, sjálfskiptur, 194hö, leður, loftkæling, nýleg heilsársdekk, Flottur og vel með farinn, Ásett verð 1290þús. kr, áhv.488þús, Bíllinn er á staðnum



Jeep GRAND CHEROKEE OVERLAND HEMI, árg. 3/2006, ek62þús.km, sjálfsk, 326hö, Flottasta týpa með öllu, Fluttur inn nýr, einn eigandi, Ásett verð aðeins 3590þús.kr, Er í salnum hjá okkur



Jeep GRAND CHEROKEE LIMITED 4X4, árg. 3/2007, ek.aðeins 26þús. km, sjálsk, leður, bakkskynjarar, omfl, Fluttur inn nýr, einn eigandi, mjög vel með farinn bíll, Enn í ábyrgð, Ásett verð 4380þús.kr, Er á staðnum



Honda CIVIC SPORT 1,8 5D, 1/2008, ek.15þús.km, sjálfskiptur, 140hö, álfelgur, loftkæling, hiti í sætum, Flottur, sprækur og töff bíll, Ásett verð 2880þús.kr, bíllinn er á staðnum




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,



**!!!Óskum eftir!!!**

Okkur vantar á skrá 2008 eða nýrri Range Rover, BMW X3 & X5, M.benz ML & GL og Audi Q7, dísel bíla, akstur í kringum eða minna en 40þús.km, Endilega sendu okkur myndir, bílnúmer oþh á 100bilar@100bilar.is eða í síma 517 9999.



Audi Q7 QUATTRO DÍSEL, 3/2008, ek 37þús.km, nýja 3,0 dísel vélin 240hö, leður, bakkmyndavél, krókur, S-line útlit, omfl, Stórglæsilegur bíll, Ásett verð 9990þús.kr, Er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

100bílar.is bílasala



Audi A4 2,0 QUATTRO, árg. 7/2007, ek 56þús.km, 200hö, sjálfskiptur, 4x4, leður, lúga, álfelgur, ofl, Mjög flottur umboðsbíll og vel búinn, Tilboðsverð 3990þús.kr, Er í salnum hjá okkur

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

VÍKURVERK



Til sölu Combi Camp tjaldvagn, árg. 2005, með nýju fortjaldi! Ásett verð kr. 690.000. Tilboð kr. 590.000!



Til sölu Lynx Rave xtrim 800, árg. 2007, ek. 1.487 km., upph. stýri, neglt gróft belti, farangurst.. Ásett verð kr. 1.270 þús.. Einnig til sölu samskonar Lynx sleði ásamt glæsilegri álkerru! Ásett verð á kerru kr. 790 þús.. Selst sitt í hvoru lagi eða allt saman. Tilboð óskast!

**Víkurverk**
**Víkurhvarf 6, 203 Kópavogur**
**Sími: 557 7720**
**www.vikurverk.is**


## Bílar til sölu



SANTA FE 05' leður sjálfsk, 2,7 vél, fjarstart sk 12' ekinn 118þ ásett verð 1880þ en fæst á 1390þ má prútta smá:-) S: 8916769



Pajero 3,2 dísel 06/'05 árg til sölu, ek. 107 þ.km. 33"breyttur. Verðh. 4,250.000 kr. Draumabíll Uppl í s. 892 9394 & 849 9552.



Avensis 2006, 1800 SOL. Ekinn 87þ. Álfelgur, sumardekk og nagladekk. Ásett verð 1.990 þús. Uppl. í s. 844 4864.



Benz SE 280 fornbíll árg. '83. Vel með farinn, sk. án athugas. V. 500þ. Sjón er sögu ríkari. S. 899 8191.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT ATVINNA

Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426 Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

vísir.is

## Tækifærið þitt! Sjá nánar á www.intellecta.is

- Fjármálastjóri
- Útstöðvarekstur
- Kerfisstjóri
- Stjórnun á tæknisviði
- Þjónustumiðstöð
- Oracle (DBA)
- Vélaverkfræðingur
- Upplýsingafulltrúi
- Rafmagnsverkfræðingur

intellecta

*Síðumúla 5*
*108 Reykjavík*
*Sími 511 1225*
*www.intellecta.is*

# Fjölbreytt störf í boði hjá Actavis á Íslandi



## Deildarstjóri bókhaldsdeildar Actavis hf.

Bókhaldsdeild tilheyrir fjármálasviði Actavis hf. og kemur að vinnslu ýmissa fjárhagslegra greininga og skýrslugerða. Þrír starfsmenn starfa í deildinni og ber deildarstjóri ábyrgð á rekstri og starfsmannahaldi deildarinnar. Bókhaldsdeild sér um að bókhald gefi rétta mynd af stöðu félagsins hverju sinni og að mánaðarleg uppgjör séu tilbúin á réttum tíma.

Starfið felur í sér mánaðarleg uppgjör og afstemmingar, fjárhagslegar greiningar og skýrslugerðir auk áætlunargerðar og markmiðasetningar fyrir deildina. Á næstu mánuðum verður farið í undirbúning og innleiðingu á SAP bókhalds- og upplýsingakerfi.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærilega menntun, með reynslu af uppgjörsmálum auk þekkingar á bókhalds- og uppgjörskerfum. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu ásamt skipulögðum og öguðum vinnubrögðum. Stjórnunarhæfileikar og haldgóð stjórnunarreynsla er skilyrði ásamt árangursmiðuðu viðhorfi, ferlahugsun og drifkrafti.

---

## Vélamaður í pökkunardeild

Pökkunardeild er hluti af framleiðslusviði Actavis hf. Í deildinni fer fram pökkun á töflum og hylkjum í þynnur, karton og glös. Framleiðslulínur pökkunardeildar innihalda flókinn vélbúnað og starfsemin kallar á að breytingar og stillingar á vélum taki sem stystan tíma.

Starfið felur í sér stillingar og breytingar á flóknum vélbúnaði og uppsetningu á vélum fyrir mismunandi keyrslur. Starfsfólk í pökkunardeild fer í gegnum mikla þjálfun og við leitum að einstaklingi sem getur tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð ásamt því að geta unnið hratt og vel undir álagi. Unnið er á þrískiptum vöktum.

Við leitum að einstaklingi með iðnmenntun, svo sem vél- eða bifvélavirkjun, og viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum á vélum og búnaði. Snyrtimennska og jákvætt viðhorf eru skilyrði.

---

## Markaðsfulltrúi fyrir lyfseðilsskyld lyf

Starfið tilheyrir sölu- og markaðssviði Actavis á Íslandi og eru helstu verkefni sviðsins markaðssetning og kynning á vörum fyrirtækisins, skráning lyfja fyrir innanlandsmarkað og birgðastýring.

Starfið felur aðallega í sér kynningar á lyfjum og samskipti við heilbrigðisstarfsfólk. Viðkomandi ber m.a. ábyrgð á markaðsáætlunum og kynningum fyrir ákveðin lyfseðilsskyld lyf sem og gerð kynningar- og fræðsluefnis. Markaðsfulltrúi tekur auk þess þátt í uppbyggingu á ímynd fyrirtækisins.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða annarri heilbrigðisgrein. Reynsla af íslenska lyfjamarkaðnum er kostur sem og þekking á sölu- og markaðsmálum.

Viðkomandi þarf að hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum og sýna sjálfstæð og vönduð vinnubrögð. Að auki er gerð krafa um góða íslenskukunnáttu sem og almenna tölvukunnáttu.

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **13. mars nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

Capacent Ráðningar

# STARFSMAÐUR Í MÓTTÖKU

smi Real Estate Group

SMI Iceland er rekstrarfélag sem heldur utan um fasteignirnar að Smártorgi 1, Glerártorg, Korputorg, Skeifuna 13 og Smáratorgi 3, Turninn. Kjarnastarfsemi fyrirtækisins lýtur að daglegum rekstri fasteignanna. SMI Iceland er með höfuðstöðvar að Smáratorgi 3 í Kópavogi.

**SMI óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku. Starfsstöð viðkomandi verður í Turninum að Smáratorgi 3. Starfshlutfall er 100%. Unnið er 8-16 aðra hvora viku og 9-17 hina.**

**Helstu verkefni**
- Símsvörun fyrir fyrirtæki sem starfa að Smáratorgi 3
- Móttaka gesta
- Skönnun reikninga í samþykktarkerfi (Navision)
- Safna saman og dreifa pósti
- Umsjón með veitingasölu (Take away frá Veisluturninum)
- Jákvæð og uppbyggileg samskipti við leigutaka og gesti hússins

**Hæfniskröfur**
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla úr bókhaldi æskileg
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



# Lögfræðingur í Lögfræðiráðgjöf

**Lögfræðiráðgjöf Landsbankans** leitar að lögfræðingi til starfa í höfuðstöðvum bankans. Lögfræðiráðgjöf heyrir undir bankastjóra og hefur yfirumsjón með lögfræðilegum verkefnum bankans.

NBI HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

**Helstu verkefni**
- Lögfræðileg ráðgjöf til bankastjóra, framkvæmdastjóra og starfseininga bankans
- Ráðgjöf til dótturfélaga bankans
- Málflutningur
- Samskipti við stjórnvöld, þ.m.t. ráðuneyti og eftirlitsstofnanir
- Samstarf við lögmenn utan bankans
- Skjala- og samningagerð

**Hæfniskröfur**
- Íslenskt lögfræðipróf (cand. jur. eða sambærilegt meistarapróf í lögfræði)
- Framúrskarandi árangur í lögfræðinámi eða í starfi á sviði lögfræði
- Færni í að tjá sig í rituðu máli
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

**Æskilegt**
- Málflutningsréttindi
- Sérhæfing á sviði fjármunaréttar
- Færni í að tjá sig í talaðri og ritaðri ensku
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veita Berglind Ingvarsdóttir, Mannauði, í síma 410 7914, Hallgrímur Ásgeirsson, forstöðumaður Lögfræðiráðgjafar, í síma 410 7707 og Bragi Gunnarsson lögmaður í Lögfræðiráðgjöf, í síma 410 7147.

**Umsókn merkt** „Lögfræðingur í Lögfræðiráðgjöf“ fyllist út á vef bankans og skal fylgja staðfest afrit af háskólaprófsskírteini og einkunnum. Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2011.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

Capacent Ráðningar

# DEILDARSTJÓRI Á REKSTRARSVIÐI

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk þess er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk verktaka. Ætlunarverk Strætó er að bjóða hagkvæmar en fjölþættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur á þjónustusvæði sínu til þeirra íbúa sem það kjósa. Gildi Strætó eru stundvísi, áreiðanleiki, fagmennska og gæði.

**Strætó bs. leitar að skipulögðum og áhugasömum deildarstjóra á Rekstrarsvið.**
Leitað er að aðila sem hefur reynslu af stjórnun starfsfólks og hefur brennandi áhuga á að vinna með góðum hópi fólks. Viðkomandi starfar í nánu samstarfi við sviðsstjóra Rekstrarsviðs.

**Starfssvið deildarstjóra er:**
- Umsjón með starfsmannamálum í akstursdeild
- Ráðning og þjálfun vagnstjóra
- Smíði og úthlutun vaktakerfa sem og umsjón orlofsmála
- Umsjón með tjónaskráningu og eftirfylgni ábendinga
- Umsjón með öryggis og umbótamálum
- Þátttaka í forvarnarstarfi Strætó

**Í boði er:**
- Metnaðarfullt og gott starfsumhverfi
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Fagþekking og krefjandi verkefni
- Miklir möguleikar í starfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði rekstrar eða viðskipta
- Reynsla af stjórnun starfsfólks
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta, mjög góð þekking á Excel
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Góð þjónustulund og hæfni til tengslamyndunar

**Viðkomandi verður að búa yfir:**
- Skipulagshæfileikum og skilvirkni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Talnagleggni og útsjónasemi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Um er að ræða spennandi starf á úrvals vinnustað í nýju og glæsilegu húsnæði á Hesthálsi. Starfið hentar jafnt báðum kynjum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsjón með ráðningu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og mynd.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# ÖFLUGIR LEIÐTOGAR

ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjarðarbær varð til 1. júní 1996 við sameiningu 6 sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Bæjarfélagið er víðfeðmt og teygir sig allt frá Arnarfirði að sunnanverðu að Geirólfsnúpi á Hornströndum. Byggðakjarnar sveitarfélagsins eru fimm talsins: Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri og Þingeyri.

**Vegna skipulagsbreytinga og fjölgunar sviða auglýsir Ísafjarðarbær lausar til umsóknar stöður sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs og sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.**

## SVIÐSSTJÓRI SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS

**Skóla- og tómstundasvið annast yfirumsjón leik- og grunnskóla sem og umsjón með íþrótta- og tómstundamálum. Hlutverk sviðsins er að veita faglega forystu, hafa frumkvæði að nýsköpunar- og þróunarstarfi og hvetja og efla samstarfsmenn sína til verka.**

**Verksvið sviðsstjóra er:**
- Ábyrgð á þjónustu og rekstri sviðsins sem og á starfsmannamálum
- Yfirumsjón með rekstri leik- og grunnskóla, íþrótta- og tómstundamála
- Samræmingarhlutverk innan verksviðs íþrótta- og tómstundamála
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana og kostnaðareftirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu skilyrði, framhaldsmenntun er kostur
- Stjórnunarreynsla mjög æskileg, þekking af breytingarstjórnun er kostur
- Reynsla og þekking á sviði leik- og grunnskóla, íþrótta- og tómstundamála
- Reynsla af stefnumótun, samþættingarstarfi og verkefnastjórnun
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af gerð fjárhagsáætlana og samningagerð

**Leitað er að einstaklingum sem hafa:**
- Leiðtogahæfileika og metnað til að ná árangri í starfi
- Stefnumótandi hugsun
- Áhuga á uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og metnað
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum

## SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐS

**Umhverfis- og eignasvið fer með skipulags og byggingarmál sveitarfélagsins. Jafnframt fer sviðið með alla eignaumsjón og rekur hita-, vatns- og fráveitu. Sviðstjórinn ber jafnframt ábyrgð á rekstri Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. sem á 120 íbúðir til útleigu.**

**Verksvið sviðsstjóra er:**
- Ábyrgð á þjónustu og rekstri sviðsins sem og á starfsmannamálum
- Ábyrgð og umsjón með umhverfismálum, skipulags- og byggingamálum
- Framkvæmdastjórn fyrir Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. sem á og leigir út 120 íbúðir
- Ábyrgð á verklegum framkvæmdum á sviði sveitarfélagsins og opnum svæðum í eigu þess
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana og kostnaðareftirliti

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk-, tækni- eða viðskiptafræði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfinu er æskileg
- Stjórnunarreynsla mjög æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af gerð fjárhagsáætlana og samningagerð

**Í boði er:**
- Fjölbreytt og áhugavert samfélag
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til að hafa áhrif á mótun samfélagsins

Ísafjarðarbær er skemmtilegur og litríkur bær í sókn sem hefur margt að bjóða. Öfluga skóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, blómlegt tónlistar- og menningarlíf, góða þjónustu og verslanir, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika til að njóta einstakrar náttúru svæðisins.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Fjölskylduheimili í Reykavík

**Markmið fjölskylduheimilisins er að vera faglegt sérúrræði í barnaverndarmálum, þar sem börnum eru búin traust og örugg uppeldisskilyrði.**

Barnavernd Reykjavíkur auglýsir eftir verktaka, hjónum eða einstakling til að halda heimili fyrir 4 börn/ungmenni sem þurfa á fósturheimili til lengri tíma að halda.

**Helstu verkefni:**
Um er að ræða búsetu á heimilinu, hafa umsjón með daglegum rekstri og heimilishaldi, veita íbúum stuðning og öryggi meðan þau búa þar.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af starfi með börnum/ungmennum er nauðsynleg.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfi.
- Sveigjanleiki og vilji til að vinna að velferð barnanna.

**Frekari upplýsingar:**
Verktaki skal ráða a.m.k. tvo starfsmenn með sér sem leyst geta af í leyfum sem svara til helgarleyfa og sumar/vetraraleyfa með hliðsjón af gildandi kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Starfið er laust frá 1. maí 2011.

Sótt er um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is - auglýsingar - störf í boði.

**Umsóknarfrestur er til 21. mars 2011.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur í síma 4111111 eða á netfanginu halldora.drofn.gunnarsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.**




## Toyota Kópavogi

**óskar að ráða bifreiðasmið á réttingaverkstæði Klétthálsi**

### Starfssvið
- Almennar viðgerðir við bílaréttingar
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur
- Próf í bifreiðasmíði eða reynsla af bifreiðasmíði
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá
kl. 8.00 - 17.00 mánudaga til fimmtudaga
og 8.00 - 15.30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund.
Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Umsóknum ber að skila á netfangið atvinna@toyota.is fyrir 09. mars 2011, merkt - Bifreiðasmiður Kletthálsi.

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

Today
Tomorrow
Toyota

# SÖLUMANN

**vantar í öfluga liðsheild**

Vegna aukinna umsvifa óskar Jötunn Vélar eftir að ráða sölumann til starfa sem fyrst. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi með mikla þjónustulund. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Starfssvið.**
Sala og upplýsingagjöf varaðandi mjaltakerfi, fóðurkerfi, fjósinnréttingar og byggingar.
Í starfinu felst umfangsmikil ráðgjöf og tilboðsgerð til viðskiptavina Jötunn Véla sem hyggja á breytingar á byggingum og aðstöðu gripa.
Í starfinu felast mikil samskipti við viðskiptavini og nokkur ferðalög innanlands og erlendis.

**Hæfniskröfur.**
Víðtæk reynsla af almennum sveitastörfum.
Enskukunnátta og kunnátta í dönsku er kostur.
Iðnmenntun er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Þór Guðjónsson í síma 4 800 400.
Umsóknir sendist á gudmundur@jotunn.is.
Frestur til að skila inn umsóknum er til 15. mars.

Jötunn Vélar er kraftmikið vaxandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu við landbúnað. Fyrirtækið er stærsti innflytjandi dráttarvéla á landinu. Jötunn Vélar er staðsett á Selfossi og þjónustar þaðan allt landið í samvinnu við þjónustuverkstæði um allt land. Starfsmenn fyrirtækisins eru 18.

JÖTUNN VÉLAR ehf.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði.

Starf stofnunarinnar mótast af alþjóðlegum kröfum og tekur breytingum í samræmi við öra alþjóðlega þróun. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál.

Hjá PFS starfa 24 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Sjá nánari upplýsingar á www.pfs.is

ÍSLENSKA SIA.IS POS 53976 03/11

## Laust er til umsóknar starf sérfræðings í tæknideild Póst- og fjarskiptastofnunar

**Við leitum að öflugum sérfræðingi til liðs við tæknideildina. Sérfræðingur vinnur með öflugu teymi starfsmanna deildarinnar sem vinna náið saman að net- og upplýsingaöryggi ásamt skipulagi tíðnimála, úthlutun tíðna og númera, eftirliti með ljósvakanum o.fl.**

### Starfssvið
Eftirlit með reglum um net- og upplýsingaöryggi, skipulag tíðnimála, eftirlit með ljósvakanum ásamt stuðningi við störf annarra deilda. Þátttaka í innleiðingu gæðaferla tæknideildar er einnig mikilvægur þáttur í starfinu.

### Menntun og reynsla
Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun. Framhaldsnám eða starfsreynsla á sviði fjarskipta er kostur.

### Aðrar hæfniskröfur
Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku og ensku, búa yfir ríkulegri samskiptafærni ásamt öguðum og skipulögðum vinnubrögðum. Viðkomandi þurfa jafnframt að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og búa yfir sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er í samstarfi við fjarskiptafélög á Íslandi.

Um er að ræða krefjandi starf í síbreytilegu og spennandi umhverfi þar sem gerðar eru miklar fagkröfur.

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars** nk. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu stofnunarinnar **www.pfs.is**
Með umsókn skal fylgja ferilskrá ásamt viðeigandi prófgögnum í viðhengi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Þorleifur Jónasson**, forstöðumaður tæknideildar, í síma **510 1505**, **thorleifur@pfs.is**

## Sölumaður óskast

Um er að ræða starf í heimilistækjadeild hjá Bræðrunum Ormsson ehf í Reykjavík. Í deildinni eru seld AEG heimilistæki ásamt ýmsum öðrum gæðavörum fyrir heimilið.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af sölumennsku, sé vel skipulagður, geti unnið sjálfstætt, temji sér ögðu vinnubrögð, hafi góða þjónustulund og framkomu.

Lágmarksaldur 30 ár. Skilyrði að viðkomandi sé reyklaus.

Umsóknir skal senda til Einars Þórs Magnússonar, Síðumúla 9, 108 Reykjavík, eða með tölvupósti á einar@ormsson.is.

*Bræðurnir Ormsson ehf er 88 ára gamalt fyrirtæki með 5 verslanir og endurseljendur um allt land. Fyrirtækið selur fjölda heimsþekktra vörumerkja t.d. AEG, HTH, TEFAL, SAMSUNG, SHARP, PIONEER, OLYMPUS, NINTENDO og mörg fleiri. Sjá www.ormsson.is*

ORMSSON

*LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800*

## SÖLUSTJÓRI

Krefjandi, áhugavert og líflegt starf fyrir einstakling með leiðtogahæfileika, getu til að hrinda verkefnum í framkæmd, hrífa fólk með sér og þörf fyrir að ná árangri.

Starfið er stjórnunarstarf og felur í sér yfirumsjón með söludeild og mannaforráð. Sölustjóri er hluti af stjórnunarteymi Hreyfingar og tekur virkan þátt í markaðstarfi og stefnumótun fyrirtækisins. Tekur auk þess beinan þátt í kynningu- og sölu á þeirri þjónustu sem er í boði með símtölum og móttöku viðskiptavina.

Hæfniskröfur: Leiðtogahæfileikar, drifkraftur og frumkvæði, skipulagshæfileikar, framúrskarandi samskiptahæfni og þörf fyrir að ná markmiðum. Ástundun heilsuræktar og reykleysi skilyrði.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 12. mars.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Rio Tinto Alcan



# Sumarstörf í Straumsvík

## Umsóknarfrestur er til mánudagsins 14. mars.

**Viltu starfa á fjölbreyttum vinnustað í skemmtilegum hópi starfsmanna í sumar? Við hvetjum þig til að sækja um hjá okkur. Við ætlum að ráða ábyrga einstaklinga til ýmissa starfa á tímabilinu 15. maí til 1. september, eða eftir samkomulagi.**

Við leitum að duglegu og traustu fólki og leggjum áherslu á samvinnu og hæfni í mannlegum samskiptum. Allt nýtt starfsfólk fær markvissa þjálfun í upphafi starfstíma, hvort sem það ræðst til starfa í kerskálum, steypuskála, mötuneyti, verkstæðum eða annars staðar.

Umsækjendurnir þurfa að vera orðnir 18 ára eða verða það á árinu. Margir sumarstarfsmenn munu vinna á þrískiptum 8 klst. vöktum þar sem unnar eru 6 vaktir á 5 dögum með 5 daga vaktafríi á milli. Einnig verður ráðið sumarstarfsfólk sem mun vinna eftir öðru fyrirkomulagi.

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu okkar: www.riotintoalcan.is**

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferli og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
**www.riotintoalcan.is**

# Iðnaðarverkfræðingur

Iðnaðarverkfræðingur óskast á þjónustusvið Marel til að sinna ráðgjöf og þjónustu um allan heim. Starfið getur því falið í sér talsverð ferðalög.

**Starfssvið:**

- Uppsetning, kennsla, þjónusta og ráðgjöf tengd Innova hugbúnaðarkerfum Marel.
- Greiningar og breytingar á framleiðsluferlum.
- Aðstoð við þjónustumenn dótturfyrirtækja Marel.

**Hæfniskröfur:**

- Iðnaðarverkfræði eða sambærileg menntun
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði,
- Færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum,
- Hæfni í að greina framleiðsluferli.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur G. Arnarson, hópstjóri vinnslukerfahóps, ingolfur.arnarson@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Hagfræðingur | Efnahags- og viðskiptaráðun. | Reykjavík | 201103/020 |
| Sérfræðingur | Efnahags- og viðskiptaráðun. | Reykjavík | 201103/019 |
| Verkefnisstjóri í breytingastjórnun | Efnahags- og viðskiptaráðun. | Reykjavík | 201103/018 |
| Sérfræðingur | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201103/017 |
| Sérfr.læknir í vefjam.fr., líffæram.fr. | LSH, rannsóknarstofa í meinafr. | Reykjavík | 201103/016 |
| Skrifstofumaður | LSH, rannsóknarstofa í meinafr. | Reykjavík | 201103/015 |
| Landvarsla, sumarstörf | Umhverfisstofnun | Landið | 201103/014 |
| Dómvörður | Hæstiréttur Íslands | Reykjavík | 201103/013 |
| Lektor í fjarskiptaverkfræði | HÍ, verkfræði- og náttúruv.svið | Reykjavík | 201103/012 |
| Lektor í rafeindatækni | HÍ, verkfræði- og náttúruv.svið | Reykjavík | 201103/011 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Kópavogur | 201103/010 |
| Rannsóknamaður | Hafrannsóknastofnunin | Reykjavík | 201103/009 |
| Iðjuþjálfi | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201103/008 |
| Lögfræðingur | Umferðarstofa | Reykjavík | 201103/007 |
| Fulltrúi í skjalastj. og skrifstofurek. | Umferðarstofa | Reykjavík | 201103/006 |
| Doktor í jöklavatnafræði | HÍ og Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201103/005 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201103/004 |
| Ráðgjafi á næturvaktir | Stuðlar | Reykjavík | 201103/003 |
| Fangaverðir, afleysing | Fangelsismálastofnun ríkisins | Litla-Hraun | 201103/002 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnunin Blönduósi | Blönduós | 201103/001 |
| Upplýsingafulltrúi | Umhverfisráðuneytið | Reykjavík | 201102/071 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Stofnun ársins leitar að lögfræðingi

**Umferðarstofa var bæði árið 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu. Hjá stofnuninni starfa um 50 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, árangur, áreiðanleika og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að efla öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.**

## Starfið

***Verkefni lögfræðings á rekstrarsviði felast m.a. í svörun erinda sem stofnuninni berast, mótun laga og reglna um bíltæknileg málefni, umferð og umferðaröryggi, innleiðingu EES gerða, viðhaldi, breytingum og túlkun skráninga- og verklagsreglna og gerð stjórnvaldsákvarðana í málum stofnunarinnar. Starfshlutfall er 100%.***

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Meistarapróf í lögfræði er skilyrði*
- *Góð þekking á sviði stjórnsýsluréttar*
- *Mjög gott vald á íslensku, bæði í ræðu og riti*
- *Mjög góð enskukunnátta og færni í norðurlandamálum*
- *Leitað er að einstaklingi sem er skipulagður, drífandi, úrræðagóður, jákvæður og fær í mannlegum samskiptum*

***Umsóknarfrestur er til 21. mars 2011.***

***Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:***

- *Á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni www.us.is/page/atvinnuumsokn*
- *Með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á framkvæmdastjóra mannauðs- og gæðasviðs, olof@us.is*
- *Senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:*
  *Umferðarstofa*
  *Bt. Ólafar Friðriksdóttur*
  *Borgartún 30*
  *105 Reykjavík*

*Nánari upplýsingar veita Dagný Jónsdóttir, forstjóri og Marta Jónsdóttir, lögfræðingur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.us.is.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Umferðarstofa
www.us.is
Borgartúni 30 – 105 Reykjavík
Sími: 580-2000 – Fax: 580-2001

UMFERÐARSTOFA

# Vélamaður

**Garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma óskar eftir að ráða vélamann vanan traktorsgröfu til starfa**

Umsókn um starfið skal skila á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi fyrir 15. mars næstkomandi.

Heimilisfang: Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma: 897-2472, myndsími: 585-2701.

Upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á netinu:
**www.kirkjugardar.is**

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

# Laust starf í efnahags- og viðskiptaráðuneyti

**Starf sérfræðings á efnahagsskrifstofu**

Sérfræðingurinn fer með umsjón skilgreindra verkefna við undirbúning efnahagsáætlana til lengri og skemmri tíma og annast samráð við haghafa og stofnanir ráðuneytisins auk annarra verkefna á sviði efnahagsskrifstofunnar.

**Eftirfarandi kröfur eru gerðar:**

**Menntun og reynsla**

- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi
- Reynsla af greiningu fjármálaupplýsinga og hagfræðilegra gagna
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af helstu upplýsingakerfum s.s. word, lotus notes, power point og excel
- Mjög gott vald á íslensku og textaskrifum
- Gott vald á ensku

**Hæfnisþættir**

- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Þekking á undirbúningi og stjórnun funda
- Þekking og reynsla af stjórnkerfi hins opinbera og samskiptum við aðila vinnumarkaðarins
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Í öllum tilvikum er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun sérfræðinga greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

Upplýsingar um starfið veitir
Björn Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu, netfang: bjorn.r.gudmundsson@evr.is

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun sérfræðinga greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars og umsóknir berist í póstfang postur@evr.is.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytið er nýtt ráðuneyti sem tók til starfa í október 2009 með það hlutverk m.a. að samstilla hagstjórn Íslands og hafa forystu um gerð efnahagsáætlana auk þess að móta lagaumgjörð fjármálamarkaðar og viðskiptalífs. Verksvið ráðuneytisins er þéttofið við alþjóðlegt samstarf á vettvangi EES, OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Undir efnahagsskrifstofu heyra m.a. hagfræðilegar athuganir, eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, umsjón með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og alþjóðagjaldeyrissjóðsins, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands og samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála*

# STÖRF
**hjá Reykjavíkurborg**



**Umsóknartími**
**1. m**

Fjölbreytt sumar- og afleysingastörf fyrir 17 ára og eldri (fædd ´94 og fyrr)

Aldurstakmark er breytilegt eftir störfum

Einungis hægt að sækja um á netinu

Aðstoð í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3 - 5



# Epal í Hörpunni

epal

Epal mun opna verslun í Hörpunni 4. maí nk. og leitar eftir tveimur starfsmönnum, einum í 100% starf og öðrum í 50% starf. Verslunin mun leggja áherslu á íslenska og erlenda gjafavöru.

Við leitum að starfsmanni sem er:
- jákvæður
- skipulagður
- getur unnið sjálfstætt
- hefur áhuga á góðri hönnun

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir
Elísabet Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 568-7733.
**Umsóknum skal skila á netfangið elisabet@epal.is, fyrir 10. mars nk.**



EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

## Laust starf
## í efnahags- og viðskiptaráðuneyti

-------------------------------------

**Starf hagfræðings á efnahagsskrifstofu**
Hagfræðingurinn sinnir hagfræðilegum athugunum auk þess sem hann tekur þátt í mótun og samhæfingu í tengslum við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eftir nánari fyrirmælum skrifstofustjóra.

**Eftirfarandi kröfur eru gerðar:**
**Menntun og reynsla**
- Háskólapróf í hagfræði, meistaranám æskilegt
- Fagþekking og reynsla á sviði hagfræði
- Reynsla af greiningu fjármálaupplýsinga og hagfræðilegra gagna
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af helstu upplýsingakerfum s.s. word, lotus notes, power point og excel

**Hæfnisþættir**
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og verkefnasviði ráðuneytisins
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Gott vald á ensku

Upplýsingar um starfið veitir
Björn Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu, netfang: bjorn.r.gudmundsson@evr.is

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun sérfræðinga greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars og umsóknir berist í póstfang postur@evr.is.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytið er nýtt ráðuneyti sem tók til starfa í október 2009 með það hlutverk m.a. að samstilla hagstjórn Íslands og hafa forystu um gerð efnahagsáætlana auk þess að móta lagaumgjörð fjármálamarkaðar og viðskiptalífs. Verksvið ráðuneytisins er þéttofið við alþjóðlegt samstarf á vettvangi EES, OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Undir efnahagsskrifstofu heyra m.a. hagfræðilegar athuganir, eftirfylgni við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, umsjón með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og alþjóðagjaldeyrissjóðsins, málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands og samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.*



KENNARASAMBAND ÍSLANDS

# Kennarasamband Íslands

## Þjónustufulltrúi á félagssviði KÍ

Kennarasamband Íslands tók til starfa í janúar 2000.

Að Kennarasambandinu standa átta félög þ.e. Félag grunnskólakennara, Félag framhaldsskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag tónlistarskólakennara, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í framhaldsskólum, Félag stjórnenda leikskóla og Félag kennara á eftirlaunum.

**Í Kennarahúsinu** eru skrifstofur Kennarasambandsins og félaga innan þess og einnig skrifstofur orlofssjóðs KÍ, sjúkrasjóðs KÍ auk endurmenntunarsjóða félaganna.

**Félagsmenn** eru nú rúmlega 10.000.

**www.ki.is**



Kennarasamband Íslands
óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa

**Þjónustufulltrúi** starfar náið með formönnum FL og FG svo og öðrum starfsmönnum félagssviðs. Hann annast upplýsingagjöf til félagsmanna varðandi kjara- og réttindamál auk þess að aðstoða við undirbúning og úrvinnslu námskeiða, þinga og funda. Hann annast einnig utanumhald gagna og aðstoðar við fréttaflutning á heimasíðu. Jafnframt sinnir hann ýmsum sérverkefnum á sviði skóla- og menntamála ásamt öðrum tilfallandi störfum á skrifstofu. Starfinu fylgja mikil samskipti.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt góðri þekkingu á kjara-, réttinda-, félags- og skólamálum einkum á leikskólastigi. Áhersla er lögð á áreiðanleika, reglusemi, þægilega framkomu og hæfni í mannlegum samskiptum. Umsækjendur skulu hafa gott vald á íslensku og almenna tungumálakunnáttu auk færni í notkun helstu tölvuforrita.

**Umsóknarfrestur** er til og með 21. mars nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

**Guðný Harðardóttir** veitir nánari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is**.

STRÁ MRI WORLDWIDE
Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is

**Fagmennska í 26 ár**

## SÖLUMAÐUR ÓSKAST TIL STARFA

Þarf að hafa góða þekkingu og reynslu af sölu rekstrarvara fyrir matvælaiðnaðinn, með sérþekkingu á umbúðum.

NOKK ehf þjónustar matvælaiðnaðinn, verslanir og veitingastaði með umbúðir, krydd, hjálparefni, vélar, hnífa og önnur áhöld.

Aðeins tekið á móti skriflegum umsóknum með greinargóðum upplýsingum um umsækjanda í póstfang svavar@nokk.is

**Umsóknafrestur er til 15. mars 2011**

**NOKK ehf**

Kjalarvogur 5, 104 Reykjavík

---

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

800 7000 – siminn.is

# Halló, er síminn til þín?

Síminn óskar eftir að ráða viðskiptastjóra, sérfræðing í hugbúnaðarþróun og starfsmenn í sölu- og úthringiver. Við leitum að traustum og snjöllum einstaklingum sem vilja ganga í lið með öflugum hópi starfsmanna á skemmtilegum vinnustað.

## Viðmótsforritun

**Starfslýsing:**
Starfsmenn hugbúnaðarþróunar Símans taka þátt í fjölmörgum spennandi hugbúnaðarverkefnum, s.s. fyrir snjallsíma (Android/iPhone), Sjónvarp Símans, NFC, Augmented Reality, Ring og margt fleira. Í boði er vinna með öflugu teymi sérfræðinga hjá einu af framsæknustu fyrirtækjum landsins þar sem beitt er Agile-aðferðum (Scrum).

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf og reynsla af vinnumarkaði æskileg
- Reynsla af viðmótsforritun (html, CSS, Javascript), Spring, Java og vefþjónustum
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæð vinnubrögð

## Viðskiptastjóri

**Starfslýsing:**
Ber ábyrgð á viðskiptum við lykilviðskiptavini Símans, s.s. sölu, kynningum, tilboðs- og samningagerð, ráðgjöf, viðskiptatengslum og eftirfylgni.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf og reynsla af vinnumarkaði æskileg
- Tæknileg þekking eða áhugi á tækni mikilvægur kostur
- Góðir skipulagshæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Þekking á íslensku viðskiptalífi skilyrði
- Kraftur, frumkvæði og innsæi í fjarskiptalausnir
- Þekking á fjarskipta-, upplýsingatæknilausnum og lausnahugsun, ásamt ríkri þjónustulund
- Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og hæfileika til að vinna í hópi

## Sölu- og úthringiver

Við leitum að hressu fólki, 20 ára og eldra, sem hefur mikinn metnað og frumkvæði til að skara framúr. Umsækjendur verða að vera fljótir að læra, hafa mikinn áhuga á mannlegum samskiptum og tilbúnir að láta til sín taka.

- Í söluveri eru í boði framtíðarstörf. 100% starfshlutfall í vaktavinnu. Árangurstengd laun.
- Í úthringiveri er í boði góð vinna og góð laun fyrir rétt fólk. Flott hlutastarf með námi.



## Umsóknarfrestur er til 14. mars 2011

Aflaðu þér upplýsinga í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga. Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar. Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, **www.siminn.is**.

Gildi Símans eru traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður

ENNEMM / SÍA / NM45623

Það er **Síminn**

# Við leitum að starfsmönnum í eftirfarandi stöður

## Öryggisstjóri, starfsstöð í Hafnarfirði

**Starfssvið:**
- Framkvæmd reglulegs öryggiseftirlits og þjálfunar
- Umsjón og þjálfun í gerð verklýsinga og áhættugreininga, ásamt umsjón öryggisfunda
- Þátttaka í stöðugri þróun ÖHU kerfis VHE.
- Ásamt fleiri tilfallandi störfum í tengslum við ÖHU kerfi VHE
- **Um er að ræða nýja stöðu**

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum þ.m.t . í öryggisstjórnun
- Góðir skipulags og samskipta hæfileikar.

## Öryggisfulltrúi, starfsstöð í Hafnarfirði

**Starfssvið:**
- Þátttaka í öryggiseftirliti og skýrslugerðum
- Gerð vinnulýsinga og áhættugreininga
- Vettvangseftirlit
- Þátttaka í stöðugri þróun ÖHU kerfis VHE
- Önnur tilfallandi störfum í tengslum við ÖHU kerfi VHE
- **Um er að ræða nýja stöðu**

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu við öryggiseftirlit í iðnaði
- Góðir skipulags og samskiptahæfileikar

## Málmiðnaðarmenn, starfsstöð á Reyðarfirði

**Starfssvið:**
- Járnsmíðavinna
- Viðhald vélbúnaðar
- Smíði og samsetning
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Uppsetning á vélbúnaði

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í málmiðngreinum, vélstjórnar menntun eða menn vana járnsmíðavinnu

Einungis er tekið er við umsóknum á heimasíðu VHE.is
Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 575-9700

VHE hefur í tæp 40 ár rekið Vélaverkstæði þar sem boðið er uppá alla almenna þjónustu sem við kemur viðhaldi, smíði og hönnun véla og tækjabúnaðar fyrir stóriðju og önnur fyrirtæki, bæði innanlands og utan.

VHE hefur á að skipa færum og reynslumiklum starfsmönnum með sterka öryggisvitund, sem taka að sér fjölbreytt og krefjandi verkefni í góðu starfsumhverfi.

VHE leggur mikla áherslu á öryggismál, enda ekkert mikilvægara en að starfsmenn komist heilir heim að vinnudegi loknum. VHE hefur innleitt öryggisstjórnunarkerfi sem hefur stuðlað að bætti öryggi, heilsu og umhverfi. Sterk öryggisvitund hefur þar af leiðandi fest sig í sessi hjá starfsmönnum VHE.

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Melabraut 21-27, 220 Hafnarfirði
Hrauni 5, 730 Reyðarfirði
Sími: 575 9700 www.vhe.is

VHE VÉLAVERKSTÆÐI



# Mentor - Alþjóðlegt fyrirtæki í örum vexti

Hjá fyrirtækinu starfa 43 einstaklingar í þremur löndum.
Á Íslandi starfa 23 starfsmenn og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda.

### Við leitum að öflugu fólki í eftirfarandi störf:

## Sérfræðingur í hugbúnaðarprófun

Starfið felst í hugbúnaðarprófunum, m.a. gerð og framkvæmd prófanatilvika og einingaprófana, samantekt prófana-niðurstaðna og skjölun.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Reynsla af prófunum og aðferðum gæðastjórnunar
- Þekking og reynsla af ASP.NET, C# og SQL
- Gott vald á ensku (töluðu og rituðu máli)
- Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

## Hugbúnaðarsérfræðingar

Mentorkerfið er smíðað í ASP.NET C# ofan á Oracle gagnagrunn.
Unnið er eftir Agile hugmyndafræði í tveggja vikna sprettum. Helstu verkefni felast í smíði nýrra eininga í Mentor ásamt aðlögun núverandi eininga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af ASP.NET og C#
- Gott vald á ensku (töluðu og rituðu máli)
- Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Frekari upplýsingar fást hjá Auðunni í síma: 895 0057
Umsóknir sendist á: starf@mentor.is fyrir 15.03.2011



mentor
Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík
www.mentor.is

**HÚSIN Í BORGINNI**
FASTEIGNASALA

**Húsin í borginni fasteignasala** óskar eftir að ráða vanan sölumann til starfa.
*Áhugasamir sendið ferilskár á telma@husin.is*

Sími 511 5005 - Klapparstíg 5 - 101 Reykjavík - www.husin.is

---

**FORRÉTTINDI**
*Aðstoð - frelsi - lífsgæði*
Forréttindi ehf • Farsími: 691 2722 • freyja@forrettindi.is
www.forrettindi.is

## Aðstoðarkonur óskast

Ég er 24 ára kona með hreyfihömlun sem leitar eftir aðstoðarkonum til starfa. Um er að ræða fullt starf eða hlutastarf og eru möguleikar.

Ég þarf aðstoð við athafnir daglegs lífs, m.a. við hreinlæti, klæðnað, keyrslu, tiltekt, vinnu, skóla o.fl. Einnig til að auka og viðhalda lífsgæðum mínum svo ég geti lifað eins og hver önnur manneskja í samfélaginu. Á allan hátt mun fjölbreytni einkenna starfið, enginn dagur er eins hjá mér, frekar en hjá þér.

Umsækjandi þarf að vera á aldrinum 20-30 ára, reyklaus og með bílpróf sem er skilyrði. Jákvæðni, virðing, metnaður, sveigjanleiki og samvinna er lykill að farsæld í starfi sem þessu því með þinni aðstoð hef ég tækifæri til að lifa sjálfstæðu lífi.

Um er að ræða dag-, kvöld-, nætur- og helgarvinnu og er æskilegt að umsækjandi geti unnið sveigjanlega.

**Starf getur hafist strax.**

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur berist á freyja@forrettindi.is
eða í síma 691 2722.

---

# Gæðastjóri

## Viltu hjálpa okkur að gera enn betur?

Starfið felur í sér ferla- og gæðaúrbætur annars vegar og viðhald á stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 27001 hins vegar. Gæðastjóri stýrir jafnframt öryggisnefnd og hefur umsjón með eignaumsýslu. Um er að ræða starf fyrir leiðtoga sem getur sameinað kröfur um gæðamál og fyrirtækjamenningu Vodafone. Gæðastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs en styður við öll svið fyrirtækisins og tekur þátt í ýmsum þverfaglegum vinnuhópum.

**Ábyrgðarsvið gæðastjóra:**

- Að skjalfesta og viðhalda öryggisstjórnkerfi.
- Skráning og viðhald á verklagsreglum um raunlægt öryggi og upplýsingatækniöryggi.
- Kortlagning ferla.
- Verkefnastjórnun í gæða- og öryggismálum ásamt fræðslu þar að lútandi innan fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun. Meistarapróf er kostur.
- Haldbær reynsla af ferlaskráningu og gæðamálum er skilyrði.
- Reynsla af stjórnun og innleiðingaferlum hjá ISO vottuðu fyrirtæki er kostur.
- Þekking á iGrafx og Sharepoint forritum.
- Þekking á verkefnastjórnun.
- Hæfni til að miðla upplýsingum.
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileikar.

**Nánari upplýsingar veitir Sonja M. Scott, starfsmannastjóri, sonjas@vodafone.is. Áhugasamir eru hvattir til að leggja inn umsókn á vodafone.is fyrir 15. mars 2011.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

*power to you*

---

# Forstöðumaður Verkefnastofu

**Við leitum að forstöðumanni** í krefjandi, áhugavert og gefandi starf. Viðkomandi þarf að hafa leiðtogahæfileika, getu til að hrinda verkefnum í framkvæmd og hrífa fólk með sér. Verkefnastofa tilheyrir sviði Þróunar og sinnir stýringu á verkefnum sem ganga þvert á bankann. Verkefnastofa keyrir áfram breytingar og er í lykilhlutverki í innleiðingu stefnu Landsbankans. Á Verkefnastofu fer fram skilgreining, þróun og uppbygging verkefna ásamt samþættingu, í samstarfi við hagsmunaaðila. Á Verkefnastofu starfa 15 hæfileikaríkir og metnaðarfullir einstaklingar við greiningu, verkefnastjórnun og verkferli.

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

### Helstu verkefni

- » Dagleg umsjón deildarinnar og stjórnun starfsfólks
- » Mótun á stefnu og sýn deildarinnar
- » Þátttaka í uppbyggingu Agile samfélags bankans
- » Samskipti við innri viðskiptavini
- » Virðismat og forgangsröðun verkefna
- » Tryggja að verkefni fylgi stefnu og að unnið sé að þeim málum sem fyrir liggja

### Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Skilningur á Agile hugmyndafræði og þeim aðferðum sem þar er beitt
- » Haldgóð reynsla af verkefnastjórnun nauðsynleg
- » Reynsla af gæðamálum nauðsynleg
- » Þekking á bankastarfsemi æskileg
- » Frumkvæði, fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum
- » Stjórnunarhæfileikar, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Jensína K. Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri Þróunar, í síma 410 7011 og Berglind Ingvarsdóttir hjá Mannauði í síma 410 7914. Umsókn merkt „Forstöðumaður Verkefnastofu“ fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars nk.

**Landsbankinn** | landsbankinn.is | 410 4000

Camp America
campamerica.co.uk



# Sumarstörf í Bandaríkjunum

**Ef þér finnst gaman að vinna með fólki, ert hress og til í að prófa eitthvað nýtt, þá er Camp America fyrir þig!**

Camp America er í samstarfi við sumarbúðir víðsvegar um Bandaríkin sem leita eftir starfsfólki yfir sumartímann.

***Umsóknarfrestur rennur út 28. mars***

Allar nánari upplýsingar á
**www.namsferdir.is**

NÁMSFERÐIR
EDUCATIONAL TRAVEL
Klapparstíg 25 • Sími 578 99 77



# Dogma opnar í Smáralind.

**Dogma óskar eftir að ráða manneskju í 100% starf.**

**Þarf að hafa reynslu af verslunarstörfum, góða þjónustulund, vera 20 ára eða eldri og geta hafið störf strax.**

**Verslunin í Smáralind mun vera með mun meira á boðstólnum en boli, svo sem úrval gjafavöru.**

**Umsókn með mynd sendist á dogma@dogma.is**

DOGMA
- w w w . d o g m a . i s -



**Hertz bílaleiga óskar eftir að ráða öfluga, sjálfstæða og skipulagða liðsmenn til starfa við starfsstöðvar okkar í Reykjavík og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.**

### Eftirfarandi störf eru í boði

**Afgreiðsla - Framtíðar og sumarstarf**
Starfið felur m.a. í sér bókanir, almenna afgreiðslu, afhendingu og móttöku bílaleigubíla. Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavini.

*Hæfniskröfur*
- *Almenn tölvukunnátta*
- *Tungumálakunnátta - Vald á 3 tungumálum er mikill kostur*
- *Bílpróf*

**Standsetning bifreiða - Sumarstarf**
Starfið felur í sér m.a. þrif og standsetningu bifreiða ásamt minniháttar viðhaldi.

*Hæfniskröfur*
- *Bílpróf - Meirapróf mikill kostur*

**Verkstæði - Sumarstarf**
Starfið felur í sér m.a. almennt viðhald bifreiða, smur, dekkjaskipti, flutningur á bílum og önnur tilfallandi störf.

*Hæfniskröfur*
- *Ökuréttindi á minni og stærri ökutæki er skilyrði*
- *Reynsla er æskileg*

*Almennar hæfniskröfur í öll störf*
- *Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum*
- *Þjónustulund*
- *Hreint sakavottorð*
- *Snyrtimennska*
- *20 ára aldurstakmark*

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið atvinna@hertz.is. Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi (2-2-3). **Umsóknarfrestur er til 7. mars n.k.**

Hertz - Bílaleiga Flugleiða ehf. hefur rekið bílaleigu á Íslandi í 40 ár. Á sumrin starfa um 80 einstaklingar hjá fyrirtækinu á 9 starfsstöðvum víðsvegar um landið. Hjá Hertz á Íslandi ríkir góður starfsandi og starfrækt er öflugt starfsmannafélag.

**Atvinna**
Úrvals þjónusta um land allt



Hertz



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Sérfræðilæknir í vefjameinafræði/ líffærameinafræði

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í vefjameinafræði/ líffærameinafræði (anatomic pathology/histopathology) við Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði.

### Helstu verkefni og ábyrgð
» Þjónustustörf sérfræðings í sérgreininni
» Kennsla og leiðbeining læknanema og deildarlækna
» Vísindarannsóknir tengdar sérgreininni

### Hæfnikröfur
» Íslenskt sérfræðileyfi í vefjameinafræði/ líffærameinafræði
» Reynsla af kennslu og vísindastörfum
» Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar um starfið
» Umsóknarfrestur er til og með 31.03.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
» Starfshlutfall er 50% og veitist starfið frá 01.05.2011 eða eftir nánara samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Jóhannes Björnsson, yfirlæknir, johbj@landspitali.is, sími 543 8351.
» Umsókninni skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Jóhannesi Björnssyni, yfirlækni, LSH Rannsóknastofu í meinafræði, húsi 8 við Hringbraut.
» Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



512 50 50
Auglýsingasími




Allt sem þú þarft...



# Hefur þú brennandi áhuga á íþróttum?

Íþróttadeild 365 leitar að íþróttafréttamanni í sumarafleysingar. Starfið er fjölbreytt og nær til allra miðla 365 sem fjalla um íþróttir, þ.e. sjónvarps- og útvarpsmiðla, Fréttablaðsins og Vísir.is.

**Hæfniskröfur:**

Mjög góð þekking og áhugi á íþróttum

Framúrskarandi vald á rituðu máli

Góð almenn tungumálakunnátta, enska og Norðurlandamál

Almenn tölvu- og tækniþekking sem og hæfni til að tileinka sér ný tölvuforrit við vinnslu íþróttafrétta

Sjálfstæð og öguð vinnubrögð í hröðu, krefjandi en skemmtilegu vinnuumhverfi

Frumkvæði og lipurð í samskiptum



Um fullt starf er að ræða og er unnið á vöktum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 1. júní.

**Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum vef 365 miðla – www.365midlar.is. Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2011. Frekari upplýsingar veitir Sigurður Elvar Þórólfsson íþróttafréttastjóri seth@365.is.**

365

**Árbæjarapótek óskar eftir lyfjatækni eða vönum starfsmanni í 100 % starf.**

Upplýsingar gefur Kristján í síma 567 4200

Árbæjarapótek • Hraunbæ 115 •110 Reykjavík

REYKJALUNDUR
endurhæfing

## Starfsmaður í móttöku

Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS auglýsir lausa stöðu starfsmanns í móttöku. Um er að ræða 75% starf og verður unnið á vöktum. Viðkomandi þarf að búa yfir sveigjanleika, almennri tölvuþekkingu og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfið felst í almennum móttökustörfum, símavörslu og skráningu á göngudeild.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni: www.reykjalundur.is

Upplýsingar um starfið veita Lára M. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar (laras@reykjalundur.is) og Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri (gudbjorg@reykjalundur.is).

Umsóknarfrestur er til 15. mars. Viðkomandi þarf að geta hafið störf hið fyrsta.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Rekstrarstjóri

Hjá iðnaðarráðuneytinu er laus til umsóknar staða rekstrarstjóra.

Ráðuneytið fer með forræði á málum er varða nýsköpun, iðnaðarmál, byggðamál, orkumál og ferðamál. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með góða samskiptahæfni og getu til að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni.

Rekstrarstjóri hefur umsjón með fjárreiðum, annast gerð fjárlagatillagna og hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Hann ber ábyrgð á bókhaldi, innkaupum og hefur eftirlit með rekstrarkostnaði og þróun útgjalda. Hann sér m.a. um launabókhald, starfsmannamál og árangursstjórnunarsamninga við stofnanir ráðuneytisins. Þá annast hann stjórnsýsluleg samskipti á sínu sviði við önnur ráðuneyti, Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun. Rekstrarstjóri er næsti yfirmaður bókara og þeirra starfsmanna sem annast almenna þjónustu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfinu.

**Starfið krefst:**

- Sjálfstæðra vinnubragða og skipulagshæfni.
- Færni og lipurðar í mannlegum samskiptum.
- Góðrar kunnáttu í íslensku og ensku og skilnings á einu Norðurlandamáli.
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Góðrar tölvukunnáttu.

Um er að ræða fullt starf og eru launakjör samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri, í síma 545 8500.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast iðnaðarráðuneytinu, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@idn.stjr.is eigi síðar en 18. mars nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.




# Viðgerða-/Baadermaður

**hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum**

Starfið tilheyrir rekstrarsviði Vinnslustöðvarinnar. Meginverkefnin eru viðhald og viðgerðir á Baadervélum auk annarra tækja og búnaðar í fiskvinnslu félagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Vélvirkjun eða sambærilegt er kostur
- Góð þekking og reynsla af Baadervélum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

# Sölumaður

**hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum**

Starfið tilheyrir bolfisksviði Vinnslustöðvarinnar með aðsetur í Vestmannaeyjum. Meginverkefnið er að annast sölu á bolfiskafurðum, gera söluáætlanir, sölusamninga og sölureikninga. Annast gerð vinnsluleiðbeininga og vörulýsinga. Umsjón með sölustarfi til viðskiptavina VSV, ásamt því að greina þróun markaða og möguleika fyrir auknar tekjur af seldri vöru.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla úr sjávarútvegi skilyrði
- Reynsla af sölu á bolfiski æskileg
- Góð þekking á erlendum mörkuðum fyrir bolfisk
- Mjög góð tungumálakunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

Í umsóknum þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Upplýsingar um störfin veitir Þórir Þorvarðarson, **thorir@hagvangur.is.** Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is – **umsóknarfrestur rennur út sunnudaginn 20. mars 2011.**

Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Rekstrartekjur félagsins námu 10 milljörðum króna á árinu 2010. Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar eru nú um 280 talsins og hefur fjölgað á hverju ári. Fyrirtækið greiddi rúma tvo milljarða króna í laun á árinu 2010. Vinnslustöðin á og gerir út alls tíu skip til uppsjávarveiða, togveiða og netaveiða. Fyrirtækið stundar vinnslu uppsjávarfisks, saltfiskverkun, humarfrystingu og bolfiskvinnslu, auk þess að reka fiskimjölsverksmiðju. Félagið flytur árlega út 30–40 þúsund tonn af afurðum.

Vinnslustöðin hf. • Hafnargötu 2 • 900 Vestmannaeyjar
Sími 488 8000 • vsv@vsv.is • www.vsv.is

# LANDVARSLA
## SUMARSTÖRF 2011

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri – Egilsstaðir – Ísafjörður - Mývatn
Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

***Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2011 fyrir eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, verndarsvæðið Mývatn og Laxá, Suðurland, Vesturland og sunnanverða Vestfirði.***

**Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í lok apríl og síðustu ljúka störfum í september.**

**Störf landvarða felast m.a. í vöktun, eftirliti, fræðslu og móttöku gesta.**

**NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN**

Umsóknarfrestur um störfin er til 20. mars 2011. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði verið er að sækja um eða forgangsröðun þar um.

Ítarlegri upplýsingar um svæðin, tímabil hvers starfs, störfin, hæfniskröfur og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, umhverfisstofnun.is.

Einnig er hægt að leita nánari upplýsinga hjá Ólafi A. Jónssyni deildarstjóra og Sigrúnu Valgarðsdóttur starfsmannastjóra í síma 591 2000.

# RENNISMIÐUR OG JÁRNSMIÐUR

Óskum eftir að ráða rennismið, CNC vélar og vanan járnsmið til vinnu í Hafnarfirði.
**Sími 555 6200**

## LAUS STAÐA VIÐSKIPTA- OG/EÐA REKSTRARFRÆÐINGS

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar (FFR) auglýsir eftir starfsmanni í 100% stöðu á skrifstofu FFR.
Starfið felst í aðstoð við framkvæmdastjóra og aðkomu að ýmsum rekstrarþáttum hjá FFR.

Menntun og reynsla á sviði viðskipta- og/eða rekstrar.
Reynsla og hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun eru skv. samningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi fagfélags.
Umsóknum skal skilað til starfsmannaþjónustu, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ eða á mittreykjanes.is.

**Umsóknarfrestur er til 24. mars n.k.**

**Nánari upplýsingar veitir Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri, í síma 421-6700, hjordis.arnadottir@reykjanesbaer.is**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## Fundir

ÁS STYRKTARFÉLAG

# Aðalfundur

Ás styrktarfélag heldur aðalfund sinn í safnaðarheimili Digraneskirkju í Kópavogi, miðvikudaginn 23. mars kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf – lagabreyting.
Lyngás 2011 – kynning.
Kaffiveitingar.
Félagar og annað áhugafólk fjölmennið.
**Stjórnin.**

# SKÓLASTJÓRI FLATASKÓLA
## ÞÁTTTAKANDI Í MÓTUN SKÓLASAMFÉLAGS GARÐABÆJAR

Í Garðabæ er unnið eftir markvissri skólastefnu sem nær til allra skóla bæjarins. Leiðarljós skólastefnu Garðabæjar eru metnaður-virðing- sköpun- gleði. Þar er lögð áhersla á ánægða nemendur, virka foreldra, fjölbreytt nám, markvisst skipulag og menntaða og hæfa starfsmenn. Kannanir hafa verið gerðar á líðan nemenda og unnið hefur verið að bættum vináttutengslum innan skólanna. Þróunarverkefni eru virkur þáttur í skólastarfinu. Áhersla hefur verið lögð á að námið sé einstaklingsmiðaðra en áður og í auknum mæli hefur verið unnið að því að koma til móts við alla nemendur til að skapa forsendur fyrr bættum árangri í námi. Samræmt skóladagatal er í Garðabæ milli leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þá er í Garðabæ lögð mikil áhersla á sjálfstæði skóla, fjölbreytni og valfrelsi sem felst meðal annars í því að foreldrar hafa fullt frelsi um val á skóla fyrir börn sín og leggja skólarnir sig fram um að koma til móts við þarfir þeirra.

Laus er staða skólastjóra við Flataskóla sem er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Nemendur skólans eru um 250. Leitað er að skólastjóra til að leiða þróttmikið skólastarf og virkja starfsfólk, foreldra og nemendur til að byggja upp enn betri skóla. Skólinn er elsta menntastofnun Garðabæjar sem byggir á trausti og stöðugleika en er þó alltaf í stöðugri framþróun. Skólinn er þekktur fyrir góðan árangur og hefur yfir að ráða reyndu starfsliði. Leiðarljós Flataskóla eru menntun-árangur-ánægja. Skólastjóri þarf að vera reiðubúinn til þess að taka þátt í að móta skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar, leikskóla, tónlistarskóla, aðra grunnskóla bæjarins sem og íþrótta- og æskulýðsfélög.

**Áherslur í skólastarfinu:**
- Læsi og lesskilningur
- Skapandi starf og tónmennt
- Umhverfismennt, hreyfing og útivist
- Jákvæð skólafærni og virk þátttaka nemenda

**Starfssvið:**
- Stýrir og ber ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Veitir skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Leiðir samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og kennslufræði
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi
- Metnaður, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Leitað er að einstaklingi sem hefur framúrskarandi samskiptahæfileika, er metnaðarfullur og vill ná árangri. Hann þarf að vera skapandi, hafa frumkvæði og geta bæði unnið sjálfstætt og í hópi.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2011.
Launakjör eru samkvæmt samningi LN og KÍ.
**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.**

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is . Umsókn þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu í grunnskóla, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar. Jafnframt er óskað eftir því að gerð verði grein fyrir hugmyndum um samvinnu innan skóla sem og við foreldra og grenndarsamfélagið.

Upplýsingar um starfið veita forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Margrét Björk Svavarsdóttir í síma 525 8500 eða netfang margretsv@gardabaer.is og deildarstjóri skóladeildar Oddný J. Eyjólfsdóttir í síma 525 8500, netfang oddnye@gardabaer.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

## Til leigu

# Til Leigu – Klettháls 1a




Glæsilegt, tæplega 1.000 fm stálgrindarhús í mjög góðu ástandi. Húsið stendur á 3000 fm einkalóð, með góðum bílastæðum og athafnasvæði. Hægt er að leigja húsið í hlutum og skiptist það niður í annarsvegar 1x200 fm bil með sér innkeyrslu hurð og hinsvegar í 600 fm bil auk skrifstofu, einnig má skipta skrifstofunum upp.
Hentar vel fyrir Iðnað, verðslun eða heildsölu.

***Áhugasamir hafi samband í síma 8228832 eða 8228844. Einnig má senda fyrirspurn á póstfangið, sb@vellir.is.***

## Húsnæði undir veitingarekstur til leigu.

**Tilbúinn veitingastaður til leigu á Laugavegi 55.**

Um er að ræða 150fm rými og tekur staðurinn á milli 50 og 60 manns í sæti, leyfi er fyrir stækkun uppá 75m2
Tilvalið fyrri einstakling sem hefur kunnáttu og metnað til að vinna sjálfstætt.

Upplýsingar gefur Gretar í síma 695-7047 gretar@sagaz.is

**VINNUEFTIRLITIÐ**
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – www.vinnueftirlit.is

## ADR-RÉTTINDI
### FLUTNINGUR Á HÆTTULEGUM FARMI
### Gilda m.a. á evrópska efnahagssvæðinu

Vinnueftirlitið fyrirhugar að halda eftirfarandi námskeið í Reykjavík ef næg þátttaka fæst fyrir þá er öðlast vilja réttindi til að flytja hættulegan farm á Íslandi og annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu:

Flutningur á stykkjavöru (grunnnámskeið):
**21. – 23. mars 2011**
Flutningur í/á tönkum:
**24. – 25. mars 2011**
Flutningur á sprengifimum farmi:
**26. mars 2011**

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiðunum um flutning í/á tönkum og/eða á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið námskeið um flutning á stykkjavöru (grunnnámskeið) og staðist próf í lok þess.

Skrá skal þátttöku og greiða námskeiðsgjald í síðasta lagi miðvikudaginn 16. mars 2011. Skráning og nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins, Bíldshöfða 16, sími 550 4600, netfang vala@ver.is.




## Auglýsing um sveinspróf

**Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin í maí og júní ef næg þátttaka fæst:**

Í matvælagreinum í maí. Umsóknarfrestur er til **1. apríl.**

Í byggingagreinum í maí – júní. Umsóknarfrestur er til **1. apríl.**

Í prentgreinum í maí – júní. Umsóknarfrestur er til **1. apríl.**

Í ljósmyndun í september – október. Umsóknarfrestur til **1. júlí.**

Í málmiðngreinum í maí – júní. Umsóknarfrestur til **1. maí.**

Í vélvirkjun í september. Umsóknarfrestur til **1. júní.**

Í snyrtigreinum í maí – júní. Umsóknarfrestur er til **1. maí.**

Í bílgreinum í maí – júní. Umsóknarfrestur er til **1. maí.**

Í hönnunar- og handverksgreinum í maí – júní. Umsóknarfrestur er til **1. maí.**

**Dagsetningar prófanna verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.**

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2011.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð og má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.idan.is og á skrifstofunni.

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2
105 Reykjavík
Sími: 590 6400
Bréfsími: 590 6401
www.idan.is

IÐAN fræðslusetur

# Við höfum augastað á ...



### ... sjóntækjafræðingi í Augastað Mjódd

Við leitum að menntuðum sjóntækjafræðingi til starfa í Augastað Mjódd. Viðkomandi þarf að hafa faglegan metnað, reynslu af vinnu á verkstæði og réttindi til sjónmælinga og linsumátana.

### ... starfsmanni í Augastað Selfossi

Við leitum að starfsmanni í hlutastarf í Augastað á Selfossi. Vinnutími er samkomulagsatriði. Ef þú hefur brennandi áhuga á þjónustu og tísku, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

Umsóknarfrestur um bæði störfin er til **12. mars nk.**
Umsókn ásamt ferilskrá sendist til starf@augastadur.is.

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Inga Lára Hauksdóttir í síma 522 5800.**

augastaður
Gleraugnaverslunin þín



# Lyf og heilsa leitar að lyfsöluleyfishafa ...

### ... í apótek okkar á höfuðborgarsvæðinu

Í starfinu felst fagleg ábyrgð á rekstri apóteksins samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur sem getur stýrt hópi starfsmanna til árangurs, þá gætum við verið að leita að þér.

Umsóknarfrestur um starfið er til **12. mars nk.**
Umsókn ásamt ferilskrá sendist til starf@lyfogheilsa.is.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Inga Lára Hauksdóttir í síma 522 5800.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 110317

Lyf og heilsa er framsækið verslunar- og þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Heilsa og heilbrigði er sérsvið fyrirtækisins og er markmið þess að auka lífsgæði viðskiptavina sinna með því að bjóða lyf og aðrar heilsutengdar vörur. Hjá Lyfjum og heilsu er veitt persónuleg, örugg og fagleg þjónusta. Vöruframboðið tekur mið af því og stenst ströngustu kröfur viðskiptavina.

Hjá Lyfjum og heilsu er það viðurkennd staðreynd að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, er lykillinn að farsælum rekstri fyrirtækisins. Þar er því lögð rík áhersla á að byggja upp skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

Mannvirkjastofnun

## Löggildingarnámskeið

Námskeið fyrir mannvirkjahönnuði, sem óska löggildingar til að gera aðal- og séruppdrætti sbr. ákvæði. mannvirkjalaga, verður haldið í apríl 2011, ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið mun hefjast föstudaginn 29. apríl 2011 kl. 13:00 og standa dagana 29.- 30., 6.- 7.- 13.- 14. maí 2011 og lýkur með prófi laugardaginn 28. Maí 2011. Námskeiðsgjald er 90.000.- kr. og 57.000.- kr. fyrir þá sem sækja námskeiðið til upprifjunar. **Ath. að samkvæmt nýjum mannvirkjalögum þurfa umsækjendur að hafa lokið 3 ára starfsreynslu til að sitja námskeiðið.**

Upplýsingar og umsóknareyðublað fást hjá IÐAN- fræðslusetur, Skúlatúni 2, Reykjavík eða vefsetrinu

http://www.mfb.is/namskeid/loggilding-mannvirkjahonnuda/

Umsóknum skal skilað þangað útfylltum ásamt 1) afriti af prófskírteini umsækjanda, 2) vottorði frá iðnaðarráðuneyti um réttindi til starfsheitis, 3) vottorði faglegs yfirmanns um starfsreynslu, sjá 48.gr. skipulags og byggingalaga, **eigi síðar en mánudaginn 11. apríl 2011.**

Nánari upplýsingar í síma 590 6434.

Reykjavík 2. mars 2011.
Mannvirkjastofnun

**Styrkir**

AUÐLIND
NÁTTÚRUSJÓÐUR

## Auðlind-Náttúrusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2011.

Auðlind – Náttúrusjóður er sjálfseignarstofnun sem starfað hefur samkvæmt skipulagsskrá frá 1. desember 2008.
Um sjóðinn gilda ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
Tilgangur Auðlindar er að vernda þann þjóðararf sem felst í náttúru Íslands. Sjóðurinn mun standa vörð um náttúru og vistkerfi Íslands, vatnafar landsins og endurheimt fyrri landgæða. Það er markmið sjóðsins að efla virðingu fyrir ómetanlegum gæðum íslenskrar náttúru.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki fyrir verkefni sem tengjast endurheimt votlendis.
Hámarksfjárhæð styrkja fyrir hvert verkefni er kr 500.000.
Upphæð styrks getur numið allt að 50% hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum.

Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum, sem finna má á vefsíðu Auðlindar, **www. audlind.org**. Á vefsíðunni má einnig finna úthlutunarreglur sjóðsins. **Umsóknafrestur er til og með 30. mars 2011.** Umsóknir skal senda á Auðlind-Náttúrusjóð, Stokkseyrarsel, 801 Selfoss.

Fyrirspurnum má beina á netfangið audlind@audlind.org

## Styrkir

**Langar þig að stunda hluta af vinnustaðanámi þínu á Norðurlöndunum?**

## Ferða- og dvalarstyrkur

IÐAN fræðslusetur auglýsir eftir umsóknum til vinnustaðanáms á Norðurlöndunum. Norræna ráðherranefndin styrkir nemendur í öllu iðn- og starfsnámi til að stunda hluta af vinnustaðanámi sínu á Norðurlöndunum. Umsóknarfrestur er 16. maí 2011. Úthlutað verður úr sjóðnum í júní 2011 og október 2011. Hámarksdvöl er sex mánuðir og lágmarksdvöl er tveir mánuðir.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu IÐUNNAR fræðsluseturs, http://idan.is/styrkir/ eða í síma 590-6400.

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2
105 Reykjavík
Sími: 590 6400
Bréfsími: 590 6401
www.idan.is

IÐAN fræðslusetur

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing um styrki til Noregsfarar

Stjórn sjóðsins Þjóðhátíðargjöf Norðmanna auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna Noregsferða 2011.
Umsóknarfrestur er til **4. apríl 2011**.
Nánari upplýsingar um sjóðinn og styrkveitingar úr honum ásamt eyðublaði er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, www.menntamalaraduneyti.is/thjodhatidarsjodur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 4. mars 2011.
menntamálaráðuneyti.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

## Útboð

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**
***Símaþjónusta: Talsíma- og farsímaþjónusta fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar - EES.***

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 3.000 kr. frá og með 9. mars 2011 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 28. mars 2011, kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

12543

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## ÚTBOÐ

**Bæjarsjóður Kópavogs óskar eftir tilboðum í breytingar og endurbætur á sambýli fatlaðra Skjólbraut 1 a Kópavogi.**

Núverandi hús er steinsteypt einbýlishús á 2. hæðum og fellst verkið í að breyta, endurgera og innrétta húsið fyri sambýli fyrir 5 einstaklinga.
Flatarmál húss er (heildar grunnflötur ) 379 m²

**Helstu verkþættir eru:**
I. Múrbrot
II. Frágangur rampa og innkeyrslu utanhúss
III. Frágangur innan – og utanhúss
IV. Lagnavinna
V. Loftræsting
VI. Raflagnir

Verkinu skal að fullu lokið 15. júní 2011
Útboðsgögn verða seld á kr. 5000,- í þjónustuveri Kópavogs, Fannborg 2, l hæð, frá og með mánudeginum 7. mars nk.

Tilboðum skal skilað á sama stað þriðjudaginn 22. mars 2011 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

Bæjarsjóður Kópavogs.

TOLLSTJÓRI

## UPPBOÐ

**Boðnir verða upp lausafjármunir í húsnæði Vöruhótels Eimskip að Sundabakka 2, Reykjavík, laugardaginn 12. mars 2011 kl. 11:00.**

Um er að ræða ótollafgreidda vöru þar sem aðflutningsgjöld eru fallin í gjalddaga. Meðal þeirra muna sem boðnir verða upp eru bifreiðar, vélsleði, varahlutir, verkfæri, bílvél, hjólbarðar, byggingavörur, timbur, innréttingar, baðkar, húsgögn, fatnaður, skór, töskur og leikföng. Hvorki ávísanir né kreditkort eru tekin gild sem greiðsla, einungis debetkort eða peningar. Greiðsla við hamarshögg.

**Nánari upplýsingar munu liggja fyrir á uppboðsstað**

Tollstjóri,
4. mars 2010.

# SAMNINGSKAUP

**F.h. Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Óskað er eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér bæði ferjusamgöngur til og frá Viðey og veitingarekstur í Viðeyjarstofu.***

Gögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá og með 1. mars 2011 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Skilafrestur þátttökutilkynninga og tillögugerðar er 29. mars 2011, kl 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Útboð á rekstri bílastæða og öryggisgæslu

**Totus ehf. auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í útboði á rekstri bílastæða og öryggisgæslu fyrir Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.**

Leitað er tilboða í rekstur bílastæða við Hörpu ásamt viðbótarþjónustu sem bjóðandi telur að geti rúmast samhliða rekstri þeirra.
Samhliða er óskað tilboða í öryggisgæslu í húsinu utan opnunartíma.

Einungis bjóðendur sem uppfylla kröfur útboðsgagna um reynslu, þjónustu og gæði koma til greina.

Útboðsgögn liggja frammi hjá Totus ehf., Austurstræti 17, 101 Reykjavík, **frá og með fimmtudeginum 10. mars 2011.**

Tilboðum ásamt fylgiskjölum skal skila á sama stað, eigi síðar en **kl. 16.00, mánudaginn 28. mars 2011, merktum:**

**Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.**
**Rekstur bílastæða og öryggisgæsla.**
**Nafn og aðsetur bjóðanda.**

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

ÍSLENSKA/SIA.IS/POR 53993 03/11

Landsvirkjun

## Hólmsárvirkjun
## Útboðsgögn HMV-01, nr. 20037

**Jarðfræðirannsóknir 2011**

Landsvirkjun og Orkusalan óska eftir tilboðum í jarðfræðirannsóknir vegna Hólmsárvirkjunar samkvæmt útboðsgögnum HMV-01, nr. 20037.

Verkið felst í aðalatriðum í eftirfarandi:
i. Kjarnaborun.
ii. Loftborun (ODEX) rannsóknarhola.

Helstu magntölur verksins eru áætlaðar:

| | |
|---|---|
| Kjarnaborun | 650 m |
| Loftborun (ODEX) rannsóknarhola | 300 m |

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2011.

Útboðsgögn HMV-01 verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með mánudeginum 7. mars 2011 gegn óafturkræfu gjaldi að upphæð kr. 5.000,- fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 14:00 miðvikudaginn 23. mars 2011, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Raflagnir og dyrasímaþjónusta**
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
kboga@simnet.is

## Til sölu



**TILBOÐ**
Dömuskór úr leðri Verð: 4.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070.

Til sölu eldhúsb. úr furu m/4 stólum. Einnig ýmis handverkfæri og spónviðar hillur sem þarfnast smá lagfæringu Uppl: 866 4108.

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00-17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Til sölu ný talstöð vhl 65w, forrituð með loftneti. Einnig farangursbox. Uppl. í s. 893 2575

**Notaðar þvottavélar 10**
Til sölu notaðar þvottavélar 10kg. Heitt & kalt vatn. Þurrkarar 10kg. Þeitivindur, 200l. Uppl. í s. 897 1012.

Heima er bezt tímarit - þjóðlegt og fróðlegt. s. 553 8200 - www.heimaerbezt.net

Hyandai Santa Fe 02" Tilboð óskast Á sama stað Matsui MWM 1000N Þvottavél. S. 898 0927

## Óskast keypt



Óska eftir bollum í þetta stell. Nafnið er Arzberg. Uppl í s. 554 3281 og 695 3509

Óska eftir að kaupa 20 feta gám. Uppl. í s. 863 8892.

Verkfæri óskast, legupressa og lítill járnrennibekkur og ýmis verkfæri til bíla og vélaviðgerða. Uppl. í s. 893 3475.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Óska eftir nýlegri og vel með farinni þjöppu 70-80 kg m. vatnstanki, einnig malbikssög DIMAS 350. Uppl. gefur Villi s. 864 1220.

Til sölu vélar, tæki og ýmis áhöld til hreingerninga. T.d. bónvélar, teppahreinsivél og fl. Tilboð óskast. Uppl í s 893-8693 laugard og sunnud. milli 16.00 og 18.00

Óska eftir notuðum frystiklefa, 6-8fm2 uppl í 893 6787

Til sölu rennibekkur tossv18ra 1.5m milli odda 355mm þvermál 2800rpm. Uppl. í s. 892 0941.



**Pallettutjakkar**
Lyftigeta 2,5 tonn Verð kr: 59.900.- með vsk Plastprent ehf Fosshálsi 17 - 25 S: 580 5600 www.plastprent.is

## Til bygginga




2"x4"óskast ekki styttra en 3.6m einnig kambstál og doki s. 892 4624.

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með C€ vottun!
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
*Pantana & upplýsingasími*
**849 0698**
**www.bathmate.is**

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun:
www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

## Fæðubótarefni




Purple K - Eitt öflugasta og besta kreatínið á markaðnum í dag. Fæst á bodybuilder.is

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@isment.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

KÍNVERSKA NUDDSTOFAN Kínverskur nuddari sem í heimalandi sínu menntaði sig bæði í vestrænum læknisfræðum og kínversku nuddi. Hann getur hjálpað þér að losna við ýmsa verki og hvíla með nuddi og nálastungu. Hamraborg 20A Sími: 564 6969

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Námskeið

**Útsaumsnámskeið**
**forn íslenskur revelsaumur silkiborðasaumur. Uppleystur ullarsaumur. Þrívíddarsaumur. Crewel saumur, kunstbroderi og fleira**
**Inga gefur uppl. og innritun í S. 892 4250.**

## Kennsla

Mósaík námskeið! Kennari er Kjuregej Alexandra Í síma: 848-2976 Geymið auglýsinguna :-)

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Húsgögn

**Chesterfield**
Vantar Chesterfield hornsófa eða sófasett S: 894 1154.

Rúm til sölu, nýleg dýna lítið notuð 1.53x2. Rúmgafl fylgir. Tilboð óskast. Uppl. í s. 856 2418.

## Málverk

**MÁLVERK TIL SÖLU**
**Óli G. Jóhannsson**
Olía 145x210.
**Valtýr Pétursson**
Olía 50x70
**Karl Kvaran**
Kvass 70x90
**Kjarval ofl.**
Uppl. Sverrir@posthus.is s: 8964489

## Dýrahald



Beagle hvolpar (HRFI) til sölu. Tilbúnir til afhendingar ca. 15. Mars með örmerkingu, ættbók og heilsufarsbók ásamt gjafapakka. Nánari uppl. í síma 862 1304.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**



Tvær hreinræktaðar svartar labrador tíkur til sölu. Afhending um miðjan mars. Ættbók HRFI. Góðar ættir. Uppl. í síma 846 2628.

Persneskur kettlingur til sölu. Allar nánari upplýsingar í s. 899-9603.

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**TILBOÐSDAGAR**
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HNÖKKUM 30% AFSLÁTTUR AF ART HJÁLMUM HESTAR OG MENN ÖGURHVARFI 1 SÍMI 567 3300

Fullþurrkað gæðarúllahey til sölu eða í skiptum fyrir smíðavinnu, bíl, vinnutæki eða annað. Skipti á hesti koma ekki til greina. Verð pr rúllu 7000 kr heimkomið á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 892 4811.

## Ýmislegt



Vegna sérlega hagstæðst innkaupa, seljum við þessar frábæru vélar á aðeins 39.990.- meðan byrgðir endast. Procam sími 867 7866 og 533 2121.

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Til leigu**
**81,6 fm 3ja herbergja íbúð við Bárugranda í Reykjavík. Leiga 140 þús. á mánuði, verðtryggt. Innifalið hússjóður og hiti í íbúð. Trygging skv. samkomulagi við leigusala. Langtímaleiga.**
**LAUS STRAX!**
**Upplýsingar veitir Magnús í síma 699-0775**

Kjallaraherb. til leigu í 101. Uppl. í s. 773 3182.

**Leigjendur, takið eftir!**
Það eru skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Gott herb. til leigu í vesturbæ kóp. aðg. að baði og interneti. Sjónvarp,ískápur og örbylgjuofn getur fylgt uppl: 868 1425.

10 fm herbergi til leigu í Hraunbæ. V. 25þ. á mán. Uppl. í s. 892 9499.

Nýtt raðhús á völlum í Hfj. til leigu 3 svefnherb., 190 fm. Laust nú þegar. Engin gæludýr leyfð. Uppl. í s. 893 9777.

70 fm. íbúð í Eskihlíð til skammtímaleigu til 30 apríl. Verð 90 þús.Sími 696 0864.

5 herb. raðhús til leigu í Grafarvogi, uppl. í s. 858 8265

Herb. til leigu í Árbænum með aðg. að baði. Uppl. í S. 695 0507.

Room for rent, separate kitchen and bathroom, price 55 þ. Langholtsvegi 137. Uppl. í s. 896 1039.

**VELDU ÖRYGGI!!**
Fáðu fagfólk til að sjá um útleigu á þínu húsnæði. Sem leigjandi gerðu þá ófrávíkjanlega kröfu um að skjalagerð sé í höndum fagfólks www.leiguhus.is aðstoðar þig Sími 562 2554.

Til leigu 120 fm 5 herb raðhús í Grafarvogi nálægt Egilshöll. Uppl í s 7776609

35 fm. einstaklingsíbúð, nálægt háskólanum til leigu fyrir skilvísan og reglusaman einstakling. Uppl. í s. 696 6906.

Til leigu 4herb rúmgóð íbúð í Álftamýri. uppls í s:849 5747

## Húsnæði óskast

3 herb. íb óskast til kaups í breiðholti m. suðursvölum uppl:5870168 / 8458168

Reglusamur einstaklingur óskar eftir að taka á leigu litla íbúð með húsgögnum til skemmri tíma. Helst miðsvæðis og er fyrirframgreiðsla í boði. Upplýsingar í síma 863 6588.

Vil kaupa litla íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jeppa upp. í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

## Atvinnuhúsnæði

**IÐNAÐARHÚSNÆÐI ÓSKAST**
Lítið iðnaðarhúsnæði með innkeyrsludyrum óskast á leigu á reykjarvíkursvæðinu. Uppl. í síma 898 3206.

**LEIGUHÚS.IS LEIGUMIÐLUN**
Ef þig vantar atvinnuhúsnæði Ef þú vilt leigja atvinnuhúsnæði Leitaðu til okkar reyndu manna. Leiguhús.is sími 562 2554

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**FRYSTIGEYMSLUR**
**Vantar þig að láta geyma í frysti? Erum með útleigu á frystiplássi fyrir bretti, getum tekið allt að 100 bretti. Aðgangur að geymslum alla daga.**
**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690 3408**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Atvinna í boði

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
**Pizza Hut leitar af vaktstjóra í framtíðarstarf.**
**Starfið felst í: Stjórnun vakta, Þjónustu í sal,**
**Mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.**
**Hæfniskröfur: Reynsla af stjórnun, mikil þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, tölvukunnátta, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár.**
**Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is merkt „vaktstjóri" fyrir 10 mars.**
**Upplýsingar veitir Þórey veitingastjóri í síma 822-3642.**

3XFISKUR óskar eftir að ráða,eftirfarandi starfsfólk,í fiskvinnslu sína í Breiðdalsvík. VERKSTJÓRA, þarf að hafa reynslu. HANDFLAKARA vana í steinbít. Uppgrip næstu þrjá mánuði FISKVERKAFÓLK Vinsamlegast hafið samband við Hendrik í sima 421 3355 eða 897 4915.

**Sparta**
Hárstofa
Laugarásvegi 1, S. 553 1755
**Stólaleiga eða verktaki óskast.**
**Upplýsingar veitir Særún í s. 896 3963**

**Portið veitinga og kaffihús**
Óskum eftir vönum þjónum í vinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. 893 2323 eða info@portid.is

Óska eftir fólki í ræstingar og fl verður að tala og skilja íslensku umsækendur sendi e-mail á umsjon@visir.is.

Starfskona óskast til starfa í snyrtivöruverslun í Rvk. Þarf að geta hafið störf þann 1. apríl. Umsóknir sendist á lauststarf@gmail.com

Sölumenn óskast á prósentum við sölu á samningum umsækendur sendi e-mail á hreindyr.net@gmail.com

Vantar góðlinda ráðskonu í sveit. Lítið og sætt heimili, bústofn aðallega fiðurfé. Þyrfti að hafa bílpróf. Uppl í s. 899 4600

Vélstjóra með 1000 ha réttindi vantar á tæpl. 200tonna rækjubát. Uppl í s. 845 3480.

Bar 11 og Sódóma óskar eftir vönum dyravörðum, aðeins íslensku mælandi og yfir 25 koma til greina Uppl: 690 6021 milli 13 og 20.

Vantar stelpu til þess að vera au-pair í miðborg London sem fyrst! Getur verið fram í Júlí eða lengur. Um er að ræða einn 12 ára strák sem sér að mestu um sig sjálfur og einn 5 mánaða. Vinsamlegast sendið upplýsingar ef þið hafið áhuga. aupairlondon2011@gmail.com

Við viljum bjóða þér skemmtilega aukavinnu. Miklir tekjumöguleikar. Uppl: Gunnar í s. 777 3391 Elsa í s. 846 7680.

## Atvinna óskast

Naglafræðingur útskifaður frá snyrti-akademíunni óska eftir sumarstarfi á höfðuborgas. 662-4867

42 ára karlmaður óskar eftir vinnu skoða allt. Er með meirapróf og lyftarapróf. Uppl. í s. 863 8892.

2 smiðir óska eftir vinnu, vanir trésmíði, flísalögn, málun & gipsvinnu. S. 846 3632.

Er að leita af aukavinnu á kvöldin eða um helgar.er með sveinsbréf í pípulögnum og vélstjóraréttindi VSIII=V.3.simi 693 2615

## Tilkynningar



EVA LIND!!! Hélstu að við hefðum gleymt þér. TODAY IS THE DAY. Þú hefur nokkrar mínútur til finna til djammföt og sundfatnað. Vertu snögg því við erum á leiðinni.

## Ýmislegt

Dans, finnst þér gaman að dansa? Óska eftir kk dansfélaga, ca. 57 ára + til að dansa við einu sinni í viku fram til vors. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið dansfelagi@gmail.com. Algjörum trúnaði heitið.

## Einkamál

Kona um sjötugt óskar eftir að kynnast heiðarlegum manni sem vini og félaga sem hefur mörg áhugamál. Sendist á FBL merkt bjartir dagar.

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

RE/MAX

Skráðu fasteignina þína hjá okkur og við seljum hana!



Ástþór Reynir
**899 6753**

Gunnar Sverrir
**862 2001**

## Suðurgata 25
220 Hafnarfjörður
Virðulegt einbýlishús með sögu

**Stærð: 171,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1889**
**Fasteignamat: 30.350.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**





**Sunnudaginn 6. mars 2011 kl 14 - 14:30**

**Verð: 39.900.000**

Glæsilegt og virðulegt einbýlishús við Suðurgötu í Hafnarfirði. Húsið er samtals 171 fm og þar af 33 fm bílskúr. Eignin skiptist þannig: Neðri hæð: Forstofa, hol, tvær stofur, borðstofa, eldhús, baðherbergi og fatageymsla. Efri hæð: þrjú herbergi, baðherbergi og fataherbergi. Kjallari: Geymsla, þvottahús og stórt vinnuherbergi. Bílskúr byggður 32,7 fermetrar með vinnuherbergi og salerni inn af, byggður 2008. Fallegur gróinn garður með hellulagðri verönd.

Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
**8995209**
hordur@remax.is



## Skeljagrandi 1
107 Reykjavík
Falleg 3-4 herbergja íbúð

**Stærð: 115,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1981**
**Fasteignamat: 18.600.000**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**





**Opið hús á mánudaginn kl 18.30**

**Verð: 21.900.000**

RE/MAX SENTER KYNNIR: fallega 3 herbergja endaíbúð á annari hæð. Inngangur af svölum ásamt stæði í bílskýli. Svalir eru beggja megin við húsið. Svalir í stofu vísa út í garð þar sem er leiksvæði sem var tekið í gegn fyrir tveimur árum og hefur verið vel viðhaldið. Vestursvalir þar sem inngangur er með einstöku útsýni yfir sjóinn. Húsið var málað að utan fyrir þremur árum síðan. Einnig var skipt um gler og glugga á íbúðinni fyrir þremur árum. Í kjallara er mjög stór geymsla ásamt hjólageymslu.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



## Ósabakki 5
109 Reykjavík
Fallegt raðhús á tveimur hæðum

**Stærð: 211,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1976**
**Fasteignamat: 33.200.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**





**Sunnudaginn 6.mars 2011 kl 15 - 15:30**

**Verð: 41.500.000**

211 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Neðra Breiðholti í Reykjavík. Húsið er velskipulagt og mikið endurnýjað. Örstutt í alla verslun, þjónustu og skóla. Elliðárdalinn í næsta nágrenni. Nánari lýsing: Efri hæð: Forstofa, gestasnyrting, hol, eldhús, stór stofa með arin, borðst og sjónvarpsst allt í einu rými, útgengt á stórar vestur svalir meðfram öllu húsinu, fallegt útsýni. Neðri hæð: Hol,Baðherb ,4 svefnherb, sjónvarpsherb, geymsla og þvottaherb. Gólfefni:Parket og flísar

Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
**8995209**
hordur@remax.is



## Tröllakór 5
203 Kópavogur
Glæsileg 4ra herb á jarðhæð

**Stærð: 137,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2007**
**Fasteignamat: 23.350.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**





**Sunnudaginn 6.3. frá 16.00-16.30**

**Verð: 29.900.000**

Íbúðin skiptist í þrjú mjög rúmgóð svefnherbergi með góðu skápaplássi, mjög bjart og gott rými sem skiptist í sjónvarpshol og stofu með opnu eldhúsi og útgengi á sólpallinn, þvottahús og fallegt baðherbergi með sérlega breiðu baðkari, sturtuklefa og góðri innréttingu. Íbúðinni fylgir einnig 9,8 fm sér geymsla og stæði í bílageymslu. Gólfhiti er í íbúðinni með þráðlausum stýribúnaði. Neysluvatn er útbúið með stofnlokum fyrir hverja íbúð og heitt neysluvatn er upphitað kalt vatn.

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi
**8247772**
audur@remax.is



Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
**699 7372**
Venni@remax.is



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**0**
kol@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Barmahlíð 9
105 Reykjavík
Falleg neðri sérhæð með bílskúr

**Stærð: 157,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1947**
**Fasteignamat: 27.200.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**





**Sunnudaginn 6. mars 2011 kl 16 - 16:30**

**Verð: 31.900.000**

Falleg 130 fm neðri sérhæð og 28 fm flísalögðum bílskúr með rafmagni, hita og hurðaopnara.
Nánari lýsing eignar:
Eignin sem er á tveimur hæðum skiptist í forstofu með fatahengi, tvær rúmgóðar stofur með útgengi út á suðursvalir og út í garð, endurnýjað eldhús með fallegri innréttingu og eldhústækjum, endurnýjað baðherbergi með fallegum tækjum, 3 rúmgóð svefnherbergi, fataherbergi og þvottaherbergi.
Gólfefni: Parket og flísar

Hörður Sverrisson
Lögg. fasteignasali
**8995209**
hordur@remax.is



## Einivellir 7 íb. 401
221 Hafnarfjörður
Glæsileg íbúð með stæði í bílag.

**Stærð: 110 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 21.700.000**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Sunnudaginn kl. 15-15.30**

**Verð: 26.500.000**




REMAX Senter og Þóra kynna fallega íbúð í viðhaldsfríu lyftuhúsi með stæði í bílageymslu.
Íbúðin skiptist í: Forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, 3 svefnherbergi, baðherbergi, sameiginlegt þvottahús og geymslu innan íbúðar.
Nánari lýsing: Forstofa með flísum og fataskáp. Eldhús með stórri innréttingu, eldhústæki eru úr burstuðu stáli. Borðstofa er rúmgóð og sameinast stofu, út úr stofu er gengið út á stórar svalir í suður og vestur. Á gangi eru tvö góð barnaherbergi með skápum. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með hita í gólfi, stórum sturtuklefa, upphengdu klósett og handklæðaofn. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum upp í loft. Þvottahús og geymsla eru sameinuð í eitt rými innan íbúðar. Gólfefni; Í stofu, eldhúsi, borðstofurými, herbergjum og á gangi er eikarparket. Í forstofu, baðherbergi og þvottahúsi eru glæsilegar dökkgrár og brúnyrjaðar flísar. Innréttingar og hurðir eru úr hvíttaðri eik. Innfelld lýsing (halogen) er í öllum rýmum nema barnaherbergjum.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra Birgis. í síma 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**0**
kol@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Grundarhvarf 1
203 Kópavogur
Glæsilegt parhús á útsýnisstað

**Stærð: 171,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 3-4**
**Byggingarár: 2001**
**Fasteignamat: 37.100.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Opið hús Sunnudaginn kl 17-17.30**

**Verð: 49.700.000**




REMAX Senter og Þóra kynna glæsilegt parhús á útsýnisstað við Elliðarárvatn.
Innra rými og innréttingar hússins eru hannaðar af Guðbjörgu Magnúsdóttur Arkitekt. Sérvalin, liggjandi eik er í öllum innréttingum, hillum og skápum, granít á borðplötum í eldhúsi og baðherbergi. Gólfefni er úr gegnheilli eik og ljósum náttúrustein sem einnig prýðir gluggaáfellur. Lýsing hússins er hönnuð af Lumex.
Húsið skiptist í stofu og borðstofu sem eru opin rými og tengd eldhúsi. Út úr stofu er gengið út á verönd í afgyrtan og skjólgóðan suðurgarð. Stórt hjónaherbergi með fataherbergi og vinnuaðstöðu auk stór herbergis, baðherbergis, þvottahúss og bílskúrs með geymslu inn af.
Garðurinn sem er glæsilega hannaður og gróinn snýr í suður og austur með útsýni yfir Elliðarárvatnið.
Eigendur hafa áhuga á skiptum á stærri sérbýli í Kópavogi eða Garðabæ.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra Birgis. í síma 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**0**
kol@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**


Miðasala í síma 568 8000
eða www.id.is
Sýnt í Borgarleikhúsinu
4. mars – uppselt
5. mars – örfá sæti laus
6. mars – uppselt
8. mars – aukasýning
9. mars – uppselt
11. mars – örfá sæti laus
12. mars
Íslenski dansflokkurinn
Sinnum
þrír
Großstadtsafari
eftir Jo Strömgren
Heilabrot
eftir Brian Gerke
og Steinunni Ketilsdóttur
White for Decay
eftir Sigríði
Soffíu Níelsdóttur
frumsýning 4. mars
íd
Íslenski
dansflokkurinn

FRAMHALD AF FORSÍÐU



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MENNING
BERGSTEINN SIGURÐSSON






Íslensk menningarpólitík er fyrsta yfirlitsritið þar sem íslensk menningarstefna og birtingarmyndir hennar eru greindar með skipulegum hætti. Að mati Bjarka er löngu tímabært að það sé gert.

„Ég vildi reyna að opna á samræður um þessi mál, hvernig menningarstefna er mótuð og hvernig henni er stýrt. Þessi bók getur vonandi þjónað sem eins konar útgangspunktur fyrir slíka umræðu.“

Það þarf kannski ekki að koma á óvart að íslensk menningarstefna sé ekki mikið í umræðunni hér á landi í ljósi þess að stjórnvöld hafa enga yfirlýsta menningarstefnu.

„Það er ekkert opinbert stefnuplagg, ólíkt því sem tíðkast víðast hvar á Norðurlöndum. Í Danmörku kemur til dæmis út rit þar sem gerð er grein fyrir efnislegum þáttum, af hverju á að gera þetta en ekki hitt og svo framvegis.

Þessu er ekki að heilsa hjá ríkisvaldinu á Íslandi. En þótt stefnan sé ekki orðuð þýðir það ekki að hún sé ekki til staðar. Ríkið leggur talsvert fé í ýmiss konar menningarstarfsemi og til að finna stefnuna þarf að rýna í tölur um hvernig því fé er varið.

Það væri mjög æskilegt ef stjórnvöld gæfu út skýra menningarstefnu, og ég veit að það stendur til. Það skapar ákveðinn umræðuvettvang, útgangspunkt sem getur verið erfitt að finna eingöngu út frá tölum, það verður líka að vera skýr hugmynd á bak við stefnuna og það myndi bara gera menningarvettvangnum gott að tala um þessa hluti.“

## Einsleit menningarvitund

Áhrifamesta breytan í menningarstefnu stjórnvalda hér á landi er að mati Bjarka hin alltumlykjandi íslenska menningarvitund, þar sem samþætting menningararfs, tungumáls og náttúru gegna lykilhlutverki.

„Ég eyði talsverðu púðri í að greina frumdrætti menningarvitundarinnar og hvernig hún birtist í menningarpólitík nútímans. Þetta er alveg klárlega samþætting af tungumáli, mjög sértækum lestri á menningararfi, sem snýst fyrst og fremst um bókmennta- og sagnaarf og náttúruna.

Maður verður var við þetta víða í menningarstefnu hins opinbera, menningartengdri ferðaþjónustu og alþjóðlegri samvinnu, svo fáein dæmi séu nefnd. Þegar við fórum til dæmis með formennsku í norrænu ráðherranefndinni árið 2004 var gefin út skýrsla af því tilefni, þar sem menning og náttúra varð í aðalhlutverki.

Markaðsarmurinn spilar líka inn á þetta, ekki síst þegar íslenskir listamenn eru kynntir á erlendum vettvangi, þá föllum við mjög fljótt inn í þessa menningarvitund. Björk og Sigur Rós eru mjög nærtæk dæmi, þar sem skírskotanir í íslenska náttúru og dulin öfl hennar eru notuð ósparlega til að búa til ákveðna markaðsímynd. Björk og Sigur Rós eru frábærir listamenn en þegar maður hlustar á tónlist þeirra leitar hugurinn ekki endilega til náttúrunnar eða íslensku menningarvitundarinnar, heldur kannski eitthvert allt annað. En það fer ekki á milli mála í hvaða átt ímyndinni er stýrt, hún er oft smættuð niður í einhverja klisju.“

## Einhæfni ávísun á ógöngur

Bjarki segir að vissulega geti það vel verið svo að Íslendingar séu einfaldlega þjóð sem leggi mikið upp úr menningararfi sínum og náttúru.

„Og ekkert að því í sjálfu sér, nema að með því að einblína svona á þessa þætti horfum við ekki á hina möguleikana líka. Það er fullt af öðrum menningarkimum sem eiga réttmætt tilkall til umræðu líka. Ef við höldum okkur of fast við viðhorf sem hafa meira að gera með horfna tíma en nútímann er hætt við að menningarhugtakið staðni og við lendum í blindgötu. Hér er því mikilvægt að gæta jafnvægis og skýr menningarstefna getur aðstoðað við slíkt.“

Bjarki segir að þegar sé farið að bera á leiða sumra erlenda gagnrýnenda á menningarvitundinni í markaðssetningu íslenskra listafurða.

„Smám saman hverfur nýjabrumið og hvað þá? Við erum búin að draga 22 tonna ísjaka á Íslandskynningu til Parísar. Hversu oft

getum við gert það? Það er líka réttmæt spurning hvort slíkt uppátæki hafi skyggt á þá 200 listamenn sem voru á hátíðinni að kynna list sína eða hvort ísjakinn hafi mótað viðtökur þeirra sem nutu listaverkanna.“

Hættan er því sú að mati Bjarka að umbúðirnar verði alltumlykjandi á kostnað innihaldsins og þar af leiðandi til trafala.

„Sú söluvara sem við búum til af menningunni er tiltölulega einhæf, það er allt eins undir þessum hatti menningarvitundarinnar. Það er ekki nóg til að svala menningarlegum þorsta heillar þjóðar. Þess vegna þarf að vera til menningarstefna sem passar líka upp á að það sé til eitthvað sem heitir framúrstefna. Við búum við menningarkerfi sem er eins og risastórt fljót, svo stórt að það er hætt við því að við greinum ekki ekki kvíslarnar í kring. Og það gæti reynst okkur hættulegt.“

## Menning er líka lífsnauðsynleg

Bjarki telur nauðsynlegt fyrir Íslendinga að taka menningarstefnu sína fastari tökum. Hrunið og eftirköst þess gefi gott tækifæri til þess.

„Ég kasta til dæmis því fram að efnahagshrunið hefði ekki orðið jafn bratt og eins mikið hefðum við hugað betur að menningarsviðunum,“ segir hann. „Menningin er jú grundvöllur alls, hún fóðrar pólitísku sviðin og efnahagssviðin, endurnýjar okkar symbólska táknheim og gerir okkur mennsk. Þetta er eitthvað sem þarf alltaf að huga að og hafi einhvern tímann verið möguleiki á því, þá er það núna.“

Ein leiðin til að hlúa betur að menningarsviðinu sé að verja meira fé til þess.

„Alla málaflokka samfélagsins vantar í sjálfu sér fjármagn. Það hefur hins vegar loðað við menninguna að hún sé einhver lúxusmálaflokkur sem má hlúa að í góðæri en þegar harðnar á dalnum verði peningarnir að fara í málaflokka sem eru lífsnauðsynlegir, til dæmis heilbrigðisþjónustu. Menningin er hins vegar líka lífsnauðsynleg, bara á annan hátt því hún fóðrar hina málaflokkana og gefur þeim meiningu.“

Breytt forgangsröðun á menningu krefst hins vegar ekki aðeins fjármagns, segir Bjarki, heldur almennrar viðhorfsbreytingar.

„Hún þyrfti að ná til fjölmiðla og annarra almannasviða; það þyrfti til dæmis að koma á þroskaðra samstarfi milli markaðarins og menningargeirans og móta nýja orðræðu til að gera fólki þýðingu menningarsviðanna ljósa.“

## Tölur á kostnað innri gilda

Ríkisfjármögnuð menningarstarfsemi hefur átt í vök að verjast undanfarið og þau sjónarmið verið uppi að það sé ekki réttlætanlegt að verja skattfé til að kosta listir og sköpunarstarf. Fulltrúar menningargeirans hafa svarað þeirri gagnrýni á markaðsforsendum; að menningarstarfsemi skili arði, eins og nýleg skýrsla um veltu skapandi greinar ber vitni um.

„Við förum fyrst að taka eftir mikilvægi menningar þegar við getum töluvætt hana. Menningin er vissulega mjög mikilvæg atvinnugrein. En ef við einblínum á hana sem slíka hugsum við einungis um menningu til hálfs; menning hefur líka annað umfram hina samfélagsmálaflokkana og það eru hin innri gildi. Þau gera okkur kleift að endurmeta menningu okkar, þekkingu, fagurfræði, tákn, venjur, siðferði og svo framvegis.“


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Björk og Sigur Rós eru frábærir listamenn en þegar maður hlustar á tónlist þeirra leitar hugurinn ekki endilega til náttúrunnar eða íslensku menningarvitundarinnar, heldur kannski eitthvert allt annað. En það fer ekki á milli mála í hvaða átt ímyndinni er stýrt, hún er oft smættuð niður í einhverja klisju.

Innri gildin séu hins vegar illmælanleg.

„Það er að minnsta kosti ekki hægt að setja tölulegan kvarða á þau, við verðum að mæla þau huglægt. Tölur skipta máli en við megum ekki tapa okkur í þeim, heldur verðum við að huga líka að hinu. Ég greini ákveðna hættu í orðræðunni núna, til dæmis í sambandi við skýrsluna um hinar skapandi stéttir, því það er önnur hlið á menningu sem er illmælanleg en verður líka að fá svigrúm til að þróast. Það gerist ekki á markaðsforsendum með skjótfengna gróðavon að leiðarljósi, heldur með því að sá til lengri tíma.“

Hér hafa sveitarfélög og ríki mikla möguleika, segir Bjarki.

„Sérstaklega sveitarfélögin sem hafa grunnskólana á sínum snærum og hafa því tækifæri til að gera menninguna að virkari þætti í skólastarfi. Það væri mjög vænleg leið til að sá til framtíðar, stuðla að viðhorfsbreytingu og forgangsraða menningu. Þetta er það sem mér finnst einna áhugaverðast. Forsendurnar til að ráðast í slíkar breytingar eru mjög heppilegar núna og mér þætti synd ef við létum það tækifæri fara framhjá okkur.“


*„Næst þér“ í ræktinni*



**HIGH**
**Impact Sports**
Mjög góður fyrir allar íþróttir/æfingar sem krefjast mikils stuðnings.
Til dæmis: Hlaup, fótbolti og körfubolti. Toppurinn er með breiða hlýra og aðlagast brjóstunum vel. Sérútbúinn innri stuðningspúðar fyrir enn betri stuðning. **Verð 12.990,-**





**MEDIUM**
**Impact Sports**
Frábær fyrir íþróttir/æfingar sem krefjast meðal stuðnings.
Til dæmis: Spinning, dans og aerobik.
Innri stuðningur veitir gott auka aðhald.
**Fjólublár 6.990,-**
**Appelsínugulur 8.990,-**



**LIGHT**
**Impact Sports**
Sérhannaður fyrir íþróttir sem krefjast ekki hámarksstuðnings.
Til dæmis: Göngur, lyftingar og jóga. Tvöfalt innra lag sem veitir stuðning. Hægt að snúa við og nota beggja vegna.
**Verð 5.990,-**




**NIKE PRO**
Innra byrði efnisins dregur svita frá húðinni yfir í ytra byrðið þar sem vökvinn breiðir úr sér á stærra svæði og gufar hratt upp þannig að húðinn helst þurr og köld og einbeitingin fer í að ná árangir.
**Bolur 7.990,-**
**Buxur 5.990,-**



SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ● GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ● KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

## AÐ TJALDABAKI



**Bragar gera víðreist** Skáldsaga Braga Ólafssonar, Gæludýrin, heldur áfram að gera víðreist og er nú komin út hjá franska forlaginu Actes Sud í þýðingu Róberts Guillemette. Gæludýrin hafa áður komið út í Danmörku, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Frakklandi og á Spáni.

Í vikunni kom síðan út skáldsaga Steinars Braga, Konur, hjá franska forlaginu Métailié í þýðingu Henrýs Kiljans Albanssonar. Útgáfuréttur Kvenna hefur þegar verið seldur til Þýskalands, Svíþjóðar og Póllands.



**Tilnefningar til Fjöruverðlauna** Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna, voru tilkynntar á dögunum. Í flokki skáldrita voru tilnefndar bækurnar Blóðhófnir eftir Gerði Kristnýju, Ljósa eftir Kristínu Steinsdóttur og Síðdegi eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur.

Í flokki fræðirita voru tilnefndar Konan sem fékk spjót í höfuðið eftir Kristínu Loftsdóttur, Tónlist í leikskóla eftir Sigríði Pálmadóttur og Þóra biskups eftir Sigrúnu Pálsdóttur. Í flokki barnabóka hlutu tilnefningu Íslensk barnaorðabók eftir Ingrid Markan, Laufeyju Leifsdóttur og Önnu C. Leplar; Skrímsli á toppnum eftir Áslaugu Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakel Helmsda; og Þankaganga – My-lobieg eftir Völu Þórsdóttur og Agniezku Nowak.






# SJÓNVARPSTILBOÐ




**Panasonic**
**ideas for life**




**AVATAR**
**3D Blu-Ray**
**FYLGIR MEÐ!**

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

## ÚRVAL GÆÐATÆKJA FRÁ FINLUX




**Finlux 19FLX850UD**
19" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**19" 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 22FLX850UD**
22" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**22" 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 24FLX850UD**
24" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**24" 64.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 26FLX850UD**
26" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**26" 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 32FLX850UD**
32" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxial, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**32" 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 37FLHX850U**
37" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxia, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**37" 109.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic ideas for life
Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



# Sigrar og töp Charlie Sheen

**Þrátt fyrir rúman aldarfjórðung í sviðsljósinu hefur Charlie Sheen aldrei verið jafn mikið milli tannanna á fólki og síðustu vikur vegna tíðra frétta af gegndarlausri eiturlyfjaneyslu, ofbeldi og fleiru miður geðslegu. *Kjartan Guðmundsson* stiklar á stóru yfir feril leikarans, sem margir telja helsjúkan á geði.**

## 1965 LEIKARAFJÖLSKYLDA

Carlos Irwin Estevez fæðist í New York hinn 3. september, yngsti sonur leikarans Martins Sheen og Janet Templeton. Systkini hans, Emilio, Ramon og Renée, eru öll leikarar. Fjölskyldan flyst fljótlega til Kaliforníu og gerir Charlie það gott í hafnaboltaliði skólans síns áður en hann gerist góður vinur drengja á borð við Rob Lowe og Sean Penn, sem síðar verða vinsælir leikarar. Nokkrum vikum fyrir útskrift er Charlie rekinn úr skólanum og ákveður þá að gerast leikari. Honum bregður fyrst fyrir í kvikmyndinni The Execution of Private Slovik árið 1974, níu ára gömlum.



## 1984 Á TOPPINN

Fyrsta alvöru hlutverk sitt fær Sheen í kvikmyndinni Red Dawn. Aukahlutverk í unglingamyndinni Ferris Bueller's Day Off og aðalhlutverk í stríð- og Óskarsverðlaunamynd Olivers Stone, Platoon, fylgja í kjölfarið árið 1986. Ári síðar, 1987, hlýtur Charlie mikið lof fyrir frammistöðu sína í annarri mynd eftir Oliver Stone, Wall Street. Eftir tvær myndir með Emilio bróður sínum, Young Guns (1988) og Men At Work (1990), fer að síga á ógæfuhliðina hjá Charlie í hlutverkavali þegar B-myndir og misgáfulegar grínmyndir taka nær alfarið við hjá honum.



## 1990 VOÐASKOT

Sheen fiktaði við áfengi og fíkniefni á unglingsárum eins og gengur og gerist í Hollywood, en hóf óhófið þó fyrst fyrir alvöru við tökur á myndinni Wall Street árið 1986. „Þá var ég sífullur," sagði hann síðar í viðtali. „Tökurnar fóru fram í New York, ég var að skemmta mér fram til klukkan þrjú eða fjögur á hverri nóttu og þurfti svo að mæta klukkan sex á morgnana til að leika á móti Michael Douglas. Ég skil ekki ennþá hvernig þetta gekk upp."

Í janúar 1990 er Charlie handtekinn fyrir að skjóta unnustu sína, ***Kelly Preston***, í handleggin fyrir mistök. Engar kærur eru lagðar fram á hendur honum en samband Sheens og Preston líður undir lok skömmu síðar. Síðar á árinu fer Charlie í sína fyrstu fíkniefnameðferð.



## 1995 VÆNDISKÚNNI

Charlie er eitt af aðalvitnunum í réttarhöldunum gegn Hollywood-mellumömmunni ***Heidi Fleiss***. Hann segist hafa eytt yfir 50.000 dollurum í þjónustu vændiskvenna Fleiss og segist vera mest fyrir „klappstýrutýpuna". Sama ár giftist Charlie í fyrsta skipti af þremur, fyrirsætunni Donnu Peele, en þau skilja ári síðar. 1997 er Charlie dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás á Brittany Ashland, unnustu sína, og ári síðar tekur hann inn of stóran skammt af kókaíni og gengst undir aðra fíkniefnameðferð.

## 2000 VELGENGNI Í SJÓNVARPI

Þetta ár færir Charlie sig yfir í sjónvarp með góðum árangri þegar hann tekur við aðalhlutverki Michaels J. Fox í gamanþáttaröðinni vinsælu Spin City og hlýtur Golden Globe verðlaunin að launum. 2003 tekur hann að sér hlutverk nafna síns Charlie Harper í þáttunum Two and a Half Men. Fljótlega verður Sheen launahæsti sjónvarpsleikari sögunnar með allt að tveimur milljónum dala fyrir hvern þátt, ef marka má slúðurpressuna. Þættirnir njóta mikilla vinsælda, allt þar til framleiðslu er hætt á þeim í byrjun þessa árs þegar Sheen rakkar niður aðalframleiðanda þáttanna í útvarpsviðtölum. Nú hyggur Charlie á risavaxið skaðabótamál vegna tekjumissisins.





## 2006 SUBBULEGUR SKILNAÐUR

Charlie skilur við eiginkonu númer tvö, leikkonuna ***Denise Richards***, sem hann giftist árið 2003 og eignaðist tvær dætur með. Í hönd fer illvíg barátta fyrir dómstólum, þar sem Richards sakar Sheen meðal annars um heimilisofbeldi, spilafíkn, að horfa á barnaklám og reyna að neyða hana í fóstureyðingu. Charlie sakar Denise á móti um að vera „hæfileikalaust svín".

## 2009 UMTALAÐUR

Sheen er handtekinn á jóladag í Aspen í Colorado-ríki. Hann viðurkennir að hafa hótað þriðju eiginkonu sinni, Brooke Mueller, með hnífi. Árið eftir er hann dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi, mánaðarlanga fíkniefnameðferð og 36 klukkustunda reiðistjórnunarnámskeið fyrir vikið. Næsta árið eru fregnir af stjórnlausri hegðun hans tíðar. Í lok árs 2010 sækir hann um skilnað frá Mueller. Í vikunni fjarlægðu lögregluþjónar 23 mánaða gamla tvíbura hjónanna af heimili Sheens, þar sem hann býr með tveimur nýjum kærustum sínum. Charlie lætur einkennilega í viðtölum, talar í sífelldum frösum á borð við „Winning!", sem hann endurtekur í sífellu, og ótalmargir velta fyrir sér geðheilsu leikarans.





*Opið hús hjá*

# Náttúrufræðistofnun í Urriðaholti

**Í dag, laugardag, verður opið hús hjá Náttúrufræðistofnun Íslands frá kl. 13–17 í nýjum heimkynnum stofnunarinnar í Urriðaholti í Garðabæ.**

- ***Leiðsögn um húsið***
- ***Fræðimenn á hverju strái***
- ***Geirfuglinn***
- ***Steypireyður***
- ***Pödduskoðun***
- ***Náttúrufræðikort***
- ***Fróðleikur fyrir börnin***

## Allir velkomnir.




URRIÐAHOLT

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

www.urridaholt.is · www.ni.is



## Sjónarhorn

**Ljósmynd: Stefán Karlsson**

**GÁFAÐUR OG GÓÐUR** Thor nefnist þessi Afganhundur sem keppti til úrslita á hundasýningu Hundaræktarfélags Íslands um liðna helgi. Hann er í eigu Valgerðar Júlíusdóttur, sem segir Thor vera gáfaðan hund með yndislegt geðslag. Afganhundar eru frá Afganistan, stórir, léttir og með mikinn feld. „Ég ver þremur tímum í að baða, blása og greiða Thor í hverri viku,“ segir Valgerður.






Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1946

# Winston Churchill boðar nýja heimsmynd í tímamótaræðu

**Sagði járntjald fallið þvert yfir meginland Evrópu.**

Hinn 5. mars árið 1946, fyrir réttum 65 árum, hélt Winston Churchill, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, tímamótaræðu þar sem hann markaði að vissu leyti upphaf heimsmyndar kalda stríðsins.

„Frá Stettin í Eystrasalti til Trieste í Adríahafi hefur járntjald fallið þvert yfir álfuna,“ sagði Churchill meðal annars í ræðunni, en upp frá því varð þetta hugtak, „járntjaldið“ tákn um hina hugmyndafræðilegu gjá sem myndast hafði milli áhrifasvæða Bandaríkjanna og Vesturveldanna annars vegar og Sovétríkjanna hins vegar.

Austan járntjaldsins færu stjórnvöld í Moskvu með nær öll völd, sagði Churchill, og kommúnistaflokkar í löndum Austur-Evrópu væru að eflast og sækjast eftir alræðisvaldi.

Í ræðunni varaði Churchill við því að ástandið yrði svipað og fimmtán árum áður þegar Þýskaland nasismans var að ryðja sér til rúms í hjarta Evrópu. Til að koma í veg fyrir að stríð brytist út að nýju þyrfti að bregðast við með ákveðnum hætti. Til þess þyrfti öflugar alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar.

Ræðan var flutt innan við ári eftir að Bretland, Bandaríkin og Sovétríkin höfðu fagnað sigri gegn öxulveldunum í seinni heimsstyrjöldinni, og fannst mörgum sem Churchill tæki þar ansi djúpt í árinni í gagnrýni sinni á Moskvu, þar sem ekki höfðu allir í hópi Vesturveldanna gefið upp á bátinn að hægt væri að eiga vinsamleg samskipti við Sovétríkin.

Ræðuna hélt Churchill í Westminster-háskólanum í Missouri-ríki í Bandaríkjunum, en á sama stað árið 1992, 46 árum síðar og þremur árum eftir að járntjaldið sjálft féll, hélt Mikhaíl Gorbatsjov, forseti Sovétríkjanna, ræðu þar sem hann tilkynnti endalok kalda stríðsins. - þj

*Heimild: BBC*




# BYKO styður Mottumars!

# 15% afsláttur

af öllum mottum og dreglum

Mottumars er heiti á mánaðarlöngu átaki Krabbameinsfélags Íslands um karlmenn og krabbamein. Af því tilefni ætlar BYKO að veita 15% afslátt af öllum mottum og dreglum í mars.

10% af heildarverði af seldri mottu eða dregli rennur til Mottumars átaksins.



Aðeins tveir dagar eftir!




Verð sprengja

# Öll innimálning og málningarverkfæri

# 20% afsláttur

Gildir til sunnudags!



# Rjómabolla og kaffi 99 kr.

Gómsætar rjómabollur og ilmandi kaffi á aðeins 99 kr. frá kl. 13:00 um helgina!*

BYKO

*Bollurnar fást á opnunartíma í BYKO Breidd, Kauptúni, Granda, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi og Selfossi. Hámark 2 bollur á mann á meðan birgðir endast.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**57** **JÓN ORMUR HALLDÓRSSON STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR** er 57 ára.
*„Hamingjan er alveg ópólitísk. Hún lærist heldur ekki í skólum.“*



## 90 ára afmæli

**Tómas Grétar Sigfússon,**

Kelduhvammi 1, Hafnarfirði
verður níræður mánudaginn 7. mars.

Hann fæddist að Hurðarbaki í Flóa árið 1921 og ólst upp á Eyrarbakka með foreldrum sínum og yngri systkinum. Grétar reri í áratugi frá Þorlákshöfn, lengst af vélstjóri á Friðrik Sigurðssyni. Hann vann síðustu starfsárin í álverinu í Straumsvík.

Hann og eiginkona hans Sigríður Gunnarsdóttir taka á móti gestum í Haukahúsinu í Hafnarfirði á afmælisdaginn frá kl. 16.00 til kl. 19.00.



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Guðlaugar Ólafsdóttur**
Lækjasmára 8, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðaþingi og á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Roðasölum, fyrir frábæra umönnun.

Jón A. Þórarinsson
Guðný Rut Jónsdóttir — Lárus Valberg
Ólafur Haukur Jónsson — Inga Lára Helgadóttir
Arnfinnur Sævar Jónsson — Helga Daníelsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Guðlaugur Þ. Jóhannesson**
rafvirkjameistari,

lést á líknardeild Landakotsspítala þann 21. febrúar. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þann 8. mars kl. 13. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á líknardeild Landakotsspítala og blóðlækningadeild 11G á Landspítalanum.

María Másdóttir
Már Guðlaugsson — Sigrún Sif Karlsdóttir
Kristófer Másson
Tryggvi Másson
Þórir Guðlaugsson
Andri Snær Þórisson
Sævar Þór Þórisson

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR - Á AFSLÆTTI
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON: FIMMTUGUR Á MORGUN

# Ég er umbótapólitíkus

Allir landsmenn kannast við Sigmund Erni Rúnarsson, skáld og alþingismann, meðal annars af sjónvarpsskjánum. Nú fagnar kappinn fimmtugsafmæli á morgun. Hvað finnst honum um það? „Ánægjulegt og spennandi,“ svarar hann glaðlega. „Fyrst og fremst þó þakklátur fyrir að hafa haldið heilsu í þessa hálfu öld. Maður bugtar sig fyrir því láni. Ég tel líka forréttindi að hafa fengið að upplifa marga merkilega parta Íslandssögunnar sem blaða-og fréttamaður og nú síðustu tvö ár á hinum pólitíska vettvangi.“

Sigmundur er fæddur og uppalinn á Syðri-Brekkunni á Akureyri. „Æskuheimilið var í efri mörkum bæjarins og ég bjó við mikið frelsi. Var með kanínurækt og gat rennt mér á skíðum beint ofan úr Hlíðarfjalli heim að dyrum. Þá voru enn við lýði uppreimaðir skór og gormabindingar svo auðvelt var að ganga á skíðunum eftir þörfum. Svo komu plastklossarnir og þá var maður geirnegldur niður.“

Heimdraganum hleypti Sigmundur tvítugur að aldri. „Ég ákvað það ungur maður að hafa skriftir að meginstarfi og strax að loknu stúdentsprófi mynstraði ég mig inn á Vísi. Ritstjóranum, Ellert B. Schram, leist þokkalega á þennan norðanpilt og réði hann á stundinni. Þar með voru örlög ráðin.“

Ungur kveðst Sigmundur hafa byrjað að yrkja. „Ég átti því láni að fagna að alast upp undir handarjaðri ömmu minnar sem orti, eins og margar alþýðukonur, fyrir eldhússkúffuna. Hún kenndi mér íslenska hrynjandi því hún reri mér inn í íslensk kvæði.“

Allar ljóðabækur Sigmundar, sjö talsins, birta þó hið frjálsa form. Hefur hann ekkert nýtt sér kveðskaparkunnáttuna frá ömmu? „Jú, ég yrki býsnin öll með hefðbundnum bragarháttum og einhvern tíma ætla ég að gefa það út. En ný ljóðabók er í vændum á þessu afmælisári. Vandamálið er að níu ár eru frá því sú síðasta kom út, ég hef skrifað þrjár aðrar bækur í millitíðinni, og því er orðið úr svo miklu að velja; ljóð á servíettum, pappaspjöldum og í ótal litlum minnisbókum sem ég hef gengið með í vösunum.“

Þingmennskan er skemmtilega skrítið starf að sögn Sigmundar Ernis og svo tímafrekt að auðvelt er að láta það stela sér frá fjölskyldunni. Hann segir þingmenn í meira sambandi við kjósendur sína en margan gruni og úrlausnarefnin séu mörg. Ekki vill hann þó kalla sig fyrirgreiðslupólitíkus heldur eðlilegan umbótapólitíkus. „Ég vona að ég byggi meira upp en ég ríf niður,“ segir hann með áherslu.

Fimm börn Sigmundar sem eru á lífi og eiginkonan Elín Sveinsdóttir undirbúa nú stórafmælið með honum. „Ég ætla bara að vera heima í faðmi fjölskyldu og vina,“ segir hann. „Og eiga ljúfa stund hér niðri við Grafarvoginn.“

gun@frettabladid.is



**SIMMI FIMMTUGUR** „Ný ljóðabók er í vændum á þessu afmælisári,“ segir þingmaðurinn með hið mæta húsdýr Pílu á öxlinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



†

*Elskulegur faðir okkar og afi*

**Snorri Gíslason**
Skeljagranda 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 2. mars. Útför fer fram frá Laugarneskirkju þann 11. mars kl. 11.00.

Anna Stella Snorradóttir — Þórður C. Þórðarson
Áki Snorrason
Una Snorradóttir — Pétur Sveinsson
og barnabörn.



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorfinnur Tómasson**
ökukennari á Selfossi,

sem lést á Fossheimum þriðjudaginn 1. mars, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 12. mars kl. 13.30.

Skúli Valtýsson
Hjördís Þorfinnsdóttir — Agnar Pétursson
Kristín Þorfinnsdóttir — Kristinn Pálsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og vinar*

**Martin J. Bevans**
Tallahassee, Florida

f.h. fjölskyldu og vina

Guðfinna (Dunda) Bevans

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



KJARNAFÆÐI
KLÚBBUR MATREIÐSLUMEISTARA
1972
★★★★★
Sérvalda saltkjötið frá Kjarnafæði
Gamlar hefðir fyrir nýjar kynslóðir
Yfirmatreiðslumeistari Landsvirkjun mötuneyti.
Ingvar Sigurðsson
Klikkar aldrei
Yfirmatreiðslumaður Gullhömrum.
Björn Bragi Bragason
Skemmtilegt að elda, dásamlegt að borða
Yfirmatreiðslumeistari Norðurál mötuneyti.
Karl Davíðsson
Heimsklassa hráefni
Yfirmatreiðslumaður Strikið veitingastaður.
Róbert Hasler
Stofnað
1985
SÉRVALIÐ SALTKJÖT FRÁ KJARNAFÆÐI
SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Gunnar Guðmundsson**

vélstjóri, Blikahólum 2, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar þriðjudaginn 15. febrúar sl. Útför fór fram 25. febrúar í kyrrþey að ósk hins látna. Hjartans þakkir færum við öllum sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug við andlát hans. Sérstakir þakkir færum við starfsfólkinu á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi og deild 11E við Hringbraut fyrir frábæra umönnun og einstaka hlýju.

**Sædís Austan Gunnarsdóttir** **Lúðvík Þorgeirsson**
**Örn Austan Gunnarsson**
**Elvar Austan Gunnarsson** **Ha Thu Nguyen**
**Snæfríður Birta Björgvinsdóttir**
**Þorgeir Lúðvíksson**
**Sædís Lea Lúðvíksdóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**sr. Ingimar Ingimarsson**

fv. prófastur,

lést mánudaginn 28. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ingimar Ingimarsson** **Hólmfríður S. Svavarsdóttir**
**Þorkell Ingimarsson** **Gunnþóra H. Önundardóttir**
**Björn Ingimarsson** **Sigrún J. Óskarsdóttir**
**Sigurgísli Ingimarsson** **Kristín Guðjónsdóttir**
**Hrafnhildur Ingimarsdóttir** **Bjarni Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug við andlát elskulegrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og systur,*

**Kristínar Jónu Halldórsdóttur**

Boðagranda 7, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 22. febrúar. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu, svo og starfsfólki deildar 11B LSH fyrir einstaka umhyggju og hlýju. Þeim sem vilja minnast Kristínar er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda.

**Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir** **Bragi Vilhjálmsson**
**Kristín Jóna Bragadóttir**
**Vilborg Lilja Bragadóttir**
**Óskar Örn Bragason**
**Garðar Halldórsson**
**Anna Þórunn Halldórsdóttir**
**Helgi Þór Helgason**
**Hanna Ragnheiður Helgadóttir**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu hlýhug og samúð vegna fráfalls eiginkonu, dóttur, móður, tengdamóður og ömmu okkar*

**Ingibjörgu „Íu" Jóhannsdóttur**

**Þórir Gunnarsson**
**Soffía Bjarnadóttir**
**Gunnar Egill Þórisson** **Bríet Þorsteinsdóttir**
**Soffía Rut Þórisdóttir** **Þorsteinn Már Þorsteinsson**
**Þórir Ingi Þorsteinsson og Elma Lind Egilsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Snorri Þorgeirsson (frá Helgafelli)**

Löngulínu 29, Garðabæ,

fyrrum ökukennari og bílstjóri í Stykkishólmi, lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, þriðjudaginn 8. mars kl. 13.00.

**Bjarnfríður Sverrisdóttir**
**Steinar Þór Snorrason** **Jóhanna Lára Óttarsdóttir**
**Þorgeir Ingiberg Snorrason** **Sörína Vilhjálmsdóttir**
**Sigurborg Sóley Snorradóttir** **Svavar Halldórsson**
**Ólafur Sverrir Snorrason** **Svandís Þrastardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur sambýlismaður minn, fósturfaðir, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Jóhann Einarsson**

Blikastöðum 1, Mosfellsbæ,

andaðist föstudaginn 25. febrúar 2011. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 7. mars kl. 15.00.

**Vilborg Kristinsdóttir**
**Kristinn Ingólfsson**
**Svana Ingólfsdóttir**
**Héðinn Þór Ingólfsson**
**Þráinn Ingólfsson**
**Einar Jóhann Jónsson**
**Hans Ágúst Einarsson** **Oddný Þóra Helgadóttir**
**Ingólfur Kristinn Einarsson** **Halldóra Tryggvadóttir**
**Helgi Einarsson** **Heiðrún Hauksdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Sigurður Ágúst Kristjánsson**

Ásgarði 121,

sem lést 26. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 9. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnadeildina Ingólf, Reykjavík.

**Svala Aðalsteinsdóttir**
**Aðalheiður Sigurðardóttir**
**Sólrún Ósk Sigurðardóttir** **Árni V. Sigurðsson**
**Ester Sigurðardóttir** **Andrés B. Bergsson**
**Hjálmar Guðni Sigurðsson** **Shelley Sigurdsson**
**Jóhannes Ari Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðfinna Óskarsdóttir**

Blómsturvöllum 8, Grindavík,

sem lést miðvikudaginn 2. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 11. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsjóð Grindavíkurkirkju.

**Guðmundur Ó. Ívarsson**
**Magnús Guðmundsson** **Hulda Halldórsdóttir**
**Margeir Guðmundsson** **Marisa S. Sicat**
**María Guðmundsdóttir** **Unnar Ragnarsson**
**Guðný Guðmundsdóttir** **Hersir Sigurgeirsson**
**Bragi Guðmundsson** **Valgerður Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Sigurðardóttir**

Strikinu 2, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Garðakirkju mánudaginn 7. mars kl. 13.00.

**Svavar Færseth**
**Auður Hallgrímsdóttir** **Óðinn Gunnarsson**
**Steinunn Hallgrímsdóttir** **Ragnar Bjarnason**
**Hallgrímur Hallgrímsson** **Halla Aradóttir**
**Guðný Hallgrímsdóttir** **Hörður Arnarsson**
**Sigurður Örn Hallgrímsson** **María Ósk Birgisdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginkona mín og besti vinur, móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Þórunn Eydís Lárusdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 17. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til þeirra sem sýndu Þórunni Eydísi hlýhug og aðstoð í veikindum hennar.

**Jacob Jacobsen,**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Þóra Lilja Klein**

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Elín Klein** **Guðni Þorsteinsson**
**Jóhannes Carl Klein**
**Pála Klein** **Skúli Þorvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Þorleifsson**

fyrrv. húsvörður í Flensborgarskólanum,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 28. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 7. mars kl. 15.00.

**Kristín Ína Pálsdóttir** **Magnús R. Aadnegard**
**Þóra Gréta Pálsdóttir** **Magnús J. Sigbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma*

**Margrét Einarsdóttir**

Gnoðarvogi 70, Reykjavík,

andaðist 22. febrúar sl. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju, Grafarholti þriðjudaginn 8. mars kl. 13.00.

**Ragnar Guðjónsson** **Sigurbjörg Þorgrímsdóttir**
**Sólrún Ragnarsdóttir** **Sveinn Bjarnason**
**Margrét Ragnarsdóttir** **Sveinn Þorgrímur Sveinsson**
**Guðný Ragnarsdóttir** **Bergþór Pálsson**
**og barnabarnabörn**




~~4.790,-~~ **2.390,-**




~~4.990,-~~ **1.490,-**




~~5.690,-~~ **1.490,-**




~~11.950,-~~ **4.990,-**
3 í pakka

# Bókamarkaðurinn Perlunni!







~~5.680,-~~ **2.840,-**




~~3.990,-~~ **1.990,-**




~~7.990,-~~ **3.990,-**




~~4.990,-~~ **1.790,-**

DYNAMO REYKJAVÍK




~~5.980,-~~ **2.980,-**




~~5.680,-~~ **1.990,-**




~~4.990,-~~ **1.490,-**




~~2.480,-~~ **1.490,-**




~~2.790,-~~ **1.290,-**




~~2.980,-~~ **790,-**




~~3.980,-~~ **290,-**




~~4.490,-~~ **1.290,-**



Opið frá kl. 10 – 18 **Komdu og sjáðu úrvalið! Verðið er ótrúlegt!**

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**PBSKIDS.ORG/LIONS/** er lifandi og skemmtileg vefsíða fyrir krakka, með sérstaklega stórt safn af myndum til að prenta út og lita.




# LEIDDIST AÐ VERA Í FÝLU

**Íþróttaálfurinn hefur bara einu sinni farið í fýlu og það voru leiðinlegustu fimm sekúndur sem hann hefur upplifað. Það kemur ekki á óvart að íþróttir voru uppáhaldsfagið hans í skólanum því boltaleikir eru það skemmtilegasta sem hann veit.**

***Hvað ertu gamall?***

Ég hef ekki athugað það nýlega – en ég er ekkert mjög gamall og ekkert sérstaklega ungur.

***Sefurðu stundum í skónum?***

Það hefur komið fyrir. Ef vinir mínir í Latabæ eru eitthvað að bralla er alltaf gott að vera tilbúinn ef ég þarf að hjálpa þeim. En oftast sef ég án þeirra.

***Ferðu stundum í fýlu?***

Ég prófaði það einu sinni. Það voru leiðinlegustu fimm sekúndur sem ég hef upplifað.

***Græturðu einhvern tíma?***

Já, stundum, ef ég meiði mig mikið þá koma nokkur tár. Það er sko allt í lagi og mér líður alltaf betur á eftir!

***Hvað er það besta sem þú hefur gert?***

Ég held að það hafi verið þegar ég ákvað að vera kyrr í Latabæ og hjálpa til.

***Hvað fannst þér skemmtilegast að læra í skólanum?***

Mér fannst leikfimi skemmtilegust og að sjálfsögðu lestur. Það er hægt að finna svör við öllu í bókum og þá er eins gott að kunna að lesa!

***Hvað þarf maður að æfa sig lengi til að geta staðið á annarri hendi?***

Ég þurfti að æfa mig mjög, mjög lengi. Fyrst er gott að æfa sig að standa á báðum höndum að sjálfsögðu. Síðan getur maður byrjað að lyfta annarri hendinni frá gólfi mjög snöggt. Ef maður æfir sig daglega er þetta fljótt að koma.

***Áttu marga vini?***

Já, ég er svo heppinn að eiga fullt af vinum. Veit ekki einu sinni hversu marga. Til dæmis lít ég á alla krakka á Íslandi sem mína bestu vini!

***Hvernig leikir þykja þér skemmtilegastir?***

Mér finnst allir boltaleikir alveg frábærir. Til dæmis fótbolti og körfubolti. Síðan förum við oft í mjög skemmtilega útileiki í Latabæ eins og Yfir, Fallin spýta og Skotbolta.

> Það skiptir nefnilega ekki alltaf öllu máli að vinna, heldur að gera það sem er rétt.

***Ferðu stundum upp á fjall?***

Stundum lendi ég loftskipinu mínu upp á fjöllum og stundum fer ég í fjallgöngur. Það er fátt eins skemmtilegt og að standa á toppnum á fjalli sem að maður hefur klifið; þá líður manni eins og sönnum sigurvegara.

***Hefurðu búið til snjóhús?***

Hvort ég hef! Það er eitt það skemmtilegasta sem ég geri þegar það er mikill snjór úti. Ég hef búið til mörg snjóhús með vinum mínum úr Latabæ. Stundum eru þau pínkulítil og stundum eru þau risastór!

***Ertu sterkari en Súpermann?***

Ég hef nú aldrei hitt hann, en ég held alveg örugglega að hann sé sterkari en ég. Ég sá einu sinni mynd af honum í bók þar sem hann var að fljúga með heilan bíl í fanginu! Ég gæti það nú aldrei.

***Hver er þín mesta hetjudáð?***

Ég hef nú aldrei hugsað um það sem ég geri sem einhverjar hetjudáðir. Solla vinkona mín sagði mér samt einu sinni, að það hefði verið mjög hetjulegt hjá mér þegar ég hætti í miðju kapphlaupi við Glanna Glæp til að bjarga Stínu Símalínu. Það var einmitt þannig sem þau fóttuðu að ég var alvöru Íþróttaálfurinn – en ekki Glanni sem var bara í alveg eins búningi og ég. Það skiptir nefnilega ekki alltaf öllu máli að vinna, heldur að gera það sem er rétt.





## BRANDARAKISTAN

**Nokkrir ferðamenn voru að skoða bein af risaeðlum á safninu. Einn þeirra gekk að safnverðinum og spurði: „Getur þú sagt mér hvað þessi snareðlubein eru gömul?" „Þau eru 3 milljóna, 4 ára og 6 mánaða gömul!" „Hvernig getur þú verið svona nákvæmur?" spurði ferðamaðurinn. „Sjáðu til, þegar ég byrjaði að vinna hérna voru þessi bein þriggja milljóna ára gömul og það var fyrir 4 árum og 6 mánuðum," svaraði vörðurinn.** *Elvar Fossdal, 8 ára.*

**Einu sinni voru tveir menn sem hétu Við og Loft. Einn daginn fóru þeir í vinnuna sína. Loft var duglegri í vinnunni. Við var svo öfundsjúkur að hann batt Loft upp á staur. En svo kom stjórinn og hleypti Lofti og rak Við.** *Aron Örn Arnarson, 8 ára.*

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

VÍSIR.IS *"...ég sá það á vísi"*




## KRAKKAKYNNING

### Heiða Ósk Ólafsdóttir



**Nafn og aldur:** Heiða Ósk Ólafsdóttir, 12 ára frá því í febrúar.

**Í hvaða skóla ertu?** Laugarnesskólanum.

**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Ég er vatnsberi.

**Áttu happatölu?** Já, 5.

**Helstu áhugamál/hvað gerir þú í frístundum?** Fótbolti og að vera með vinum.

**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Medium.

**Besti matur?** Sveppasúpan hans pabba.

**Eftirlætisdrykkur?** My Secret.

**Hvaða námsgrein er í uppáhaldi?** Íslenska.

**Áttu gæludýr?** Nei, ekki núna.

**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Áramótin. Þá er svo mikið fjör.

**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Justin Bieber.

**Uppáhaldslitur?** Svartur, blár og grænn.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Fór í útilegu til Akureyrar.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Aþena, hvað er málið með Haítí.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Það veit ég ekki.







**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

24 Hagkaup

Gildir til 9. mars á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hvetja, **6.** í röð, **8.** bók, **9.** farfa, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** einkennis, **16.** rás, **17.** flíkur, **18.** niður, **20.** fyrir hönd, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** geðtruflaður, **10.** hestaskítur, **13.** gifti, **15.** flóki, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** áb, **8.** rit, **9.** lit, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** föt, **18.** suð, **20.** pr, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** rr, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** bilaður, **10.** tað, **13.** gaf, **15.** strý, **16.** æsa, **19.** ðð.





Sjálfstæðir Evrópumenn
Já! ÍSLAND

**Krónan, bjargvættur eða bölvaldur?**

**Sjálfstæðir Evrópumenn boða til opins fundar um gjaldmiðils- og peningamál í Háskólanum í Reykjavík mánudaginn 7. mars klukkan 17.00.**

***Frummælendur** hagfræðingarnir:*
**Illugi Gunnarsson alþingismaður**
**Gylfi Zoega prófessor**


Illugi Gunnarsson


Gylfi Zoega

***Þeir munu meðal annars koma inn á eftirfarandi spurningar:***
Verður hægt að afnema höftin? Hvað tekur þá við?
Þurfa Íslendingar alltaf að búa við tuga prósenta sveiflur í gengi?
Hjálpar krónan okkur út úr kreppunni? Hver borgar brúsann?
Kemur einhliða upptaka erlends gjaldmiðils til greina?
***Fundarstjóri:*** Hanna Katrín Friðriksson viðskiptafræðingur

Sjálfstæðir Evrópumenn

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi.
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir.is


# Nokkrar tilvitnanir

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Í dag nenni ég ekki að skrifa Bakþanka. Þess í stað ætla ég að deila með ykkur sex völdum tilvitnunum af þeim toga sem ég hef mest gaman af. Þær eru þessar, í aldursröð:

**1.** „Ég hef enga von um framtíð þjóðar okkar ef hún er í höndum hinnar léttúðarfullu æsku nútímans, því sannarlega er allt ungt fólk ábyrgðarlausara en orð fá lýst. Þegar ég var ungur var okkur kennt að vera háttprúð og sýna okkur eldra fólki virðingu, en nú er æskufólk þrætugjarnt og hamslaust.“ Þetta mælti gríski heimspekingurinn Hesíódos á 8. öld f. Kr.

**2.** „Ungt fólk nú á dögum kann ekki mannasiði, það ber enga virðingu fyrir yfirvaldi eða sér eldra fólki. Það þrætir við foreldra sína, blaðrar framan í ókunnuga, ryður í sig góðgæti og sýnir kennurum sínum harðræði.“ Þetta er haft eftir Sókratesi (469-399 f.Kr.)

**3.** „Síðasta helgi mun lengi í minnum höfð sökum framunalegrar framkomu mikils fjölda æskufólks á samkomum suðvestanlands. Þar sem skemmtanir voru haldnar var ölvun víðast óstjórnleg og skrílmennska sums staðar slík að annars mun vart dæmi fyrr hér á landi.“ Þessi orð voru rituð árið 1952. Æskufólkið sem þarna er lýst er nú á áttræðisaldri.

**4.** „Var ærið starfa að reyna að koma í veg fyrir stórskemmdir á fólki og umhverfi og taka úr umferð ölóða menn sem óðu um og efndu til illinda og óeirða. […] full þörf hefði verið á því að fjarlægja þá af samkomusvæðinu og er það hin mesta mildi að þeir skyldu ekki verða sjálfum sér eða öðrum að stórvoða eða fjörtjóni.“ Hér er verið að lýsa æskulýðsskemmtun árið 1961, þegar foreldrar mínir voru 16 og 17 ára.

**5.** „Í nístandi nepjunni óðu svínfullir unglingar, ekki komnir af barnsaldri, fram og aftur, veifandi brennivínsflöskum af öllum gerðum, organdi og hvíandi, þuklandi og klípandi hitt kynið og fleygjandi flöskum í allar áttir, jafnóðum og þær tæmdust.“ Svona lýsti Tíminn hátíðahöldunum í Reykjavík 17. júní 1972. Þessir „svínfullu unglingar“ eru í dag á fimmtugs- og sextugsaldri.

**6.** „Heimsendir er í nánd, teiknin blasa alls staðar við, ofbeldisleikir, netklám, steratröll og egófíkn á Facebook.“ Þetta ritaði Andri Snær Magnason (f. 1973) árið 2011.

**MÉR** finnst gott til þess að vita að ungt fólk skuli enn vera eins óalandi og óferjandi og það hefur verið frá upphafi tíma. Annars væri að mínu mati rík ástæða til að hafa áhyggjur af framtíðinni.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÆFÐU MEIRA!

## NÁÐU ÁRANGRI MEÐ INTERSPORT!

FRÁBÆRT TILBOÐ!

Skoðaðu fleiri vörur á www.intersport.is



**NIKE AIR ALTO+**
Hlaupaskór með loftpúðum undir tábergi og hæl. Dömu- og herrastærðir.

**14.990**
(fullt verð 19.990)



**9.990**
(fullt verð 12.990)

FRÁBÆRT TILBOÐ!

**PRO TOUCH SABADIA W**
Hlaupajakki úr DRYPLUS-efni með mjög góðri öndun. Hægt að breyta í vesti. Dömustærðir.



**5.990**

**PRO TOUCH PERNILLA W**
Hlaupabolur úr hlýju efni með síðum ermum. Dömustærðir.



**7.490**
(fullt verð 9.990)

FRÁBÆRT TILBOÐ!

**PRO TOUCH SASKIA W**
Hlaupabuxur úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með mjög góðri öndun. Vindhelt efni að framan. Dömustærðir.

**11.990**



**PRO TOUCH PASTO / PARCO**
Hlaupasett. Vindjakki og hlaupabuxur úr DRYPLUS-efni með góðri öndun. Herrastærðir.

**390**
**3.990**



**PRO TOUCH HLAUPABELTI**
Hlaupabelti með 4 vatnsbrúsum og 3 renndum hólfum.
**PRO TOUCH VATNSBRÚSI** Vatnsbrúsi fyrir hlaupabelti.



**1.290** STK.

FRÁBÆRT VERÐ!

**PRO TOUCH STUÐNINGSHLÍFAR**
Hlífar fyrir læri, hné eða ökkla.
1290 kr. stk.

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 480 4611** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

# menning

menning@frettabladid.is

! **DOMUS VOX Í GRENSÁSKIRKJU** Domus Vox, sönghús Margrétar J. Pálmadóttur, efnir til maraþontónleika í Grensáskirkju á sunnudag. Dagskráin hefst með messu klukkan 11, þar sem Stúlknakór Reykjavíkur leiðir sönginn. Að messu lokinni hefst samfelld dagskrá, með tónlist tengdri kærleika og trú, í kirkjunni og safnaðarheimilinu. Miðar verða seldir við innganginn en innifalið í því er bollukaffi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 5. mars 2011**

### → Tónleikar

**16.00** Hljómsveitin **Lame Dudes** kokkar upp fjölbreytt blúskaffi á **Café Rót** í dag kl. 16. Frítt inn. Allir velkomnir.

**22.00** Hljómsveitin **Thin Jim** verður með tónleika í kvöld kl. 22 á Kaffi **Rósenberg**. Flutt verður efni á væntanlegri plötu sveitarinnar ásamt nýju góðgæti.

**22.00** **Stella Haux** og vinir halda tónleika á **Ob-La-Dí-Ob-La-Da** í kvöld kl. 22. Ásamt **Stellu** koma **Andrea Jónsdóttir**, **Andrea Gylfadóttir**, **Birna Þórðardóttir** og hljómsveitin **Gæðablóð** fram. Aðgangseyrir er kr. 1200.

### → Sýningar

**16.00** Sýning **Ólafar Nordal**, **Féþúfur og lásagrös**, opnar kl. 16 í dag í Suðsuðvestur. Á sýningunni er að finna fjögurra blaða smára frá síðasta sumri ásamt ljósmyndum af fuglaþúfum. Opnunartími **Suðsuðvestur** er frá 14-17.

### → Upplestur

**14.00** Opið hús **Félags eldri borgara í Kópavogi** verður í **Félagsheimilinu Boðanum** kl. 14. Um upplestur sjá **Guðlaug Erla Jónsdóttir** og **Sigurlaug Ólöf Guðmundsdóttir**. **Guðni Stefánsson** leikur á harmonikku.

**16.00** **Vinjettuhátíð** verður í **Narfeyrarstofu** í Stykkishólmi í dag kl. 16-18. Lesið verður upp úr verkum **Ármanns Reynissonar** og **Karl Olgeirsson** sér um harmonikkuleik. Félagar úr Leikfélagi Stykkishólms og nemendur úr grunnskólanum lesa upp ásamt höfundi. Aðgangur er ókeypis.

### → Dansleikir

**20.30** Skvettuball **Félags eldri borgara** í Kópavogi verður haldið kl. 20.30. **Þorvaldur Halldórsson** leikur og syngur fyrir dansi. Veitingar á góðu verði. Allir velkomnir.

### → Myndlist

**15.00** Sýningin **Þrykkt** verður opnuð í **Listasal Reykjanesbæjar** í dag kl. 15. Á sýningunni eru verk eftir félaga úr félaginu **Íslensk grafík** auk þess sem sögu grafíkur á Íslandi eru gerð skil. Safnið er opið virka daga frá kl. 12-17 og um helgar frá kl. 13-17. Sýningin stendur til 17. apríl.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**BIRNA BJARNADÓTTIR** Varði doktorsritgerð sína um fagurfræðina í skáldskap Guðbergs við Háskóla Íslands árið 2003. Sama ár hélt hún til Kanada, þar sem hún kennir við Háskólann í Manitoba. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Andinn haminn í Kanada

**Doktorsritgerð Birnu Bjarnadóttur um skáldskap Guðberg Bergssonar kemur út hjá útgáfunni McGill-Queen‘s Kanada í haust. Birna segir mál til komið að skáldskapur Guðbergs fái meiri athygli erlendis.**

Holdið hemur andann, doktorsritgerð Birnu Bjarnadóttur um skáldskap og fagurfræði Guðbergs Bergssonar, kemur út í haust á ensku á vegum kanadíska forlagsins McGill-Queen‘s, einni virtustu útgáfu á sviði fræðirita þar í landi.

Í ritinu skoðar Birna verk Guðbergs í samhengi við hugmyndir innlendra og erlendra skálda og fræðimanna um fagurfræði og skáldskap.

„Í stuttu máli fjallar þetta um mörk lífs og skáldskapar,“ segir Birna. „Við vitum að Guðbergur er frægur fyrir að vera einn helsti módernisti íslenskra höfunda og hann er sagður vera arftaki Halldórs, Þórbergs og Gunnars í íslenskum nútímabókmenntum. En það sem ég gerði mér smám saman grein fyrir eftir að ég ákvað að skrifa doktorsritgerð um fagurfræði Guðbergs er að hann er ekki síður mikilhæft tilvistarskáld.“

Birna segist hafa í rannsóknum sínum ratað inn á ákveðna slóð sem sé gegnumgangandi í verkum Guðbergs.

„Og þessi slóð er í rauninni hjartað í heimsbókmenntunum og einnig rauði þráðurinn í vestrænni frásagnarhefð, í rauninni tilvistarsaga mannkyns.

Guðbergur er auðvitað alltaf í samræðu við okkur, þjóð sína; hún á sér stað á þessu landi, hún er við okkur og hún fjallar um íslenskt samfélag og sögu þess. En þetta gerir hann með hliðsjón af tilvistarsögunni og hvernig okkur þá sem manneskjum reiðir hreinlega af í lífinu.

Þetta er rauði þráðurinn og út af því fór þetta ferðalag mitt að spanna aldir, því Guðbergur er að rekja aldagamla sögu um tilraunina að vera manneskja.“

Birna varði ritgerðina við Háskóla Íslands árið 2003. Sama ár sigldi hún vestur um haf og fékk stöðu við íslenskudeild Háskólans í Manitoba. Fljótlega eftir að út var komið fór hún að svipast um eftir þýðanda til að snara doktorsritgerðinni yfir á ensku. Það gekk eftir en þýðingin tók sinn tíma. Í fyrravor var hún hins vegar komin með endanlega útgáfu þýðingarinnar í hendurnar og sendi hana til McGill-Queen‘s, sem sérhæfir sig í útgáfu ritrýndra fræðirita.

„Þetta er ein af tveimur virtustu útgáfum landsins,“ segir Birna, „og langt því frá öruggt þeir myndu fallast á að gefa bókina út. Ég held hins vegar að það hafi verið okkar gæfa að ritstjórinn sem við lentum á reyndist vera ljóðskáld; það var eins og hann skynjaði nógu fljótt að þarna var eitthvað á ferð sem þessi útgáfa gæti haft áhuga á.“

Við tók strangt ferli, þar sem finna þurfti tvo lesendur til að leggja mat á verkið.

„Það var ekki hlaupið að því, því þeir þurftu ekki aðeins að vera vel að sér um íslenskar bókmenntir og menningu heldur líka í módernisma, evrópskum bókmenntum, exístensíalisma og fagurfræði nútímabókmennta.“

Það tókst og í nóvember síðastliðnum bárust forlaginu umsagnir, sem voru afar jákvæðar.

„Ritstjórinn minn þorði að minnsta kosti að ganga svo langt að segja að það kæmi honum á óvart ef verkið yrði ekki samþykkt til útgáfu og í janúar fékk ég loksins jáyrði um að bókin kæmi út í haust og skrifaði undir útgáfusamning.

Í umsögnum ritrýna verksins kemur fram að Guðbergur sé mikilhæft skáld og hafi margt fram að færa til að dýpka skilning manna á módernísku skáldsögunni, en verk hans séu lítt þekkt utan heimalandsins þar sem hann skrifi á litlu málsvæði.

„Það má kannski segja að það sé bæði gæfa Guðbergs og ógæfa að skrifa á íslensku. Hann er höfundur á heimsmælikvarða sem skrifar á máli sem fáir tala“ segir Birna, sem kveðst gera sér miklar vonir um að útgáfa bókarinnar verði til þess að Guðbergur verði loksins „uppgötvaður“. „Það hefði auðvitað átt að gerast fyrir löngu. Eitt er víst að hann á það skilið.“

**bergsteinn@frettabladid.is**



**TÓNLISTARFLUTNINGUR Í LANGHOLTSKIRKJU** Gunnsteinn Ólafsson stýrir Ungfóníu á fyrri tónleikum sveitarinnar.

# Æskufólk flytur Carmina Burana

Carmina Burana eftir þýska tónskáldið Carl Orff verður flutt af 150 ungmennum í dag, á morgun og á mánudag.

Háskólakórinn og Sinfóníuhljómsveit æskunnar flytja verkið undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

Einsöngvarar eru Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Hlöðver Sigurðsson, Jón Svavar Jósefsson og Pétur Úlfarsson og einleikari á fiðlu er Gunnhildur Daðadóttir.

Háskólakórinn var stofnaður árið 1972. Í kórnum syngja nemendur úr öllum deildum háskólans og öðrum menntastofnunum á háskólastigi, bæði íslenskir og erlendir.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins eða Ungfónía, var stofnuð haustið 2004. Hljómsveitin er skipuð nemendum úr tónlistarskólum af höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 13-25 ára. Einleikarar með hljómsveitinni eru jafnan nemendur að ljúka framhaldsnámi erlendis eða eru nýkomnir heim frá námi.

Tónleikarnir í dag og á morgun, 6. mars, verða haldnir klukkan 17 en mánudagskvöldið 7. mars klukkan 20. Miða má panta á netfanginu kor@hi.is og í síma 823 7888.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 7. mars, kl. 18

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd í dag laugard. 11–17 sunnud. kl. 12–17 og mánud. kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is




LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísir. vísir.is


„Mjög vel heppnaður farsi, hraður og ótrúlega fyndinn“
I.Þ. Mbl
„Fyrirmyndarfarsi í alla staði... feiknafyndin, þétt og flott sýning“
K.H.H. Fréttatíminn
„Það verður enginn svikinn af þessu stykki ... spái því gangi til 2020!“
S.A. TMM
„Fimm stjörnu farsi - alveg óborganlega fyndinn“
Hemmi Gunn, Bylgjunni
„Óstöðvandi, hömlulaus hlátur“
B.S. pressan.is
„Óhætt að lofa góðum hláturgusum“
E.B. Fbl
NEI RÁÐHERRA!
TVEGGJA TÍMA HLÁTURSKAST... MEÐ HLÉI
lau. 5/3 kl. 19 UPPSELT
lau. 5/3 kl. 22 UPPSELT
sun. 6/3 kl. 20 UPPSELT
þri. 8/3 kl. 20 UPPSELT
mið. 9/3 kl. 20 UPPSELT
fös. 11/3 kl. 19 UPPSELT
fös. 11/3 kl. 22 UPPSELT
mið. 16/3 kl. 20 UPPSELT
fim. 17/3 kl. 20 UPPSELT
fös. 18/3 kl. 19 UPPSELT
fös. 18/3 kl. 22 UPPSELT
fim. 24/3 kl. 20 UPPSELT
fös. 25/3 kl. 19 UPPSELT
fös. 25/3 kl. 22 UPPSELT
lau. 26/3 kl. 19 UPPSELT
fös. 1/4 kl. 19 UPPSELT
fös. 1/4 kl. 22 örfá sæti
lau. 2/4 kl. 19 UPPSELT
sun. 3/4 kl. 20 UPPSELT
fim. 7/4 kl. 20 UPPSELT
lau. 9/4 kl. 19 UPPSELT
lau. 9/4 kl. 19 aukasýn.
sun. 10/4 kl. 20 UPPSELT
sun. 17/4 kl. 20 örfá sæti
fös. 29/4 kl. 19 örfá sæti
lau. 30/4 kl. 19 örfá sæti
fim. 5/5 kl. 20
lau. 7/5 kl. 19
sun. 8/5 kl. 20
fös. 13/5 kl. 19
Íslandsbanki
Allt að seljast upp. Tryggðu þér miða strax!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið




# HREINDÝRALANDIÐ NÁLGAST

**Alþjóðlega vídeó- og tilraunakvikmyndahátíðin 700IS Hreindýraland verður haldin í sjötta sinn á Egilsstöðum síðar í mánuðinum. Eins og undanfarin ár verður hátíðin mjög fjölbreytt og með alþjóðlegu sniði.**

Alþjóðlega vídeó- og tilraunakvikmyndahátíðin 700IS Hreindýraland verður haldin í sjötta sinn á Egilsstöðum 19. til 26. mars næstkomandi.

„Að venju verður fjölbreytt dagskrá vídeó- og tilraunamynda,“ segir Kristín Scheving, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. „Í Sláturhúsinu verður síðan sett upp sýning með gagnvirkum verkum, þar sem áhorfendur verða hluti af verkunum.“

Hápunktur hátíðarinnar kynning á vinningshöfum Alternative Routes-verkefnisins og sýning á myndum þeirra. Alternative Routes er verkefni, sem er styrkt af mennta og menningaráætlun Evrópusambandsins.

„Við fengum styrk til tveggja ára til að vinna með jaðarhátíðum frá þremur öðrum Evrópulöndum.

Þetta samstarf hefur verið mjög gjöfult og fræðandi og við fáum að sjá afraksturinn á hátíðinni í ár, þegar verk þeirra fjögurra listamanna, sem unnu til AR-verðlaunanna verða sýnd.“

Listamennirnir sem unnu til AR-verðlaunanna eru Sérgi Cruz, frá Portúgal fyrir myndina Hannah, Petko Dourmana, frá Búlgaríu fyrir myndina Martian President, Rimas Sakalauskas, frá Litháen, fyrir myndina Synchronisation og síðast en ekki Sara Björnsdóttir frá Íslandi fyrir myndina Salem Lights. Sara stundaði nám við Chelsea College of Art and Design, í London og við Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Kristín segir að alþjóðlegt samstarf hátíðarinnar sé alltaf að aukast og nefnir hún sem dæmi samstarf við hátíðir í Finnlandi og Svíþjóð, þar sem hluti samstarfsins fer fram á netinu, auk samstarfs við hátíðir á Ítalíu og í Noregi.

Kvikmyndin var tilnefnd til Eyrarrósarinnar í ár, sem forseti Íslands veitir fyrir framlag til menningarstarfsemi á landsbyggðinni. „Tilnefningin til Eyrarrósarinnar var mikill heiður,“ Kristín. „Við lítum á þetta sem viðurkenningu fyrir það starf sem við höfum unnið af metnaði síðustu ár og þetta var mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, mun opna hátíðina í Sláturhúsinu á Egilsstöðum laugardaginn 19. mars klukkan átta.

- ssj



**KRISTÍN SCHEVING** Segir alþjóðlegt samstarf hátíðarinnar sífellt að aukast, til dæmis við aðrar kvikmyndahátíðir á Norðurlöndum og Ítalíu.



J.S.BACH BWV 245

JÓHANNESARPASSÍA

HALLGRÍMSKIRKJA REYKJAVÍK
FÖSTUDAGINN 1. APRÍL 2011 KL. 20
LAUGARDAGINN 2. APRÍL 2011 KL. 17

MENNINGARHÚSIÐ HOF AKUREYRI
SUNNUDAGINN 3. APRÍL 2011 KL. 17
MINNINGARTÓNLEIKAR UM ÁSKEL JÓNSSON SÖNGSTJÓRA F. 5. APRÍL 1911.

ÞÓRA EINARSDÓTTIR SÓPRAN · ÁGÚST ÓLAFSSON BASSI/PÍLATUS
ANDRI BJÖRN RÓBERTSSON BASSI/JESÚS · SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR ALT
BENEDIKT KRISTJÁNSSON TENÓR/GUÐSPJALLAMAÐUR

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
ALÞJÓÐLEGA BAROKKSVEITIN Í DEN HAAG
STJÓRNANDI HÖRÐUR ÁSKELSSON



MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU · SÍMI: 510 1000 · MIÐAVERÐ: 4.900 KR./3.900 KR.
MIÐASALA HOFI AKUREYRI · SÍMI: 450 1000 · MIÐAVERÐ: 3.900 KR.

WWW.MENNINGARHUS.IS WWW.LISTVINAFELAG.IS

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU - 29. STARFSÁR

Reykjavíkurborg midi.is



Leikhús ★★★

**Fjársjóðsleitin með Ísgerði**

Norðurpóllinn

**Höfundur:** Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir. Leikarar: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Magnús Guðmundsson.

## Leikhúsleikur Ísgerðar

Shunt-hópurinn í London hefur orðið frægur fyrir leiksýningar þar sem áhorfendur þvælast um neðanjarðargöng borgarinnar og nýjar furður ber fyrir í hverju rými. Þegar búið er að benda á það virðist alveg augljóst að yfirfæra þetta form á barnasýningar og það hefur Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir gert með skemmtilegum hætti í Norðurpólnum.

Söguþráður Fjársjóðsleitar með Ísgerði er allþvælinn, en fjársjóðurinn var falinn í kjölfar átaka sjóræningja og fiskakonungs fyrir nokkrum öldum, þar sem fiskarnir biðu lægri hlut. Eignarhald á fjársjóðnum tengist líka á einhvern hátt álögum á fiskatorfunni. Orsök og afleiðing haldast ekki alltaf í hendur og tilgangur persóna, sem sumar hverjar voru beinir þátttakendur í atburðum fyrri alda, er óljós. Það hefði varla þurft mikla yfirlegu til að spinna meira vit í þráðinn.

Ísgerður spyr gesti reglulega ráða og fær hjá þeim aðstoð við að fara með töfraþulur og að leita að týndum gripum í salnum. Þetta gafst mjög vel og hefði raunar mátt nýta heldur meira. Þetta er þó auðvitað vandasamt, því ekki má hægja um of á framvindunni. Til dæmis tók ansi langan tíma að ferja allt stóðið á töfrateppi yfir Óðsmannsvatn.

Ísgerður syngur nokkur lög alveg ljómandi vel og tónlist Baldurs Ragnarssonar er grípandi og fjörug. Návígið er mikið sem vinnur með söngkonunni. Að vísu eru lögin dálítið keimlík, sem best mátti sjá á sýningunni á sunnudag þegar vitlaus undirleikur byrjaði að hljóma í salnum og söngkonan áttaði sig ekki á því fyrr en í öðrum eða þriðja takti.

Verkið snýst mikið um aðalleikkonuna. Nafn hennar er í titlinum, andlit hennar á auglýsingunni, og hún hefur sjálf samið handritið. Leikstjóri hefur ekki verið fenginn til verksins. Það er engin smán að vinna með öðrum að svona verkefni – það er raunar bráðnauðsynlegt. Hér hefði verið mikil bót að hafa samstarfsaðila hvað varðaði bæði handrit og leikstjórn. Ísgerður sjálf er feikiheillandi og átti auðvelt með að ná til barna og fullorðinna, en Magnús Guðmundsson mótleikari hennar hefði eflaust betur gert greinarmun á persónunum sem hann túlkaði hefði leikstjóri verið til staðar.

Þetta er þó skemmtileg sýning og börnin lifðu sig vel inn í það sem fram fór. Hún er ansi löng, upp undir 90 mínútur með engu hléi, en þar sem hópurinn var á stöðugu ferðalagi og fékk reglulega að teygja úr skönkunum kom það ekki að sök og enginn var borinn grenjandi út. Eftir sýningu er boðið upp á myndatöku með leikurum sem þótti greinilega mikið sport. Svo þetta er fín leið til að eyða síðdegi með börnum hér um bil á aldrinum tveggja til átta ára, þó gildi verksins sem listaverks sé umdeilanlegt.

**Arndís Þórarinsdóttir**

**Niðurstaða:** Fín afþreying fyrir litla krakka en hefði mátt gera enn betur með lítilli fyrirhöfn.



# Til hamingju

**Kristín Steinsdóttir** hlaut
**menningarverðlaun DV 2010**
fyrir skáldsögu sína ***Ljósu***




★★★★★

*„... mikilvægt og merkilegt verk ...“*

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

*„Hrífandi falleg bók ... Bæði grátur og hlátur ... alveg magnað verk.“*

HRAFN JÖKULSSON / KILJAN

*„... svo dæmalaust vel skrifuð og spennandi og ekta ...“*

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR / VIÐSKIPTABLAÐIÐ

*„Þetta er vel skrifuð saga sem kemur við hjartað í lesandanum ...“*

KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

*„... það er hógvær kraftur í þessari sögu ... áhrifamikil og falleg.“*

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

★★★★

*„Vel stíluð og vel byggð saga með frábærri persónusköpun. Saga sem spannar allan tilfinningaskalann og ómögulegt er að leggja frá sér.“*

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Fólk

folk@frettabladid.is

**430.000** dali þarf rokkekkjan Courtney Love að greiða fatahönnuðinum Dawn Simorangkir eftir að dómsátt náðist í meiðyrðamáli þeirrar síðarnefndu gegn Love.



## Saklaus blótsyrði

**Breska leikkonan Helen Mirren er undrandi á hörðum viðbrögðum við blótsyrðum leikkonunnar Melissu Leo í þakkarræðu sinni fyrir Óskarsverðlaunin sem hún fékk fyrir hlutverk sitt í The Fighter. „Það er gert alltof mikið úr blótsyrðum. Það er fáránlegt að vera að hneykslast svona á þeim,“ sagði Mirren. „Ég held að Melissa hafi verið yfir sig spennt. Hún var að reyna að sýna hversu harðgerð hún er og þar gerði hún mistök. En ég held að þessi læti séu alveg út í hött.“ Hún er einnig undrandi þegar öll blótsyrði eru tekin út úr kvikmyndum. Það skaði engan að þau fái stundum að fljóta með.**



**HELEN MIRREN** Breska leikkonan segir fáránlegt að hneykslast á blótsyrðum Melissu Leo.



**SHEEN YNGRI** Shia LaBeouf hefur verið nefndur Charlie Sheen yngri vegna óreglu sinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Charlie yngri

**Leikaranum Shia LaBeouf hefur verið líkt við vandræðapésann Charlie Sheen og samkvæmt tímaritinu The Enquirer kann LaBeouf ágætlega við samlíkinguna.**

**„Líf Shia er í mikilli óreglu. Hann vill vera þekktur sem drykkfelldur kvennabósi, ekki ólíkt Sheen, og eftir að hann tók að sér hlutverk í kvikmyndinni Wall Street 2: Money Never Sleeps hefur fólk tekið upp á því að kalla hann Charlie yngri,“ hefur tímaritið eftir heimildarmanni sem vill meina að LaBeouf sé hreykinn af samlíkingunni enda líti hann upp til Sheen.**



**FIMMTUGUR** Eyjólfur Kristjánsson heldur upp á fimmtugsafmælið sitt með tónleikaferð um landið og safnplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þetta er búinn að vera frábær ferill

**Eyjólfur Kristjánsson gefur út fimmtíu laga safnplötu og fer í sína stærstu tónleikaferð til þessa í tilefni af fimmtugsafmæli sínu.**

Tónlistarmaðurinn ástsæli Eyjólfur Kristjánsson heldur upp á fimmtugsafmælið sitt, 17. apríl, með því að fara í sína stærstu tónleikaferð um landið til þessa.

Hann ætlar að spila á fimmtíu tónleikum á þessu ári. Þeir fyrstu verða í Hveragerði 21. mars og þeir síðustu í október. Í tilefni af afmælinu gefur Eyjólfur, eða Eyfi, einnig út fimmtíu laga plötu. Þar verða öll hans bestu lög eins og Draumur um Nínu og Ég lifi í draumi en einnig nokkur glæný.

Hann segist sáttur þegar hann lítur yfir farinn veg á þessum tímamótum. „Þetta er búinn að vera frábær ferill, mér finnst það. Ég er búinn að vera rosalega hamingjusamur og ánægður með það sem ég er búinn að gera. Núna spýtir maður í lófana og gerir pínulítið meira,“ segir Eyfi hress. Hann hefur „aðeins“ gefið út sex sólóplötur á þrjátíu ára ferli sínum í bransanum. Síðasta platan hans með nýju efni, Stjörnur, kom út 2003. Eyfi hefur spilað þeim mun meira úti um allar trissur og hefur alltaf jafngaman af því. „Það eru einhverjir þrír til fjórir staðir á landinu sem ég hef aldrei spilað á og ég loka því núna með þessum túr,“ segir hann og nefnir Grímsey og Hofsós sem dæmi um nýja staði. „Ég hlakka rosalega mikið að byrja þennan túr.“

Eyfi hefur verið duglegur að búa sér til verkefni á ferlinum. Eitt slíkt verður í Salnum í Kópavogi 30. apríl þegar haldið verður upp á að tuttugu ár verða liðin síðan hann söng Draum um Nínu með Stefáni Hilmarssyni í úrslitum Eurovision í Róm. Á afmælisdeginum sjálfum verður hann í slagtogi með annarri dægurlagahetju, Björgvini Halldórssyni, á sextíu ára afmælistónleikum hans í Háskólabíói.

„Það er æðislegt að geta aðstoðað minn gamla góða vina Björgvin á hans tímamótum. Kannski getum við pínulítið haldið upp á mitt afmæli í leiðinni,“ segir Eyfi.

Aðspurður segist hann ætla að rækta fjölskylduna meira í tilefni af þessum tímamótum sínum. „Það er ekkert voðalega fjölskylduvænt að vera alltaf í burtu. Ég ætla að reyna að taka hana með í nokkrar ferðir. Ég á tvær dætur, ellefu og fimmtán ára, og þær hafa gott af því að sjá landið eins og ég er búinn að gera.“

freyr@frettabladid.is

### Á HEIMASLÓÐUM EAGLES Í KALIFORNÍU

Fyrir þremur árum hélt Eyfi tvenna tónleika í Borgarleikúsinu til heiðurs bandaríska bandinu Eagles. Nú eru átrúnaðargoðin að koma til Íslands í júní en þá vill svo skringilega til að hann verður staddur í Kaliforníu, á heimaslóðum Eagles, þar sem hann heimsækir fjölskyldumeðlimi og skellir sér í golf í leiðinni. Hann getur huggað sig við að hann hefur tvívegis séð sveitina á tónleikum, bæði í Baltimore og í London.



# SKÓSPRENGJA

## AÐEINS 2 DAGAR EFTIR

LÁGMARK

# 50%

AFSLÁTTUR

**Opið**
**laugardag milli kl. 11 og 16**
**sunnudag milli kl. 13 og 17**

ásamt öðrum tilboðum

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109



**TRÚLOFUÐ** Avril Lavigne er trúlofuð kærasta sínum, Brody Jenner, sem er stjúpbróðir Kardashian-systranna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Lavigne trúlofuð aftur

Söngkonan Avril Lavigne hefur trúlofast kærasta sínum, raunveruleikastjörnunni og fyrrverandi kærasta Nicole Richie, Brody Jenner. Þess má geta að Jenner er sonur Bruce Jenner og því stjúpbróðir Kardashian-systranna.

Parið hefur átt í sambandi í rúmt ár og nýverið sendi Lavigne hljómsveitarmeðlimum sínum mynd sem sýndi trúlofunarhringinn á fingri hennar ásamt orðunum: „Ha, ha.“ Vinir hennar segja þó að söngkonan hafi átt von á bónorðinu í nokkurn tíma. „Hana grunaði að Brody mundi biðja hennar þegar þau fóru saman í frí til Frakklands í febrúar,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

# Simpson ástfangin á ný

**Söngkonan Ashlee Simpson skildi nýverið við eiginmann sinn til þriggja ára, rokkarann Pete Wentz. Hún hefur nú sést nokkrum sinnum með annan rokkara upp á arminn, engan annan en Travis Barker, trommara hljómsveitarinnar Blink 182. Samkvæmt heimildarmönnum hefur parið ekki farið hátt með samband sitt þar sem Barker er gamall vinur Wentz. „Ashlee vill ekki að þetta fréttist því hún er hrædd um að Pete muni reiðast,“ var haft eftir innanbúðarmanni.**



**NÝ ÁST** Ashlee Simpson hefur fundið ástina á ný eftir skilnað við Pete Wentz. NORDICPHOTOS/GETTY

# Matt Damon sem Assange

Breski veðbankinn William Hill telur að Matt Damon sé líklegastur til að hreppa hlutverk Ástralans Julians Assange, stofnanda Wikileaks, í nýrri mynd um síðuna sem er í bígerð. Russell Crowe, sem ólst upp í Ástralíu, er einnig talinn líklegur til að fá hlutverkið. Aðrir sem eru nefndir til sögunnar eru Leonardo DiCaprio, Jude Law, Michael Sheen og Chris Cooper.

Leikstjórinn Steven Spielberg og fyrirtæki hans Dreamworks hafa tryggt sér kvikmyndarétt að nýrri bók um Assange og Wikileaks sem kom út í síðasta mánuði eftir tvo blaðamenn breska dagblaðsins Guardian. Bókin fjallar um líf Assange, stofnun síðunnar árið 2006 og leyniskjölin sem Wikileaks hefur birt. Hlutverk Assange er talið afar eftirsóknarvert og ljóst að margar Hollywood-stjörnur verða um hituna. „Bókin er blanda af Woodward og Bernstein [Watergate-blaðamennirnir], Stieg Larsson og Jason Bourne,“ segir ritstjóri Guardian. „Julian Assange er manneskja sem enginn handritshöfundur í Hollywood hefði getað fundið upp.“



**MATT DAMON** Leikarinn er talinn líklegastur til að túlka Julian Assange.

# ÖÐLINGAR KOMA SAMAN

**Átakið Öðlingurinn 2011 stóð yfir á þorranum og voru karlmenn á ýmsum aldri fengnir til að tjá sig um jafnréttismál í pistlum sem birtust meðal annars í Fréttablaðinu. Öðlingarnir hittust á fimmtudagskvöldið til að ræða málin sín á milli.**



Listamaðurinn Hugleikur Dagsson er hér á spjalli við Ágústu Heru Harðardóttur fatahönnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Steinunn Stefánsdóttir, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, og Ásgeir H. Ingólfsson tóku tal saman.



Gunnar Hersveinn og Víðir Guðmundsson voru glaðir í bragði.



Guðni Már Harðarson og Árni Beinteinn Árnason létu sig ekki vanta í gleðskapinn.



Þórdís Elva Þorvaldsdóttir er upphafskona átaksins; hér er hún ásamt Sigurði Páli Pálssyni.



Bergur Ebbi Benediktsson og Karvel Aðalsteinn Jónsson lögðu átakinu lið.



**ÓSÁTTI** Penelope Cruz er óánægð með samband litla bróður síns og leikkonunnar Evu Longoria. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þolir ekki Longoria

Stuttu eftir skilnað sinn við körfuknattleiksmanninn Tony Parker hóf leikkonan Eva Longoria samband með Eduardo Cruz, litla bróður leikkonunnar Penelope Cruz. Samkvæmt heimildum The National Enquirer er Penelope lítið hrifin af þessu sambandi og óttast að Longoria muni skilja bróður sinn eftir í sárum.

„Penelope óttast að Eva sé ekki í sambandinu af heilum hug og að hún eigi eftir að særa Eduardo. Það sem verra er þá telur Penelope að Eva sé aðeins að nota Eduardo til að koma sér í mjúkinn hjá sér og eiginmanni sínum til að landa kvikmyndahlutverkum. Hún veit að Eduardo getur gert mun betur og finnst að hann ætti að vera með konu sem er nær sér í aldri,“ var haft eftir heimildarmanni sem vildi einnig meina að Penelope hefði neitað að hitta Longoria hingað til.

# Lifir í gömlum glæðum

**Leikararnir Sandra Bullock og Ryan Gosling áttu í eldheitu ástarsambandi þegar þau unnu saman við tökur á kvikmyndinni Murder by Numbers árið 2001. Sambandið entist þó ekki lengi og parið hætti saman stuttu eftir að tökum á myndinni lauk. Tímaritið In Touch vill meina að nú þegar bæði Bullock og Gosling eru aftur á lausu hafi þau tekið aftur upp þráðinn.**

**„Hún hefur alltaf verið svolítið veik fyrir Ryan og ákvað því að hafa samband við hann aftur nú þegar þau voru bæði á lausu. Hann hefur líka sýnt því áhuga að hitta Söndru aftur,“ var haft eftir vini leikkonunnar.**


# Styrkir fyrir námsmenn

**Sæktu um námsstyrk** Námunnar á landsbankinn.is.

Umsóknarfrestur er til 18. mars.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2011-2012. Styrkjum hefur verið fjölgað og styrkupphæðir hækkaðar.

**Veittir verða styrkir í fjórum flokkum**

» 4 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 200.000 kr.
» 4 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 350.000 kr.
» 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 400.000 kr.
» 4 styrkir til listnáms, 400.000 kr.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA NBI HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280


SHOEMARKET
Smáralind
3 smárar
Verið velkomin í nýja, glæsilega skóbúð okkar
og upplifið verð og gæði sem erfitt er að „toppa“!
Barnaskór
2.490 kr.
Gulir, rauðir, hvítir, bleikir og svartir
Stærðir 18-23
Strákaskór
2.490 kr.
Gráir, hvítir og svartir.
Stærðir 24-34
Dömuskór
6.990 kr.
Til í svörtu
Stærðir 36-41
Dömuskór
Lokaðir með litlum hæl
6.990 kr.
Til í svörtu og kaki
Stærðir 36-41
Dömuskór
5.990 kr.
Stærðir 36-41
hvítir og svörtir.
Dömuskór
M. fylltum botni
6.990 kr.
Hvítir, svartir og ljósbrúnir
Stærðir 36-41
Dömuskór
4.990 kr.
Hvítir, svartir og bláir
Stærðir 36-41
Stelpuskór
2.990 kr.
Stærðir 24-35
Herraskór
7.990 kr.
Til í brúnu og svörtu.
Stærðir 39-45
OPIÐ
MÁNUD. TIL MIÐVIKUD. 11-19
FIMMTUD. 11-21
FÖSTUD. 11-19
LAUGARD. 11-18
OG SUNNUD. 13-18
3 SMÁRAR SMÁRALIND
SÍMI 578 0851

Tónlist ★★★★

**Summer Echoes**

Sin Fang

## Töfrahljóðheimur Sin Fang

Sin Fang er sólóverkefni Sindra Más Sigfússonar úr Seabear. Summer Echoes er önnur sólóplatan hans, en á þeirri fyrri, Clangour sem kom út árið 2008, kallaði hann sig reyndar Sin Fang Bous.

Aðalsmerki Sindra eru flottar útsetningar, hljómur og hljóðheimur sem saman skapa einstaka stemningu sem er einkennandi fyrir verk hans, bæði með Seabear og Sin Fang. Veiki hlekkurinn hefur hins vegar verið lagasmíðarnar sjálfar, sem eru ekki jafn framúrskarandi þó að inn á milli leynist fín lög. Þannig er þetta líka á Summer Echoes.




Sindri er í miklum ham á nýju plötunni. Tónlistin er þéttofin og hljómfögur og útsetningarnar hreint út sagt frábærar. Platan hljómar svolítið einsleit í fyrsta rennsli, en þegar maður hlustar betur síast hún inn og maður tekur eftir þeim töfraheimi sem Sindri hefur skapað. Raddútsetningarnar eru til dæmis alveg frábærar og koma á óvart í lögum eins og Choir og Slow Lights. Áslátturinn er líka oft skemmtilegur og svo laumar Sindri hér og þar inn eiturtærum gítarlykkjum sem skera sig úr heildinni. Heillandi.

Á heildina litið er Summer Echoes mjög flott plata. Sannkallað eyrnakonfekt. Þegar Sindri ákveður að leggja jafn mikla alúð í lagasmíðarnar og hann gerir í hljóðheiminn og útsetningarnar kemur meistaraverkið hans.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Þéttofið og hljómfagurt popp frá Sindra úr Seabear.

# Lady Gaga óheppin í ástum

**Vinir söngkonunnar Lady Gaga eru ósáttir við kærasta hennar og halda því fram að hann sé að nota hana.**

Lady Gaga er einn frægasti tónlistarmaður síðari tíma en þrátt fyrir frægð, frama og ríkidæmi virðist hún ekki búa við velgengni þegar kemur að ástinni. Söngkonan tók aftur saman við gamlan kærasta, Luc Carl, og vilja vinir hennar meina að Carl sé ekki góður pappír.

Lady Gaga og Carl áttu í áralöngu ástarsambandi löngu áður en stúlkan varð fræg en tóku aftur upp þráðinn fyrir tæpu ári. „Luc notfærði sér frægð Gaga til að landa útgáfusamningi fyrir fyrstu bók sína og Gaga hefur líka verið dugleg við að auglýsa bókina í hinum ýmsu viðtölum," var haft eftir einum vini söngkonunnar, sem vill jafnframt meina að söngkonan geri sér grein fyrir því að Carl sé að nota hana.

„Innst inni veit hún að Luc er aðeins með henni vegna frægðar hennar og ríkidæmis. Hann vildi hana ekki áður en hún varð fræg, þá skildi hann hana eftir í sárum en svo kom hann skríðandi aftur. Luc beitir hana andlegu ofbeldi, hann hefur hótað því að ef hún reiti hann til reiði muni hann eyðileggja mannorð hennar. Hann hefur líka montað sig af því að geta stórgrætt á því að selja kynlífsspólur sem hann hefur tekið af sér og Gaga," sagði vinurinn, sem vill meina að Gaga muni ekki vera sú sem slíti sambandinu. „Hún hefur mjög lítið sjálfsálit og vegna þessa heldur hún að hún geti ekki gert betur en Luc."




**ÓHEPPIN Í ÁSTUM** Lady Gaga er ekki heppin í ástum. Vinir hennar óttast að kærasti hennar, Luc Carl, sé aðeins að nota hana vegna frægðar hennar. NORDICPHOTOS/GETTY








**MIKIÐ SLÚÐRAÐ** Zac Efron á að hafa daðrað duglega við karlmann í veislu í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY

# Efron daðraði við annan karlmann

Leikarinn Zac Efron á að hafa komið öllum á óvart þegar hann sást leiða karlmann í veislu einni í Hollywood fyrir stuttu. Tímaritið The National Enquirer heldur því jafnframt fram að Efron hafi einnig daðrað duglega við manninn og það í augnsýn fyrrverandi kærustunnar, leikkonunnar Vanessu Hudgens.

„Það kom mér á óvart hversu afslappaður hann var í kringum þennan mann. Hann gekk um brosandi og hélt í hendina á honum. Menn veltu því fyrir sér hvort þetta væri sett á svið til að gera Vanessu afbrýðisama, en satt að segja virtist Zac afskaplega hrifinn af manninum," var haft eftir sjónarvotti. Fréttirnar ættu ekki að koma mörgum á óvart því mikið hefur verið slúðrað um kynhneigð Efrons allt frá því hann sló í gegn í dans- og söngvamyndinni High School Musical. „Vanessa virtist lítið láta þetta á sig fá, hún og Zac heilsuðust vinalega en svo héldu þau sig hvort í sínu horni. Vanessa skemmti sér með vinkonum sínum á meðan öll athygli Zacs var á þessum manni."






## Kvæntur maður

**Gamanleikarinn Mike Myers kvæntist í laumi kærustu sinni, Kelly Tisdale, í lok síðasta árs. Parið kynntist árið 2006 en hefur reynt að halda sambandi sínu út af fyrir sig.**

**Kelly Tisdale er fyrrverandi kærasta tónlistarmannsins Moby og saman reka þau testofu í New York þar sem hún og Myers kynntust. Þegar National Enquirer hafði samband við Myers sagði hann aðeins: „Ég er hissa að þið höfðuð ekki frétt af þessu fyrr."**

# HÚSGAGNAHÖLLIN

# Marstilboð

## MJÚK OG GÓÐ HÚSGÖGN FYRIR ÞIG OG ÞÍNA



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**19.990**
FULLT VERÐ: 29.990

**LINLEY** hægindastóll.
Grátt eða orange áklæði.



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

90 X 200 cm
með svamp yfirdýnu:

**27.990**
FULLT VERÐ: 42.980

NOCTURNE

**NOCTURNE 315** með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 114 Bonell gorma á $m^2$. Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á $m^2$. Verð er án fóta.



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**UMBRIA** tungusófi. Grátt áklæði.
B:245 D:88/163 H:80 cm.
Fæst með vinstri eða hægri tungu.

**159.990**
FULLT VERÐ: 219.990



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**KIEL** svefnsófi. Fæst með dökkgráu eða svörtu áklæði. B:198 D:90/122 H:83 cm.

**59.990**
FULLT VERÐ: 99.990



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**BARTALI** hornsófi. Antrazit áklæði.
180x240 H:72 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu.

**149.990**
FULLT VERÐ: 219.990



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. Rautt, natur, svart eða rústrautt áklæði. B:85 D:85 H:100 cm.

**74.990**
FULLT VERÐ: 99.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**MARTINI** La-z-boy stóll.
Natur áklæði. B:84 D:80 H:101 cm.

**79.990**
FULLT VERÐ: 109.980



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**ARINN 7100** Ashley Complete.
Hvítur eða mahogany.
B:122 D:35 H:106 cm.

**79.990**
FULLT VERÐ: 119.990

EXPO - www.expo.is

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

# Makalaust frumsýningarhóf

**Í tilefni af frumsýningu fyrsta þáttar af Makalaus á Skjá einum á fimmtudagskvöld var haldin frumsýningargleði á skemmtistaðnum Austur.**

Mætingin í gleðina var góð og skemmti fólk sér vel yfir þessum nýja sjónvarpsþætti. Hann er byggður á samnefndri bók Tobbu Marinósdóttur og fjallar um einhleypa stúlku í Reykjavík sem á í erfiðleikum með að ná sér í mann. Með hlutverk hennar fer Lilja Katrín Gunnarsdóttir.



**AÐALLEIKKONA** Ólöf Hugrún og aðalleikkonan Lilja Katrín Gunnarsdóttir voru á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÞRJÚ Á FRUMSÝNINGU** Guðmundur Ingi Þorvaldsson, sem leikur útrásarvíking í þáttunum, ásamt höfundinum Tobbu Marinósdóttur og kærastanum Karli Sigurðssyni.



**VEL MÆTT** Mætingin í frumsýningargleðina var mjög góð eins og sjá má.



**BROSMILD** Elín Arnar, ritstjóri Vikunnar, og Guðmundur Óskarsson voru brosmild á Austur.


TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| RANGO M/ Ensku. Tali | kl. 10:30 | L |
| JUSTIN Með texta | kl. 1:30 - 3:40 - 5:40 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:20 | 12 |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 3 - 5:30 - 8 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER MOVIE | kl. 2 | L |
| CARMEN-3D Ópera | kl. 5 | L |
| HALL PASS | kl. 8:10 - 10:20 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 2 - 4 | L |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 6 | 10 |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO-3D ísl Tal | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | 16 |
| JÓGI BJÖRN-3D ísl Tal | kl. 1 - 3.20 | L |
| GEIMAPAR 2-3D ísl Tal | kl. 1 - 3.20 | L |
| THE RITE | kl. 10.30 | 16 |
| TANGLED-3D ísl Tal | kl. 1 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CARMEN-3D Ópera Númeruð sæti | kl. 5 | L |
| KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 (sund. kl.5:50 - 8 - 10:30) | L |
| HALL PASS | kl. 8:10 - 10:30 (sund. kl.5:50 - 8:10 - 10:30) | 12 |
| GEIMAPAR 2-3D ísl | 1:50 - 4(3D) (sund. kl.2(3D) - 4(3D) | L |
| YOGI BEAR-3D ísl Tal | kl. 2(3D) (sund. kl.2(3D) - 4(3D) | L |
| MEGAMIND ísl Tal | kl. 3:40 | L |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 5:50 | 10 |
| ROKLAND | kl. 8 | 12 |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:10 | 14 |






SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 1 - 3.20 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ LÚXUS | KL. 1 - 3.20 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| ROOMMATE | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 1 (750 kr) - 3.20 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 1 (750 kr) - 8 - 10.10 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 3.20 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 1 (750 kr) - 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| ROOMMATE | KL. 8 - 10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 4 (750 kr) -6 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 3 (750 kr) - 5.30 | L |
| 127 HOURS | KL. 10.10 | 12 |
| BLACK SWAN | KL. 3 (750 kr) - 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 2 (600 kr) - 4 - 5.50 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 8 - 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 2 - 4 - 8 - 10 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.50 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
AUKAKRÓNUR 5%



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| RANGO - ISL TAL | 1.50(700 kr), 4 og 6 |
| RANGO - ENS TAL | 1.50(700 kr), 4, 6, 8 og 10.10 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 4, 6, 8 og 10 |
| THE MECHANIC | 8 og 10 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D | 2(700 kr) |



BÍÓ ★ PARADÍS — CAFÉ

LAUGARDAGUR

| | |
|---|---|
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 18:00, 20:10, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, 22:40 |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 20:10, 22:20 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 17:50 |
| THE INSIDE JOB | 22:20 |
| LOLA (L) | 20:00 |

SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 18:00, 20:10, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, 22:40 |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 20:10, 22:20 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 17:50, |
| THE INSIDE JOB (L) | 22:20 |
| LOLA (L) | 20:00 |




MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS













VERIÐ ÖRUGG - VERSLIÐ Á SPARBÍÓSÝNINGARNAR Á WWW.SAMBIO.IS

SPARBÍÓ




TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 950 Á GRÆNT OG KR. 650 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN

# TOSHIBA

## FARTÖLVUR




### Toshiba Qosmio F60-14K

- 1.73/Turbo 2.93GHz Intel Core i7-740QM - Quad core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 640GB SATA diskur
- 1GB Geforce GT 330M PhysX, DX11 og CUDA skjákort
- Blu-ray drif og DVD skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- High-Definition vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**219.990**

FULLT VERÐ KR. 249.990

# FERMINGATILBOÐ




### Toshiba Satellite C660-12L

- 2.1GHz Intel Dual Core T3500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 2500GB SATA diskur
- Intel GMA 4500M skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**79.990**

FULLT VERÐ KR. 99.990




### Toshiba Satellite C660-10W

- 2.3GHz Mobile AMD V Series V140
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- AMD Radeon HD 4250 skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**69.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990




### Toshiba Satellite C660-11K

- 2.4GHz Intel Core i3-370M - Dual core
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- Intel HD Graphics 4500M skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**109.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990




### Toshiba Satellite L650D-155

- 2.4Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile P540 örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 1GB AMD Radeon HD 5650 DirectX 11 skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.990**

FULLT VERÐ KR. 139.990




### Toshiba Satellite L650D-15G

- 2.2Ghz AMD Phenom II Triple Core Mobile N850
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 1GB AMD Radeon HD 5650 DirectX 11 skjákort
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**

FULLT VERÐ KR. 159.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# sport

sport@frettabladid.is



**STELPUNUM OKKAR** dugir að ná jafntefli gegn Danmörku í lokaleik sínum í B-riðli á Algarve Cup-mótinu í Portúgal til að tryggja sér sigur í riðlinum og þar með sæti úrslitaleik mótsins gegn liðinu sem sigrar í A-riðli. Þar er Bandaríkin nú í efsta sæti eftir tvo sigurleiki og er með fullt hús stiga, rétt eins og Ísland.



**ÖFLUGIR** Jakob Sigurðarson og Hlynur Bæringsson, leikmenn Sundsvall Dragons. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sænski körfuboltinn:

## Sundsvall deildarmeistari

**KÖRFUBOLTI** Sundsvall Dragons, lið Hlyns Bæringssonar og Jakobs Sigurðarsonar, tryggði sér í gær deildarmeistaratitilinn í sænsku úrvalsdeildinnimeð sigri á 08 Stockholm, 97-89, á útivelli.

Deildarkeppninni er ekki lokið en Sundsvall er með átta stiga forystu á næsta lið þegar þrjár umferðir eru eftir. Sundsvall er því öruggt með fyrsta sætið og þar með heimavallarréttinn alla úrslitakeppnina.

Jakob var stigahæstur leikmanna Sundsvall í leiknum og skoraði 24 stig á 31 mínútu. Hann setti niður fjóra þrista í aðeins fimm tilraunum í leiknum. Hlynur lék í aðeins rúmar þrettán mínútur en skoraði þó fjórtán stig, tók fimm fráköst og gaf þrjár stoðsendingar. Hlynur klikkaði aðeins á einu skoti í leiknum. - esá

Enska úrvalsdeildin:

## Dalglish fær aðra tilraun

**FÓTBOLTI Stórleikur helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni verður viðureign Liverpool og Manchester United á sunnudaginn.**

**Þó svo að Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, hafi aðeins verið í starfi síðan í byrjun árs er hann að mæta United öðru sinni síðan þá. Liverpool mætti United í bikarnum innan við sólarhring eftir að Dalglish var ráðinn.**

**United vann leikinn, 1-0, en nú segist Dalglish, sem fagnaði 60 ára afmæli sínu í gær, vera betur undirbúinn fyrir leikinn. „Ég var staddur í ferðalagi þegar kallið kom og því ekki tilbúinn þegar kom að leiknum. En strákarnir voru tilbúnir,“ sagði Dalglish. „En það breytti leiknum þegar þeir fengu víti strax á fyrstu mínútu og svo þegar Steven Gerrard fékk rautt spjald [á 32. mínútu]. Það er hægt að búa sig undir ýmislegt en ekki það.“ - esá**

# Ólýsanlega góð tilfinning að vera komin aftur á fullt

**Ísland vann í gær 2-1 sigur á Kína á Algarve Cup mótinu en Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði bæði mörk Íslands í leiknum. Hún segist loksins sjá fyrir endann á þriggja ára baráttu við meiðsli. „Á svo mörgum mikið að þakka.“**



**MARGRÉT LÁRA** Hefur skorað þrjú mörk í tveimur leikjum í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir er greinilega í sínu allra besta formi en hún skoraði bæði mörk Íslands í 2-1 sigri á Kína á Algarve Cup-mótinu í gær. Hún skoraði einnig í 2-1 sigri á Svíum á miðvikudag og átti þátt í sigurmarkinu þar að auki.

Sigur Íslands þýðir að liðið er í efsta sæti B-riðils á mótinu og dugir jafntefli gegn Dönum á mánudaginn til að komast í úrslitaleik mótsins, líklega gegn hinu geysisterka liði Bandaríkjanna.

Margrét Lára hefur verið að glíma við meiðsli í læri meira eða minna í þrjú ár. Blaðamaður spurði hana hvort hún væri nú loks búin að hafa betur í þeirri baráttu.

„Ég vil helst ekki svara þessari spurningu,“ sagði hún og hló. „En eins og er þá er ég að ná mér. Ég finn enn aðeins fyrir meiðslunum en þetta háir mér ekki í dag. Ég hef nú verið að æfa á fullu í tvo mánuði með liði mínu, Kristianstad í Svíþjóð, og hef verið undir miklu álagi. Maður veit aldrei með meiðsli en ég tel að ég sé loksins að sjá fyrir endann á þessu. Ég á ótrúlega mörgum góðum að þakka fyrir það enda hefði ég aldrei getað gert þetta ein.“

Margrét Lára fékk loksins greiningu á lærmeiðslunum í sumar. „Einar Einarsson sjúkraþjálfari og Sveinbjörn Brandsson læknir komust að þeirri niðurstöðu að það væri styrktarmunur á milli vöðva og því væru vöðvar aftan í læri í yfirkeyrslu á meðan að aðrir væru í hvíld. Þetta eru dæmigerð álagsmeiðsli sem komu þegar ég ætlaði mér of mikið. Ég hef lært að stundum er meira ekki alltaf betra.“

Hún viðurkennir að það hafi tekið á að vita ekki svo lengi hvað hafi verið að hrjá hana og að hún hafi um tíma óttast að hún myndi aldrei ná fullum krafti á ný.

„Já, ég get viðurkennt að ég var farin að óttast það. Ég fór til Sveinbjörns fyrir leikinn gegn Frakklandi í sumar og var þá búin að ákveða að taka mér frí frá boltanum. En hann harðneitaði að leyfa mér það. Hann og Einar sjúkraþjálfari settu mér fyrir stífa endurhæfingaráætlun og það var svo í október að þetta fór loksins að skila árangri. Ég hef verið síðan þá á góðri uppleið og í dag, sjö mánuðum síðar, er ég fyrst að verða góð. Ég get ekki lýst því hversu góð tilfinning að vera komin til baka og aftur á fullt.“

Hún segir að þetta hafi einnig reynt á sálarlífið. „Það eru miklar tilfinningar í spilinu. Svo miklar að ég brast næstum í grát þegar ég sá umsögn Sigurðar Ragnars [Eyjólfssonar landsliðsþjálfara] um mig eftir síðasta leik,“ sagði hún og átti þá við viðtal Fréttablaðsins við Sigurð Ragnar eftir leikinn gegn Svíum. Þá sagði hann að hann hafi ekki séð Margréti Láru spila betur í nokkur ár og hrósaði henni mikið fyrir frammistöðuna.

> Ég brast næstum í grát þegar ég sá umsögn Sigurðar Ragnars um mig eftir síðasta leik.
>
> **MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR**
> LANDSLIÐSKONA Í KNATTSPYRNU

„Þetta hefur lagst mikið á sálina mína enda lifi ég fyrir fótboltann. Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og ég vil geta sýnt mínar sparihliðar í hverjum einasta leik.“

Hún segist eiga mörgum að þakka fyrir batann. „Ég var til dæmis hjá Silju Úlfarsdóttur í haust sem tók formið mitt í gegn og svo er ég að vinna með frábæru fólki í Kristianstad undir stjórn Elísabetar Gunnarsdóttur. Ég hef fengið bestu meðhöndlun sem völ er á. Þessu fólki, ásamt öllum mínum læknum og sjúkraþjálfurum og ekki síst fjölskyldu minni, er ég ótrúlega þakklát.“

eirikur@frettabladid.is



**Í 100. LEIKNUM** Katrín tekur hér við viðurkenningu síðastliðið sumar í tilefni af 100. landsleik hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sögulegur áfangi:

## Katrín jafnaði met Rúnars

**FÓTBOLTI Katrín Jónsdóttir jafnaði í gær met Rúnars Kristinssonar er hún lék sinn 104. A-landsleik þegar Ísland vann Kína, 2-1, á Algarve Cup. Rúnar lék á sínum tíma jafn marga leiki með A-landsliði karla. Hún getur bætt metið þegar að Ísland mætir Danmörku á mánudaginn.**

**„Það er sannur heiður að fá að þjálfa leikmann eins og hana,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari. „Hún gerir alltaf sitt, er frábær fyrirmynd fyrir aðra í liðinu og er alltaf í 100 prósent formi.“**

**Margrét Lára Viðarsdóttir, sem skoraði bæði mörk Íslands gegn Kína í gær, hrósaði henni einnig í hástert. „Allir íþróttamenn mega taka hana sér til fyrirmyndar. Hún er sannur leiðtogi og örugglega í besta forminu hér þrátt fyrir aldurinn. Stundum höldum við stelpurnar að ferlinum sé lokið við 28 ára aldurinn en ef maður er tilbúinn að leggja mikið á sig til að halda sér í góðu formi er allt hægt. Það hefur Katrín sýnt.“ - esá**

EM í frjálsum innanhúss:

## Kristinn nálægt Íslandsmetinu

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Kristinn Torfason, FH, var nálægt því að bæta Íslandsmet Jóns Arnars Magnússonar í langstökki innanhúss er hann stökk 7,73 metra á EM í París í gær. Hann var aðeins níu sentimetrum frá metinu en hann hafnaði í 15. sæti.

Kristinn keppti svo í þrístökki en náði sér þar ekki á strik og stökk lengst 14,80 metra. 51 árs gamalt Íslandsmet Vilhjálmar Einarssonar í greininni utanhúss er 16,70 metrar.

Óðinn Björn Þorsteinsson, FH, keppti í kúluvarpi en var talsvert frá sínu besta. Hann kastaði lengst 17,31 m og hafnaði í 20. sæti. - esá




Þórir Ólafsson fær ekki nýjan samning hjá þýska liðinu TuS N-Lübbecke:

# Ætla að vera áfram í Þýskalandi

**HANDBOLTI** Eftir sex góð ár hjá TuS N-Lübbecke er hornamaðurinn knái Þórir Ólafsson á förum frá liðinu. Honum var tjáð af stjórnarmanni félagsins að hann fengi ekki nýjan samning hjá félaginu þar sem hann hefur verið fyrirliði síðustu tvö ár.

„Þeir vilja ekki framlengja og bera við niðurskurði. Þetta er ákvörðun þjálfara og stjórnar. Þeir sögðust ekki hafa peninga til þess að halda mér. Það stóð í þýskum miðlum að samningar hefðu ekki náðst, sem er kjaftæði því það voru engar samningaviðræður í gangi,“ segir Þórir, en hann er einn fjögurra leikmanna liðsins sem fá ekki nýjan samning.

„Mig hefur grunað þetta síðan eftir HM. Ég er pínu svekktur út í Markus Baur þjálfara, sem var ekki til í að segja mér frá þessu sjálfur.“



**VISTASKIPTI** Þórir þarf að finna sér nýtt félag fyrir næsta tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TuS N-Lübbecke er eina félagið sem Þórir hefur spilað með í Þýskalandi en hann þarf nú að breyta til. Ekki kemur til greina að koma heim enda Þórir aðeins 31 árs gamall og er enn að spila afar vel.

„Ég reyni að líta á þetta jákvæðum augum og vonandi tekur eitthvað betra við. Það verður fínt að prófa eitthvað nýtt hérna úti. Umboðsmaðurinn minn hefur verið að þreifa fyrir sér síðustu vikur og það er áhugi.“ - hbg

# GERÐU FRÁBÆR KAUP!



**SIX MIX leðurstígvél kr. 7.900**
Verð áður kr. 24.900 og 29.900

**Dömu kuldaskór kr. 5.000**
Verð áður kr. 8.000

**CATMANDOO barnaúlpur kr. 5.000**
Verð áður - KR. 14.990 og 17.990

ENN STÆRRI
## GÖTUMARKAÐUR
ALLAR VÖRUR Á
KR. 500 EÐA 1.000
NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA!

NÝ SENDING AF FATNAÐI
FRÁ DEBENHAMS!

## 25-70%
AFSLÁTTUR AF
OROBLU - SANPELLIGRINO
L'OREAL - MAYBELLINE - VICHY

Stærsti lagermarkaður landsins!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Þrír leikir fóru fram í Iceland Express deild karla í gærkvöldi:

# Vandræðalaust hjá Stjörnunni

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan vann frábæran sigur gegn Snæfelli, 94-80, í Iceland-Express deild karla í gærkvöldi. Stjarnan hafði yfirhöndina allan leikinn og því var sigurinn aldrei í hættu. Justin Shouse og Renato Lindmets voru frábærir fyrir Stjörnuna en Sean Burton var í raun eini leikmaður Snæfellinga sem náði sér á strik.

„Þessi sigur var aldrei í hættu og líklega var þetta besti leikur okkar á tímabilinu,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, kampakátur eftir sigurinn í gær.

„Ég bjóst nú við þeim þó nokkuð grimmari varnarlega og við fengum að spila okkar leik nokkuð óáreittir. Svo þegar líður á leikinn eflist sjálfstraustið og þá er erfitt að stöðva okkur. Þetta er frábært skotlið og um leið og við gáfum þeim örlítið pláss fóru þeir að hitta vel, en sem betur fer náðum við að halda út með góðan varnarleik stórann hluta af leiknum.“

„Við vorum strax tveimur skrefum á eftir þeim,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, eftir tapið í gær.

„Þeir voru bara miklu sterkari en við alveg frá byrjun og löngunin var mun meiri hjá Stjörnunni en okkur. Þetta var virkilega einkennilegt, sérstaklega þar sem við vorum að koma frá alveg hreint frábærum leik gegn Haukum í síðustu umferð, en við höfum ekki spilað svona illa lengi.“

KFÍ féll úr deildinni eftir að hafa tapað fyrir Keflavík í gær, 123-87.

- sáp / esá



**ÁTTI GÓÐAN LEIK** Eistlendingurinn Renato Lindmets skoraði 29 stig fyrir Stjörnuna í gær og tók tíu fráköst þar að auki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






## ÚRSLIT

*Iceland Express deild karla*

**Stjarnan - Snæfell** **94-80 (46-36)**

**Stig Stjörnunnar**: Renato Lindmets 29/10 fráköst, Justin Shouse 23/13 stoðsendingar, Guðjón Lárusson 11, Fannar Freyr Helgason 9, Marvin Valdimarsson 8, Kjartan Atli Kjartansson 6, Jovan Zdravevski 5, Daníel G. Guðmundsson 3.

**Stig Snæfells**: Sean Burton 20/14 stoðsendingar, Ryan Amaroso 17/10 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 12, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 7, Emil Þór Jóhannsson 7, Zeljko Bojovic 6, Atli Rafn Hreinsson 4, Sveinn Arnar Davíðsson 4, Egill Egilsson 3.

**Haukar - Njarðvík** **72-80 (37-41)**

**Stig Hauka**: Semaj Inge 21/5 fráköst/6 stoðsendingar, Gerald Robinson 13/14 fráköst, Haukur Óskarsson 12, Sveinn Ómar Sveinsson 8, Örn Sigurðarson 6, Sigurður Þór Einarsson 4, Emil Barja 4, Davíð Páll Hermannsson 4.

**Stig Njarðvíkur**: Giordan Watson 33/7 fráköst/9 stoðsendingar, Nenad Tomasevic 14, Melzie Jonathan Moore 12, Guðmundur Jónsson 7, Friðrik E. Stefánsson 6/8 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 4, Rúnar Ingi Erlingsson 2, Páll Kristinsson 2.

**Keflavík - KFÍ** **123-87 (54-37)**

**Stig Keflavíkur**: Thomas Sanders 23/12 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 17, Gunnar Einarsson 16, Þröstur Leó Jóhannsson 16, Andrija Ciric 15, Gunnar H. Stefánsson 12, Hörður Axel Vilhjálmsson 11/13 stoðsendingar, Halldór Örn Halldórsson 6, Magnús Þór Gunnarsson 5, Almar Stefán Guðbrandsson 2.

**Stig KFÍ**: Nebojsa Knezevic 26, Craig Schoen 23, Ari Gylfason 11, Carl Josey 10, Richard McNutt 7/12 fráköst, Darco Milosevic 5, Pance Ilievski 3, Marco Milicevic 2.

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **20** | **16** | **4** | **1936-1786** | **32** |
| KR | 20 | 15 | 5 | 1946-1709 | 30 |
| **Grindavík** | **20** | **14** | **6** | **1687-1589** | **28** |
| Keflavík | 20 | 14 | 6 | 1915-1747 | 28 |
| **Stjarnan** | **20** | **11** | **9** | **1723-1727** | **22** |
| ÍR | 20 | 9 | 11 | 1805-1822 | 18 |
| **Njarðvík** | **20** | **9** | **11** | **1627-1686** | **18** |
| Haukar | 20 | 9 | 11 | 1627-1686 | 18 |
| **Tindastóll** | **20** | **7** | **13** | **1601-1686** | **14** |
| Fjölnir | 20 | 7 | 13 | 1758-1844 | 14 |
| **Hamar** | **20** | **6** | **14** | **1610-1709** | **12** |
| KFÍ | 20 | 4 | 16 | 1715-1902 | 8 |

### NÆSTU LEIKIR

| | |
|---|---|
| Snæfell - Hamar | annað kvöld kl. 19.15 |
| ÍR - KR | annað kvöld kl. 19.15 |
| KFÍ - Njarðvík | annað kvöld kl. 19.15 |






RÚMFATA LAGERINN
OPNUM KL. 08:00
LAUGARDAGINN 5. MARS OPNUM VIÐ STÆRRI OG GLÆSILEGRI VERSLUN Á SMÁRATORGI! BJÓÐUM UPP Á KAFFI, KLEINUR OG SAFA LAUGARDAG OG SUNNUDAG!
MOLLIE ÁÐUR: 1.495,-
995,-
33% AFSLÁTTUR
MOLLIE sængurverasett
Fæst í 2 fallegum litum. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
40% AFSLÁTTUR
TUNGUSÓFI ÁÐUR: 169.950,-
99.950,-
CHERBOURG tungusófi
Fallegur, dökkbrúnn tungusófi með PU áklæði á frábæru verði. Stærð: B282 x H80 x D167/92 sm.
Ferðatöskur
Fást í 3 stærðum.
Lítil 3.995,- nú 2.395,-
Miðstærð 4.995,- nú 2.995,-
Stór 5.995,- nú 3.595,-
FERÐATASKA VERÐ FRÁ:
2.395,-
40% AFSLÁTTUR
ALLT SETTIÐ ÁÐUR: 12.950,-
7.950,-
39% AFSLÁTTUR
Handlóðasett
20 kg.
ÍÞRÓTTA-ÁLFURINN OG SOLLA STIRÐA MÆTA KL. 15:00 Á LAUGARDAGINN OG SKEMMTA KRÖKKUNUM!
Latibær ® & © 2011 Latibær ehf.
LATI BÆR
10 STK. ÁÐUR: 995,-
495,-
50% AFSLÁTTUR
Viskastykki
10 saman í pakka á frábæru tilboði!
TOP ROLLER ÁÐUR: 2.495,-
1.495,-
40% AFSLÁTTUR
TOP ROLLER plastkassi
Á góðum hjólum. Lok með sterku og löngu handfangi.
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA EINGÖNGU 5. MARS OG 6. MARS
STÓLL ÁÐUR: 19.995,-
9.995,-
JOHN MESH skrifborðsstóll
Hægt að hækka og lækka setu og halla baki.
50% AFSLÁTTUR

## > Tom Cruise

„Ég gerðist ekki leikari til þess að hafa völd, en það þróaðist víst þannig og þar af leiðandi fæ ég mörg tækifæri.“

***Tom Cruise leikur sérsveitarmanninn Ethan Hunt sem er kominn aftur á stjá og fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa í hasarmyndinni mögnuðu Mission: Impossible 2 sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 13.00

### Liverpool - Manchester United

Bein útsending frá stórleik Liverpool og Manchester United á Anfield. Það er ávallt mikil stemning þegar þessi tvö sigursælustu lið enska boltans mætast. Þetta er þriðji leikur liðanna í vetur. Þau mættust á Old Trafford í úrvalsdeildinni í september og þá hafði United betur, 3-2, í hörkuleik þar sem Dimitar Berbatov skoraði öll þrjú mörk United en Steven Gerrard bæði mörk Liverpool. Þau mættust aftur á sama velli í FA bikarkeppninni í janúar og aftur sigraði United. Nú hyggja leikmenn Liverpool á hefndir á sínum eigin heimavelli, enda hefur liðið unnið tvo síðustu leiki félaganna á Anfield.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumar raddir **09.03** Landið sem rís **10.05** Veðurfregnir **10.15** Færeyjar út úr þokunni **11.00** Guðsþjónusta í Hjallakirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Vort dramatíska líf **15.00** Krakkar eru krakkar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.30** Þær höfðu áhrif **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskastundin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Gullfiskurinn **21.10** Tilraunaglasið **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.20** Sagnaslóð **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.15 Gettu betur** (e)
**11.25 Landinn** (e)
**11.55 Návígi** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Hvert stefnir Ísland?** (e)
**15.10 Hvað veistu? - Gripnir vegna göngulagsins** (e)
**15.40 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Fram og FH.
**17.20 Framandi og freistandi** (3:5) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.28 Með afa í vasanum**
**18.40 Skúli Skelfir** (19:52)
**18.51 Ungur nemur - gamall temur** (5:30)
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.10 Hallgrímur - Maður eins og ég** Heimildamynd um lífshlaup Hallgríms Björvinssonar. Hann varð bráðkvaddur rétt eftir að framleiðslu myndarinnar lauk, síðsumars 2010, aðeins 34 ára.
**21.10 Lífverðirnir** Dönsk þáttaröð um háskalegt starf lífvarða í öryggislögreglunni. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.10 Sunnudagsbíó - Úr viðjum vanans**
**23.35 Silfur Egils** (e)
**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Reality Bites**
**10.00 Sweet Nothing in My Ear**
**12.00 Wedding Daze**
**14.00 Reality Bites**
**16.00 Sweet Nothing in My Ear**
**18.00 Wedding Daze**
**20.00 Cake: A Wedding Story**
**22.00 Mission: Impossible 2**
**00.00 The Fast and the Furious**
**02.00 Brothers of the Head**
**04.00 Mission: Impossible 2**
**06.00 The Baxter**

## STÖÐ 2

**07.00 Lalli**
**07.10 Hvellur keppnisbíll**
**07.25 Harry og Toto**
**07.35 Tommi og Jenni**
**08.00 Algjör Sveppi**
**08.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.15 Ofuröndin**
**09.35 Histeria!**
**10.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**
**11.30 Sorry I've Got No Head**
**12.00 Spaugstofan**
**12.30 Nágrannar**
**13.50 Nágrannar**
**14.15 Smallville** (17:22)
**15.00 Tvímælalaust**
**15.50 The Middle** (8:24)
**16.20 Gott að borða**
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.10 Frasier** (6:24)
**19.35 Sjálfstætt fólk** Viðmælandi Jóns Ársæls og Steingríms Jóns Þórðarsonar í kvöld er rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson.
**20.10 The Mentalist** (15:22) Frumlegir þættir um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**20.55 Chase** (10:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum.
**21.40 Boardwalk Empire** (3:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram og græðgin og hömluleysið var allsráðandi.
**22.35 Mad Men** (13:13)
**23.25 60 mínútur**
**00.10 Spaugstofan**
**00.35 Daily Show: Global Edition**
**01.00 Glee** (13:22)
**01.45 Undercovers** (13:13)
**02.30 Girl, Interrupted**
**04.35 The Mentalist** (15:22)
**05.20 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.00 Bolton - Aston Villa**
**09.45 Fulham - Blackburn**
**11.30 PL Classic Matches: Man Utd - Liverpool, 1992**
**12.00 PL Classic Matches: Liverpool - Man Utd, 99/00**
**12.30 PL Classic Matches: Liverpool - Man. United, 1993**
**13.00 Liverpool - Man. Utd** Bein útsending frá stórleik Liverpool og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**15.50 Wolves - Tottenham** Bein útsending frá leik Wolves og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Gumma Ben og Hjörvari Hafliða er þáttur sem enginn má missa af.
**19.15 Birmingham - WBA**
**21.00 Sunnudagsmessan**
**22.15 Liverpool - Man. Utd**
**00.00 Sunnudagsmessan**
**01.15 Wolves - Tottenham**
**03.00 Sunnudagsmessan**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.45 Spænski boltinn: Barcelona - Zaragoza**
**09.30 NBA körfuboltinn: New Jersey - Toronto**
**11.20 Stoke By Nayland Championship**
**13.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**14.45 Players Club Bristol** Upptaka frá móti í PGA Europro mótaröðinni.
**16.25 Þýski handboltinn: Grosswallstadt - Füchse Berlin** Bein útsending frá leik Grosswallstadt og Füchse Berlin í þýska handboltanum.
**18.00 NBA körfuboltinn: Miami - Chicago** Bein útsending frá leik Miami Heat og Chicago Bulls í NBA deildinni.
**21.00 Spænski boltinn: Racing - Real Madrid** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**22.45 Þýski handboltinn: Grosswallstadt - Füchse Berlin** Útsending frá leik Grosswallstadt og Füchse Berlin í þýska handboltanum.

## EXTRA

**16.35 Bold and the Beautiful**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**17.55 Bold and the Beautiful**
**18.15 Sorry I've Got No Head**
**18.45 Spaugstofan**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval** Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var uppá í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.
**19.45 Auddi og Sveppi** Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með allskyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
**20.15 American Idol** (13:45) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í tíunda skiptið. Níu sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn um allan heim og mun fleiri keppendur eru orðnir heimsfrægir söngvarar og leikarar.
**21.20 American Idol** (14:45)
**22.25 American Idol** (15:45)
**23.50 Masterchef** (9:13) Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi. Þúsundir manna taka þátt í prufum víðs vegar um Bandaríkin halda 30 áfram á næsta stig. Það er Gordon Ramsey sem leiðir keppnina.
**00.35 ET Weekend**
**01.20 Sex and the City** (3:8)
**01.50 Sorry I've Got No Head**
**02.20 Sjáðu**
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**18.00 Svavar Gestsson**
**18.30 Já**
**19.00 Nei**
**19.30 Bubbi og Lobbi**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Undir feldi**
**21.30 Eru þeir að fá´ann**
**22.00 Hrafnaþing**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## SKJÁREINN

**08.35 Dr. Phil** (127:175)
**09.15 Samfés 2011**
**13.00 Judging Amy** (14:22)
**13.45 The Bachelorette** (8:12)
**15.15 Spjallið með Sölva** (3:16)
**15.55 Dyngjan** (3:12)
**16.45 HA?** (7:12)
**17.35 7th Heaven** (18:22)
**18.20 Game Tíví** (6:14)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (42:46)
**19.15 30 Rock** (13:22)
**19.40 Makalaus** (1:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós.
**20.10 Top Gear Best of** (2:4)
**21.10 The Defenders** (8:18) Lögfræðingarnir Nick og Pete leggja allt undir á skjólstæðinga sína.
**22.00 The Walking Dead** (4:6) Hörkuspennandi hrollvekjuþættir frá leikstjóra The Shawshank Redemption.
**22.50 Blue Bloods** (5:22) Þáttaröð frá framleiðendum Sopranos fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagans, lögreglustjóra.
**23.35 Royal Pains** (5:18) Læknirinn Hank snýr aftur í þessari skemmtilegu þáttaröð.
**00.25 Saturday Night Live** (9:22)
**01.20 The Cleaner** (13:13)
**02.05 The Defenders** (8:18)
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.00 The Honda Classic - Dagur 3** (3:4)
**10.50 Golfing World** (35:240)
**11.40 World Golf Championship 2011 - Dagur 5** (5:5)
**18.00 The Honda Classic - Dagur 4 - BEINT** (4:4) Hluti af PGA mótaröðinni.
**23.00 Champions Tour - Highlights** (3:25)
**23.55 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (35:240)
**00.50 The Honda Classic - Dagur 4** (4:4)
**06.00 ESPN America**

## BBC entertainment

**11.20** Deal or No Deal **11.55** Deal or No Deal **12.40** Deal or No Deal **13.15** Deal or No Deal **13.50** My Family **14.20** My Family **14.50** My Family **15.20** My Family **15.50** My Family **16.20** My Family **16.50** My Family **17.20** My Family **17.50** My Family **18.20** Monarch of the Glen **19.10** Robin Hood **20.00** Spooks **21.00** Ashes to Ashes **21.50** Monarch of the Glen **22.40** Robin Hood

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** Farvel til firmaet **11.55** Sugar Rush **12.25** Vores Liv **12.55** OBS **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Verdens morsomste mand **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Lykke **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Liberal Alliances landsmøde **18.30** OBS **18.35** Geniale dyr **19.00** Lykke **20.00** 21 Søndag **20.40** Fodboldmagasinet **21.05** The Pacific **22.00** Ross Kemp in Afghanistan **22.50** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **23.35** TV!TV!TV!

## NRK 1

**13.00** VM Oslo 2011 **16.00** VM Oslo 2011 **16.30** Åpen himmel **16.50** NRKs sportssondag **17.30** Rally **18.00** Søndagsrevyen **18.30** VM-kveld **19.55** Livvaktene **20.50** Livvaktene **21.50** Oscarkveld 2010 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Oscarkveld 2010 **22.20** Traffic **00.40** Oscarkveld 2010 **01.05** Oscarkveld 2010. Oscar-stjerner på rød løper **01.30** Oscarkveld 2010. Oscar-utdelingen 2011 **05.00** TBA

## SVT 1

**06.15** Mitt liv som Hellner **06.30** Vasaloppet **11.50** Vinterstudion **12.00** Skid-VM i Oslo **14.30** Vinterstudion **14.40** Bandy. Elitserien **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Potatishandlaren **19.50** AB Svenska ords klassiker **20.00** Kommissarie Zen **21.35** Big Love **22.30** Melodifestivalen 2011 **05.00** Rapport **05.05** Sportspegeln **05.25** Gomorron Sverige

## N4

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





**Fróðaþing 2 – Kóp.**

**Opið hús sunnudag 6. mars mill kl. 16-17**

Glæsilegt nýtt 324 fm einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er sérlega vel skipulagt og fjölskylduvænt með 5 rúmgóðum svefnherb. Vandaðar innréttingar úr rauðeik. Hús nær viðhaldsfrítt að utan, klætt með granítflísum. 80 fm glæsilegur afgirtur sólpallur (sól allan daginn fram á kvöld). Sjón er sögu ríkari. Ýmis skipti koma til greina. **Verð 79 millj.** Uppl. Veitir Þórarinn í síma 844-6353.

VALHÖLL FASTEIGNASALA
**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
**GARÐATORGI 7**
**210 GARÐABÆ**
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali

**Hofteigur 36 – sérhæð**




**Opið hús sunnudaginn 6. mars kl. 15:00-16:00**
Falleg og vel skipulögð 94,6 fm 4ra herbergja hæð í 3-býli ásamt 27,0 fm húsi á lóð sem búið er að innrétta sem einstaklingsíbúð, samtals 121,6 fm. Góð staðsetning. Þrjú svefnherbergi. Parket og flísar á gólfi. Suður svalir. Ekkert áhvílandi. **Verð 27,5 milljónir.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

**Traust fyrirtæki óskar eftir íbúðum til leigu.**

**Óskað er eftir 2ja til 3ja herb íbúðum með húsgögnum og tækjum. Leigutími frá 6 til 24 mánuði. Leigutaki tryggir þriggja mánaða bankaábyrgð**

**Nánari upplýsingar veita:**

Jón Rafn Valdimarsson
Lögg. fasteignasali
S: 695-5520

Sigþór Bragason
Lögg. fasteignasali
S: 899-9787




# BOLLA! BOLLA! BOLLAÐU TIL ÞÍN MILLJÓNUM

**Fimmfaldur Lottópottur** stefnir í **40 milljónir.**
**Leyfðu þér smá Lottó!**

Lottó

05/03 2011 | WWW.LOTTO.IS

facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
**facebook.com/lotto.is**

Fíton/SÍA

## > Tina Fey

„Læknisfræðileg könnun frá Harvard sýnir fram á að rassmælar eru enn þá besta leiðin til að mæla líkamshita barns. Þar að auki sýnir það barninu líka hver ræður.“

***Tina Fey leikur kaupsýslukonu sem getur ekki eignast barn og ræður því óheflaða lágstéttarkonu til að ganga með barn fyrir sig með ansi skrautlegum afleiðingum í drepfyndnu gamanmyndinni Baby Mama sem er á Stöð 2 Bíó kl. 18.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON LEGGUR DÓM Á FRÆÐSLUGILDI SJÓNVARPSEFNIS

# *Hvað höfum við lært af sjónvarpinu?*

Margar og margvíslegar sjónvarpsstöðvar þykjast geta frætt okkur um heiminn. Fréttastöðvar færa okkur gildismat í staðreyndabúningi, matreiðsluþættir sýna okkur hvernig við eigum að elda og meira að segja held ég að skilgreint hlutverk sumra sjónvarpsstöðva, ekki síst ríkisrekinna, sé að hluta til að fræða almenning um allt milli himins og jarðar. Þetta hlutverk má til dæmis rækja með íþróttafréttum. Alemannia Aachen vann Eintracht Frankfurt á heimavelli í þriðju umferð þýsku bikarkeppninnar í fótbolta með fimm mörkum gegn þremur eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni en tapaði síðan 0-4 fyrir Bayern München í átta liða úrslitum. Það eru upplýsingar.



Reyndar má deila um hversu hagnýtar og endingargóðar þær upplýsingar eru sem við fáum frá sjónvarpinu. Manst þú hvað núverandi leiðtogi Egyptalands heitir? Kanntu að elda eitthvað í líkingu við þann mat sem þú hefur séð matreiddan á skjánum? Skiptir það máli? Kannski ertu eins og breski grínistinn Ricky Gervais, sem sagðist hafa eytt ótöldum klukkustundum í að horfa á Discovery Channel og History Channel. Hann væri engu bættari nema að nú væri hann alfróður um hákarla og nasista.

Kenning mín er að mesta fræðslugildið sé falið í grínþáttum á borð við Friends, Coupling og How I Met Your Mother, sem eiga það sameiginlegt að fólk á þrítugs- og jafnvel fertugsaldri ræðir löngum stundum ýmis bellibrögð í samskiptum kynjanna. Hösltrix. Dömplínur. Frasa, lygar og langsóttar kenningar um hvað kveiki og slökkvi á hvers lags kynferðislegu viðfangi. Hver sem tileinkar sér slíkt efni hlýtur að standa vel að vígi þegar á gelgjuskeið er komið og búa að áunninni slægð sinni á amorsvöllum svo lengi ævinnar sem hormón ráða för að nokkru marki. Þekking er jú styrkur.

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.30 Að duga eða drepast** (20:20) (e)
**11.10 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (4:12) (e)
**11.40 Kastljós** (e)
**12.10 Kiljan** (e)
**13.00 Ljónin þreyja af þurrkinn** (e)
**14.00 Framhaldsskólamótið í fótbolta**
**16.30 Sportið** (e)
**16.55 Lincolnshæðir** (Lincoln Heights)
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 Útsvar** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Enginn má við mörgum** (Outnumbered) Bresk gamanþáttaröð um hjón sem eiga í basli með að ala upp börnin sín þrjú.
**20.10 Gettu betur** Fjölbrautaskóli Suðurlands og Menntaskólinn í Reykjavík eigast við.
**21.15 Sögur fyrir svefninn** (Bedtime Stories) Í þessari bandarísku gamanmynd, sem er frá 2008, breytist líf hótelstarfsmanns þegar sögurnar sem hann segir frændsystkinum sínum verða að veruleika.
**22.55 Harkan sex** (Harsh Times) Bandarísk bíómynd frá 2005 um tvo vini í Los Angeles og myrkraverk sem veldur ósætti þeirra. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.50 Fílamaðurinn** (The Elephant Man) (e)
**02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Wayne's World**
**10.00 First Wives Club**
**12.00 Baby Mama**
**14.00 Wayne's World**
**16.00 First Wives Club**
**18.00 Baby Mama**
**20.00 Love at Large**
**22.00 The Ruins**
**00.00 The Brothers Solomon**
**02.00 Crossroads: A Story of Forgiveness**
**04.00 The Ruins**
**06.00 Cake: A Wedding Story**

## STÖÐ 2

**07.00 Hvellur keppnisbíll**
**07.15 Þorlákur**
**07.20 Brunabílarnir**
**07.45 Sumardalsmyllan**
**07.50 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00 Algjör Sveppi**
**10.15 Latibær**
**10.25 Leðurblökustelpan**
**10.50 iCarly** (3:45)
**11.15 Glee** (13:22)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.40 The Bucket List**
**15.15 Sjálfstætt fólk**
**15.50 The Middle** (7:24)
**16.15 Modern Family** (11:24)
**16.40 Auddi og Sveppi**
**17.10 ET Weekend**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan**
**20.05 American Idol** (13:45) Vinsælasti skemmtiþáttur veraldar snýr aftur í tíunda skiptið. Níu sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn um allan heim og mun fleiri keppendur eru orðnir heimsfrægir söngvarar og leikarar.
**21.05 American Idol** (14:45)
**22.10 American Idol** (15:45)
**23.35 Silence of the Lambs** Raðmorðingi gengur laus. Alríkislögreglukonunni Clarice Starling er falin rannsókn málsins og hún óskar aðstoðar mannætunnar dr. Hannibals Lecter sem gæti hugsanlega stöðvað morðingjann. Þrælmögnuð mynd sem hlaut alls 5 Óskarsverðlaun.
**01.30 Analyze This**
**03.10 The Bucket List**
**04.45 10.000 BC**

## SPORT *besta sætið*

**07.35 Everton - Reading**
**09.20 Man. City - Aston Villa**
**11.05 NBA körfuboltinn: New Jersey - Toronto**
**12.55 Ensku bikarmörkin**
**13.25 Spænsku mörkin**
**14.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**14.55 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona**
**16.40 Stoke By Nayland Championship**
**18.20 La Liga Report**
**18.50 Spænski boltinn: Barcelona - Zaragoza** Bein útsending frá leik Barcelona og Real Zaragoza í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.00 The U** Einstök heimildamynd um ótrúlegan árangur háskólaliðsins Miami Hurricanes í ameríska fótboltanum í upphafi níunda áratugar síðustu aldar. Þjálfarinn tók þá umdeildu ákvörðun að sækja blökkumenn í fátækustu hverfin í Flórída.
**23.00 NBA körfuboltinn: New Jersey - Totonto** Útsending frá leik New Jersey Nets og Toronto Raptors í NBA deildinni. Leikurinn fór fram fyrr í kvöld og var í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 kl. 20.00.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.55 Chelsea - Man. Utd**
**10.40 Premier League Review 2010/11**
**12.05 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
**12.35 Birmingham - WBA** Bein útsending frá leik Birmingham City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
**14.45 Arsenal - Sunderland** Bein útsending frá leik Arsenal og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**17.15 Man. City - Wigan** Bein útsending frá leik Manchester City og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
**19.45 Fulham - Blackburn** Útsending frá leik Fulham og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
**21.30 Bolton - Aston Villa**
**23.15 Newcastle - Everton**
**01.00 West Ham - Stoke**

## SKJÁREINN

**09.30 Dr. Phil** (123:175)
**11.35 Dr. Phil** (126:175)
**13.00 Samfés 2011 - BEINT** Útsending frá söngkeppni félagsmiðstöðva í Laugardalshöll. Undankeppnir hafa farið fram um allt land en þrjátíu atriði munu keppa til úrslita.
**16.00 90210** (14:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.
**16.45 The Defenders** (7:18) Lögfræðingarnir Nick og Pete leggja allt undir á skjólstæðinga sína í borg freistinganna Las Vegas.
**17.30 Top Gear Best of** (1:4)
**18.30 Survivor** (13:16) Bandarískir raunveruleikaþættir þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru.
**19.15 Got to Dance** (9:15) Got to Dance er raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn.
**20.05 Saturday Night Live** (9:22) Stórskemmtilegur grínþáttur sem hefur kitlað hláturtaugar áhorfenda í meira en þrjá áratugi. Í þáttunum er gert grín að ólíkum einstaklingum úr bandarískum samtíma.
**21.00 Steel Magnolias**
**23.00 Wonderland**
**00.15 Judging Amy** (13:22) Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
**00.45 HA?** (7:12) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi.
**01.35 Zack and Miri Make a Porno**
**03.15 Whose Line Is It Anyway?** (26:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**03.40 Jay Leno**
**05.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.20 Golfing World** (33:240)
**08.10 The Honda Classic - Dagur 2** (2:4)
**11.10 Golfing World** (34:240)
**18.00 The Honda Classic - Dagur 3 - BEINT** (3:4) Honda Classic mótið sem fram fer á Flórída er hluti af PGA mótaröðinni. Á síðasta ári sló hinn kólumbíski Carmilo Villegas með þegar hann spilaði hringina fjóra á 267 höggum.
**23.00 LPGA Highlights** (2:20)
**00.20 ESPN America**

## EXTRA

**13.00 Líf - söfnunarútsending**
**16.20 Nágrannar**
**17.40 Nágrannar**
**18.00 Lois and Clark** (5:22)
**18.45 ER** (17:22)
**19.30 Auddi og Sveppi** Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með allskyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
**20.05 Tvímælalaust** Fréttaskýringa- og umræðuþáttur með Sigurjóni Kjartanssyni og Jóni Gnarr þar sem rætt er á mannamáli og án tvímæla um það sem helst er í fréttum.
**20.50 Lois and Clark** (5:22) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet þar sem hann tekur að sér mörg verkefni og leysir vel af hendi, bæði sem blaðamaður og Ofurmennið.
**21.35 ER** (17:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago.
**22.20 Auddi og Sveppi**
**22.50 Tvímælalaust**
**23.35 Spaugstofan**
**00.05 Sjáðu**
**00.35 Fréttir Stöðvar 2**
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**19.00 Ævintýraboxið**
**19.30 Ævintýraferð til Ekvador**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**
**22.00 Svavar Gestsson**
**22.30 Já**
**23.00 Nei**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


RE/MAX Senter


Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali


Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

**Vantar eignir á skrá í 101 miðbæ Rvk**

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772 Auður Kristinsdóttir Sölufulltrúi RE/MAX Senter audur@remax.is

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Vesturhús 4 • Einbýlishús á útsýnisstað**

**Opið hús á morgun, sunnudag**





Afar vandað um 265,0 einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Grafarvoginum. Á efri hæð eru m.a. glæsilegar stofur með arni og útgangi á vestursvalir, eldhús með innréttingum úr hlyni og 4 herbergi auk fataherbergis. Á neðri hæð er sér íbúð auk rýmis er fylgir efri hæð. Ræktuð lóð með viðarverönd til suðurs og hellulögðu bílaplani og stéttum. **Verð tilboð.**
**Húsið stendur á einstökum útsýnisstað við opið óbyggt svæði.**
**Eignin verður til sýnis, sunnudag, frá kl. 14-16**

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.05
### American Idol

American Idol er á dagskrá á laugardagskvöld þessa vikuna og verða sýndir þrír þættir. Fyrst eru það tólf bestu stelpurnar, síðan tólf bestu strákarnir og loks spennandi úrslitaþáttur. Núna er keppnin hafin fyrir alvöru.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **08.00** Morgunfréttir **08.05** Úrval úr Samfélaginu **09.03** Út um græna grundu **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Lostafulli listræninginn **15.15** Vítt og breitt **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Aldarspegill í útvarpi **17.00** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Brúðkaup Fígarós **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Íslandsför Arthur Shattucks **23.15** Stefnumót **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.35** Deal or No Deal **11.10** Deal or No Deal **11.45** Deal or No Deal **12.20** Deal or No Deal **12.55** Deal or No Deal **13.30** Deal or No Deal **14.05** Deal or No Deal **14.40** Blackadder Goes Forth **15.10** Blackadder Goes Forth **15.40** Blackadder Goes Forth **16.10** Blackadder Goes Forth **16.40** Blackadder Goes Forth **17.10** Blackadder Goes Forth **17.40** Dalziel and Pascoe **18.30** Dalziel and Pascoe **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** Dalziel and Pascoe **21.00** The Children **21.50** The Children **22.35** The Children

## DR 1

**09.30** Conrad og Bernhard **09.45** Ramasjang live mix **10.10** Splint & Co **10.40** Troldspejlet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens Tegn **11.55** Sign up **12.10** Før Søndagen **12.20** OBS **12.25** Sugar Rush **12.50** Merlin **13.05** Dansk Melodi Grand Prix 2011 **15.25** X Factor **16.25** X Factor Afgorelsen **16.55** Min Sport **17.20** Held og Lotto **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Brunos Kloshow **18.30** Vejen til MGP **19.00** MGP 2011 **21.10** Kriminalkommissær Barnaby **22.45** Desperate Measures

## NRK 1

**06.15** Disneytimen **07.10** Glimt av Norge **07.20** Snøballkrigen **08.00** NRKs sportslørdag **08.25** V-cup alpint **08.55** VM skiskyting **10.30** VM Oslo 2011 **12.50** VM skiskyting jr. **14.25** VM Oslo 2011 **16.30** VM i dag **18.00** Lørdagsrevyen **18.30** VM-kveld **19.55** Det må jeg gjøre før jeg dør **20.35** Lotto-trekning **20.45** Nye triks **21.35** Fakta på lørdag **22.00** Kveldsnytt **22.15** 3.10 to Yuma **00.10** Dating i mørket **00.55** Dansefot jukeboks m/chat **03.00** Country jukeboks u/chat **06.00** Jo Jos Sirkus

## SVT 1

**08.00** Rapport **08.05** Vinterstudion **08.30** Alpint. Världscupen **09.00** Skidskytte-VM Khanty-Mansiysk 2011 **10.15** Vinterstudion **11.00** Skid-VM i Oslo **12.45** Vinterstudion **12.55** Skidskytte-VM Khanty-Mansiysk 2011 **14.30** Skid-VM i Oslo **16.00** Friidrotts-EM i Paris **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll lördag **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2011 **20.30** Downton Abbey **21.20** The Big C **21.50** Rapport **21.55** Bury My Heart at Wounded Kne








VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## PERSÓNAN

*Hallgrímur Hansen*



**Aldur:** Fertugur… Lífið byrjar þá.
**Starf:** Allt. Þegar maður finnur ánægju í leiðinlegu vinnunni getur maður valið skemmtilegu vinnuna.
**Fjölskylda:** Ég kem fram við alla eins og bræður mína og systur. En ég elska mömmu mína.
**Búseta:** Þar sem ég halla höfði mínu, þar á ég heima.
**Stjörnumerki:** Ég er krabbi í evrópska, en hundur í kínverska. Sem er fyndið því ég á hund.

Halli Hansen varð óvænt andlit rúmenska vodkans Stalinskaya í vikunni.

# Fjögur hundruð vilja vera fréttamenn á RÚV

„Það er ánægjulegt að sjá þennan áhuga á bæði RÚV og fréttastofunni. En þetta lýsir jafnframt atvinnuástandinu,“ segir Óðinn Jónsson, fréttastjóri RÚV.

Ríkissjónvarpið auglýsti á dögunum nokkrar afleysingastöður á fréttastofunni. Alls bárust 393 umsóknir um 5-7 stöður í Efstaleiti og 16 umsóknir um eina stöðu á Akureyri. „Þetta kom skemmtilega á óvart,“ segir Óðinn, sem segir mikið af flottum umsóknum hafa borist frá vel menntuðu og áhugaverðu fólki.

Af þessum fjögur hundruð umsækjendum voru á milli 20-30 boðaðir í viðtöl og þrettán þeirra fengu svo að þreyta stíft fréttamannapróf. Búið er að ganga frá ráðningum á þremur fréttamönnum og býst Óðinn við að ganga frá því sem á vantar eftir helgi. Snæfríður Ingadóttir, sem meðal annars hefur starfað á DV, Fréttablaðinu og Skjá einum, var ráðin sem fréttamaður á Akureyri og Morgunblaðsmennirnir fyrrverandi Jóhann Bjarni Kolbeinsson og Dagur Gunnarsson munu hefja störf í höfuðborginni innan tíðar.

„Það er augljóslega margt ungt fólk að leita eftir áhugaverðu starfi. Því miður höfum við ekki pláss fyrir fleiri að sinni,“ segir Óðinn. **- hdm**



**NÝ ANDLIT Á SKJÁNUM**
Þau Snæfríður Ingadóttir og Jóhann Bjarni Kolbeinsson koma til starfa á fréttastofu Ríkissjónvarpsins.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 5.3. Kl. 20:00 2. sýn Ö | Lau 19.3. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 1.4. Kl. 20:00 |
| Fös 11.3. Kl. 20:00 3. sýn Ö | Fim 24.3. Kl. 20:00 6. sýn Ö | |
| Fös 18.3. Kl. 20:00 4. sýn Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 7. sýn Ö | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 9.3. Kl. 19:00 Ö | Mið 16.3. Kl. 19:00 | Lau 26.3. Kl. 19:00 Ö |
| Lau 12.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 17.3. Kl. 19:00 Ö | Fim 31.3. Kl. 19:00 Síð.sýn. Ö |

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 14:00 U | Sun 20.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 10.4. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 6.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 14:00 U | Sun 10.4. Kl. 17:00 |
| Sun 13.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 14:00 |
| Sun 13.3. Kl. 17:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 14:00 Ö | Sun 17.4. Kl. 17:00 |
| Sun 20.3. Kl. 14:00 Ö | Sun 3.4. Kl. 17:00 | |

**Hedda Gabler** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 10.3. Kl. 20:00 Frums. U | Lau 19.3. Kl. 20:00 Ö | Fös 25.3. Kl. 20:00 Ö |
| Fös 11.3. Kl. 20:00 U | Sun 20.3. Kl. 20:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 20:00 |
| Sun 13.3. Kl. 20:00 U | Fim 24.3. Kl. 20:00 Aukas. Ö | Mið 30.3. Kl. 20:00 U |

**Brák** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 4.3. Kl. 20:00 U | Fös 18.3. Kl. 20:00 Ö | |

**Sindri silfurfiskur** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Sun 6.3. Kl. 13:30 Ö | Sun 13.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 27.3. Kl. 13:30 Ö |
| Sun 6.3. Kl. 15:00 Ö | Sun 20.3. Kl. 13:30 | Sun 27.3. Kl. 15:00 |
| Sun 13.3. Kl. 13:30 U | Sun 20.3. Kl. 15:00 U | |

„GRÍÐARLEGA ÁHRIFAMIKIL“
*Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan*

★★★★★
PBB / FRÉTTATÍMINN

„… ALGJÖRLEGA BRILLJANT STÍLAÐ …“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

„… HRIKALEGA EINLÆG OG FALLEG …“
INGI F. VILHJÁLMSSON / DV

Metsölulisti Eymundsson, Heildarlisti 23.02.–01.03.11 — 1. Sæti

TRYGGVI EMILSSON — *Fátækt fólk*

FORLAGIÐ www.forlagid.is
2. prentun væntanleg

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
**ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI**
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir.is


SVAVAR KNÚTUR: GAMAN AÐ SYNGJA FYRIR ELDRI BORGARA

# Fékk lopapeysu upp á svið frá aldraðri grúppíu

„Viðtökurnar hafa verið yndislegar. Það er rosalega gaman að syngja fyrir eldra fólk,“ segir tónlistarmaðurinn Svavar Knútur.

Svavar Knútur gaf út plötuna Amma í fyrra. Á henni flytur hann gamlar perlur sem hann hefur tekið ástfóstri við, en platan er tileinkuð ömmum hans. Svavar hefur fylgt plötunni eftir í félagsmiðstöðvum eldri borgara víða um land og verið vel tekið. „Það er svo mikil æskudýrkun í samfélaginu,“ segir Svavar ákveðinn. „Fólk hangir á að eina fólkið sem eigi að fá tónlist og menningu sé ungt fólk. Það eru hópar af eldri borgurum sem vilja fá tónlist. Það er gaman að teygja sig til þessa hóps sem hefur verið vanræktur af yngri kynslóðinni.“

Svavar segist fá mikið út úr því að spila fyrir eldri borgara og játar að hafa fengið sérstakar gjafir frá *grúppíunum*. „Það sem er skemmtilegt þegar maður er farinn að njóta ömmuhylli, þá fyllast þær ömmubarnaást,“ segir hann. „Ég hef verið að grínast með að Friðrik Dór fái örugglega G-strengi upp á svið, en ég fæ lopapeysur. Þetta er heill heimur sem ég er að uppgötva – alveg æðislegt fólk, opið og skemmtilegt. Alltaf til í að taka vel á móti manni. Ég held að það hafi allir rosalega gott af því að umgangast eldri borgara.“



**PEYSUR Í STAÐ G-STRENGJA** Svavar Knútur í lopapeysu sem hann fékk gefins frá ömmu sem heillaðist upp úr skónum þegar hún sá hann syngja. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Spurður hvort gömlu karlarnir séu afbrýðisamir og gruni hann jafnvel um að einoka kvenhyllina segist Svavar aðeins einu sinni hafa lent í því að *hindra* gamlan mann. „Það var svolítið viðkvæmt, en endaði vel. Allir voru kátir á eftir,“ segir Svavar léttur. „Annars eru karlarnir hressir. Þeir eru alltaf aðeins færri, enda deyja þeir fyrr. Konurnar eru margar miðað við karlana, þannig að þeir hafa nóg fyrir sig – eru eins og hanar í hænsnakofa.“

Svavar segir að samfélagið sé gegnumsýrt af fordómum gagnvart eldra fólki, en hann segir að ótti fólks við að eldast sé ástæðulaus. „Þetta fólk er ekki síður með lifandi og skemmtilegt tilfinningalíf og er gratt. Það er allt í gangi!“ Svavar áréttar að hann sé ekki hættur að spila fyrir yngra fólk, heldur vilji hann einfaldlega ná til fjölbreyttra hópa. „Eldri borgarar eru hluti af fólkinu sem ég vil syngja fyrir,“ segir hann. „Maður á ekki að vanrækja þá. Það er ótrúlega gaman að mæta til þeirra og syngja.“

Svavar Knútur kemur fram á Akranesi á mánudag og er svo á leiðinni í tónleikaferðalag til Þýskalands og Frakklands.

**atlifannar@frettabladid.is**

# Lygilegt langlífi Spaugstofunnar

„Þetta er auðvitað lygilegt,“ segir leikarinn Karl Ágúst Úlfsson.

Fjögur hundraðasti þáttur Spaugstofunnar verður sýndur á Stöð 2 í kvöld. Þættirnir hófust í Ríkissjónvarpinu árið 1985 og hafa verið sýndir við miklar vinsældir allar götur síðan, eða í 26 ár. „Upphaflega, þegar við gerðum samning um að gera vikulega fréttaþætti, réði Hrafn Gunnlaugsson, þáverandi dagskrárstjóri, okkur til að gera fjóra þætti til reynslu. Hann sagði að ef þeir virkuðu væri hann til í að framlengja samninginn. Núna eru þeir sem sagt orðnir fjögur hundruð,“ segir Karl Ágúst.

Þátturinn í kvöld verður með örlítið breyttu sniði en undanfarið. „Við búum okkur til verðlaunaafhendingu sem minnir kannski á Óskarinn eða Edduna. En við erum kannski að verðlauna fyrir aðra hluti en á þeim ágætu hátíðum.“



**400 ÞÆTTIR** Spaugstofan sýnir 400. þátt sinn á Stöð 2 í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðspurður segir hann að veturinn hjá nýjum vinnuveitanda hafi gengið með ólíkindum vel. „Við erum mjög ánægðir og það var tekið mjög vel á móti okkur á nýjum vinnustað.“ Hann segir áhorfið einnig mjög viðunandi, að því hann best veit.

Fjórir þættir eru eftir af Spaugstofunni á þessum vetri. Karl Ágúst og félagar fara í frí í lok mars en snúa aftur á skjáinn næsta haust, enda undirrituðu þeir tveggja ára samning við Stöð 2 í fyrra. **- fb**

# 40-80% afsláttur

Meira fyrir minna!

# LAGER SALA TEKK COMPANY

## KAUPTÚNI 3, GARÐABÆ

**Húsgögn og smávara frá Umbra, House Doctor, Sia o.fl.**

# Til 13. mars

Opið mánudaga-laugardaga kl. 11-18

Opið á sunnudögum kl. 13-17




LAGERSALA

TEKK COMPANY

Sími 564 4499

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Stórar rósir 490 kr
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S: 568-9120

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Uppistandið er ekkert grín

Mikill meðbyr er með íslenskum uppistöndurum um þessar mundir. **Ari Eldjárn** og félagar hans í Mið-Íslandi njóta fáheyrðra vinsælda og fylltu til að mynda Þjóðleikhúskjallarann tvö kvöld í röð í vikunni. Drengirnir taka gríni sínu alls ekki létt og líta orðið á uppistandið sem vinnu sem ber að taka alvarlega. Því hafa þeir leigt sér skrifstofurými á efstu hæð hússins við Laugaveg 26. Þar prófa þeir nýtt efni á daginn og bóka gigg fram tímann. Annar vinsæll grínisti er í sömu sporum. Eftirherman Sólmundur Hólm er kominn með skrifstofuaðstöðu við Skólavörðustíg og mun vera nokkur samgangur þarna á milli. Ný kynslóð grínara hefur greinilega fullan hug á að endast lengi í bransanum.



### Forsetinn, páfinn og heimshornaflakkarinn

Mikið er gert úr afrekum og ferðalögum Guðríðar Þorbjarnardóttur í tengslum við Rómarför **forseta Íslands**. Þar færði hann páfa að gjöf styttu af þessari sögufrægu konu, sem er meðal annars sögð hafa gengið um alla Evrópu og hitt páfa. Staðreyndin er þó sú að lítið er fjallað um Guðríði í sögulegum heimildum og þær sem til eru, Eiríks saga rauða og Grænlendingabók, eru taldar frekar ótraustar í sagnfræðilegu tilliti. Þar segir eitt um meinta páfaheimsókn: „þá fór Guðríður utan og gekk suður“. Spurning hvort þessi neðanmálsgrein hafi skilað sér til páfa, enda ekki eins góð frásögn.

- hdm / þj



### Mest lesið VISIR.IS

1. Bauð upp á kynlífssýningu í skólastofunni
2. „Við erum ekki í stríði við neinn“
3. Vilja þurrfrysta lík og gróðursetja tré ofan á leiðið
4. Köngulær leita í Mözdur
5. Lögregla rannsakar mál Gunnars

Auglýsingasími
512 50 50



Allt sem þú þarft...




**INDIRA** rúmteppi B250×L250cm. Ýmsir litir **3.990,-/stk.**



**MYSA RÖNN** sæng B150×L200cm Fylling: Dúnn og fiður **4.490,-**



**ALVINE FLORA** púði B50×L60cm. Marglitað **3.590,-**



**850,-/stk.**
**VILA** koddaver B50×L60cm. Fjólublátt

# Dúnmjúkir draumar



**1.490,-**
**ALVINE ÖRTER** sængurverasett B150×L200/B50×L60cm. Marglitað



**VILA** teygjulak B140×L200cm Ýmsir litir **2.990,-**



**HENRIKA** púðaver B50×L50cm Bleikt **895,-**
**HENRIKA** teppi B120×L180cm Ýmsir litir **2.690,-**



**3.490,-**
**GOSA RAPS** koddi B50×L60cm Fylling: dúnn og fiður



**ANDREA SATIN** sængurverasett B150×L200/B50×L60cm Marglitað **4.490,-**



**SMÖR** sængurverasett B150×L200/B50×L60cm **3.490,-**



**MALOU** rúmföt B150×L200/B50×L60cm Ýmsir litir **3.690,-**



**IKEA 365+ RISP** sængurverasett B150×L200/B50×L60cm Ýmsir litir **3.690,-**



**DAGNY** púði B30xL50cm. Marglitað **2.490,-**



**1.290,-/stk.**
**FABRINA** rúmteppi B150×L250cm. Ýmsir litir



**RÓSIR** íslenskar H50-60cm. Ýmsir litir
**1.190,-/5 í pk.**
**2.190,-/10 í pk.**

**Rjómabolla og heitur drykkur**



**175,-**

**Bollubakstur um helgina**
Laugardag og sunnudag **kl. 13-17** bökum við úr IKEA vatnsdeiginu og bjóðum þér að smakka nýbakaðar rjómabollur.
**Komdu og smakkaðu!**



IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30
**www.IKEA.is**